



Eiríkur Rögnvaldsson

# HLJÓÐKERFI OG ORÐHLUTAKERFI ÍSLENSKU



# HLJÓÐKERFI OG ORÐHLUTAKERFI ÍSLENSKU



Eiríkur Rögnvaldsson

HLJÓÐKERFI OG  
ORÐHLUTAKERFI  
ÍSLENSKU

Reykjavík 2017

## 2. útgáfa, kynleiðrétt

Gefið út með CC-BY leyfi Creative Commons (<http://creativecommons.org/licenses/by/3.0/>)



## EFNISYFIRLIT

|                                                      |    |
|------------------------------------------------------|----|
| FORMÁLI.....                                         | 10 |
| 1. INNGANGUR .....                                   | 11 |
| 2. HLJÓÐRITUN – IPA .....                            | 12 |
| 2.1 Framburður og stafsetning .....                  | 12 |
| 2.2 Hljóðletur – IPA.....                            | 13 |
| 2.3 Hljóðtákn í íslenskri hljóðritun .....           | 15 |
| 2.4 Varasöm tákn .....                               | 16 |
| 3. TALFÆRI – HLJÓÐMYNDUN .....                       | 18 |
| 3.1 Talfæri.....                                     | 18 |
| 3.2 Barkakýli – raddbönd.....                        | 19 |
| 3.3 Grunntónn – yfirtónar .....                      | 22 |
| 3.4 Formendur.....                                   | 25 |
| 3.5 Breytingar á stærð og lögun hljómhols.....       | 26 |
| 3.6 Hljóðrófsrit.....                                | 28 |
| 4. ÍSLENSK MÁLHLJÓÐ.....                             | 31 |
| 4.1 Sérhljóð og samhljóð .....                       | 31 |
| 4.2 Flokkun samhljóða.....                           | 31 |
| 4.3 Lokhljóð.....                                    | 31 |
| 4.3.1 Myndun .....                                   | 31 |
| 4.3.2 Einstök hljóð .....                            | 33 |
| 4.3.3 Hljóðróf.....                                  | 34 |
| 4.4 Önghljóð .....                                   | 35 |
| 4.4.1 Myndun .....                                   | 35 |
| 4.4.2 Einstök hljóð .....                            | 36 |
| 4.4.3 Hljóðróf.....                                  | 38 |
| 4.5 Nefhljóð, hliðarhljóð, sveifluhljóð.....         | 39 |
| 4.5.1 Myndun .....                                   | 39 |
| 4.5.2 Einstök hljóð .....                            | 40 |
| 4.5.3 Hljóðróf.....                                  | 41 |
| 4.6 Sérhljóð .....                                   | 43 |
| 4.6.1 Myndun .....                                   | 43 |
| 4.6.2 Einstök hljóð .....                            | 43 |
| 4.6.3 Hljóðróf.....                                  | 44 |
| 4.6.4 Sérhljóðakerfið.....                           | 46 |
| 5. HLJÓÐ Í SAMFELLDU TALI .....                      | 47 |
| 5.1 Einstök hljóð og hljóðastrengir .....            | 47 |
| 5.2 Áhersla og hrynjandi.....                        | 47 |
| 5.3 Ítónun – hljómfall .....                         | 48 |
| 5.4 Lengd .....                                      | 50 |
| 5.5 Atkvæði.....                                     | 52 |
| 6. DREIFING HLJÓÐA – HLJÓÐSKIPUN .....               | 55 |
| 6.1 Íslensk hljóðskipun og hljóðskipunarreglur ..... | 55 |
| 6.2 Lokhljóð og önghljóð.....                        | 55 |
| 6.2.1 Framgómmælt og uppgómmælt hljóð .....          | 55 |
| 6.2.2 Fráblásin og ófráblásin lokhljóð .....         | 56 |
| 6.2.3 Aðblástur.....                                 | 57 |
| 6.2.4 Víxl lokhljóða og önghljóða.....               | 57 |
| 6.2.5 Dreifing einstakra önghljóða .....             | 58 |

|                                                          |    |
|----------------------------------------------------------|----|
| 6.3 Nefhljóð, hliðarhljóð, sveifluhljóð.....             | 59 |
| 6.3.1 Rödduð og órödduð hljóð .....                      | 59 |
| 6.3.2 Fram- og uppgómmælt nefhljóð.....                  | 60 |
| 6.4 Samhljóð og samhljóðaklasar .....                    | 60 |
| 6.4.1 Stök samhljóð .....                                | 60 |
| 6.4.2 Framstöðuklasar .....                              | 61 |
| 6.4.3 Inn- og bakstöðuklasar .....                       | 62 |
| 6.5 Sérhljóð .....                                       | 62 |
| 7. GRUNDVALLARATRÍÐI HLJÓÐKERFISFRÆÐI .....              | 64 |
| 7.1 Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði .....                 | 64 |
| 7.2 Hljóðan og hljóðbrigði .....                         | 65 |
| 7.3 Lágmarkspör – fyllidreifing og frjáls dreifing ..... | 67 |
| 7.4 Íslenska hljóðkerfið.....                            | 68 |
| 7.5 Þáttagreining .....                                  | 69 |
| 7.6 Þættir íslenskra málhljóða.....                      | 71 |
| 8. GRUNNMYNDIR OG HLJÓÐKERFISREGLUR.....                 | 75 |
| 8.1 Ákvörðun grunnmyndar.....                            | 75 |
| 8.2 Afleiðsla hljóðmyndar af grunnmynd .....             | 77 |
| 8.3 Sami stofn – mismunandi framburður .....             | 80 |
| 8.4 Áhrif hljóðs á grannhljóð sín .....                  | 81 |
| 8.5 Sögulegar forsendur hljóðavíxla .....                | 82 |
| 8.6 Tegundir og virkni hljóðavíxla .....                 | 84 |
| 9. FRAMBURÐARTILBRIGÐI Í ÍSLENSKU .....                  | 87 |
| 9.1 Framburðarafrigði .....                              | 87 |
| 9.2 Svæðisbundinn mállyskumunur .....                    | 87 |
| 9.2.1 Harðmæli .....                                     | 87 |
| 9.2.2 Raddaður framburður .....                          | 88 |
| 9.2.3 hv-framburður.....                                 | 88 |
| 9.2.4 bð-, gð-framburður .....                           | 88 |
| 9.2.5 ngl-framburður .....                               | 88 |
| 9.2.6 rn-, rl-framburður .....                           | 89 |
| 9.2.7 Vestfirskur einhljóðaframburður .....              | 89 |
| 9.2.8 Skaftfellskur einhljóðaframburður.....             | 89 |
| 9.3 Annar mállyskumunur .....                            | 89 |
| 9.3.1 „Flámæli“ .....                                    | 89 |
| 9.3.2 Höggmæli .....                                     | 89 |
| 9.3.3 Önghljóð/lokhljóð á undan [s] .....                | 90 |
| 9.3.4 Tvinnhljóðun .....                                 | 90 |
| 9.3.5 „Óskýrmæli“ .....                                  | 90 |
| 9.4 Brottföll og samlaganir .....                        | 91 |
| 10. HLJÓÐFERLI Í ÍSLENSKU .....                          | 93 |
| 10.1 Raddbandareglur .....                               | 93 |
| 10.1.1 Afröddun .....                                    | 93 |
| 10.1.2 Tengsl afröddunar og fráblásturs .....            | 94 |
| 10.1.3 Aðblástur.....                                    | 95 |
| 10.1.4 /h/ í framstöðu .....                             | 96 |
| 10.2 Framgómun .....                                     | 97 |
| 10.2.1 Framgómunarregla.....                             | 97 |
| 10.2.2 Framgómun á undan /j/ .....                       | 97 |

|                                                                      |     |
|----------------------------------------------------------------------|-----|
| 10.3 Víxl lokhljóða og önghljóða .....                               | 99  |
| 10.3.1 Önghljóðun lokhljóða .....                                    | 99  |
| 10.3.2 Lokhljóðun önghljóða .....                                    | 100 |
| 10.3.3 Hljóðavíxl í þátíðarendingum veikra sagna .....               | 100 |
| 10.4 -r-endingar .....                                               | 101 |
| 10.4.1 Fyllidreifing sterkra endinga .....                           | 101 |
| 10.4.2 Samlaganir og víxl sem tengjast /l/ og /n/ .....              | 103 |
| 10.5 u-hljóðvarp .....                                               | 104 |
| 10.5.1 Víxl a og ö .....                                             | 104 |
| 10.5.2 Víxl ö og u .....                                             | 105 |
| 10.5.3 Beygingarlega skilyrt víxl .....                              | 106 |
| 10.6 Sérhljóðabrottföll .....                                        | 107 |
| 10.6.1 Brottfall á undan blaðmynduðu hljóði .....                    | 107 |
| 10.6.2 Brottfall í enda stofns og greini .....                       | 107 |
| 10.7 Tvíhljóðanir .....                                              | 108 |
| 10.7.1 Tvíhljóðun á undan /gi/ .....                                 | 108 |
| 10.7.2 Tvíhljóðun á undan gómmæltu nefhljóði .....                   | 108 |
| 11. ORÐ, MYNDAN, MERKING .....                                       | 110 |
| 11.1 Orðaforði .....                                                 | 110 |
| 11.1.1 Fjöldi orða og tegundir .....                                 | 110 |
| 11.1.2 Nýyrði .....                                                  | 111 |
| 11.1.3 Tökuorð .....                                                 | 111 |
| 11.2 Einingar orða .....                                             | 113 |
| 11.2.1 Myndan – myndbrigði .....                                     | 113 |
| 11.2.2 Rót, forskeyti, viðskeyti, stofn .....                        | 114 |
| 11.3 Myndanið sem eind í byggingu orðsins .....                      | 116 |
| 11.3.1 Myndangreining byggð á sögulegum grunni eða málkunnáttu ..... | 116 |
| 11.3.2 Tengsl myndana og merkingar .....                             | 117 |
| 11.3.3 Önnur skilgreining myndans .....                              | 118 |
| 11.3.4 Orðið sem minnsta merkingarbær eind .....                     | 119 |
| 12. ÍSLENSK ORÐMYNDUN .....                                          | 122 |
| 12.1 Tegundir orðmyndunar .....                                      | 122 |
| 12.1.1 Lærð og virk orðmyndun .....                                  | 122 |
| 12.1.2 Samsett orð og afleidd .....                                  | 123 |
| 12.1.3 Greining í stofnhluta .....                                   | 123 |
| 12.2 Orð af orði .....                                               | 124 |
| 12.2.1 Styttingar og stýfingar .....                                 | 124 |
| 12.2.2 Hljóðbreytingar í stofnorði .....                             | 125 |
| 12.2.3 Orðmyndunarreglur .....                                       | 126 |
| 12.3 Orðmyndun með aðskeytum .....                                   | 127 |
| 12.3.1 Yfirlit yfir viðskeyti .....                                  | 127 |
| 12.3.2 Viðskeyti sem mynda nafnorð .....                             | 129 |
| 12.3.3 Viðskeyti sem mynda lýsingarorð .....                         | 131 |
| 12.3.4 Viðskeyti sem mynda sagnir .....                              | 132 |
| 12.3.5 Forskeyti .....                                               | 132 |
| 12.4 Samsett orð .....                                               | 133 |
| 12.4.1 Formleg tengsl liðanna .....                                  | 133 |
| 12.4.2 Merkingarleg tengsl liðanna .....                             | 134 |
| 12.4.3 Hvaða orð tengjast? .....                                     | 135 |

|                                                                      |     |
|----------------------------------------------------------------------|-----|
| 13. ORÐASAFN OG REGLUR .....                                         | 136 |
| 13.1 Orðasafnið og uppbygging þess .....                             | 136 |
| 13.1.1 Innihald orðasafnsins .....                                   | 136 |
| 13.1.2 Orðasafnsmyndir .....                                         | 137 |
| 13.1.3 Regluleiki í orðasafni .....                                  | 138 |
| 13.1.4 Orðasafnsreglur .....                                         | 139 |
| 13.1.5 Undantekningar .....                                          | 139 |
| 13.2 Málfræðilegar formdeildir .....                                 | 140 |
| 13.2.1 Formleg flokkun .....                                         | 140 |
| 13.2.2 Beygingarlegar og setningarlegar formdeildir .....            | 141 |
| 13.2.3 Mismunandi hlutverk formdeilda .....                          | 142 |
| 14. BEYGINGARFORMDEILDIR .....                                       | 144 |
| 14.1 Almenn atriði .....                                             | 144 |
| 14.1.1 Þáttamerkingar .....                                          | 144 |
| 14.1.2 Orðflokkar .....                                              | 145 |
| 14.2 Beygingarformdeildir í íslensku .....                           | 145 |
| 14.2.1 Persóna .....                                                 | 145 |
| 14.2.2 Tala .....                                                    | 147 |
| 14.2.3 Kyn .....                                                     | 148 |
| 14.2.4 Fall .....                                                    | 149 |
| 14.2.5 Ákveðni .....                                                 | 151 |
| 14.2.6 Stig .....                                                    | 153 |
| 14.2.7 Háttur .....                                                  | 153 |
| 14.2.8 Tíð .....                                                     | 155 |
| 14.2.9 Horf og mynd .....                                            | 156 |
| 15. NAFNORÐABEYGING .....                                            | 158 |
| 15.1 Orðasafnsþættir .....                                           | 158 |
| 15.1.1 Kyn .....                                                     | 158 |
| 15.1.2 Hefðbundin beygingarflokkun .....                             | 159 |
| 15.2 Karlkyn .....                                                   | 160 |
| 15.2.1 Beygingardæmi .....                                           | 160 |
| 15.2.2 Markaðar reglur .....                                         | 162 |
| 15.2.3 Orðasafnsreglur .....                                         | 163 |
| 15.3 Kvenkyn .....                                                   | 164 |
| 15.3.1 Beygingardæmi .....                                           | 164 |
| 15.3.2 Orðasafnsreglur .....                                         | 166 |
| 15.4 Hvorugkyn .....                                                 | 167 |
| 15.5 Almenn atriði .....                                             | 168 |
| 15.5.1 Opnir og lokaðir beygingarflokkar .....                       | 168 |
| 15.5.2 Hljóðbeygingarreglur .....                                    | 170 |
| 16. LÝSINGARORÐ, GREINIR, FORNÖFN OG TÖLUORÐ .....                   | 173 |
| 16.1 Fallbeyging lýsingarorða og greinis .....                       | 173 |
| 16.1.1 Sterk beyging frumstigs .....                                 | 173 |
| 16.1.2 Veik beyging og beyging miðstigs og efstastigs .....          | 175 |
| 16.1.3 Hljóðbeygingarreglur .....                                    | 175 |
| 16.2 Beyging greinis .....                                           | 176 |
| 16.3 Beyging fornafna .....                                          | 177 |
| 16.3.1 Persónufornöfn, afturbeygt fornafn og ábendingarfornöfn ..... | 177 |
| 16.3.2 Eignarfornöfn, spurnarfornöfn, óákveðin fornöfn .....         | 179 |
| 16.4 Beyging töluorða .....                                          | 181 |

|                                         |     |
|-----------------------------------------|-----|
| 16.5 Almennt um fallbeygingu .....      | 182 |
| 16.6 Stigbreyting.....                  | 183 |
| 16.6.1 Stigbreyting lýsingarorða .....  | 183 |
| 16.6.2 Stigbreyting atviksorða .....    | 183 |
| 17. SAGNBeyging.....                    | 185 |
| 17.1 Yfirlit um sagnbeygingu .....      | 185 |
| 17.1.1 Sterkar sagnir og veikar.....    | 185 |
| 17.1.2 Sundurgreining endinga.....      | 185 |
| 17.2 Beygingardæmi sagna.....           | 186 |
| 17.2.1 Veikar sagnir.....               | 186 |
| 17.2.2 Sterkar sagnir.....              | 188 |
| 17.2.3 Núpálegar sagnir .....           | 189 |
| 17.2.4 Miðmynd .....                    | 189 |
| 17.3 Hljóðbeygingarreglur .....         | 190 |
| 17.3.1 Hljóðskipti.....                 | 190 |
| 17.3.2 Aðrar hljóðbeygingarreglur.....  | 192 |
| 17.4 Aðrir hættir.....                  | 193 |
| 17.4.1 Boðháttur .....                  | 193 |
| 17.4.2 Lýsingarháttur þátíðar .....     | 193 |
| 18. LOKAORÐ .....                       | 195 |
| HELSTU HEIMILDIR OG HLIÐSJÓNARRIT ..... | 195 |

## FORMÁLI

Þetta rit á sögu sem rekja má þrjátíu ár aftur í tímann. Þegar ég hóf kennslu í íslensku haustið 1982 var tilfinnanlegur skortur á kennsluefni í flestum greinum málfræðinnar. Því samdi ég strax á fyrsta kennslu-ári mínu, vorið 1983, ritið *Íslenska orðhlutafræði*, sem var kennsluefni í beygingarfræði; og haustið eftir samdi ég kverið *Íslenska hljóðkerfisfræði*. Í byrjun næsta árs, 1984, endurskoðaði ég svo þessi rit, jók það síðarnefnda verulega, og gaf þau út í einu lagi undir nafninu *Íslensk málfræði. Hljóðkerfisfræði og beygingafræði*. Í næstu útgáfu var ritinu aftur skipt upp, og beygingarfræðin gefin út ásamt viðbótarkafla um orðmyndun árið 1986, og enn lítillega endurskoðuð 1990. Hljóðkerfisfræðin var gefin út lítillega endurskoðuð 1986, og var fjölríttuð óbreytt nokkrum sinnum næstu árin. Að lokum kom hún út talsvert breytt, árið 1993. Í ársbyrjun 1989 samdi ég svo kverið *Íslenska hljóðfræði*. Þessi þrjú rit voru í rúma tvo áratugi helsta námsefni byrjenda í viðkomandi greinum, bæði í Háskólanum og Kennaraháskólanum, og endurprentuð margsinns.

Fyrir 15 árum eða svo fannst mér ritin þarfnast endurskoðunar og margt í þeim vera úreitt. Ég gaf mér þó aldrei tíma til að leggjast í róttæka endurskoðun en vegna þess að annað efni var ekki tiltækt voru ritin notuð áfram í kennslu nokkuð fram yfir aldamót. Árið 2005 kom svo út þriggja binda safnrítið *Íslensk tunga*, þar sem fyrsta bindið fjallar um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði en annað bindi um beygingarfræði og orðmyndunarfræði. Þessi rit voru tekin til kennslu í Háskóla Íslands og notuð sem aðalkennsluefni í þessum greinum í nokkur ár. Þau voru þó ekki sérlega hentug til þess, enda samín sem yfirlitsrit en ekki kennslubækur. Þar að auki seldist *Íslensk tunga* upp fyrir þremur árum eða svo og hefur verið illfáanleg.

Þessar aðstæður leiddu til þess að þegar ég fór aftur að kenna þessar greinar eftir nokkurt hlé dreif ég í að endurskoða kennslubækur mínar og ákvað að steypa þeim saman í eitt rit, sem hér liggur fyrir. Ýmsu hefur verið breytt, en stærsta breytingin er sú að verulega hefur verið dregið úr margs kyns formalisma, bæði í hljóðkerfisfræði og beygingarfræði. Sjálfsagt hefði mátt endurskoða efnið meira og sleppa ýmsu sem hefur komist í gegn úr gömlu ritunum, bæta öðru við og breyta enn öðru. En þetta verður að duga að sinni.

Ég þakka öllum sem hafa notað bókina undanfarin 30 ár, kennurum og nemendum. Mörg þeirra hafa látið mig hafa athugasemdir við einstök atriði og sumar þeirra hef ég tekið til greina en aðrar ekki, eins og gengur, en er þakklátur fyrir þær allar. Ég þakka einnig höfundum þeirra ótal rita sem ég hef stuðst við, beint eða óbeint. Sjálfur ber ég auðvitað ábyrgð á öllum misfellum.

Reykjavík, 25. nóvember 2013

Eiríkur Rögnvaldsson

## Formáli endurskoðaðrar útgáfu

Á þeim fjórum árum sem liðin eru síðan ég gekk frá rafrænni útgáfu þessarar bókar hef ég nokkrum sinnum leiðrétt einstakar villur sem slæðst höfðu inn í hana og sett leiðréttu útgáfurnar inn á heimasíðu mína og á Issuu. Nú hef ég endurskoðað textann með það að markmiði að draga úr kynjamisrétti í málvari. Ég hef breytt karlkyni fornafna og lýsingarorða í hvorugkyn þar sem um almenna vísun er að ræða, og víðast tekið út orðið *maður* og samsetningar af því. Einnig hef ég bætt inn nýja persónufornafninu *hán* og beygingu þess á bls. 178. Þá hef ég sett inn stuttan texta um hugsanlegar breytingar á notkun og mörkun kynja á bls. 149. Einnig hef ég breytt umfjöllun um hljómhól og formendur í kafla 3.3 til að gæta meira jafnræðis.

Einhverjum kann að þykja þetta óþarft, óæskilegt, kjánalegt og jafnvel fráleitt. Ég hef hins vegar sannfærst um að það er nauðsynlegt að leitast við að rétta kynjahalla í málinu. Þetta er skref í þá átt.

Smáragrund í Blönduhlíð, 22. október 2017

Eiríkur Rögnvaldsson

## 1. INNGANGUR

Í þessu riti er fjallað um fjögur svið tungumálsins – **hljóðfræði**, **hljóðkerfisfræði**, **beygingarfræði** og **orðmyndunarfræði**. Tvö þau fyrrnefndu tengjast nánum böndum innbyrðis, og sama má segja um tvö þau síðarnefndu sem oft eru nefnd einu nafni **orðhlutafræði**. En það eru líka margs konar tengsl milli þessara tvennda – ýmis hljóðferli í málinu gegna t.d. margvíslegum hlutverkum bæði í beygingu og orðmyndun.

Að loknum þessum inngangi er fjallað um hljóðfræði í fjórum köflum. Fyrst er gerð grein fyrir hljóðritun og alþjóðlega hljóðritunarkerfinu í 2. kafla, og síðan fjallað um líffærafræðilegar og eðlisfræðilegar forsendur hljóðmyndunar í 3. kafla. Þá er fjallað um einstök íslensk málhljóð og flokka þeirra í 4. kafla, og hljóð í samfelldu tali í 5. kafla. 6. kafli er síðan á mörkum hljóðfræði og hljóðkerfisfræði, en þar er fjallað um dreifingu íslenskra málhljóða og hljóðskipun. 7. kafli fjallar um ýmis grundvallaratriði hljóðkerfisfræðinnar – hljóðanið, fyllidreifingu og hljóðþætti. Í 8. kafla er gerð grein fyrir hljóðkerfislegum grunnmyndum, svo og hljóðavíxlum og forsendum þeirra. Í síðustu köflum hljóðkerfisfræðinnar er svo fjallað um margs kyns hljóðferli í íslensku – mállýskubundin hljóðferli í 9. kafla, og ýmis önnur hljóðferli í 10. kafla.

Síðan tekur orðhlutafræðin við og er viðfangsefni næstu sjö kafla. Í 11. kafla er fjallað um íslenskan orðaforða og skiptingu hans, svo og um grundvallarhugtakið myndan og skilgreiningu þess. Í 12. kafla er íslensk orðmyndun tekin fyrir og fjallað um forskeyti, viðskeyti og samsett orð. 13. kafli fjallar svo um orðasafn hugans og uppbyggingu þess, og þar eru málfræðilegar formdeildir kynntar til sögu. Einstökum íslenskum beygingarformdeildum eru svo gerð skil í 14. kafla. Í þeim þremur köflum sem eftir eru er fjallað um beygingu íslenskra orða eftir orðflokkum – nafnorðabeygingu í 15. kafla, beygingu lýsingarorða í 16. kafla og þar með beygingu greinis, fornafna og töluorða, og að lokum sagnbeygingu í 17. kafla. 18. kafli er svo lokaorð.

## 2. HLJÓÐRITUN – IPA

### 2.1 Framburður og stafsetning

Þótt talað mál sé grundvöllur mannlegs máls hefur fólk lengi kunnað aðferðir til að breyta því í **ritmál**. Algengasta aðferðin, og sú sem við notum, er að láta **bókstafi** standa fyrir ákveðin hljóð. Við getum því í stórum dráttum skipt rituðu máli í einingar á sama hátt og töluðu máli, nema í ritmálinu heita einingarnar bókstafir en ekki hljóð.

Til að þessi samsvörun milli talaðs máls og ritaðs væri fullkomin þyrfti hver bókstafur að svara til eins, og aðeins eins, hljóðs. Það er þó auðvelt að ganga úr skugga um að svo er ekki. Einna skýrast kemur þetta í ljós í samanburði mismunandi tungumála. Öll þau sem hafa lært eitthvað í ensku vita t.d. að þar sem skrifað er *a* er oft ekki borið fram sama hljóð og þar sem skrifað er *a* í íslensku, heldur iðulega eitthvað sem líkist *ei*. Sömuleiðis er *e* í ensku oft borið fram eins og þar væri skrifað *í*; og svo mætti lengi telja. Þetta sýnir okkur að samband bókstafa og hljóða er ólíkt eftir málum, og við þurfum að læra hvernig því er háttað í hverju nýju máli sem við lærum.

En reyndar er hér leitað langt yfir skammt. Hliðstæð dæmi eru mýmörg í íslensku, þótt við tökum sjaldnast eftir þeim vegna þess að þau eru okkur svo töm. Samt vita öll að þótt skrifað sé *a* í orðum eins og *langur* og *ganga* bera flest það fram eins og skrifað væri *á*; og þótt skrifað sé *h* í orðum eins og *hvernig* og *hvenær* ber meginhluti fólks það fram eins og skrifað væri *k*.

Við getum líka skoðað fimm orð sem öll eru skrifuð með bókstafnum *g*:

*gata* – *geta* – *síga* – *sagt* – *bogi*

Ef vel er að gáð kemur í ljós að þessi eini bókstafur stendur hér fyrir fimm mismunandi hljóð! *Geta* er borið fram eins og þar væri skrifað *gj*; prófið bara að bera upphaf orðsins fram eins og þið væruð að fara að segja *gata*.

Sögnina *síga* getið þið svo borið saman við orðið *sígaretta*. Þótt fyrri hluti þess orðs sé **skrifaður** eins og sögnin *síga* er framburðurinn ólíkur; í *sígaretta* er sama *g*-hljóðið og í *gata*, en í sögninni *síga* er greinilega annað hljóð.

Í *sagt* bætist við enn eitt hljóð; reynið þið bara að setja eitthvert þeirra þriggja hljóða sem á undan eru komin þarna í staðinn og athugið hvort þið heyrið ekki mun.

Að lokum er svo *bogi*, sem er borið fram eins og þar væri skrifað *j* en ekki *g*.

Við þetta mætti svo bæta orðum eins og *margt*, sem öll bera fram eins og það væri skrifað *mart*.

Við höfum því dæmi um að í íslensku séu tengsl milli bókstafsins *g* og framburðar á a.m.k. sex mismunandi vegu; *g* getur svarað til fimm mismunandi hljóða og að auki til „ekki neins“, eins og í *margt*. Þessi margræðni veldur okkur samt yfirleitt engum vandræðum í íslensku, vegna þess að við kunnum málið og þekkjum reglur þess án þess að gera okkur grein fyrir því. Við „vitum“ að *g* svarar til annars hljóðs ef *e* er á eftir (eins og í *geta*) en ef *a* fer á eftir (eins og í *gata*). Við „vitum“ líka að *g* svarar til annars hljóðs

(eða annarra hljóða) inni í orði en í upphafi orðs; og við „vitum“ að *g* er borið fram eins og *j* inni í orði ef *i* fer á eftir (eins og í *bogi*).

Í einstöku tilvikum getur það samt valdið misskilningi og vandræðum að stafsetningin sýnir ekki framburð svo að ótvírætt sé. Þekkt eru dæmi eins og *villa*, sem bæði getur þýtt ‘mistök, eitthvað sem gert er rangt’ og líka ‘stórt og íburðarmikið hús’. Fyrra orðið er borið fram eins og skrifað væri *dl*, en í því seinna er borið fram langt *l*.

Þetta eru þó undantekningar. Hins vegar lenda flest í vandræðum ef þau ætla að læra framburð erlendra mála út frá stafsetningunni einni saman. Algengt er t.d. að byrjendur í ensku, sem hafa komist að því að *a* er oft borið fram eins og *ei* og *e* eins og *í* beri **öll** ensk orð þar sem skrifað er *a* eða *e* fram á þennan hátt. Það þarf þó ekki að leita lengra en í orðið *man* ‘maður’ sem í fleirtölu er skrifað *men* ‘menn’ til að sjá að sú regla gengur ekki upp; hætt er við að þau sem bæru eintöluna fram *mein* og fleirtöluna *mín* ættu í erfiðleikum með að gera sig skiljanleg í enskumælandi landi.

Við þetta bætist að í flestum eða öllum erlendum málum eru notuð einhver hljóð sem ekki koma fyrir í íslensku. Þótt við lærum hvenær *a* og *e* í enskri stafsetningu eru borin fram eins og skrifað væri *ei* og *í* og hvenær ekki dugir ekki að setja bara íslensk *a* og *e* í staðinn, t.d. í *man* og *men*. Þótt hljóðin sem þar eru borin fram **líkist** vissulega íslensku hljóðunum sem eru táknúð með bókstöfunum *a* og *e* eru þau ekki eins; og enskumælandi maður tæki umsvifalaust eftir hreimnum í máli okkar ef við notuðum íslensku hljóðin.


## 2.2 Hljóðletur – IPA

Til að bæta úr þessu hefur verið búið til sérstakt táknkerfi, **hljóðletur** (e. *phonetic transcription*). Það byggist á sömu frumforsendum og venjuleg stafsetning, þ.e. að til hvers hljóðs svari eitt ákveðið tákn. Hljóðlettrið, eða hljóðritunin, fylgir þessari reglu hins vegar út í æsar, en það gerir stafsetningin ekki, eins og við höfum séð. Þetta veldur því að þau sem kunna táknkerfið eiga að geta borið hljóðritaðan texta u.þ.b. rétt fram, þótt þau kunni lítið sem ekkert í málinu sem textinn er á. Hljóðritaður texti er venjulega hafður innan hornklofa, [ ], til aðgreiningar frá venjulegri stafsetningu.

Til eru ýmis afbrigði af hljóðlettri, en hér er notað það langútbreiddasta, **IPA** (e. *International Phonetic Alphabet*). Það er byggt á þeirri stafagerð sem vesturevrópumál nota, latínuletri, og flest táknin í hljóðletrinu hafa það gildi sem er „dæmigert“ fyrir samsvarandi bókstafi. Það er nefnilega svo að enda þótt sami bókstafurinn geti staðið fyrir mismunandi hljóð eftir málum, þá eru þau hljóð sem um er að ræða oftast svipuð. Bókstafurinn *p* getur t.d. staðið fyrir upphafshljóðið í *pakki*, og einnig fyrir sama hljóð og upphafshljóðið í *bakki*. Þótt þessi hljóð séu ekki eins eiga þau margt sameiginlegt; bæði eru órödduð varamælt lokhljóð.

|                        | Tvívaramælt | Tannvaramælt | Tannmælt | Tannbergs-mælt | Tannbergs-/Gómmælt | Rismælt | Gómmælt | Gómfíllumælt | Úfmælt | Kokmælt | Raddbandamælt |
|------------------------|-------------|--------------|----------|----------------|--------------------|---------|---------|--------------|--------|---------|---------------|
| Lokhljóð               | p b         |              | t d      |                |                    | ʈ ɖ     | c ɟ     | k ɡ          | q ɢ    |         | ʔ             |
| Nefhljóð               | m           | ɱ            | n        |                |                    | ɳ       | ɲ       | ɳ            | ɴ      |         |               |
| Sveifluhljóð           | ʋ           | ʋ̹           | r        |                |                    |         |         |              | ʀ      |         |               |
| Sláttarhljóð           |             |              | ɾ        |                |                    | ɽ       |         |              |        |         |               |
| Önghljóð               | ɸ β         | f v          | θ ð      | s z            | ʃ ʒ                | ʂ ʐ     | ç ʝ     | x ɣ          | χ ʁ    | h ɦ     | ɦ ɦ̥          |
| Hliðmælt önghljóð      |             |              | ɬ ɮ      |                |                    |         |         |              |        |         |               |
| Nálgunarhljóð          |             | ʋ            | ɹ        |                |                    | ɻ       | j       | ɰ            |        |         |               |
| Hliðmælt nálgunarhljóð |             |              | ɻ        |                |                    | ɭ       | ʎ       | ɮ            |        |         |               |

Þar sem tvö tákn standa saman í reit táknar það hægra raddað hljóð. Skyggðir reirir tákna hljóð sem talin eru óhugsandi.



Þar sem tvö tákn standa saman táknar það hægra kringt hljóð.

### Mynd 1: Alþjóðlega hljóðritunarstafrófið, IPA (helstu tákn) – uppfært 2005

Þar sem latínuletrið hrekkur ekki til er bætt við táknnum, einkum úr gríska stafrófinu. Einnig eru mörg hljóð táknúð þannig að svonefndum **stafmerkjum** (e. *diacritics*) er bætt á grunntákn. Þannig táknar [p] í hljóðletrinu óraddað varamælt **ófráblásið** lokhljóð – hljóðið sem táknar er með *b* í upphafi íslenskra orða eins og *bakki*. Íslenskt *p* í upphafi orða eins og *pakki* er hins vegar **fráblásið**, og til að sýna það er stafmerkinu [h] bætt aftan við grunntáknið; útkoman verður [p<sup>h</sup>]. [l] táknar **raddað** varamælt lokhljóð í hljóðletrinu; en vegna þess að íslenskt *l* eins og í *elta* er óraddað þarf að bæta [̥] (hring eða bollu) neðan við grunntáknið til að fá fram rétt gildi, og niðurstaðan verður [l̥]. Venja er að setja bolluna sem táknar óróddun neðan við grunntáknið ef því verður við komið, en ef táknið nær niður úr línu, eins og t.d. [ŋ] gerir, er hún færð upp fyrir í staðinn. Merking hennar er þó alveg sú sama hvort sem hún er ofan eða neðan við grunntáknið.

Með því að nota stafmerki er iðulega hægt að tákna sama hljóðið á tvo eða fleiri mismunandi vegu innan ramma alþjóðlega hljóðritunarkerfisins. Þannig er t.d. hægt að tákna ófráblásin lokhljóð í íslensku með [b], [d], [t], [g], ef stafmerkið sem táknar óróddun er notað, því að grunntáknin standa fyrir rödduð hljóð. Þetta hefur reyndar oft verið gert í íslenskri hljóðritun. Meginreglan er þó sú að ef hægt er að tákna hljóð með einu grunntákni, án stafmerkja, þá skuli það gert. Sú leið er því farin hér og þessi hljóð táknúð með [p], [t], [c], [k].

Stundum verður hins vegar ekki hjá því komist að nota stafmerki vegna þess að engin grunntákn með viðeigandi hljóðgildi eru til. Þannig er það með órödduð nefhljóð eins og í framburði meginhluta fólks á orðunum *vanta* og *kempa*. Táknin [n] og [m] vísa eingöngu til raddaðra hljóða, eins og í *vanda* og *kemba*, og til að tákna þau órödduðu er engin önnur aðferð en bæta bollu fyrir neðan grunntáknin og fá út [ŋ] og [ɱ].

## 2.3 Hljóðtákn í íslenskri hljóðritun

Áður en hafist er handa við lýsingu á einstökum íslenskum málhljóðum og myndun þeirra er rétt að líta á þau hljóðtákn sem notuð eru við hljóðritun íslensku. Tekið er dæmi um eitt orð með hverju hljóði og þeir bókstafir sem tákna hljóðið auðkenndir, þannig að þið áttið ykkur örugglega á um hvað verið er að tala.

| Lokhljóð                    | Önghljóð    | Nefhljóð     | Hliðarhljóð  |
|-----------------------------|-------------|--------------|--------------|
| [p <sup>h</sup> ] pæla      | [f] fela    | [m] mala     | [l] lofa     |
| [t <sup>h</sup> ] toga      | [v] vona    | [ɱ] hempa    | [l̥] elta    |
| [c <sup>h</sup> ] kjör, ker | [θ] þora    | [n] naga     |              |
| [k <sup>h</sup> ] kofi      | [ð] veður   | [ŋ] hné      |              |
| [p] buna                    | [s] setja   | [ɲ] angi     | Sveifluhljóð |
| [t] dagur                   | [ç] hjá     | [ɲ̥] hanki   |              |
| [c] gjöf, gera              | [j] jata    | [ŋ] þungur   | [r] rífa     |
| [k] gala                    | [x] sagt    | [ŋ̥] hlunkur | [r̥] ört     |
|                             | [ʏ] saga    |              |              |
|                             | [h] hafa    |              |              |
| Einhljóð                    | í-tvíhljóð  | ú-tvíhljóð   |              |
| frammælt                    | uppmælt     |              |              |
| [i] bíll                    | [u] brúnn   | [ei] heyrn   | [ou] ból     |
| [ɪ] liggja                  | [ɔ] stormur | [œi] austur  | [au] átta    |
| [ɛ] þerra                   | [a] aska    | [ai] vætla   |              |
| [ʏ] urð                     |             | [yi] hugi    |              |
| [œ] möskvi                  |             | [oi] logi    |              |

Tveir litlir þríhyrningar sem vita hver á móti öðrum (:) á eftir hljóðtákni, t.d. [a:], [s:], táknar að hljóðið sé langt.

Einstöku önnur tákn getur þurft að nota við hljóðritun íslensks framburðar sem víkur frá þeim venjulega. Þar má einkum nefna [ɾ] sem táknar úfmælt sveifluhljóð (í framburði þeirra sem eru kverkmælt) og [ʔ] sem táknar raddbandalokhljóð sem kemur fyrir í svo-nefndu **höggmæli**. Einnig getur verið ástæða til að nota táknið [ts] (eða [tʃ]) fyrir svonefnd **tvinnhljóð** sem sum nota í upphafi orða sem byrja á /tj-/. Um öll þessi afbrigði er fjallað hér á eftir.

Auk stafmerkjana [ʰ] og [̚] sem nefnd eru hér að framan er fjöldi annarra stafmerkja til í IPA en fæst þeirra eru notuð í venjulegri hljóðritun íslensku. Þó er hér rétt að nefna þrjú til viðbótar. Bugða [˜] yfir hljóðtákni merkir nefjun, þ.e. að hluti loftstraumsins fari út um nef þótt um munnkveðið hljóð sé að ræða. Þetta er einkum algengt í sérhljóðum á

undan nefhljóðum, og oft fellur nefhljóðið alveg brott en skilur eftir sig nefjun í undanfarandi sérhljóði – *samvinna* verður þá [sãvina]. [ʷ] táknar kringingu, sem getur komið fram fyrir áhrif eftirfarandi kringds hljóðs. Þetta gerist t.d. í einni tegund svonefnds *hv*-framburðar, þar sem orð eins og *hver* er borið fram [xʷɛ:r].

Að lokum má nefna [ɹ] sem táknar framgómun. Þetta stafmerki má nota í íslensku til að tákna að uppgómmælt hljóð sé myndað heldur framar en venjulegt er, án þess þó að það verði beinlínis framgómmælt. Þetta getur gerst í svonefndum *bð-/gð*-framburði, þar sem t.d. *sagði* er borið fram [sakði] í stað [sayði] eins og venjulegt er. Stundum fellur [ð] þó brott þannig að lokhljóðið stendur næst á undan frammæлта sérhljóðinu [ɹ] sem togar það til sín og gerir það frammæltara en ella – þó ekki svo mikið að það verði framgómmælt [c]. Þá er hægt að hljóðrita [sakɹɪ] (sem fellur ekki saman við *saggi* [sacɹɪ]).

Í sumum tilvikum getur verið umdeilanlegt hvaða tákn skuli nota. Hér er [œ] notað fyrir íslenskt /ø/ en önnur tákn kæmu til greina – einna helst [ə] eða [ɘ]. Þá er í raun og veru óeðlilegt að nota [a] fyrir íslenskt /a/. [a] stendur fyrir frammælt hljóð í IPA, en íslenskt /a/ er venjulega talið uppmælt og því væri rökréttara að nota táknin [ɑ], [ʌ] eða hugsanlega [ɐ]. Það er hins vegar svo rík hefð að nota [a] að rétt er að halda sig við það.

Fyrir fyrri hluta tvíhljóðanna /ei/ og /ó/ eru notuð táknin [e] og [o] þótt [ɛ] og [ɔ] séu notuð fyrir „samsvarandi“ einhljóð, /e/ og /o/. Ástæðan er sú að fyrri hluti tvíhljóðanna er yfirleitt aðeins nálægari en einhljóðin fyrir áhrif seinni hlutans, [i]-hlutans. Þó kemur einnig til greina að nota einhljóðstáknið líka í tvíhljóðunum. Tvíhljóðið /au/ er hér hljóðritað [œi] en einnig kæmi til greina að hljóðrita það [œy] vegna þess að fyrri hluti þess kringir oft þann seinni.

Íslenskt /j/ er yfirleitt flokkað sem önglhjóð. Miðað við það er hljóðritun þess ekki í samræmi við IPA – ætti að vera [j] en ekki [ɟ]. Á hinn bóginn virðist hljóðið oft ekki síður vera nálgunarhljóð (e. *approximant*) en önglhjóð, og hljóðritunin er rétt miðað við þá flokkun. Íslenskt /v/ fer líka stundum nærri því að vera nálgunarhljóð og þá kæmi hljóðritunin [v] til greina. Stutt íslenskt /r/ er líka oft aðeins ein sveifla og þá fremur sláttarhljóð (e. *tap*, *flap*) en sveifluhljóð. Því kemur til greina að hljóðrita það [ɾ].

## 2.4 Varasöm tákn

Það er bæði kostur og galli á hljóðletrinu að það skuli vera byggt á venjulegu stafrófi. Það veldur því að fljótlegt er að læra táknin, vegna þess að þau eru flest hin sömu og við erum vön, þótt fáein bætist við; og flest táknin hafa svipað gildi og samsvarandi bókstafir. Þess vegna er tiltölulega fljótlegt að tileinka sér meginatriði hljóðritunar. Gallinn er hins vegar sá að mörgum hættir til að gleyma sér og láta stafsetninguna taka völdin. Sum tákn hafa aðra merkingu í hljóðritun en í venjulegri stafsetningu; og mörg orð eru borin fram á allt annan hátt en stafsetningin lætur í veðri vaka.

### Varist að nota:

- [i] fyrir sérhljóðið í *bil*; það er táknað með [ɪ], en [i] táknar sérhljóðið í *bíll*;
- [au] fyrir sérhljóðið í *braust*; það er táknað með [œi], en [au] táknar sérhljóðið í *brást*;
- [u] fyrir sérhljóðið í *gull*; það er táknað með [ʏ], en [u] táknar sérhljóðið í *gúll*;
- [ʏ] fyrir sérhljóðið í *fyllt*; það er táknað með [ɪ], en [ʏ] táknar sérhljóðið í *fullt*;
- [y] fyrir sérhljóðið í *fyllt* eða *fullt*; það fyrra er táknað með [ɪ] og það seinna með [ʏ], en [y] táknar frammælt, nálægt, kringt sérhljóð sem ekki er til í íslensku, en er notað í mörgum erlendum málum, t.d. í þýska orðinu *über*;
- [æ] fyrir sérhljóðið í *hæll*; það er táknað með [ai], en [æ] táknar frammælt, fjarlægt, ókringt sérhljóð sem ekki er til í íslensku, en kemur fyrir t.d. í enska orðinu *man*;
- [ɛ] fyrir sérhljóðið í *menn*; það er táknað með [ɛ], en [e] táknar hljóð sem er aðeins nálægara en íslenska [ɛ]-hljóðið, og er notað í mörgum erlendum málum, t.d. í þýska orðinu *geben*;
- [o] fyrir sérhljóðið í *torg*; það er táknað með [ɔ], en [o] táknar hljóð sem er aðeins nálægara en íslenska [ɔ]-hljóðið, og er notað í mörgum erlendum málum, t.d. í danska orðinu *åbne*;
- [k] fyrir upphafshljóðið í *gæla*; það er táknað með [c], en [k] táknar upphafshljóðið í *gala*;
- [k] fyrir næstseinasta hljóðið í *saga*; það er táknað með [ɣ], en [k] táknar upphafshljóðið í *gala*;
- [k] fyrir næstseinasta hljóðið í *sagt*; það er táknað með [x], en [k] táknar upphafshljóðið í *gala*.


Athugið líka að nota ekki upphafsstafi í sérnöfnum eða upphafi málsgreina í hljóðritun, þótt svo sé gert í stafsetningu. Eins og komið hefur fram geta upphafsstafir haft sjálfstætt gildi í hljóðritun, annað en samsvarandi litlir stafir. Við vitum hins vegar að framburðurinn er sá sami; mannanöfnin *Björn* og *Úlfur* eru borin fram alveg eins og heiti dýranna *björn* og *úlfur*, og þess vegna á að hljóðrita þau á sama hátt; [pjœ(r)tɲ] og [ulvʏr]. Og ef þið notið stórt *G* í *Gunnar*, og hljóðritið \*[Gʏn:ar], eruð þið að segja að upphafshljóð þessa nafns sé myndað aftur í koki, þannig að tungubakið loki fyrir loftstrauminn við úfinn; slíkt hljóð er til í grænlensku, en þau sem notuðu það í íslensku yrðu umsvifalaust send í talkennslu.

Að lokum má nefna að strangt tekið er ekki eðlilegt að hafa bil milli orða í hljóðritun samfellds máls. Þegar við tölum gerum við ekkert hlé á milli orðanna, og oft renna orð meira og minna saman í tali. Það er samt óneitanlega þægilegra að lesa úr hljóðritun þar sem orðabil eru sýnd á venjulegan hátt; og því er rétt að halda sig við það nema þegar um algeran samruna er að ræða, eins og t.d. ef *ég er að verður* [jɛ:ra], eða *við skulum verður* [vɪskʏm].

### 3. TALFÆRI – HLJÓÐMYNDUN

#### 3.1 Talfæri

Ýmis líffæri og líkamshlutar taka þátt í hljóðmyndun og teljast þannig til talfæra í víðasta skilningi; maga- og brjóstholsvöðvar, þind, lungu, barki, barkakýli, raddbönd, kok, gómfilla, nefhol, efri og neðri kjálki, gómur, tannberg, tennur, tunga og varir.




Mynd 2: Líffæri og líkamshlutar sem taka þátt í hljóðmyndun

Þegar við öndum frá okkur þrýsta brjóstholsvöðvar lungunum saman þannig að loftið pressast úr þeim. Það berst upp **barkann** (e. *trachea*), gegnum **barkakýlið** (e. *larynx*), **kokið** (e. *pharynx*) og síðan út úr líkamanum, annaðhvort um munn eða nef. Krafturinn í útönduninni er mismikill, og það ræður styrk málhljóðanna sem mynduð eru. Við venjulega útöndun kemst loftið hindrunarlaust út. Ef við ætlum hins vegar að nýta loftstrauminn til að mynda málhljóð þurfum við að þrengja að honum með einhverju móti einhvers staðar á leiðinni; stundum bæði í barkakýli og einhvers staðar í munnholi.

### 3.2 Barkakýli – raddbönd

Fyrsta hindrunin getur orðið í **barkakýlinu**. Þar þarf loftstraumurinn að fara upp milli tveggja slímhimna sem nefnast **raddbönd** (e. *vocal folds*). Þessar himnur liggja upp með hliðarveggjum barkakýlisins og slímhúð þeirra rennur saman við slímhúð barkans. Efst í þeim eru strengir, **stoðbönd** (e. *vocal ligaments*). Að framan liggja raddböndin saman og eru fest á svokallað **skjaldbrjós** (e. *thyroid cartilage*), sem við finnum fyrir þegar við þreifum á barkakýlinu. Fyrir ofan það er **málbeinið** (e. *hyoid bone*) sem er tengt við skjaldbrjósakið með himnum og er eina bein líkamans sem ekki tengist beinagrindinni.




Mynd 3: Barkakýlið – séð að framan (A), að aftan (B), langsnið að aftan (C)

Að aftan eru raddböndin fest sitt á hvora þríhyrningslaga brjósflöguna, sem nefnast **könnubrjós** (e. *arytenoid cartilages*) en efst á hvorri um sig eru litlir þríhyrningar, **hnýfilbrjós** (e. *corniculate cartilages*). Bæði skjaldbrjósakið og könnubrjósikin hvíla á **hringbrjós** (e. *cricoid cartilage*). Fyrir ofan raddböndin er annað þar af slímhimnum, **fölsku raddböndin** (e. *false vocal folds, vestibular folds*). Efst í barkakýlinu er stór himnuflipi, **barkalok** (e. *epiglottis*) sem leggst yfir barkakýlisopið við kyngingu og stýrir fastri og fljótandi fæðu niður í **vélindað** (e. *esophagus*) í stað barkans.

Könnubrjósikin eru mjög hreyfanleg, og vegna þess að raddböndin eru tengd við þau hreyfast þau með. Við venjulega öndun eru raddböndin glennt sundur að aftan, þannig að loftið á greiða leið um **raddglufuna** (e. *glottis*) milli þeirra. Opin er hún í laginu eins og þríhyrningur, þar sem eitt hornið veit fram. Fremri hluti hennar, milli raddbandanna sjálfra, nefnist **bandaglufa**, en þríhyrningslaga glufan milli könnubrjósakanna heitir **hyrnuglufa**.

Við myndun margra málhljóða er raddglufan öll opin, þannig að loftið streymir upp án þess að verða fyrir verulegri hindrun í barkakýlinu. Slík hljóð eru **órödduð** (e. *unvoiced*), því að raddböndin sveiflast ekki við myndun þeirra.




Mynd 4: Staða raddbanda við kyngingu, hljóðmyndun og öndun

Mjög oft eru samt könnubrjósken hreyfð til þannig að raddböndin leggjast saman, og loftrásin lokast þar með að miklu eða öllu leyti. Ef hymnuglufan er opin, en bandaglufan lokuð, myndast **hvísl**.


Þótt raddglufunni sé lokað meðan á útöndun stendur heldur loftið áfram að berast að neðan, frá lungunum og upp barkann. Vegna þess að raddböndin loka því leiðina eykst loftþrýstingurinn neðan þeirra ört, og þar kemur að hin teygjanlegu raddbönd gefa eftir og hleypa loftgusu upp á milli sín. Þá lækkar loftþrýstingurinn neðan raddglufu aftur snögg, og þegar þrýstingurinn ofan og neðan hennar hefur jafnast nær teygni raddbandanna aftur yfirhöndinni og lokar loftrásinni á ný. Þá fer þrýstingur að byggjast upp á ný neðan raddbandanna, uns hann nægir til að rjúfa lokunina; og svona endurtekur þetta sig aftur og aftur.

Reyndar er það ekki bara teygjan í raddböndunum sem veldur því að þau lokast þegar loftgusu hefur verið hleypt upp; þar kemur líka til eðlisfræðilegt lögmál, hið svokallaði **Bernoulli-lögmál** (e. *Bernoulli's principle*), sem veldur því að raddböndin sogast saman vegna þess að loftþrýstingur milli þeirra lækkar þegar hraði loftstraumsins eykst við þrenginguna. Á mynd 5 má sjá breytingar á loftstreymi um barkakýli í þessu ferli.



Mynd 5: Loftstreymi um barkakýli við röddun

Ferlið frá því að raddböndin lokast, loftþrýstingur eykst, lokun rofnar, loftþrýstingur neðan raddbanda fellur og þar til þau lokast á ný er nefnt ein **sveifla** (e. *cycle*).



Mynd 6: Ein raddbandasveifla - séð að ofan (A) og að aftan (B)

Þessar breytingar á stöðu raddbandanna eru sýndar á mynd 6. Við þessa endurteknu lokun og opnun raddglufunnar myndast titringur sem nefnist **röddun**. Við eigum auðveldlega að geta fundið hann með því að styðja fingri á barkakýlið og segja

ha–ha–ha–ha–ha

[a] er **raddað** (e. *voiced*) hljóð, eins og önnur sérhljóð, og við myndun þess finnum við titring í barkakýlinu. [h] er hins vegar **óraddað**, eins og mörg önnur samhljóð (en þó alls ekki öll), og enginn titringur verður við myndun þess. Við eigum því að geta fundið titringinn koma og fara á víxl.

En titringur raddbandanna er ekki alltaf með sama móti. Það eru einkum þrjú atriði sem eru breytileg:

- a) lengd raddbanda;
- b) massi þeirra (þ.e. hversu efnismikil þau eru);
- c) hversu strengd raddböndin eru.

Tvö fyrri atriðin eru óbreytanleg hjá hverjum einstaklingi eftir að fullum þroska er náð. Þar sem barkakýli karlmannna er talsvert stærra en kvenna eru raddbönd karla bæði lengri og efnismeiri. Þetta leiðir til þess að sveiflur raddbanda eru að jafnaði mun hægari hjá körlum en konum. Það er eðlisfræðilegt lögmál; strengir í hljóðfærum, s.s. gítar, píanói o.s.frv., sveiflast líka því hægar sem þeir eru lengri og gildari. Við vitum líka að löngu og gildu strengirnir gefa frá sér dimmri tón en þeir stuttu og grönnu; og sama lögmál veldur því að karlaraddir eru venjulega dýpri en raddir kvenna.


Þriðja atriðinu, strengleika raddbandanna, getum við hins vegar breytt, innan ákveðinna marka þó. Könnubríðskín, sem aftari endi raddbandanna er festur á, eru mjög hreyfanleg; og eins er hægt að hreyfa skjaldbrjóskið, sem fremri endi raddbandanna er festur við. Þannig má strengja eða slaka nokkuð á raddböndunum og eftir því sem þau eru strengdari sveiflast þau hraðar, rétt eins og strengir í hljóðfærum. Þetta nýtum við okkur t.d. til að ná fram réttri **ítónun** (e. *intonation*) í röddina; breyta **tónhæðinni** (e. *pitch*) eftir því hvort við erum að fullyrða eitthvað, spyrja einhvers o.s.frv. Einnig er þessi hæfileiki bráðnauðsynlegur í leik, söng o.þ.h.

### 3.3 Grunntónn – yfirtónar

Ein sveifla tekur að meðaltali u.þ.b. 8,3 millisekúndur (msek, þúsundustu hluta úr sekúndu) hjá karlmönnum en 4,8 msek hjá konum. **Tíðni** (e. *frequency*) karlmannsradda er því u.þ.b. 120 sveiflur á sekúndu (s/sek; e. *Hz*) að meðaltali, meðaltíðni kvenradda er um 210 s/sek, og meðaltíðni barnaradda u.þ.b. 265 s/sek. Þetta er nefnt **grunntíðni** (e. *fundamental frequency*) eða **grunntónn** raddarinnar ( $F_0$ ).

En sveiflur raddbandanna eru margbrotnari en þessi lýsing bendir til. Hvor helmingur þeirra um sig sveiflast líka á sinni eigin tíðni, sem er þá helmingi meiri en grunntíðni raddarinnar. Hver þriðjungur raddbandanna sveiflast líka, á þrefaldri grunntíðni; hver fjórðungur á færfaldri grunntíðni; o.s.frv.

Þessar sveiflur nefnast **yfirtónar** (e. *harmonics*) raddarinnar. Sveiflur af tvöfaldri tíðni grunntóns nefnast **annar yfirtónn**, sveiflur af þrefaldri grunntíðni **þriðji yfirtónn**, o.s.frv. Grunntónninn og yfirtónarnir falla svo saman og mynda **rödd** (e. *voice*). Styrkur grunntónsins er hins vegar alltaf mestur, og eftir því sem yfirtónn er hærri hefur hann minni styrk.



Mynd 7: Hljóðróf barkakýlishljóðs – hlutfallsstyrkur grunntóns og yfirtóna í barkakýli


Þetta má sjá á mynd 7. Hún sýnir styrk hinna mismunandi yfirtóna eins og hann er ofan við barkakýlið. Þetta samsvarar hins vegar ekki neinu hljóði sem við heyrum. Hljóðið á nefnilega eftir að berast upp um kokið, og síðan út um munn og nef; og á þessari leið mótast það á ýmsan hátt. Titrungur raddbandanna sjálfra, ýmist í heild eða einstakra hluta þeirra, kemur af stað sveiflum í loftinu í koki, munnholi og nefholi; og þar mótast það hljóð sem við heyrum, **röddin**.

En það eru ekki bara sveiflurnar í loftinu sem hér skipta máli, heldur líka titringurinn sem þær koma af stað í því sem umlykur loftið; þ.e. holdi, beinum og tönnum. Þetta er svipað því sem gildir um hátalara; ef hátalari er tekinn úr kassanum sem umlykur hann breytist hljóðið talsvert. Kassinn verkar nefnilega líka sem magnari, og svipað gildir um munnholið. En eðli munnholsins veldur því að það er ekki mjög nákvæmt sem magnari, að því leyti að það magni aðeins sveiflur af einhverri mjög þröngri tíðni; það tekur sveiflur sem ná yfir dálítið tíðnisvið.

Það kannast sjálfsagt einhver við að hafa blásið yfir stútinn á tómri gosflösku; þá myndast tiltölulega djúpur tónn. Ef flaskan er hálf af vatni hækkar tónninn talsvert; og ef hún er fyllt upp í axlir hækkar hann enn. Það er vegna þess að blásturinn kemur af stað sveiflum í loftsúlunni í flöskunni, og þær sveiflur skynjum við sem hljóð. En sveiflutíðnin hækkar eftir því sem loftsúlan er styttri, og því hækkar tónninn þegar vatni er bætt í flöskuna.

Í raun og veru verkar munnholið svipað. Í því er loftsúla, að vísu ekki eins regluleg í lögun og sú í flöskunni. Þessi loftsúla hefur ákveðna eigin sveiflutíðni. Raddbanda-sveiflurnar koma loftsameindunum á hreyfingu, eftir því mynstri sem sýnt er á mynd 8.


Þannig hljóð heyrum við hins vegar ekki; við heyrum það aldrei fyrr en það er búið að fara í gegnum munn- og/eða nefholið. Loftsúlan þar hefur svo sína eigin tíðni sem henni er eðlilegt að sveiflast á; það þýðir að sumir yfirtónanna eru magnaðir upp, en aðrir deyfðir. Þess vegna er það svo að flest málhljóð hafa tiltölulega mikinn styrk á tveim eða þrem tíðnisviðum, en lítinn þess á milli.



Mynd 8: Lögun hljómhols í munni og koki við myndun [ə]

Loftsúlan í holrúminu frá raddböndum að vörum er að meðaltali um 14,5 sm á lengd í konum og rúmum 2 sm í þvermál. Í karlmönnum er súlan að meðaltali 17,5 sm á lengd og um 2,5 sm í þvermál. Ef loftinu í hólki, eins og þeim sem sýndur er á mynd 10, er komið á hreyfingu, myndast hljóð þar sem mögnun verður á sveiflum á þremur tíðnisviðum með jöfnu millibili, en tíðnisvið þar á milli eru hins vegar deyfð. Þetta gefur hljóð sem líkist hlutlausu sérhljóðinu [ə] (schwa); það er hljóð sem myndast þegar talfærin eru nánast í hvíldarstöðu og lögun munnholsins svo nálægt hólki eða súlu sem verða má.

Mynd 9 sýnir styrk hinna ýmsu yfirtóna eftir að munnholið – í „hlutlausri“ stöðu, þ.e. sem næst því sem mynd 8 sýnir – er búið að móta hljóðið. Dregið hefur úr styrk grunn- tónsins og lægstu yfirtóna; yfirtónar kringum 500 s/sek hafa magnast upp; og síðan kemur aftur mögnun við 1500 s/sek og 2500 s/sek. Það fer eftir stærð munnholsins hvaða tíðnisvið magnast upp og er því nokkuð breytilegt milli einstaklinga, og sérstaklega milli karla og kvenna, en aðalatriðið er að til verða þrír toppar með jöfnu millibili.




Mynd 9: Hljóðróf hljóðs sem myndast við „hlutlausu“ stöðu munnhols

Þegar við hlustum á talað mál greinum við það niður í mismunandi hljóð. Við erum ekki í neinum vafa um að [a] hljómar öðruvísi en [i], [l] hljómar öðruvísi en [n], [v] hljómar öðruvísi en [ð], o.s.frv. En nú eru sveiflur raddbandanna í grundvallaratriðum sams konar í öllum rödduðum hljóðum; og hvað er það þá sem gerir okkur kleift að greina milli mismunandi hljóða?

Hér að framan var sagt að við röddun færu af stað sveiflur á mörgum tíðnisviðum; bæði grunntónn og yfirtónar. Það hljóð sem við heyrum verður til við samspil þessara sveiflna. Þetta er forsenda þess að við getum gert mun á hljóðum. Það er sem sé hægt að breyta því vægi sem sveiflur á tilteknum tíðnisviðum hafa í þessu samspili. Við myndun [a] mögnum við upp sum tíðnisvið, en deyfum önnur; við myndun [i] gerist það sama, nema þar eru það önnur tíðnisvið sem eru mögnuð og deyfð, og þess vegna verður heildarniðurstaðan ólík.

### 3.4 Formendur

Þau tíðnisvið sem hafa mestan styrk (eru mögnuð mest) í hverju málhljóði eru kölluð **formendur** (e. *formants*) þess. Í flestum sérhljóðum eru a.m.k. þrír formendur greinilegir; þ.e. þrjú mismunandi tíðnisvið magnast upp. Formendurnir eru venjulega táknaðir með **F** og tölu fyrir aftan;  $F_1$  er þannig lægsta tíðnisviðið sem magnast upp,  $F_2$  það næstlægsta, o.s.frv. Mismunandi hljóð hafa mismunandi formendur, og það eru þeir sem eru ábyrgir fyrir þeim mun sem við skynjum á hljóðunum. **Grunntónninn** er hins vegar sá sami í mismunandi hljóðum; sveiflur raddbandanna geta haft sömu tíðni og styrk í öllum sérhljóðum t.d. Það er svo mismunandi stærð og lögun munnholsins sem magnar og deyfir mismunandi yfirtóna grunntónsins, þannig að við skynjum mismunandi hljóð.



Mynd 10: Mögnun og deyfing mismunandi grunntóna vegna mismunandi grunntíðni

Þess vegna er það líka sem við getum talað um „sömu“ hljóð hjá körlum, konum og börnum, enda þótt grunntíðni raddarinnar sé mjög mismunandi. Munur á stærð munnholsins er ekki nálægt því eins mikill. Talið er að fjarlægðin frá raddböndum að vörum sé að meðaltali u.þ.b. 17% minni hjá konum en körlum, sem þýðir að búast má við að formendurnir séu hærri sem því munar. Það sem meginmáli skiptir er þó að hlutfallið

milli þeirra helst það sama. Börn hafa tiltölulega mjög stórt höfuð í hlutfalli við aðra líkamshluta, og því er hljómhólið hjá þeim ekki eins miklu minna og mætti ímynda sér.

Athugið vel að engin bein tengsl eru milli grunntíðni annars vegar og formenda hins vegar. Þótt formendur sama hljóðs séu alltaf á svipuðu tíðnisviði hjá öllum málnotendum, vegna þess að þeir fara eftir lögun munnholsins, geta það verið mjög mismunandi yfirtónar sem magnast upp hverju sinni; það fer eftir grunntíðninni. Hugsum okkur hljóð þar sem fyrsti formandi er kringum 480 s/sek. Sé grunntíðnin 120 s/sek er það því fjórði yfirtónn sem magnast mest upp; sé grunntíðnin hins vegar 150 s/sek er það hins vegar þriðji yfirtónn, eins og mynd 10 sýnir.

### 3.5 Breytingar á stærð og lögun hljómhols


Í sumum hljóðum geta verið margir formendur, þ.e. mörg mismunandi tíðnisvið eru mögnuð upp. En eins og mynd 7 sýnir fer styrkur yfirtónanna lækkandi eftir því sem tíðni þeirra hækkar, og því eru það fyrstu formendurnir sem eru sterkastir. Það er vitað sæmilega vel eftir hverju þeir fara, og hvernig breyting á stærð og lögun hljómhols hefur áhrif á þá. Hins vegar er ekki jafnvel ljóst eftir hverju efri formendur fara, en að einhverju leyti er þar um að ræða ýmiss konar einstaklingsbundin einkenni í munni og koki. Stundum er talið að tveir fyrstu formendurnir dugi til að greina milli allra sérhljóða, en það þýðir þó ekki að hinir skipti engu máli. Líkur eru á að hærri formendur gefi röddinni ákveðinn blæ, **málróð**.

Með því að breyta stærð og lögun loftsúlunnar í munnholi og koki – og stundum einnig nefholi – stjórnum við því hvaða tíðnisvið raddarinnar eru mögnuð mest og hver eru deyfð og myndum þannig mismunandi **hljóð**. Þetta getum við gert með ýmsu móti.


**Neðri kjálkinn** (e. *lower jaw*) er auðvitað hreyfanlegur og mismunandi kjálkaopnun hefur áhrif á stærð munnholsins. **Tungan** (e. *tongue*) er mjög hreyfanleg og staða hennar skiptir máli við myndun flestra málhljóða. Með því að láta tunguna nálgast eða snerta einhvern hluta **góms** (e. *palate*), **tannbergs** (e. *alveolar ridge*) eða **tanna** (e. *teeth*) skiptum við munnholinu að meira eða minna leyti í tvö hljómhól, sem hvort um sig hefur sína ákveðnu hljóðmögnunareiginleika.

Þá hefur staða **vara** (e. *lips*) áhrif í hljóðmynduninni. Bæði er hægt að loka fyrir loftstrauminn eða þrengja að honum með vörum; og einnig er hægt að setja nokkurs konar stút á þær, en við það breytast formendur þeirra hljóða sem mynduð eru.

**Gómfillan** (e. *soft palate*) hleypir lofti óhindrað upp í nefhol við venjulega útöndun. Við hljóðmyndun lokar hún hins vegar oftast fyrir nefholið; en einnig er hægt að láta hana síga, þannig að loft sleppi upp í nefholið, sem þar með verður einnig að hljómhóli og hefur áhrif á hljóðmyndunina.




Mynd 11: Talfærin



Mynd 12: Mismunandi skipting munnhols í hljómhól eftir stöðu tungu og vara

Í sérhljóðum er munnholinu skipt a.n.l. í tvennt með nálgun tungu við góm á mismunandi stöðum. Fyrstu tveir formendurnir sýna mögnun sinn í hvorum hluta munnholsins. Yfirleitt er fremri (lárétti) hlutinn minni og því ræður hann tíðni  $F_2$ , en aftari (lóðrétti) hlutinn ræður tíðni  $F_1$ .



Mynd 13: Hljómhol í munni og koki við myndun [i:] og [a:] og hljóðróf hljóðanna


En auðvitað er ekki hægt að stækka annað holið nema minnka hitt um leið. Í frammæltum sérhljóðum, eins og t.d. [i], er fremri hlutinn óvenju lítill, en sá aftari óvenju stór. Því er  $F_1$  þar mjög lágur, en  $F_2$  að sama skapi hár. Í [a] er stærðarmunur hljóðholanna aftur á móti tiltölulega lítill, þannig að lítill munur er á  $F_1$  og  $F_2$ . Þetta sést á mynd 15.

### 3.6 Hljóðrófsrit

Til að skoða ýmislegt í eðli málhljóða, s.s. styrk, tíðni, lengd, formendur o.s.frv. er hægt að nota ýmsan hugbúnað. Þessi hugbúnaður getur sýnt eðliseiginleika hljóðanna á ýmsan hátt, m.a. á svonefndum **hljóðrófsritum** (e. *sound spectrograms*). Lóðrétti ásinn á hljóðrófsritinu sýnir tíðni en sá lárétti tíma. Styrkinn má svo ráða af því hversu dökkt hljóðrófsritið er; því dekkra sem það er, þeim mun meiri er styrkur sveiflnanna á viðkomandi tíðnisviði.


Hljóðrófsritið á mynd 14 sýnir setninguna *Æsa talar við Önnu*. Lóðréttu mjóu rendurnar í rödduðu hljóðunum sýna grunntíðni raddarinnar. Þar sem hvítu rendurnar koma er enginn styrkur, þ.e. raddböndin loka fyrir loftstrauminn; síðan opnast þau og hleypa út loftgusu, og það kemur fram sem dökkar rendur – dekkstar á mismunandi

tíðnisviðum, eftir lögun munnholsins á hverjum tíma. Formendur eru hér sýndir með rauðum strikum og tónfallið með blárrí línu í gegnum rödduð hljóð.



Mynd 14: Hljóðrófsrit af setningunni Æsa talar við Önnu

Takið eftir sveigingum formendanna í upphafshljóðinu, [ai]; þær stafa af því að [ai] er tvíhljóð, eiginlega samsett úr [a] og [i]. Lögun munnholsins breytist því meðan á myndun hljóðsins stendur (sbr. mynd 12) og þar með mögnunareiginleikar þess.



Mynd 15: Bilkvæmar sveiflur í [a] (ofar) og óbilkvæmar í [s] (neðar)

[s] hefur mestan styrk á háum tíðnisviðum og þess vegna er hljóðrófsritið dekkst ofan til í því hljóði. Í [s]-hljóðinu eru engar reglulegar lóðréttar rendur, eins og í sérhljóðunum sitt hvoru megin við það. Þetta stafar af mismunandi eðli hljóðanna; raddbandasveiflurnar í sérhljóðunum valda því að sama sveifluformið endurtekur sig aftur og aftur eins og mynd 15 sýnir. Slíkar sveiflur eru kallaðar **bilkvæmar** (e. *periodic*). Þegar loft þrýstist í gegnum

þröngt op, eins og í [s], fer það að ólga og sameindasveiflurnar í því verða **óbilkvæmar** (e. *aperiodic*), þ.e. óreglulegar og án sérstaks munsturs sem endurtaki sig.

Í [t<sup>h</sup>] eru engir formendur og ítónun kemur þar ekki fram, enda hljóðið óraddað. Við myndun þess er lokað fyrir loftstrauminn í munnholinu (tunga lokar við tannberg) og því myndast engar sveiflur meðan lokunin varir. Eftir að lokun rofnar kemur dálítið bil áður en reglulegar láréttar rendur birtast, sem og tónfall. Það er vegna þess að [t<sup>h</sup>] er **fráblásið** (e. *aspirated*); loftgusa berst frá lungunum áður en eftirfarandi sérhljóð tekur við.

Ekki verður farið frekar út í skýringu hljóðrófsrita að sinni, en þau koma meira við sögu í umfjöllun um einstaka hljóðaflokka hér á eftir.

## 4. ÍSLENSK MÁLHLJÓÐ

### 4.1 Sérhljóð og samhljóð

Málhljóðum er vanalega skipt í tvo meginflokka; **sérhljóð** (e. *vowels*) og **samhljóð** (e. *consonants*). Sérhljóðin eru sögð **atkvæðisbær** (e. *syllabic*), þ.e. fær um að mynda kjarna atkvæðis, en samhljóðin venjulega ekki. Í samhljóðum mætir loftstraumurinn frá lungunum verulegri fyrirstöðu á leið sinni út úr líkamanum; annaðhvort er lokað algerlega fyrir hann um tíma eða loftrásin er þrengd verulega. Þó er ekki alltaf skarpur greinarmunur á sérhljóðum og samhljóðum að þessu leyti; í sumum sérhljóðum, einkum [i], er þrengt talsvert að loftstraumnum, þannig að munur [i], sem er sérhljóð, og [j], sem er venjulega flokkað sem önghljóð (en ætti kannski fremur að teljast nálgunarhljóð eins og nefnt er í 2.3), er stundum ekki mikill.

### 4.2 Flokkun samhljóða

Samhljóð eru aðallega flokkuð á tvennan hátt; annars vegar eftir **myndunarstað** (e. *place of articulation*) og hins vegar **myndunarhætti** (e. *manner of articulation*). Flokkun eftir **myndunarstað** er miðuð við það hvar í munnholi lokun verður, eða hvar mest er þrengt að loftstraumnum. Þannig er sagt að [p<sup>h</sup>], [p] og [m] séu mynduð við varir, þar eð varir leggjast saman við myndun þeirra og loka þannig fyrir loftstrauminn; [s] er sagt myndað við tannberg, því að þar myndar tungan þrengingu; o.s.frv.

Í raun og veru er þó ónákvæmt að tala hér um **myndunarstað**, vegna þess að t.d. tannbergsmælt hljóð myndast ekki eingöngu við tannberg. Það sem máli skiptir er ekki síður þau áhrif sem nálgun tungu og tannbergs hefur á hljóðmögnunareiginleika munnholsins. Þið kannist við það að ef fingri er stutt einhvers staðar á gítarstreng breytist hljóðið sem strengurinn gefur frá sér; og það breytist á mismunandi hátt eftir því hvar stutt er á hann. Engin myndu samt segja að hljóðið myndaðist þar sem fingri er stutt á strenginn. En í raun er þetta ekki ósvipað því sem gerist við nálgun tveggja talfæra í munnholinu.

Eftir **myndunarhætti** skiptast samhljóðin svo í fimm flokka, sem nefnast **lokhljóð** (e. *stops*), **önghljóð** (e. *fricatives*), **nefhljóð** (e. *nasals*), **hliðarhljóð** (e. *laterals*) og **sveifluhljóð** (e. *trills*). Margt er þó sameiginlegt með þrem þeim síðarnefndu og þau eru stundum kölluð einu nafni **hljómendur** (e. *sonorants*). Sömuleiðis er sitthvað svipað með lokhljóðum og önghljóðum sem stundum eru kölluð einu nafni **hindrunarhljóð** (e. *obstruents*).

### 4.3 Lokhljóð


#### 4.3.1 Myndun

Lokhljóð einkennast af því að lokað er algerlega fyrir loftstrauminn frá lungunum örstutta stund. Þessi lokun getur verið á mismunandi stöðum í munnholi eins og lýst er hér á eftir. Meðan á henni stendur eru engar sveiflur í loftinu í munnholinu, og því verður ekkert hljóð

til; það myndast ekki fyrr en lokunin rofnar. Þetta á þó eingöngu við um órödduð lokhljóð, eins og öll íslensk lokhljóð eru venjulega; við myndun þeirra er raddglufan galopin, og munnholið, að baki lokuninni, fyllist því fljótt þegar loftstraumur berst frá lungunum.

Í mörgum erlendum málum eru einnig til rödduð lokhljóð. Þá þarf loftstraumurinn að þrengja sér milli raddbandanna, og því fyllist munnholið mun hægar. Meðan það er að fyllast af lofti geta raddböndin titrað, og þá myndast lágt hljóð. Erfiðara er að mynda t.d. uppgómmælt rödduð lokhljóð en varamælt; í þeim uppgómmæltu er hljóðholið að baki lokun miklu minna, og því mun fljótara að fyllast.

Í íslensku eru fjögur pör lokhljóða með mismunandi myndunarstöðum. Hljóðin í hverju pari eru aðgreind þannig að annað er **fráblásið** (e. *aspirated*), en hitt **ófráblásið** (e. *unaspirated*); bæði eru órödduð, eins og áður segir. Sem dæmi getum við tekið upphafs-hljóðin í orðunum *pera* og *bera*, [p<sup>h</sup>] og [p]; það fyrrnefnda er fráblásið, en hitt ekki. Fráblásturinn er táknaður með [h], eins og áður hefur verið nefnt.



Mynd 16: Tengsl raddbandastöðu og munnstöðu við myndun lokhljóða

Munur fráblásinna og ófráblásinna hljóða stafar af mismunandi tengslum milli talfæra í munnholi annars vegar og raddbanda hins vegar. Í ófráblásnum hljóðum liggja raddböndin allþétt saman þegar munnlokun rofnar, og geta því þegar byrjað að titra og raddað hljóð að myndast. Í fráblásnum hljóðunum er raddglufan aftur á móti gleið þegar munnlokun rofnar. Það tekur raddböndin nokkra stund að nálgast nógu mikið til að þau geti farið að titra; og á meðan streymir loftið nokkurn veginn óhindrað frá lungum, gegnum barka, raddglufu, og munnhol. Við það myndast blásturshljóð, fráblásturinn.

Þótt fráblásturinn sé táknaður með [h] eins og áður segir fer því fjarri að þar sé alltaf um nákvæmlega sama hljóðið að ræða, heldur mótast það mjög af umhverfinu. Um leið

og munnlokunin sem einkennir lokhljóðið rofnar (og jafnvel fyrr) byrjum við að færa talfærin í stellingar fyrir eftirfarandi hljóð. Loftgusan, sem við köllum fráblástur, sleppur út meðan á þeirri hreyfingu stendur; og lögun munnholsins á þeim tíma stjórnar því hvaða hljóð verður til, þótt alltaf sé það einhvers konar blásturshljóð. En ef óraddað önghljóð fer næst á eftir getur svo farið að fráblásturinn renni nær alveg saman við það; orð eins og *hver* mætti því jafnvel hljóðrita [kfe:r]. Þá kemur [ç] oft í stað [h] ef [i] fer á undan, þannig að *líttu* mætti hljóðrita [liçty].

Stundum eru fráblásnu hljóðin kölluð „hörð“, en þau ófráblásnu „lin“, og með því gefið í skyn að við myndun hinna fyrrnefndu þurfi meiri orku eða kraft. Því er þó ekki þannig varið; vöðvaspenna í vörum eða tungu, sem mynda lokunina, er síst minni í ófráblásnu hljóðunum. Stundum er líka talið að loftþrýstingur í munnholi, að baki lokuninni, sé meiri í fráblásnum hljóðum en ófráblásnum, og hann „sprengi“ lokunina; blásturinn komi þegar loftið sem safnast hefur upp að baki lokuninni sleppur út. Þetta er ekki heldur rétt; loftþrýstingurinn að baki lokuninni er meiri í ófráblásnu hljóðunum, ef eitthvað er.


Oft virðast öll lokhljóð vera fráblásin í bakstöðu ef orð eru borin fram ein og sér eða lenda aftast í segð. Þannig gæti virst eðlilegt að hljóðrita orð eins og *happ*, *oft*, *þrusk*, *grob*, *vídd*, *lögg* sem [hahp<sup>h</sup>], [ɔft<sup>h</sup>], [θrysks<sup>h</sup>], [krɔp<sup>h</sup>], [vit<sup>h</sup>], [læk<sup>h</sup>]. Sá blástur sem þarna kemur á eftir lokhljóðunum er þó annars eðlis en venjulegur fráblástur. Hér er um að ræða loft sem við höfum tekið frá til að mynda viðkomandi orð eða segð en höfum ekki þurft að nota. Við hleypum því þá út í lokin þannig að sá blástur sem við heyrum er í raun og veru hluti útöndunar en ekki hluti hljóðmyndunar.

#### 4.3.2 Einstök hljóð

Upphafshljóð orðanna *pæla* [p<sup>h</sup>ai:la] og *bæla* [pai:la], [p<sup>h</sup>] og [p], eru **tvívaramælt** (e. *bilabial*) lokhljóð; við myndun þeirra koma varimar saman og loka alveg fyrir loftstrauminn. Staða tungunnar skiptir ekki máli við myndun varamæltu hljóðanna.

[t<sup>h</sup>] og [t] eru **tannbergsmælt** (e. *alveolar*) lokhljóð, og koma t.d. fyrir í upphafi orðanna *tína* [t<sup>h</sup>i:na] og *dýna* [ti:na]. Við myndun þeirra þrýstist tungubroddurinn upp að tannberginu og lokar þar fyrir loftstrauminn. Brúnir tungunnar leggjast jafnframt út að jöxlum í efri gómi og koma í veg fyrir að loft sleppi þar út.

Í upphafi orðanna *kæfa* [c<sup>h</sup>ai:va] og *gæfa* [cai:va] koma fyrir **framgómælt** (e. *palatal*) lokhljóð, [c<sup>h</sup>] og [c]. Við myndun þeirra leggst tungan upp að gómnum, allt frá tannbergi og aftur undir gómfillu. Þegar lokunin rofnar færast tungan fyrst frá gómnum að aftan og síðan að framan. Þetta veldur því að við skynjum þessi hljóð oft sem tvö, þ.e. [k<sup>h</sup>] + [j] og [k] + [j], en þau eru ein heild hvað myndun varðar.



Mynd 17: Staða talfæranna við myndun lokhljóða

[kʰ] og [k], eins og í *kaldur* [kʰaltʏr] og *galdur* [kaltʏr], eru **uppgómmælt** eða **gómfillumælt** (e. *velar*) lokhljóð. Við myndun þeirra lyftist aftari hluti tungunnar, tungubakið, og lokar fyrir loftstrauminn kringum mörk góms og gómfillu. Snertiflötur tungu og góms er mun minni en í framgómmeiltu hljóðunum.


Auk þessara átta lokhljóða sem eru notuð í venjulegum íslenskum framburði bregður **raddbandalokhljóðinu** (e. *glottal stop*) [ʔ] fyrir í framburði sumra málhafa, svonefndu **höggmæli**. Það er myndað þannig að raddböndin eru klemmd þétt saman og loka algerlega fyrir loftstrauminn örstutta stund. Raddbandalokhljóðið kemur fyrir í innstöðu, einkum á undan lokhljóðum eða í staðinn fyrir þau, t.d. í *Bjarni* [pjaʔnɪ], *einnig* [eiʔnɪɣ], *fótbolti* [fouʔpɔltɪ].

#### 4.3.3 Hljóðróf


Órödduð lokhljóð koma út sem eyða á hljóðrófsritum; enginn kraftur er á ferðum vegna þess að enginn loftstraumur berst frá lungum meðan á lokuninni stendur. Þegar lokunin rofnar er svo munur á fráblásnum og ófráblásnum hljóðum. Í báðum tilvikum sleppur að vísu einhver loftgusa út áður en regla kemst á sveiflur eftirfarandi hljóðs, en þetta stendur miklu lengur í fráblásnu hljóðunum.

Eyðan á hljóðrófsritunum táknar þögn – þegar ekkert loft berst frá lungum myndast ekkert hljóð. Það er enginn munur á þögninni sjálfri eftir því hvar lokað er fyrir loftstrauminn. Samt sem áður erum við ekki í vandræðum með að greina milli lokhljóða

eftir myndunarstað. Það er vegna þess að formendurnir í aðliggjandi hljóðum svigna á mismunandi hátt í átt að lokhljóðinu. Þessar sveigingar valda hljóðgildisbreytingu á aðliggjandi hljóðum og það er sú breyting sem við skynjum sem mismunandi lokhljóð. Þannig svigna allir formendur niður í átt að varamæltu lokhljóði. Í átt að tannbergsmæltu lokhljóði svignar  $F_1$  niður, en  $F_2$  lítið, eða jafnvel aðeins upp (eftir því hvert sérhljóðið er). Í átt að gómmæltu lokhljóði svignar  $F_2$  frekar upp en  $F_3$  niður. Þetta sést á mynd 19.



Mynd 18: Fráblásið og ófráblásið lokhljóð í framstöðu og lokhljóð á eftir [s]



Mynd 19: Ófráblásin lokhljóð milli sérhljóða

## 4.4 Öngljóð

### 4.4.1 Myndun

Öngljóð einkennast af því að þrengt er tímabundið að loftstraumnum frá lungunum, annaðhvort með því að lyfta mismunandi hlutum tungunnar og láta hana nálgast gómfillu,


góm, tannberg eða tennur; eða þá með vörum og tönnum. Orðið *öng* merkir einmitt þrengsli, sbr. *öngstræti*. Þegar þrengt er þannig að loftstraumnum myndast e.k. „þrýsti-hljóð“ eða „núningshljóð“ með óreglulegri tíðni. Eftir því sem loftrásin er þrengri verður tíðni hljóðsins hærri. Við þetta skiptist munnholið líka næstum því í tvö hljóðhol, sem hvort um sig magnar upp mismunandi tíðnisvið.

Rödduð önghljóð missa röddunina venjulega að nokkru eða öllu leyti ef þau standa aftast í orðum sem eru borin fram ein og sér eða lenda aftast í segð. Þótt *hafa* [ha:va], *blæða* [plai:ða], *dagur* [ta:γʏr] séu alltaf borin fram með rödduðum [v], [ð] og [ɣ], þá er röddunin talsvert minni í *haf*, *blóð*, *dag* ef orðin eru borin fram ein og sér eða aftast í segð. Stundum er afröddunin alger, og þá er rétt að hljóðrita [ha:f] [plou:θ] [ta:x]. Algengara er þó líklega að önghljóðin verði **naumrödduð** (e. *partially voiced*) í slíkri stöðu, þ.e. missi röddunina aðeins að nokkru leyti. Til að tákna naumröddun er afröddunarhringur, [̥], settur undir (eða yfir) tákn fyrir raddað hljóð, og niðurskrifaður (eða uppskrifaður) hægri svigi þar fyrir aftan. Dæmin hér að framan væru þá hljóðrituð [ha:̥ɣ̥] [plou:̥θ̥] [ta::̥ɣ̥].

#### 4.4.2 Einstök hljóð

Upphafshljóð orðanna *fita* [fi:ta] og *vita* [vi:ta] eru önghljóð, [f] og [v]; hið fyrrnefnda óraddað, en hitt raddað. Þessi hljóð eru kölluð **tannvaramælt** (e. *labiodental*); við myndun þeirra leggst neðri vör að framtönnum í efri gómi, og loftið þrýstist þar á milli. Staða tungunnar skiptir ekki máli við myndun þessara hljóða.


Fyrsta og þriðja hljóðið í orðinu *þaðan* [θa:ðan] eru önghljóð með u.þ.b. sama myndunarstað, [θ] og [ð]; hið fyrrnefnda óraddað, en hitt raddað. Þau eru **tannbergsmælt** eða **tannmælt** (e. *dental*); við myndun þeirra leggst fremri hluti tungunnar upp að tannbergi, og tungubroddurinn nálgast framtennur í efri gómi. Misjafnt er hve framarlega mesta öngin verður; hjá sumum getur tungubroddurinn náð alveg fram að framtönnum.



Mynd 20: Snerting tungu við góm við myndun [θ] (vinstri) og [ð] (hægri)

Upphafshljóðið í orðinu *saga* [sa:ɣa], er **tannbergsmælt** önghljóð, óraddað, [s]. Það er yfirleitt myndað nokkru aftar en [θ], og auk þess er loftrásin mun þrengri í [s], eins og sést á mynd 20. Það veldur því að [s] hefur miklu hærri tíðni en [θ], enda oft kallað „blísturshljóð“. Það virðist vera talsvert misjafnt hvernig íslenskt [s] er myndað. Hjá sumum er það **tungubroddshljóð** (e. *apical*), myndað með því að lyfta tungubroddinum

upp að tannbergi, þannig að öng verði þar á milli; en hjá öðrum **framtunguhljóð** (e. *laminal*), þannig að miðhluti tungunnar myndar öng við tannbergið en tungubroddurinn liggur aftan við framtennur í neðri gómi. Báðar gerðirnar eru sýndar á mynd 21 og hljóma nokkurn veginn eins, en ef ástæða þykir til að greina milli þeirra í hljóðritun er hægt að tákna þá fyrnefndu sem [ʃ] og hina sem [s].



Mynd 21: Staða talfæraanna við myndun önghljóða

Upphafshljóðin í orðunum *hjól* [çou:l] og *jól* [jou:l], [ç] og [j], mynda svo þriðja par óraddaðra og raddaðra önghljóða; þau eru **framgómmeðl**. Athugið vel að *hj-* í stafsetningu stendur aðeins fyrir **eitt** hljóð; *hjól* byrjar ekki á [h] + [j], heldur á örödduðu hljóði, [ç], sem að öðru leyti samsvarar raddaða hljóðinu [j] en er þó ótvíræðara önghljóð. Við myndun þessara hljóða leggst tungan upp að gómnum á mjög stóru svæði; allt frá tannbergi og aftur að mörkum góms og gómfillu. Eins og áður er vikið að er öngin oft ekki sérlega þröng við myndun [j] þannig að það verður frekar nálgunarhljóð en önghljóð.


Enn eitt önghljóðaparið er að finna í næstsíðustu hljóðum orðanna *lagt* [laxt] og *laga* [la:ʎa]; [x] (óraddað) og [ʎ] (raddað) eru **uppgómmælt** eða **gómfillumælt** önghljóð. Þau eru mynduð þannig að aftari hluti tungunnar lyftist upp að mörkum góms og gómfillu og myndar þar öng.

Tíunda önghljóðið í íslensku, óraddað, má finna í upphafi orðsins *hafa* [ha:va]; það er [h], sem kallað er **raddbandaönghljóð** (e. *glottal fricative*). Við myndun þess er hvergi þrengt að loftstraumnum ofan raddbanda; það sem við heyrum er þrýstihljóðið sem myndast þegar loftstraumurinn fer upp um raddglufuna. Staða tungu og vara við myndun [h] getur verið mjög mismunandi og fer að verulegu leyti eftir því hljóði eða þeim hljóðum sem koma næst á eftir.

#### 4.4.3 Hljóðróf


Þegar loftið frá lungunum þrýstist gegnum öngina fer það að ólga. Í því myndast þá óreglulegar sveiflur á mjög breiðu tíðnisviði, með u.þ.b. sama meðaltalsstyrk á öllum tíðnum. Í rödduðu önghljóðunum er þó hægt að sjá meiri regluleika, sem stafar frá sveiflum raddbandanna. Stærð angarinnar og hljómholsins framan þrengingar ákvarðar svo hvaða tíðnisvið hvers önghljóðs verða sterkust. Venjulega eru önghljóð sterkari yfir 2500 s/sek en þar fyrir neðan.

Þetta táknar að [h] ætti að hafa mestan styrk neðarlega á hljóðrófsritum þar eð hljómhólið er þá stærst. Hins vegar má ekki treysta of mikið á þetta vegna þess hve [h] mótast jafnan mikið af grannhljóðum sínum. [f] og [v] ættu aftur á móti að hafa mestan styrk ofarlega á tíðnisviðinu, vegna þess hve hljómhólið framan þrengingar er lítið í þeim.



Mynd 22: Samanburður á upphafshljóðum orðanna há, hjá, já

Á mynd 22 kemur munur óraddaða hljóðsins [ç] og raddaða hljóðsins [j] greinilega fram; í því síðarnefnda eru regluleg lóðrétt strik sem sýna raddbandasveiflurnar. Takið líka eftir því að styrkur [h]-hljóðsins er mestur á sömu tíðnisviðum og formendur eftirfarandi sérhljóða hafa; munnholið er þegar komið í stellingar fyrir [au] meðan á blæstrinum í [h] stendur. Á mynd 23 eru sjö mismunandi önghljóð borin saman; takið eftir formendasveigjum í aðliggjandi sérhljóðum.



Mynd 23: Sjö mismunandi önghljóð

## 4.5 Nefhljóð, hliðarhljóð, sveifluhljóð

### 4.5.1 Myndun

Sé gómfíllan látin síga opnast loftrás upp í nefholið. Þar með myndast líka sveiflur í loftinu þar, og nefholið verður að hljómhóli. Þessu fylgir jafnframt að lokað er fyrir loftstrauminn einhvers staðar í munnholinu, en hluti þess, þ.e. fram að lokun, verkar einnig sem hljómhól.


Innbyrðis munur nefhljóðanna stafar af því að lokunin verður á mismunandi stöðum í munninum; við varir í [m], tannberg í [n], o.s.frv. Því er misjafnt hve stór hluti munnholsins bætist við hljómhólið sem alltaf er fyrir hendi í nefholinu. Vegna stærðar nefholsins er hlutfallslegur munur nefhljóðanna innbyrðis lítill; það munar ekki svo miklu hvort allt munnholið eða aðeins hluti þess bætist við. Þess vegna er miklu minni heyrangelgur munur á milli varamæltra og tannbergsmæltra nefhljóða, [m] og [n], en á milli samsvarandi lokhljóða, [p<sup>h</sup>]/[p] og [t<sup>h</sup>]/[t], þótt hinn myndunarlegi munur sé hliðstæður.

Hliðarhljóð myndast þannig að tungan lyftist upp að tannbergi eða gómi og lokar fyrir loftstrauminn um miðjan munn. Aftur á móti leggjast brúnir tungunnar ekki alveg upp að jöxlum báðum megin, eins og í lokhljóðunum, heldur er þar opin loftrás; oftast aðeins öðrum megin, en stundum báðum megin og er þá talað um **tvíhliðmælt** (e. *bilateral*) hljóð.

Í sveifluhljóðum „sveiflast“ einhver hluti tungunnar og ýmist snertir annan hluta talfæranna (tannberg, úf) og lokar þannig fyrir loftstrauminn örstutta stund, eða færist aðeins frá og hleypir loftgusu út.

#### 4.5.2 Einstök hljóð

Nefhljóðin í íslensku eru átta. Þau mynda fjögur pör með mismunandi myndunarstöðum, þar sem í hverju pari er raddað og óraddað hljóð.



Mynd 24: Staða talfæranna við myndun nefhljóða

[m] og [m̥], eins og í *melur* [mɛ:lʏr] og *heimta* [heĩmta], eru **tvívaramælt** hljóð, mynduð með lokun vara eins og [pʰ] og [p]. Venjulega er þó minni kraftur í lokuninni í nefhljóðunum en í lokhljóðunum, og kjálkaopna meiri.


[n] og [n̥], eins og í *njóta* [njou:ta] og *hnjóta* [ɲjou:ta], eru **tannbergsmælt** hljóð. Tungan snertir þó tannbergið nokkru aftar og á minna svæði en í samsvarandi munnlokhljóðum, [tʰ] og [t].

[ɲ] og [ɲ̥], eins og í *engi* [eĩɲci] og *banki* [paũɲci], eru **(fram)gómmælt** hljóð. Við myndun þeirra snertir tungan góminn aftar og á minna svæði en í framgómmæltu lokhljóðunum, [cʰ] og [c].

[ŋ] og [ŋ̥], eins og í *þang* [θauŋk] og *seinka* [seiŋka], eru **uppgómmælt** hljóð. Snertiflötur tungu og gómfyllu við myndun þeirra er minni og aftar en í munnlokhljóðunum [kʰ] og [k].

Í hröðu tali hverfa nefhljóð í innstöðu oft sem sjálfstæð hljóð, einkum á undan önghljóðum. Yfirleitt eimir þó eftir af nefhljóðinu, og það kemur fram sem **nefjun** (e. *nasalization*) á undanfarandi sérhljóði. Þá lokar gómfillan ekki algerlega fyrir nefholið meðan á myndun sérhljóðsins stendur, svo að nefholið verkar að nokkru leyti sem hljómhól líka. Þetta hefur heyranleg áhrif á sérhljóðið – lækkar formendur þess. Nefjuð sérhljóð eru hljóðrituð með bugðu, [̃], t.d. *eins* [ẽs].

Í íslensku eru tvö hliðarhljóð, [l] og [ɭ], sem koma t.d. fyrir í upphafi orðanna *líta* [li:ta] og *hlíta* [ɭi:ta]. Þau eru yfirleitt talin tannbergsmælt, því að tungubroddurinn leggst venjulega upp að tannbergi, en myndunarstaður þeirra getur þó verið nokkuð breytilegur eftir grannhljóðum. Algengast er að loftrásin sé hægra megin, eins og sýnt er á mynd 25, en þó er hún vinstra megin hjá sumum. Einnig kemur tvíhliðmælt hljóð fyrir, þ.e. loftrás báðum megin; einkum virðist það vera í óraddaða hljóðinu. Raddaða hljóðið er e.k. nálgunarhljóð, en það óraddaða er nær því að vera önghljóð og mætti e.t.v. hljóðrita [l].



Mynd 25: Snerting tungu við góm við myndun [l] og [ɭ]


Sveifluhljóð í venjulegu íslensku tali eru tvö, [r] og [ɾ], eins og í *rota* [rɔ:ta] og *hrota* [rɔ:ta], og eru venjulega tannbergsmælt eins og hliðarhljóðin – tungubroddurinn myndar sveiflur við tannberg eins og punktalínan á mynd 25 á að sýna. Stutt sveifluhljóð í íslensku eru mun styttri en önnur hljóð málsins, oft aðeins ein sveifla (og því vafasamt hvort eðlilegt er að kalla þau sveifluhljóð; **sláttarhljóð** væri e.t.v. nær lagi eins og nefnt er í 2.3); en þau löngu eru venjulega þrjár til fjórar sveiflur.

Í staðinn fyrir tannbergsmælt sveifluhljóðið [r] notar sumt fólk **úfmælt sveifluhljóð** (e. *uvular trill*), [ɾ]. Það er myndað með sveiflum aftari hluta tungunnar við **úfinn** (e. *uvula*), sem er sepi sem hangir niður úr gómfillunni. Þetta hljóð er til sem eðlilegt málhljóð í ýmsum málum (t.d. þýsku og frönsku), en í íslensku er það talið talgalli. Þau sem svo tala eru kölluð kverkmælt eða sagt að þau skrolli.

#### 4.5.3 Hljóðróf

Til að átta okkur á því hvernig nefhljóð koma út á hljóðrófsritum þurfum við fyrst að gera okkur grein fyrir því hvernig hljómhól þau myndast í. Það er augljóslega mjög stórt; mismunandi stór hluti munnholsins hverju sinni, eftir því hvar lokunin er, og auk þess allt nefholið. Þess vegna má búast við því að þau tíðnisvið sem magnast upp séu mjög lág, og það er líka raunin; formendur nefhljóða eru lágir. Við þetta bætist að opið, þ.e. nasirnar,


er lítið, en lítið op lækkar tíðni formenda. Nefhljóð einkennast því af dökku bandi, tákni um mikinn styrk, neðst á hljóðrófsritum, en síðan er lítið þar fyrir ofan.



Mynd 26: Rödduð tannbergsmælt sveifluhljóð, nefhljóð og hliðarhljóð

Sé lítið á [l] kemur í ljós að því svipar á hljóðrófsritum nokkuð til nefhljóðanna, að því leyti að mikill styrkur er neðst; hins vegar má líka sjá þar styrk ofar á tíðnisviðinu.

[r], svo og órödduðum nef-, hliðar- og sveifluhljóðum, svipar svo til önglhjóðanna; þau hafa óreglulegar sveiflur. Takið eftir því á mynd 26 hve stutt [r] er; aðeins ein sveifla.



Mynd 27: Raddað, óraddað og hálfraddað hliðarhljóð í framstöðu

Á mynd 27 má sjá raddað, óraddað og hálfraddað hliðarhljóð í framstöðu. Takið eftir að í seinna dæminu um *hlaða* hefst röddun nokkru áður en sérhljóðið tekur við. Þetta er hér sýnt með því að hafa [l] undir óraddaða hlutanum en [l] undir þeim raddaða. Það virðist vera misjafnt hvort svo er, eða hvort allt hliðarhljóðið er óraddað í slíkum samböndum, enda hefur hljóðritun þeirra verið nokkuð á reiki. Sumir hljóðfræðingar hafa hljóðritað þau með [hl], en [l] kæmi einnig til greina til að tákna óraddaðan fyrri hluta. Hið sama gildir um órödduð nef- og sveifluhljóð í framstöðu.

## 4.6 Sérhljóð

### 4.6.1 Myndun

Í íslensku eru átta **einhljjóð**; (e. *monophthongs*) [a, ɛ, ɪ, i, ɔ, ʏ, u, œ]. Við myndun þeirra nálgast mismunandi hlutar tungunnar góm, gómfillu eða kokvegg á mismunandi stöðum; misjafnlega mikið, en þó án þess að nokkurn tíma sé verulega þrengt að loftstraumnum.

Einnig eru í málinu sjö **tvíhljóð** (e. *diphthongs*); [ai, ei, œi, oi, yi, au, ou]. Þau eru frábrugðin einhljóðunum að því leyti að tungan færast úr stað meðan á myndun hljóðanna stendur. Oft er tvíhljóðum lýst sem sambandi tveggja einhljóða, sem standi saman í atkvæði; hljóðritunin bendir líka til þess. Oftast nær verður þó einhver samlögun á milli hlutanna. Í [ai] er [a]-hlutinn oftast ekki eins fjarlægur og uppmæltur og [a] er eitt og sér; en [i]-hlutinn er ekki heldur eins frammæltur og nálægur og [i] eitt og sér.

Ástæðan fyrir því að í fyrri lið tvíhljóðanna [ei], [oi] og [ou] eru notuð táknin [e] og [o], í stað [ɛ] og [ɔ] í tilsvarende einhljóðum, er einmitt þessi samlögun, eins og nefnt er í 2.3. Hinn nálægi seinni hluti tvíhljóðanna dregur þann fyrri í átt til sín, en [e] og [o] eru tákn fyrir hljóð sem eru aðeins nálægari en íslensk [ɛ] og [ɔ].

Við lýsingu íslenskra sérhljóða er notuð þrenns konar flokkun. Í fyrsta lagi er hljóðunum skipt í **frammælt** (e. *front*) og **uppmælt** (e. *back*) eftir því hvar í munnholinu tungan nálgast önnur talfæri mest. Í öðru lagi eru þau flokkuð eftir **opnustigi** (e. *degree of openness*) eða því hversu **nálæg** (e. *high*) eða **fjarlæg** (e. *low*) þau eru, þ.e. hversu mikil nálgun tungu og annarra talfæra verður. Að lokum er þeim skipt í **kringd** (e. *rounded*) hljóð og **ókringd** (e. *unrounded*) eftir því hvort vörunum er skotið aðeins fram og settur á þær e.k. stútur eða ekki. Öll íslensk sérhljóð (nema [oi] og [yi]) geta svo verið bæði löng og stutt.

### 4.6.2 Einstök hljóð

Frammæltu einhljóðin eru [i, ɪ, ɛ, ʏ, œ]; tvö þau síðastnefndu kringd, en hin ókringd.

[i] er frammæltast og nálægast (lokaðast) sérhljóðanna. Nálgunin verður mest á mörkum framgóms og hágóms. Í [ɪ] er þrengingin nokkru aftar, við hágóm. Að auki er [ɪ] oft fjarlægara (opnara) en [i], þótt það geti verið álíka nálægt. Þrengingin í [ɛ] er enn aftar, og talsvert minni (þ.e. hljóðið opnara).

[ʏ] er svo myndað enn aftar en [ɛ], og hefur svipað opnustig. [œ] myndast á mörkum hágóms og gómfillu, talsvert aftar en [ʏ], og er nokkru fjarlægara. Varir eru kringdar við myndun beggja þessara hljóða.

Uppmæltu einhljóðin eru [u], [ɔ] og [a]; tvö þau fyrrnefndu kringd, en [a] ókringt.

[u] er nálægast uppmæltu hljóðanna, lítið fjarlægara en [i]; þrengingin er mest um miðja gómfillu. [ɔ] er talsvert uppmæltara en [u], og fjarlægara; hefur opnustig á svipuðu bili og [ɛ] og [ʏ].


Í myndun [a] er þrengingin mest milli tungurótar og kokveggjar. [a] er fjarlægast og uppmæltast íslenskra sérhljóða.

Tvíhljóðunum er oft skipt í tvennt; *ú*-tvíhljóð, þar sem [u] er seinni hlutinn, og *í*-tvíhljóð, sem hafa [i] sem seinni hluta. Hin fyrrnefndu eru aðeins tvö, [au] og [ou]; hin síðarnefndu eru [ai], [ei] og [œi], auk a.m.k. tveggja sem aðeins koma fyrir á undan [jɪ]; [yi] og [oi]. Stundum er reyndar gert ráð fyrir tveim tvíhljóðum til viðbótar sem komi fyrir við þessar aðstæður (á undan [jɪ]); [ɪi] og [ui].

Í þeim *í*-tvíhljóðum sem hafa kringdan fyrri lið ([œi], [yi] og [oi]) verður iðulega samlögun hvað varðar kringingu, þannig að fyrri hlutinn kringir þann seinni að einhverju leyti. Því mætti hugsa sér að hljóðrita [œy] o.s.frv., en [y] er tákn fyrir frammælt, kringt og nálægt hljóð, enda hafa sumir hljóðfræðingar gert það.

#### 4.6.3 Hljóðróf

Í einhljóðum má vænta þess að formendurnir séu sæmilega stöðugir út í gegn, þótt þeir geti svignað upp eða niður til endanna vegna áhrifa grannhljóðanna. Í tvíhljóðum eru formendasveigingarnar aftur á móti miklar, enda er það skilgreiningaratriði í þeim hljóðum að talfærin breyti um stöðu. Þó er ekki alltaf skarpur greinarmunur milli einhljóða og tvíhljóða að þessu leyti; [ɔ] hefur t.d. tilhneigingu til að tvíhljóðast og [ou] til að einhljóðast þannig að þau hafa oft álíka miklar sveingar á hljóðrófsritum, bara gagnstæðar. E.t.v. væri oft ástæða til að hljóðrita [uo] í stað [ɔ].




Mynd 28: Formendasveingar í /o/ og /ó/

Til að þekkja sérhljóð sundur á hljóðrófsritum dugir ekki annað en mæla formendurna. Sumt má að vísu sjá í hendi sér; það er t.d. ekki mikill vandi að þekkja sundur [i] með  $F_1$  mjög lágan og  $F_2$  mjög háan annars vegar og [a] með lítinn mun á  $F_1$  og  $F_2$  hins vegar.


Á mynd 29 eru sýndar tölur um meðaltíðni  $F_1$ ,  $F_2$  og  $F_3$  í íslensku, bæði hjá körlum og konum. Eins og fram kom í 3.3 eru formendur að meðaltali nokkru lægri hjá körlum vegna þess að þeir eru höfuðstærri og hljóðhol því stærra. En einnig er nokkur munur á löngu og stuttu afbrigði sama hljóðs. Í [i] er  $F_1$  t.d. hærri og  $F_2$  lægri en í [i:]. Í [a] er  $F_1$  aftur á móti lægri og  $F_2$  hærri en í [a:]. Í báðum tilvikum er skýringin sú sama; tungan er nær miðju munnhols í stutta hljóðinu en í því langa, og því breytast innbyrðis hlutföll hljóðholanna framan og aftan mestu þrengingar.

|         | KARLAR          |                 |                 | KONUR           |                 |                 |
|---------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
|         | F <sub>1</sub>  | F <sub>2</sub>  | F <sub>3</sub>  | F <sub>1</sub>  | F <sub>2</sub>  | F <sub>3</sub>  |
|         | Meðal-<br>tíðni | Meðal-<br>tíðni | Meðal-<br>tíðni | Meðal-<br>tíðni | Meðal-<br>tíðni | Meðal-<br>tíðni |
| /i/[i:] | 275             | 2229            | 2788            | 304             | 2613            | 3042            |
| [i]     | 313             | 2125            | 2704            | 325             | 2450            | 2942            |
| /i/[I:] | 363             | 2017            | 2654            | 521             | 2317            | 2908            |
| [I]     | 417             | 1908            | 2588            | 546             | 2096            | 2825            |
| /e/[ε:] | 471             | 1813            | 2692            | 617             | 2075            | 2800            |
| [ε]     | 508             | 1588            | 2542            | 633             | 1825            | 2767            |
| /a/[a:] | 696             | 1246            | 2429            | 783             | 1517            | 2663            |
| [a]     | 663             | 1283            | 2479            | 729             | 1533            | 2675            |
| /ö/[œ:] | 479             | 1367            | 2350            | 575             | 1646            | 2675            |
| [œ]     | 521             | 1325            | 2429            | 621             | 1546            | 2658            |
| /u/[Y:] | 392             | 1533            | 2208            | 533             | 1888            | 2642            |
| [Y]     | 417             | 1496            | 2325            | 550             | 1838            | 2658            |
| /o/[ɔ:] | 463             | 854             | 2206            | 554             | 958             | 2618            |
| [ɔ]     | 546             | 1071            | 2328            | 613             | 1229            | 2614            |
| /ú/[u:] | 354             | 738             | 2533            | 504             | 792             | 2588            |
| [u]     | 375             | 850             | 2367            | 538             | 942             | 2644            |

Mynd 29: Formendur íslenskra einhljóða



Mynd 30: Hljóðróf íslenskra einhljóða



Mynd 31: Hljóðróf íslenskra tvíhljóða

#### 4.6.4 Sérhljóðakerfið

Sérhljóðakerfi íslensku má því setja upp á þennan hátt:

|         |   | Frammælt |   |        | Uppmælt |         |
|---------|---|----------|---|--------|---------|---------|
|         |   | Ókringd  |   | Kringd |         | Ókringt |
| Nálæg   | i |          |   |        | u       |         |
|         |   | ɪ        |   |        |         |         |
| Miðlæg  |   | ɛ        | ʏ |        | ɔ       |         |
|         |   |          |   | œ      |         |         |
| Fjarlæg |   |          |   |        |         | a       |

## 5. HLJÓÐ Í SAMFELLDU TALI

### 5.1 Einstök hljóð og hljóðastrengir

Sum hljóðfræðileg atriði tilheyra einstökum, tilteknum hljóðum, og hægt er að gera grein fyrir þeim án tillits til hljóðumhverfis. Ef við þurfum t.d. að lýsa [i] getum við fullyrt að það er frammælt, nálægt, ókringt sérhljóð, óháð því hvar í orði það stendur. Ýmsa aðra eiginleika hljóðsins er hins vegar ekki hægt að skilgreina út frá því einu sér, heldur verður að líta til stærri eininga.

Meðal þeirra eiginleika sem þar er um að ræða er **áhersla** (e. *stress*); hún er ekki föst stærð, heldur afstæð. Við getum ekki sagt um tiltekið hljóð eða **atkvæði** (e. *syllable*) í einangrun að það beri áherslu; til að geta sagt það verðum við að hafa samanburð við önnur hljóð eða atkvæði. Þegar við erum komin með heil orð eða setningar getum við aftur á móti sagt að tiltekið atkvæði eða orð beri áherslu **miðað við önnur** atkvæði eða orð í hljóðfræðilegu umhverfi sínu.

Sama máli gegnir um **lengd** (e. *length*) hljóða. Talhraði getur nefnilega verið mjög mismunandi, og hljóð sem telst (hlutfallslega) „langt“ í hröðu tali getur vel verið styttra en hljóð sem telst (hlutfallslega) „stutt“ í hægu tali. Ef við segjum t.d. *una* [y:na] hægt getur [n]-ið vel orðið lengra en [n:]ið í *unna* [yn:a] í hröðum framburði; frá hljóðkerfislegu sjónarmiði er samt enginn vafi á því að í *unna* er langt /n:/ (eða tvö /n/ í röð, sjá 5.5), en í *una* stutt (eða einfalt) /n/.

Ýmis önnur hljóðfræðileg atriði verða ekki heldur skoðuð nema út frá mállegu samhengi, s.s. **ítónun**, **atkvæðagerð** (e. *syllable structure*), **brottföll hljóða úr klösum** (e. *syncope, cluster simplification*) **samlaganir** (e. *assimilations, coarticulations*) o.fl.

### 5.2 Áhersla og hrynjandi

**Áhersla** getur falist í samspili þriggja þátta; **styrks** (e. *intensity*), **tónhæðar** og **lengdar**. Stundum stuðlar allt í senn að aukinni áherslu; aukinn styrkur, hækkaður grunntónn og meiri lengd. Hægt er að tala um tvær megintegundir áherslu; **orðáherslu** (e. *word stress, lexical stress*) og **setningaáherslu** (e. *sentence stress, prosodic stress*). Í hljóðritun er **aðaláhersla** (e. *primary stress*) táknueð með ['] á undan viðkomandi atkvæði. **Aukaáhersla** (e. *secondary stress*) er hins vegar táknueð með [ˌ].

Auk orðáherslu og setningaáherslu er einnig talað um **andstæðuáherslu** (e. *contrastive stress*). Þar er átt við áherslu sem hægt er að leggja á orð eða atkvæði til að draga fram andstæðu við annað sem viðmælandi hefur þótt heyra eða átt von á: *Glasið er hálfFULLT, ekki hálfTÓMT* ['kla:siðɛɹ̥ˌhaul'fʏlt̪ɐhcɪˌhaul'tʰoumt̪]; *Ég sagði farIN, ekki farINN* ['jɛysaɣðiˌfar'ɪˌnɛhcɪˌfar'mː]

Meginreglan um orðáherslu í íslensku er sú að aðaláhersla fellur á **fyrsta atkvæði** orðs. Það er oftast rót, en getur einnig verið forskeyti. Í samsettum orðum kemur oftast

aukaáhersla – eða jafnvel önnur aðaláhersla – á rótaratkvæði síðari hlutans. Í sumum forskeyttum orðum getur forskeytið misst áhersluna í samfelldu tali, þannig að fyrsta atkvæði orðsins beri ekki lengur aðaláherslu. *Hann er óvitlaus, greyið* er eðlilegast að bera fram [ˈhanerouˈvihtlœisˈkreijrð].

Setningaáherslan kemur svo til sögu þegar orðið stendur ekki lengur eitt, heldur er orðið að hluta stærri heildar. „Áhersluatkvæði“ í tilteknu orði getur eftir sem áður haft minni áherslu en „áherslulaust“ atkvæði í öðru orði, ef sérstök áhersla er lögð á síðarnefnda orðið í heild. Tilhneiging er til að „mikilvægustu“ orðin – inntaksorð, oftast nafnorð og sagnir – fái mestu áhersluna, en kerfisorð – forsetningar, samtengingar og mörg fornöfn – séu áherslulítill eða áherslulaus.

En einnig er sterk tilhneiging til að setja aukaáherslu á öll atkvæði sem ekki standa við hliðina á áhersluatkvæðum. Þessi tilhneiging veldur því að aukaáhersla leitast við að koma á þriðja (fimmta, sjöunda o.s.frv.) atkvæði og leiðir því til **víxlhrynjandi** þar sem áhersluatkvæði og áherslulaus skiptast á. Orðið *kennari* yrði því með áherslutáknum hljóðritað [ˈcʰenːaˌrɪ].

Aftur á móti kemur ekki aukaáhersla á þriðja atkvæði í orðinu *kennarastofa* vegna þess að það stendur við hliðina á rótaratkvæði. Þar fær rótaratkvæðið, fjórða atkvæði orðsins, aukaáhersluna og framburðurinn verður [ˈcʰenːaraˌstɔːva]. Aukaáhersla er því í raun af tvennum toga; annars vegar svonefnd **hrynraen áhersla** (e. *rhythmic stress*) sem orsakast af tilhneigingu til víxlhrynjandi, og hins vegar **innbyggð** eða **meðfædd áhersla** (e. *inherent stress*) sem býr í rótaratkvæðum.

Í samsettum orðum þar sem fyrri liður er einkvæður verður víxlhrynjandinn oft sterkari en innbyggð áhersla seinni hlutans; *háskóli* er venjulega borið fram [ˈhauːskouˌlɪ] (eða með einhljóðun í síðari lið, [ˈhauːskoˌlɪ]), en hvorki [ˈhauːˌskouːlɪ] (með aukaáherslu á rót seinni liðarins) né [ˈhauːˈskouːlɪ] (með aðra aðaláherslu á rót seinni liðar). Samsett orð með fleirkvæðan fyrri lið, og margsamsett orð, slitna oft í sundur í framburði og þá kemur oft aðaláhersla á rótaratkvæði seinni (síðasta) liðar, t.d. *alþingismaður* [ˈalþɪŋcɪsˈmaːðyr], *hæstaréttardómari* [ˈhaɪstaˌrjɛhtarˈtouːmaˌrɪ].

Sterk tengsl eru milli áherslu og lengdar. Áherslulaus atkvæði eru yfirleitt aldrei löng, og rótaratkvæði sem missir áherslu í samsettu orði eða samfelldu tali missir þá venjulega áhersluna um leið, eins og dæmið [ˈhauːskouˌlɪ] hér að framan sýnir.

### 5.3 Ítónun – hljómfall

Meðaltíðni karlmannsradda er talin um 120 sveiflur á sekúndu og kvenradda um 210 sveiflur á sekúndu, eins og fram kom í 3.3. Athugið þó vel að þetta eru **meðaltöl**, og frávikin geta verið mikil. Þarna er mikill munur á einstaklingum; sumt fólk hefur djúpa bassarödd, þ.e. lága grunntíðni, en aðrir háa og hvella rödd, þ.e. háa grunntíðni.

En eins og fram kom í 3.2 getum við breytt grunntíðninni með því að strengja og slaka á raddböndunum, og nýtum þann möguleika óspart. Sum tungumál, t.d. kínverska, eru

**tónamál** (e. *tone languages*). Þá er hægt að bera sama hljóðið fram með mismunandi tónum (jöfnum tón, hækkandi tón, lækkandi tón, tón sem hækkar fyrst og lækkar síðan, o.fl.) og þessir tónar eru merkingargreinandi. Íslenska er ekki tónamál af þessu tagi, en við erum samt sífellt að breyta grunntíðni raddar okkar eftir því hvað við erum að segja, og hvernig við viljum segja það.

Eins og áður var sagt felst aukin áhersla m.a. í hækkaðri grunntíðni. Því má búast við – og er eðlilegt – að þau orð sem eru mikilvægust í setningum séu borin fram með hærri grunntíðni en önnur. Oft kemur þó fram tilhneiging til að láta tónhæðina sveiflast upp og niður með tiltölulega jöfnu millibili, án tillits til þess sem verið er að segja. Það er þá tilviljanakennt hvort eitthvert samræmi verður milli hljómfalls og merkingar. Slík framsögn verður oft mjög óeðlileg.

Í 2.1 var bent á að venjuleg stafsetning er aðferð til að tákna talað mál í riti, og bókstafirnir eru fulltrúar fyrir hljóðin (þótt sú samsvörun sé auðvitað ekki fullkomin, eins og við höfum séð). En þegar við erum að skrifa skiptir fleira máli en bara það hvaða bókstafi við notum. Við þurfum líka að gæta að greinarmerkjum; við notum kommu, punkta, þankastrik, spurningarmerki og upphrópunarmerki eftir ákveðnum reglum; og við höfum líka stundum greinaskil í textanum.

Það er hins vegar ekki hægt að segja að greinarmerki eða greinaskil svari til ákveðinna hljóða, á sama hátt og t.d. bókstafurinn *s* svarar yfirleitt til hljóðsins [s], bókstafurinn *í* svarar yfirleitt til hljóðsins [i], o.s.frv. Eða hvernig á að bera fram –, . og ? (þ.e. þankastrik, kommu, punkt og spurningarmerki)?

Í fljótu bragði gæti virst einboðið að svara þessari spurningu svo að þessi fyrirbæri séu alls ekki borin fram. Þegar betur er að gáð kemur þó í ljós að það er ekki rétt; þau svara bara ekki til ákveðinna **hljóða**, eins og bókstafirnir, heldur til mismunandi **ítónunar** eða **hljómfalls** raddarinnar. Með talsverðri einföldun getum við sagt að hvert greinarmerki svari til ákveðinnar breytingar á grunntíðni raddarinnar.


Við gefum það til kynna með breytingum á tónhæð (sem svarar til punkts eða kommu) hvort máli okkar er lokið eða hvort vænta má framhalds. Í lok málsgreinar stefnir tónninn yfirleitt niður á við, ef við höfum lokið máli okkar eða einhver meginskil verða í því sem við erum að segja. Ef við gerum aftur á móti örstutt hlé (annaðhvort til að anda eða til að sýna einhver skil í efninu) og ætlum að halda áfram, lækkar tónninn ekki. Því má segja að lækkandi tónn í lok setningar svari til punkts, en jafn eða hækkandi tónn svari til kommu.

Þegar við berum fram spurningu gerum við það oftast með sérstökum spurnarorðum (*hver, hvað, hvernig* o.s. frv.) eða með breyttri orðaröð. Þessu fylgir líka yfirleitt sérstakur **spurnartónn** (e. *question intonation*), sem felst í hækkaðri grunntíðni á fyrsta atkvæði síðasta orðsins í spurningunni.



Mynd 32: Ítónun í Ég er að fara – Ertu að fara? (Karlmannsrödd)

Oft er spurnartóninn einn látinn um það að sýna að um spurningu sé að ræða, og hvorki notuð sérstök spurnarorð né orðaröð breytt. Þetta er t.d. algengt í „eins orðs spurn-ingum“; þegar eitt orð með spurnartón er látið koma í stað heillar setningar. Ef við spyrjum eftir einhverjum, og fáum svarið *Hann er farinn*, getum við sagt *Farinn?* með spurnartón, í merkingunni ‘Er hann (virkilega) farinn?’. Og ef við erum að hringja og erum ekki alveg viss hver svarar getum við sagt *Sigga?* í merkingunni ‘Er þetta Sigga?’.




Mynd 33: Ítónun í Farinn (staðhæfing) – Farinn? (spurning)(Karlmannsrödd)

## 5.4 Lengd

Íslensk málhljóð eru ýmist **stutt** eða **löng**. Lengd er **aðgreinandi** (e. *distinctive*) í málinu, þannig að tvö orð sem hafa að geyma sömu hljóð í sömu röð er hægt að greina sundur í framburði með því að gefa hljóðunum mismunandi lengd. Athugum t.d. orðin *vina* og *vinna*. Í því fyrrnefnda er langt [i:], en stutt [n], en í því síðarnefnda stutt [i] og langt [n:]. Orðið *vina* er því hljóðritað [vi:na], en *vinna* er hljóðritað [vin:a]; lengdin er táknúð með [:]. Í nákvæmri hljóðritun er stundum gert ráð fyrir „hálfri lengd“ sem táknúð er með [ˑ], t.d. á fyrra samhljóði í klasa eins og í *hestur* [hesˑtʏr].

Þótt hér sé talað um „löng“ hljóð og „stutt“ er því alls ekki svo varið að hægt sé að miða við einhvern ákveðinn fjölda millisekúndna (msek) og segja að öll hljóð sem eru styttri en það mark séu „stutt“, en lengri hljóð séu „löng“. Hér er um að ræða afstæða lengd, eins og áður var nefnt; hlutfallið milli hljóða í sama atkvæði. Raunveruleg lengd getur hins vegar verið mjög mismunandi eftir talhraða o.fl.

Athugið líka að þótt verið sé að bera saman hljóð í sama talhraða eru löngu hljóðin ekki helmingi lengri en þau stuttu. Hlutfallið virðist yfirleitt vera á bilinu 3:5-4:5 – meiri munur í sérhljóðum en samhljóðum. Við „venjulegan“ talhraða eru „stutt“ málhljóð í íslensku venjulega á bilinu 100-150 msek, en „löng“ á bilinu 150-300 ms. Eitt hljóð sker sig þó verulega úr; það er [r]. Langt [r:] hefur oft svipaða lengd og önnur löng samhljóð, en stutt [r] er miklu styttra en önnur stutt hljóð; það er oft aðeins ein sveifla eins og áður segir og virðist fara allt niður í 30-40 msek. Dæmin í mynd 36 sýna stök orð, en munur stuttra og langra hljóða er oftast minni í samfelldu tali.



Mynd 34: Stutt og löng hljóð í stökum orðum – lengd í millisekúndum (msek)

Sú meginregla gildir um (afstæða) lengd sérhljóða í íslensku, að sérhljóðin eru **stutt** á undan **löngu samhljóði eða samhljóðaklasa** – annars **löng**. Lengd sérhljóða er sem sé **stöðubundin** (e. *positional*), þ.e. fer eftir umhverfi þeirra. Þannig eru stutt sérhljóð í *nudd* [nyt:], *grunn* [kryn:], *riss* [ris:], *skegg* [scek:], *töff* [thæf:], *ball* [pal:] (langt samhljóð á eftir), og í *vist* [vist], *brusk* [θrysk], *stóll* [stout], *hopp* [həhp], *gafl* [kapl], *sókn* [souhkn] (samhljóðaklasi á eftir). Hins vegar eru sérhljóðin löng í *tó* [thou:], *grá* [krau:], *ný* [ni:], *þrjú* [θrju:], *þvo* [θvo:], *ske* [sce:] (einkert hljóð á eftir); í *búa* [pu:a], *gróa* [krou:a] (sérhljóð á eftir); og í *mál* [mau:l], *snuð* [stny:ð], *hús* [hu:s], *fet* [fæt], *gæs* [cai:s], *haus* [hœi:s] (eitt stutt samhljóð á eftir).

Þessar reglur gilda þó eingöngu um **áhersluatkvæði** (e. *stressed syllables*); þ.e. fyrsta atkvæði í ósamsettum orðum, og stundum fyrsta atkvæði síðari hluta samsettra orða. Í áherslulausum atkvæðum eru öll hljóð venjulega **stutt** eins og nefnt er í 5.2. Þannig er [ɪ] í *hani* [ha:nɪ] ekki langt, þótt það sé í bakstöðu, né [ɹ] í *maður* [ma:ðyr], þótt þar fari aðeins eitt samhljóð á eftir.

Samhljóð áherslulausra atkvæða eru ekki heldur löng, jafnvel ekki þau sem eru tvírituð í stafsetningu. Þess vegna vefst það fyrir mörgum hvenær rita skuli eitt *n* og hvenær tvö. Það er t.d. enginn framburðarmunur á nf. *himinn* og þf. *himin*; þau eru bæði borin fram [hɪ:mɪn], þótt það fyrra hafi *nn*, en hitt bara *n* í stafsetningu. Sama gildir um kk. *farinn* og kvk. *farin*; hvorttveggja er borið fram [fa:rɪn]. Í þessum dæmum er reyndar **hægt** að gera mun; en þá verður að leggja **andstæðuáherslu** (sjá 5.2) á seinna atkvæðið.

Öll sérhljóð (nema stöðubundnu tvíhljóðin [oi] og [vi]) geta verið bæði löng og stutt, eftir því hvað fer á eftir. Mörg samhljóðanna geta aftur á móti aðeins verið stutt. Þótt hér sé í stórum dráttum samræmi milli stafsetningar og framburðar, þannig að tvírituð samhljóð séu löng, eru frá því margar mikilvægar undantekningar. Tvírituð *pp*, *tt*, *kk* eru þannig yfirleitt tákn um aðblástur; tvírtað *ll* stendur mun oftast fyrir [tl] en [l:], og tvírtað *nn* stendur oft fyrir [tn].

Mikilvægasta frávikið er þó það að samhljóð eru ekki löng í grannstöðu við önnur samhljóð; þau geta aðeins verið löng milli sérhljóða eða í bakstöðu. Þannig eru eingöngu stutt samhljóð í orðunum *bögglast* [pœklast], *missti* [mistu], *gaffli* [kaflɪ], *manns* [mans], *illska* [ilska], *þurrð* [θʏrð], enda þótt stafsetningin hafi þar tvírituð *gg*, *ss*, *ff*, *nn*, *ll*, *rr*, og [k:], [s:], [f:], [n:], [l:], [r:] séu möguleg hljóð í málinu.

Stundum er gert ráð fyrir löngu [j:] á milli í-tvíhljóða og [ɪ], í orðum eins og *hagi*, *hugi*, *bogi* o.s.frv., en aðrir setja lengdarmerki á tvíhljóðið í staðinn. Erfitt er að greina hvar tvíhljóðinu lýkur og [j] tekur við í slíkum orðum, og hér er ekki haft neitt lengdarmerki í þeim, hvorki á [j] né tvíhljóðinu.

Allt sem hér hefur verið sagt um lengd miðast við einstök orð. Í samfelldu tali kemur ýmislegt fleira til sem flækir málið. Mörgum smáorðum, s.s. forsetningum, samtengingum og fornöfnum, er eðlilegt að vera áherslulaus í setningum, og þar með gilda um þau lengdarreglur áherslulausra atkvæða. Þótt orð eins og *til*, *með*, *sem*, *og*, *það* séu borin fram [tʰɪ:l], [mɛ:ð], [sɛ:m], [ɔ:ʏ], [θa:ð] ef þau eru lesin ein sér, eru þau nær alltaf áherslulaus í eðlilegu tali og þá borin fram [tʰɪl], [mɛð], [sɛm], [ɔʏ], [θað]. Áhersluleysið kemur líka fram í því að lokasamhljóðum þeirra er hætt við brottfalli, þannig að framburðurinn verður iðulega [tʰɪ], [mɛ], [sɛ], [ɔ], [θa]. Einnig getur sérhljóðið veiklast, og nálgast „hlutlaus“ sérhljóðið [ə]. Nokkur smáorð hafa líka **alltaf** stutt sérhljóð, þótt stafsetningin bendi til annars; það eru orðin *um* og *fram*, sem alltaf eru borin fram [ʏm(:)] og [fram(:)]. Einnig er *en* oftast borið fram [ɛn(:)]. Það er því ofvöndun sem verður tilgerðarleg að bera þessi orð fram með löngu sérhljóði.


## 5.5 Atkvæði

Í 4.1 er bent á þann grundvallarmun sérhljóða og samhljóða að þau fyrrnefndu eru **atkvæðisbær**, þ.e. fær um að mynda kjarna atkvæðis, en þau síðarnefndu yfirleitt ekki. Reyndar geta samhljóð (einkum hljómandi hljóð, þ.e. nefhljóð, hliðarhljóð og sveifluhljóð) stundum verið atkvæðisbær í ýmsum tungumálum. Í ensku orðunum *button*, *bottle* og *history* eru það þannig samhljóð sem bera uppi seinna atkvæðið. Í hljóðritun er þetta táknæð með lóðréttu striki, [ , ], undir hljóðtákninu; [bʌtɹ̩], [bɒtɹ̩], [hɪstɹ̩]. Í íslensku eru samhljóð hins vegar aldrei atkvæðisbær og atkvæðafjöldi orðs er því jafn fjölda sérhljóða í orðinu.

Gert er ráð fyrir að atkvæði skiptist í tvo meginhluta; **stuðul** (e. *onset*) og **rím** (e. *rhyme*). Þetta er hægt að tengja við samnefnd hugtök í bragfræði; stuðull er sá hluti

atkvæðisins sem stuðlar, en rímið sá hluti sem rímar. Í orðinu *ber* er stuðullinn [p] (orðið stuðlar við *bók*, *bað*, *binda*, *bæta* o.s.frv.) en rímið [ɛ:r] (orðið rímar við *fer*, *sér*, *hér*, *ger* o.s.frv.). Rímið skiptist svo aftur í tvennt; **kjarna** (e. *nucleus*) – hér [ɛ:] – og **hala** (e. *coda*) – hér [r]. Kjarninn er eini hluti atkvæðisins sem er skyldubundinn.

Í kjarnanum er alltaf sérhljóð. Löng sérhljóð mynda kjarna ein og sér, en stutt sérhljóð taka með sér eitt samhljóð í kjarna. Á mynd 35 eru sýndar nokkrar tegundir atkvæða. Í þrem þeim fyrstu, *hús*, *hest* og *kvöld*, eru hljóð, eitt eða fleiri, í öllum þremur básunum. En ís hefur engan stuðul, *bú* engan hala, og forsetningin í hvorki stuðul né hala.




Mynd 35: Atkvæðagerð einkvæðra orða

Orðin á mynd 35 eru öll bara eitt atkvæði, en ef fleiri sérhljóð eru í orði kemur upp spurning um **atkvæðaskiptingu** (e. *syllabification*). Orði eins og *vindur* væri hugsanlegt að skipta í atkvæði á þrjá vegu þannig að sérhljóð væri í báðum hlutum; *vind.ur*, *vin.dur* og *vi.ndur* (þar sem punkturinn er látinn tákna atkvæðaskil). Í íslensku gildir sú regla um skiptingu (ósamsettra) orða milli lína í rituðum texta að seinni hlutinn á ávallt að byrja á sérhljóði; línuskiptingin yrði því *vind-ur*. Þetta er hins vegar bara ritvenja sem ekki styðst endilega við nein hljóðfræðileg rök.

Atkvæði sem enda á sérhljóði eru kölluð **opin** (e. *open*) en atkvæði sem enda á samhljóði **lokuð** (e. *closed*). Opin atkvæði eru mun algengari en lokuð í tungumálum heimsins og virðast vera á einhvern hátt „eðlilegri“. Þess vegna er líklegra að samhljóð eða samhljóðaklassi milli sérhljóða teljist til stuðuls seinna atkvæðisins. Þó er gert ráð fyrir því að sömu reglur gildi um klasa í upphafi atkvæða og í upphafi orða, þannig að til að klasi geti talist til stuðuls verður hann að geta staðið í upphafi orðs. Það getur klasinn *\*nd-* ekki og því er ekki hægt að skipta *vindur* í *\*vi.ndur*. Aftur á móti er skiptingin *vin.dur* í góðu lagi.

Orðmyndunum *hestsins* og *kvöldsins* verður að skipta milli atkvæða eins og sýnt er á mynd 36, *hest.sins* og *kvöld.sins*, vegna þess að *\*ts-*, *\*sts-* og *\*ds-* eru ekki leyfilegir upphafsklasar. Löng samhljóð milli sérhljóða skiptast á svipaðan hátt. Langt samhljóð getur ekki staðið í upphafi orðs og því ekki heldur í stuðli atkvæðis. Sé hins vegar litið svo á að löng samhljóð séu í raun tvö sams konar hljóð í röð (eins og stafsetningin gefur til kynna) má skipta þeim milli atkvæðanna eins og *lab.ba* og *vin.na* á mynd 36.



Mynd 36: Skipting nokkurra tvíkvæðra orða í atkvæði

Í 5.4 var sagt að sérhljóð væru að jafnaði stutt á undan samhljóðaklasa. En ákveðin samhljóðasambönd eru þó undantekning frá þessari meginreglu, og taka langt sérhljóð á undan sér; þetta eru sambönd þar sem /p, t, k, s/ fer á undan /v, j, r/. Reyndar koma ekki öll hugsanleg sambönd fyrir, en sem dæmi má nefna *lepja* [lɛ:pja], *kleprar* [kʰlɛ:prar], *setja* [sɛ:tja], *glitra* [klɪ:tra], *vökva* [vœ:kva], *bekri* [pɛ:krɪ], *tvisvar* [tʰvɪ:svar], *dysja* [tɪ:sja], *lausra* [lœi:sra] – öll með löngu stofnsérhljóði.

Þessa undantekningu má skýra út frá atkvæðagerð. Allir þessir klasar (nema reyndar sr) geta staðið í upphafi orðs og þar af leiðandi myndað stuðul. Þeir skiptast því ekki milli atkvæða heldur standa allir í seinna atkvæðinu. Þar með er sérhljóðið eitt í kjarna fyrra atkvæðisins og verður þá sjálfkrafa langt.

Þótt atkvæðagerð og atkvæðaskiptingu hafi hér verið lýst út frá einstökum orðum er hún í raun óháð orðaskilum. Í samfelldu tali getur atkvæði tekið til hljóða úr fleiri en einu orði. Það má líkja atkvæðagerðinni við sniðmát sem hljóðastrengurinn er lagður yfir og reynt að fella hann að því.

Þetta kemur m.a. fram í hegðun lengdarreglunnar í samsettum orðum. Hún virðist þar stundum miðast við orðin í heild, en stundum við einstaka hluta þeirra. *Ísland* er t.d. ýmist borið fram [i:slant] með löngu [i:] eða [istlant] með stuttu [i] – og innskotshljóði, [t], sem kemur jafnan milli [s] og [l] í ósamsettum orðum. Þegar innskotshljóðið kemur til verður það að fara í hala fyrra atkvæðis – getur ekki verið í stuðli þess síðara, því að klasinn *\*tl-* er ekki til í framstöðu. Í halanum getur aðeins verið eitt hljóð þannig að [s] verður að fara inn í kjarnann og þar með styttest sérhljóðið.

Erfitt er að gefa nokkrar reglur um lengd í samsettum orðum; þar dugir ekki annað en treysta á eigin heyrn og hljóðskynjun.

## 6. DREIFING HLJÓÐA – HLJÓÐSKIPUN

### 6.1 Íslensk hljóðskipun og hljóðskipunarreglur

Það er ljóst að miklar hömlur eru á því hvaða hljóð geta raðast saman í íslenskum orðum. Ef við hugsum okkur að ekkert íslenskt orð væri meira en þrjú hljóð virðist samt að í kerfi með á fimmta tug málhljóða sé möguleiki á gífurlega mörgum orðum. En þessi fjöldi er aðeins til á pappírnum, því að auðvelt er að ganga úr skugga um að **hljóðskipunarreglur** (e. *phonotactic rules*) málsins útiloka meginhluta sambandanna. T.d. yrði hvert þessara þriggja hljóða sambanda að innihalda a.m.k. eitt sérhljóð, en þó ekki fleiri en tvö, til að geta verið íslenskt orð; *rói*, *rif* og *afi* eru hugsanleg (og raunveruleg) íslensk orð, en *\*aói* ekki.

Athugið líka að mismunandi ástæður gera verið fyrir því að ákveðnir möguleikar eru ekki nýttir. Lítum t.d. á orðið *flok*. Það finnst ekki í neinum íslenskum orðabókum og er ekki íslenskt orð, að því er næst verður komist. En það virðist bara vera tilviljun, því að þetta **gæti** vel verið íslenskt orð. *fl-* kemur fyrir í framstöðu í mörgum íslenskum orðum, og *flo-* líka (*flot*, *flos*, *flog*, *flokkur*). Einnig eru dæmi um *-ok* í bakstöðu (*rok*, *fok*) og jafnvel *-lok* (*lok*). Þetta orð brýtur því ekki hljóðskipunarreglur málsins á nokkurn hátt, og við getum sagt að þarna sé bara um **tilviljunargat** (e. *accidental gap*) að ræða; þetta orð gæti vel verið til.

Öðru máli gegnir um orðið *\*tlok*. Það er ekki heldur til í íslensku; en það sem meira er, það **gæti ekki** verið til. *\*tl-* í framstöðu er nefnilega ekki til í málinu, og þetta orð bryti því hljóðskipunarreglur íslenskunnar. Í slíkum tilvikum er talað um **kerfisgat** (e. *systematic gap*). Það gæti sem sagt vel farið svo að *flok* yrði einhvern tíma tekið upp sem nýyrði, en það er nánast útilokað að nokkrum nýyrðasmið dytti í hug að koma orðinu *tlok* inn í íslensku. Vissulega eru þó einstöku sinnum tekin inn í málið orð sem brjóta hljóðskipunarreglur þess, en þau verða alltaf framandi og hafa tilhneigingu til að laga sig að íslenskum hljóðskipunarreglum.

Hér á eftir er reynt að gera grein fyrir **dreifingu** einstakra málhljóða í íslensku; þ.e., við hvaða skilyrði þau geta komið fyrir. Einkum er reynt að vekja athygli á því sem ekki kemur fram í stafsetningu. Hafið þó ævinlega í huga að hér er verið að lýsa **dæmigerðum** íslenskum framburði; en frá honum geta verið margvísleg frávik. Þegar verið er að hljóðrita framburð einhvers einstaklings á auðvitað að hljóðrita orðin eins og sá málhafi ber þau fram, en ekki eins og „ætti að“ bera þau fram miðað við venjulegan framburð.

### 6.2 Lokhljóð og önghljóð

#### 6.2.1 Framgómmælt og uppgómmælt hljóð

Áður hefur verið minnst á þá verkaskiptingu sem uppgómmælt ([k<sup>h</sup>] og [k]) og framgómmælt ([c<sup>h</sup>] og [c]) lokhljóð hafa með sér; þau framgómmæltu koma fyrir á undan frammæltum, ókringdum sérhljóðum ([i], [ɪ], [ε], [ei]) og auk þess [ai], en annars eru

uppgómmæltu hljóðin notuð. Því er þó við að bæta að þar sem skrifað er *kj-* og *gj-* eru einnig borin fram framgómmælt lokhljóð. Segja má að þar renni lokhljóð og *j* saman í eitt hljóð, sem hafi þætti úr báðum, og niðurstaðan verði framgómmælt lokhljóð. Þessar takmarkanir á dreifingu framgómmæltra lokhljóða valda því að þau koma naumast fyrir í bakstöðu.

En það eru ekki bara upp- og framgómmælt **lokhljóð** sem skiptast á við þær aðstæður sem hér var lýst; svipað gildir um önghljóðin. Þannig fáum við víxl [ʏ] og [j] í *hagi* [haijɪ] – *haga* [ha:ʏa], *bogi* [poiɪ] – *boga* [pɔ:ʏa] o.s.frv.

### 6.2.2 Fráblásin og ófráblásin lokhljóð

Ef áður nefnd verkaskipting er frátalin má segja að öll fráblásnu lokhljóðin, [p<sup>h</sup>, t<sup>h</sup>, c<sup>h</sup>, k<sup>h</sup>], hafi sömu dreifingu. Í máli meirihluta fólks koma þau aðeins fyrir í framstöðu, í orðum eins og *pera* [p<sup>h</sup>ɛ:ra], *tala* [t<sup>h</sup>a:la], *kæfa* [c<sup>h</sup>ai:va], *kona* [k<sup>h</sup>ɔ:na]. Þau sem eru „harðmælt“ nota fráblásnu hljóðin líka í inn- og bakstöðu, í orðum eins og *hopa* [hɔ:p<sup>h</sup>a], *lita* [lɪ:t<sup>h</sup>a], *víkja* [vi:c<sup>h</sup>a], *reka* [rɛ:k<sup>h</sup>a], *hlaup* [lœ:p<sup>h</sup>], *vit* [vi:t<sup>h</sup>], *lak* [la:k<sup>h</sup>]. Fráblásnum hljóðum bregður þó oft fyrir í inn- og bakstöðu hjá þeim sem eru „linmælt“, sérstaklega í upplestri.

Dreifing ófráblásnu lokhljóðanna, [p, t, c, k], er líka mjög svipuð innbyrðis, að frátalinni áður nefndri verkaskiptingu [c] og [k]. Þessi hljóð koma fyrir í framstöðu, innstöðu og bakstöðu í máli allra, en notkun þeirra er þó nokkuð mállyskubundin. Enginn munur er þó í framstöðu; þar koma hljóðin fyrir í sömu orðum hjá öllum, t.d. *bara* [pa:ra], *duga* [ty:ʏa], *gera* [cɛ:ra], *góla* [kou:la]. Um **löng** ófráblásin lokhljóð gilda líka sömu reglur hjá öllum; þau koma fyrir í inn- og bakstöðu í orðum eins og *labba* [lap:a], *budda* [pyt:a], *eggja* [ɛc:a], *þagga* [θak:a], *gabb* [kap:], *húdd* [hut:], *sigg* [sɪk:].

Dreifing **stuttra** ófráblásinna lokhljóða í inn- og bakstöðu er mismunandi eftir mállyskum. Öll hafa þau á eftir órödduðum hljóðum, eins og áður er komið fram; í orðum eins og *skurður* [skyrðyr], *loft* [lɔft], *þekktur* [θextyr], auk aðblásturssambanda sem við komum brátt að. Einnig hafa öll ófráblásin lokhljóð á undan [l]/[ɔ] og [n]/[ŋ], t.d. *stafn* [stapn], *vegna* [vɛkna], *skafl* [skapɿ], *sigla* [sɪkla]. Þau sem eru linmælt hafa þau líka á eftir sérhljóðum, í orðum eins og *svipa* [svi:pa], *vita* [vi:ta], *víkja* [vi:ca], *raka* [ra:ka]; *op* [ɔ:p], *út* [u:t], *ok* [ɔ:k] (í bakstöðunni getur þó komið blástur, en hann er annars eðlis, sjá hér á eftir). Í slíkum orðum nota þau sem eru harðmælt fráblásin lokhljóð, nema í einstöku tökuorðum eins og *túba* [t<sup>h</sup>u:pa], *Skódi* [skou:ti], *sígaretta* [si:karehta].

Á eftir **órödduðum** hljóðum eru lokhljóð yfirleitt **aldrei fráblásin**, hvorki í máli harðmæltra né linmæltra. Öll bera *spara* fram [spa:ra] en ekki \*[sp<sup>h</sup>a:ra], *aftur* er [aftyr] en ekki \*[aft<sup>h</sup>yr], *harpa* er [harpa] en ekki \*[har<sup>h</sup>pa]; og þau sem hafa órödduð [ɔ, ɱ, ŋ, θ] í innstöðu bera *mjólkin*, *skemmtun*, *svunta*, *traðka* fram [mjouɿcɪn], [scɛɱtyn], [svyɱta], [t<sup>h</sup>raθka], en ekki \*[mjouɿc<sup>h</sup>ɪn], \*[scɛɱt<sup>h</sup>ɪn], \*[svyɱt<sup>h</sup>a], \*[t<sup>h</sup>raθk<sup>h</sup>a]. Þetta kemur líka fram í aðblæstri á eftir [h], sem er auðvitað óraddað hljóð; sjá nánar hér á eftir.

Þó virðast lokhljóð oft fráblásin í **bakstöðu** á eftir órödduðum hljóðum, bæði í máli harðmæltra og linmæltra, en sá blástur er annars eðlis eins og rakið er í 4.3.1.

### 6.2.3 Aðblástur

Athugið vel að **löng** fráblásin lokhljóð eru ekki til í íslensku. Út frá stafsetningunni mætti e.t.v. búast við þeim, a.m.k. í máli harðmæltra, í orðum með tvírituðum *p, t, k*. Þá væru t.d. *hoppa, vottur, rykkja, dökkur* borin fram \*[hɔp<sup>h</sup>:a], \*[vɔt<sup>h</sup>:yr], \*[rɪc<sup>h</sup>:a], \*[tœk<sup>h</sup>:yr]. Slíkt gerist hins vegar aldrei í eðlilegum framburði. Þess í stað kemur svokallaður **aðblástur** fram í orðum af þessu tagi. Hann felst í því að [h] kemur fram á milli stutts sérhljóðs og lokhljóðs. Lokhljóðið er þá alltaf stutt, og alltaf ófráblásið, sbr. áðurnefnda reglu um að lokhljóð séu ekki fráblásin á eftir órödduðum hljóðum, eins og [h] er. Venjulegur framburður áðurnefndra orða er því [hɔhpa], [vɔhtyr], [rɪhca], [tœhkvr].

Auk orða með tvírituðum *p, t, k* í stafsetningu kemur aðblástur fram í orðum með *p, t, k + l, n, m; epli* [ɛhplɪ], *gutla* [kyhtla], *ekla* [ɛhkla], *opna* [ɔhpna], *vitni* [vihtni], *sakna* [sahkna], *kaupmaður* [k<sup>h</sup>œihpmaðvr]. Hafið þó alltaf í huga að ekki má treysta í blindni á stafsetninguna; það er **framburðurinn** sem miða skal við, þótt stafsetningin geti oft vísað okkur veginn. En hún getur líka leitt okkur á villigötur. Þar sem *p, t, k* eru tvírituð á undan lok- eða önghljóði er t.d. yfirleitt ekki aðblástur, heldur breytist lokhljóðið í óraddað önghljóð með sama myndunarstað. Orð eins og *klippti* og *rykkti* eru aldrei borin fram \*[k<sup>h</sup>lɪhptɪ] og \*[rɪhkɪtɪ], heldur [k<sup>h</sup>lɪftɪ] og [rɪxtɪ]. Ef [s] fer á eftir, eins og t.d. í *stakks* (eignarfall af *stakkur*) er hugsanlegt að bera fram [stahks], en venjulegur framburður er þó [staxs].

### 6.2.4 Víxl lokhljóða og önghljóða

Ófráblásin lokhljóð ([p] og [k]) koma í stað samsvarandi raddaðra önghljóða ([v] og [ɣ]) (eða [j], ef [ɪ] fer á eftir) í beygingu margra orða fyrir áhrif eftirfarandi [l] og [n]. Þetta kemur einna skýrast fram í orðum sem hafa viðskeytin *-all, -ill* og *-ull*, og í lýsingarháttum sem enda á *-inn*. Slík orð missa nefnilega sérhljóðið úr viðskeytinu þegar þau fá beygingarendingu sem hefst á sérhljóði, og þá kemur [l]/[n] næst á eftir önghljóðinu, sem við það breytist í lokhljóð. Dæmi: *hefill* [hɛ:vɪt̪] – *hefli* [hɛplɪ], *þögull* [θœ:ɣvt̪] – *þöglir* [θœklɪr], *grafinn* [kra:vɪn] – *grafnir* [krapnɪr], *þveginn* [θveijɪn] – *þvegnir* [θveiknɪr]. Einnig koma þessi víxl fram í beygingu margra veikra kvenkynsorða, sem fá *-n-* í eignarfalli fleirtölu: *gáfa* [kau:va] – *gáfna* [kaupna], *saga* [sa:ɣa] – *sagna* [sakna].

Lokhljóð og önghljóð skiptast líka á við aðrar aðstæður. Órödduð önghljóð ([f] og [x]) koma oft í stað samsvarandi ófráblásinna (eða fráblásinna) lokhljóða ([p] og [k] (eða [p<sup>h</sup>] og [k<sup>h</sup>])) þegar órödduð samhljóð fara á eftir. Þetta gerist helst þegar *-s*-ending eignarfalls bætist við í nafnorðum, *-t*-ending hvorugkyns bætist við stofn lýsingarorða, eða þegar við sagnstofn bætist *-st* í þátíð eða miðmynd, *-tu* í boðhætti, *-ti* í þátíð, eða *-t* í lýsingarhætti þátíðar. Dæmi: *skip* [sci:p] – *skips* [sci:fs], *rakur* [ra:kvɪr] – *rakt* [raxt], *aka* [a:ka] – *aktu* [axtv], *æpa* [ai:pa] – *æpti* [aiftɪ]. Einnig má oft sjá dæmi um þessi víxl í orðmyndun:

*strákur* [strau:kʏr] – *stráksi* [strauxsɪ]; *djúpur* [tju:pʏr] – *dýpt* [tʏft], *mjúkur* [mju:kʏr] – *mýkt* [mixt].

Rödduð ([v] og [ʏ]) og órödduð ([f] og [x]) önghljóð skiptast oft á, eins og áður hefur komið fram, þannig að órödduðu hljóðin koma fram ef óraddað hljóð fer á eftir, en þau rödduðu annars. Þetta kemur einkum fram við svipaðar aðstæður og þær sem lýst var hér næst á undan. Dæmi: *haf* [ha:v] – *hafs* [hafs], *vogur* [vɔ:ʏʏr] – *vogs* [vɔxs], *ljúfur* [lju:vʏr] – *ljúft* [ljuft], *gefa* [çɛ:va] – *gafst* [kafst].

Þegar orð eru borin fram ein og sér, eða lenda aftast í setningu, missa bakstæð önghljóð, sem annars væru rödduð, venjulega röddunina að nokkru leyti, eins og lýst er í 4.4.1.

### 6.2.5 Dreifing einstakra önghljóða

Þótt flest önghljóðin myndi þör svipað og lokhljóðin gera, og myndunarstaðirnir séu að miklu leyti þeir sömu, hefur hvert önghljóð sína sérvisku í dreifingu. Þess vegna er hér gefið lauslegt yfirlit yfir hvert þeirra um sig.

[f] kemur fyrir í framstöðu á undan sérhljóðum og samhljóðum, og í innstöðu á undan órödduðum hljóðum; *fara* [fa:ra], *lífs* [lifs], *haft* [haft]. Í einstöku tökuorðum kemur stutt [f] fyrir á undan sérhljóði, t.d. *sófi* [sou:fi].

[v] kemur einnig fyrir í framstöðu, á undan sérhljóðum og [j], t.d. *vera* [vɛ:ra], *vél* [vje:l]. Það kemur fyrir í innstöðu á undan rödduðum hljóðum, svo og í bakstöðu: *lifa* [lɪ:va], *hafrar* [havrar], *gefðu* [çevðʏ], *haf* [ha:v]. Einstöku dæmi eru um það á undan [s] í framburði sumra; þá er t.d. sagt [ɛvst] í stað [ɛfst].

[θ] kemur einkum fyrir í framstöðu, og í upphafi orðhluta í samsettum orðum; *þegar* [θɛ:ʏar], *ennþá* [ɛnθau], *Borgþór* [pɔrkθour]. Í máli meginhluta fólks kemur [θ] líka fram í innstöðu á undan *k*; *liðka* [lɪθka], *traðk* [tʰraθk]. Einnig kemur það fyrir í innstöðu í einstöku tökuorðum: *kapólskur* [kʰa:θoulskʏr], *ryðmi* [rɪþmɪ].

[ð] er aðallega notað í inn- og bakstöðu; *eða* [ɛ:ða], *riðlast* [rɪðlast], *blaðra* [plaðra], *ryðga* [rɪðka], *hljóð* [ljou:ð]. Í samfelldu máli getur [ð] þó líka komið fram í upphafi áherslulítilla fornafta og atviksorða, sem hafa [θ] ef þau bera áherslu; sjá 7.2 og 9.4.

[ç] kemur nær eingöngu fyrir í framstöðu á undan sérhljóði; *hjarta* [çarta], *hjúfra* [çu(v)ra], *héri* [çɛ:rɪ], *héla* [çɛ:la]. Þó kemur það í einstöku tilvikum fram í aðblásturssamböndum í stað [hc], þannig að t.d. *ekki* er stundum borið fram [ɛçɪ] í stað [ɛhçɪ].

[j] kemur fyrir á undan sérhljóði í framstöðu og innstöðu: *já* [jau:], *bogi* [poiɪ], *fleygja* [fleija], *jæja* [jaija], *séra* [sjɛ:ra]. Í bakstöðu er það sjaldgæft; aðeins í orðum eins og *oj* [oiɪ:], *grenj* [krɛnj] o.þ.h.

[x] kemur hjá meginhluta fólks eingöngu fyrir í innstöðu; annaðhvort á undan [t], eins og *hökta* [hœxta], *slökkti* [stlœxtɪ], *lagt* [laxt], *glögg* [klœxt]; eða á undan [s], eins og í *loks* [lɔxs], *buxur* [pʏxsʏr], *strax* [straxs]. Það síðarnefnda er þó mállýskubundið. Þau sem hafa svokallaðan hv-framburð nota þetta hljóð líka í framstöðu.

[γ] kemur eingöngu fyrir í innstöðu á undan rödduðum hljóðum (sérhljóðum, [ð] og [r]) og í bakstöðu; *saga* [sa:ɣa], *vígði* [viγði], *hegri* [heɣri], *lag* [la:ɣ]. Einstöku dæmi eru um að [γ] sé borið fram á undan [s] í innstöðu, og sagt [pɣysyr], þar sem venjulega er haft óraddaða hljóðið [x] (eða lokhljóðið [k]); en þetta er mjög fátítt.

[s] getur komið fyrir í mjög fjölbreytilegu umhverfi, í framstöðu, innstöðu og bakstöðu: *sala* [sa:la], *spýta* [spi:ta], *skraut* [skrœi:t], *strjúka* [strju:ka]; *lesa* [lɛ:sa], *ösla* [œstla], *ískra* [iskra]; *fas* [fa:s], *skips* [sci:fs].

[h] kemur, eins og [θ], einkum fyrir í framstöðu og í upphafi orðhluta í samsettum orðum: *hali* [ha:li], *snjóhús* [stnjou:hus]. Einnig kemur það fyrir í aðblásturssamböndum, eins og áður er komið fram.

## 6.3 Nefhljóð, hliðarhljóð, sveifluhljóð

### 6.3.1 Rödduð og órödduð hljóð

Rödduðu hljóðin [m], [n], [l] og [r] hafa öll mjög fjölbreytta dreifingu; geta komið fyrir í framstöðu, innstöðu og bakstöðu, á undan bæði sérhljóðum og samhljóðum. Dæmi: *mæla* [mai:la], *naga* [na:ɣa], *lag* [la:ɣ], *rjúfa* [rju:(v)a]; *sama* [sa:ma], *sonur* [sɔ:nɣr], *tala* [tʰa:la], *bera* [pe:ra]; *hamra* [hamra], *benda* [penta], *elda* [elta], *garnir* [kartnir]; *heim* [hei:m], *bæn* [pai:n], *hjól* [çou:l], *mör* [mœ:r].

Órödduðu hljóðin [ŋ], [l̥] og [r̥] koma fyrir í framstöðu, í orðum sem skrifuð eru með *hn-*, *hl-*, *hr-*; *hnýta* [ɲi:ta], *hnúi* [ɲu:i], *hlaupa* [l̥œi:pa], *hljóta* [l̥jou:ta], *hrjóta* [r̥jou:ta], *hress* [r̥es:]. Einnig koma [ŋ] og [l̥] fyrir í bakstöðu á eftir órödduðum hljóðum; *vatn* [vaht̥ŋ], *svefn* [svep̥t̥ŋ], *lausn* [lœist̥ŋ], *gutl* [kyht̥l̥], *skafli* [skap̥l̥]. Í slíkum dæmum skiptast rödduð og órödduð hljóð oft á; öll þessi orð fá t.d. raddað [n] eða [l] ef greini er bætt við: [vaht̥nið], [svep̥n̥n̥], [lœist̥n̥n̥], [kyht̥lið], [skap̥lin̥].

Á undan *p*, *t*, *k* í stafsetningu eru sveifluhljóð ævinlega órödduð, og nefhljóð og hliðarhljóð einnig í máli meginhluta fólks. Á eftir þessum órödduðu hljóðum koma alltaf ófráblásin hljóð, þótt stafsetningin hafi *p*, *t*, *k*, í samræmi við áðurnefnda reglu um að lokhljóð séu aldrei fráblásin á eftir órödduðum hljóðum. Öll bera því orð eins og *orka*, *virtur*, *garpur* fram [ɔrk̥a], [vɪrt̥ɣr], [karp̥ɣr], en hvorki \*[ɔrk̥ʰa], \*[vɪrt̥ʰɣr], \*[karp̥ʰɣr] (með fráblásnum lokhljóðum) né \*[ɔrka], \*[vɪrt̥ɣr], \*[karp̥ɣr] (með rödduðu sveifluhljóði). Og meginhluti fólks ber orðin *heimta*, *vanta*, *fólk* fram [heim̥ta], [van̥ta], [foul̥k].

Oft koma fram víxl milli rödduðu og órödduðu hljóðanna þegar t.d. hvorugkynsending lýsingarorða eða þátíðarending sagna bætist við stofninn. Þannig fáum við víxl eins og *tómur* [tʰou:myr] – *tómt* [tʰoumt̥], *vanur* [va:nɣr] – *vant* [van̥t̥], *synda* [sɪnta] – *synti* [sɪnt̥i], *svangur* [svauŋk̥ɣr] – *svangt* [svauŋ̥t̥], *gulur* [kɣ:lɣr] – *gult* [kɣlt̥], *herða* [her̥ða] – *herti* [hert̥i].

Þá kemur óraddað sveifluhljóð, [r̥], fram á undan [s], í orðum eins og *hvers* [kʰvɛrs̥], *gersemi* [cɛr̥semi], *þversum* [θvɛrs̥ym]. Nefhljóð og hliðarhljóð eru hins vegar rödduð á undan [s].

Sveifluhljóð geta einnig misst röddun að miklu eða öllu leyti við sömu aðstæður og önglhljóðin, þannig að í stað *bor* [pɔ:r] kemur [pɔ:r̥] eða jafnvel [pɔ:r̥]. Sömu tilhneigingar verður vart í nefhljóðum og hliðarhljóðum; þó verða orðin *tóm*, *vin* og *spil* varla \*[tʰou:m̥], \*[vi:n̥], \*[spi:r̥], heldur [tʰou:m̥], [vi:n̥], [spi:r̥].

### 6.3.2 Fram- og uppgómmælt nefhljóð

Framgómmæltu nefhljóðin, [n] og [n̥], og þau uppgómmæltu, [ŋ] og [ŋ̥], hafa mun takmarkaðri dreifingu en önnur nefhljóð. Þau koma aðallega fyrir á undan samsvarandi lokhljóðum; framgómmæltu hljóðin á undan [c] og [cʰ], en þau uppgómmæltu á undan [k] og [kʰ]. Við þessar aðstæður koma tannbergsmælt nefhljóð, [n] og [ŋ], ekki fyrir; við getum því litið svo á að fram- og uppgómmæltu nefhljóðin séu e.k. afbrigði þeirra tannbergsmæltu, sem taki að sér hlutverk þeirra við tiltekna aðstæður.

Órödduðu hljóðin koma fyrir þegar *k* í stafsetningu fer á eftir; þetta *k* er auðvitað ýmist fulltrúi fyrir fram- eða uppgómmælt lokhljóð, eftir því hvað kemur næst á eftir, og það ræður því svo hvaða nefhljóð við fáum. Í *banki* og *skenkja* er lokhljóðið framgómmælt, og við fáum [pauŋci], [sceiŋca]; en í *minnka* og *blankur* er lokhljóðið uppgómmælt, og við fáum [miŋka], [plauŋkyr].

Þegar mismunandi endingar bætast við stofninn, geta þær breytt lokhljóðinu, og það hefur aftur áhrif á nefhljóðið; þannig fáum við víxl eins og *hanki* [hauŋci] – *hanka* [hauŋka], *svangur* [svauŋkyr] – *svangir* [svauŋcyr].

## 6.4 Samhljóð og samhljóðaklasar

### 6.4.1 Stök samhljóð

Í framstöðu koma öll samhljóð fyrir ein sér (þ.e. á undan sérhljóði, án stuðnings annarra samhljóða) nema 8; [m̥], [n̥], [ŋ̥], [ɲ̥], [x̥], [ɣ̥] og [ð̥] (að vísu kemur [x̥] fyrir í framstöðu í ókringdum *hv*-framburði, *hver* [xɛ:r], og [ð̥] kemur fyrir í framstöðu í áherslulausum fornöfnum og smáorðum (sem byrja á *þ* í stafsetningu; *þú* [ðu:], *það* [ðað̥], *þá* [ðau:], *þar* [ðar]). Reyndar geta hljóðin [h], [j], [ç], [cʰ] og [c] **aðeins** komið fyrir ein í framstöðu, þ.e. þau geta ekki verið fyrri eða fyrsta hljóð í samhljóðaklasa (og reyndar getur ekkert þeirra komið fyrir í framstöðuklasa yfirleitt nema [j], en það verður þá alltaf að standa næst sérhljóðinu).

Í bakstöðu geta 12 samhljóð ekki komið fyrir ein á eftir sérhljóði; [pʰ], [tʰ], [cʰ], [kʰ], [n̥], [ŋ̥], [ɲ̥], [r̥], [l̥], [ç], [h]. Fráblásnu hljóðin koma þó fram í máli þeirra sem eru harðmælt, en í staðinn koma ófráblásin hljóð ekki fyrir í þessari stöðu hjá þeim. Nokkur hinna hljóðanna koma þó aðeins fyrir í sjaldgæfum eða hægnum orðum. Að auki koma [θ] og [x] aðeins fyrir í bakstöðu á eftir sérhljóði ef afröddun verður, eins og í *það* [θa:θ] og *veg* [vɛ:x].

Í innstöðu milli sérhljóða geta aðeins ófráblásin lokhljóð staðið í máli linmæltra, en fráblásin í máli harðmæltra. Af önglhljóðunum koma aðeins fyrir þau rödduðu og [s].

Að auki koma fyrir í innstöðu sömu nefhljóð, hliðar- og sveifluhljóð og koma fyrir í bakstöðu á eftir sérhljóði.

Löng (tvöföld) samhljóð koma aðeins fyrir í innstöðu og bakstöðu; en ekki geta nærri öll samhljóð verið löng. Af lokhljóðunum eru það aðeins þau ófráblásnu (*gabba* [kap:a], *meiddi* [meit:ɪ], *leggja* [lɛc:a], *vagga* [vak:a]); þar sem stafsetningin hefur tvírituð *pp*, *tt*, *kk* kemur yfirleitt fram aðblástur ([hp], [ht], [hc], [hk]), en aldrei langt hljóð. Af önghljóðunum geta aðeins [f] og [s] verið löng (*gaffall* [kaf:at̪], *hissa* [hɪs:a]). Þá geta nefhljóðin [m] og [n], hliðarhljóðið [l] og sveifluhljóðið [r] verið löng (*amma* [am:a], *vinna* [vɪn:a], *pilla* [pʰɪl:a], *verra* [ver:a]); óraddaðar samsvaranir þeirra, svo og gómmæltu nefhljóðin, geta aðeins verið stutt.

#### 6.4.2 Framstöðuklasar

Þau samhljóð sem taka þátt í framstöðuklösum eru /s, b, d, g, p, t, k, f, þ, h, l, m, n, r, v, j/. Það er hentugt að skipta þeim í fjóra flokka, eftir því hvar í klasanum þau geta staðið. Í fyrsta flokki eru þá /j/ og /v/, sem ævinlega verða að standa næst sérhljóðinu, komi þau fyrir í klasanum á annað borð (*svín*, *þrjótur*). Í öðrum flokki eru /l, m, n, r/ sem leyfa ekkert samhljóð nema /j/ milli sín og sérhljóðsins (*ljón*, *mjálma*, *njóta*, *rjómi*). Í þriðja flokki lenda öll lokhljóðin og auk þess /f, þ, h/, en þau geta staðið á undan hljóðum úr fyrsta og öðrum flokki (*þrjóna*, *gljúpur*, *hrjúfur*). Í fjórða flokki er svo aðeins /s/, sem er eina samhljóðið sem getur staðið fremst í fjögurra samhljóða klasa (*strjúka*, *skrjóður*). Sérhvert hljóð sem getur verið fjórða hljóð frá sérhljóði getur einnig verið þriðja, annað og fyrsta, sérhvert hljóð sem getur verið þriðja hljóð frá sérhljóði getur líka verið annað og fyrsta; o.s.frv.

Enda þótt reglum sé fylgt fer því fjarri að öll hugsanleg sambönd komi fyrir. Af tveggja samhljóða klösum án hljóða úr fyrsta flokki koma fyrir /bl, gl, pl, kl, fl, hl, sl; sm; gn, kn, fn, hn, sn; br, dr, gr, pr, tr, kr, fr, þr, hr, sr/; og auk þess /sp, st, sk/. Af þriggja samhljóða klösum án hljóða úr fyrsta flokki kom aðeins fyrir /skr, str, spl, str/.

Hljóð með sama myndunarhátt mynda ekki klasa, nema önghljóð (/sv, sj, þv, þj, fj, vj/); hliðarhljóð, sveifluhljóð og nefhljóð haga sér í þessu tilliti eins og einn flokkur. Hljóð með sama myndunarstað mynda yfirleitt ekki klasa, nema tannbergsmælt hljóð (/st, þr, tr, dr/).

Þegar stakt samhljóð stendur í framstöðu getur hvaða sérhljóð sem er komið á eftir. Flestir ofannefndra klasa geta líka tekið nokkurn veginn hvaða sérhljóð sem er á eftir sér. Þó koma aðeins /i, u, æ/ fyrir með /spl/, og nokkuð vantar einnig upp á að öll hljóð komi fyrir á eftir /pl, pr, spr, fn/.

Þessi mynd gerbreytist þegar litið er á klasa sem enda á /j/. Ef /l, m, n, r/ fer þar næst á undan koma yfirleitt aðeins þrjú sérhljóð til greina; /á, ó, ú/. Oftast eru reyndar aðeins dæmi um einhver tvö þeirra með hverjum klasa. Ef lok- eða önghljóð fer næst á

undan /j/ bætast /a/ og /ö/ við þennan hóp, og í stöku tilvikum eitt eða tvö önnur, einkum /o/ og /u/. Klasar sem enda á /v/ eru svo þarna á milli, en þeir eru reyndar ekki margir.

Þetta sýnir okkur að mjög miklar hömlur eru á því hvernig upphaf íslenskra orða getur verið, og það er ekki nóg í því sambandi að skoða bara samhljóðaklasa, heldur verður líka að athuga hvaða sérhljóð fara þar á eftir.

#### 6.4.3 Inn- og bakstöðuklasar

Miklu erfiðara er að fá yfirlit yfir samhljóðaklasa í bakstöðu en í framstöðu. Það er vegna þess að orðmyndun fer oftast fram með viðskeytum en forskeytum, og beygingarendingar bætast aftan á orðin, en ekki framan á þau. Upphaf orða er því yfirleitt í nokkuð föstum skorðum, en endirinn síður. Ef rót orðs endar í upphafi á samhljóðaklasa getur komið út ærið strembinn samhljóðaklasi við orðmyndun og beygingu, t.d. þegar viðskeytinu *-sk-* er bætt við staðaheiti, og eignarfalls-*s* síðan bætt þar við (*snæfellsks*). Sennilega eru þó slíkir klasar flestir aðeins til á pappírnum, því að þegar fleiri en tvö samhljóð eru í klasa (annars staðar en í framstöðu) fara brottföll að verða mjög algeng, í eðlilegu tali a.m.k.

Tveggja samhljóða bakstöðuklasar eru fjölmargir til, og valda yfirleitt ekki erfiðleikum í framburði. Þriggja samhljóða klasar eru þónokkrir til í bakstöðu, en þá fara ýmis brottföll að verða algengari, og erfiðara að segja til um hverjir þeirra koma í raun og veru fyrir í eðlilegu tali; sennilega eru þeir ekki mjög margir. Þó eru til fjögurra samhljóða klasar þar sem hægt er að bera öll hljóðin fram (og jafnvel gert); *hænsn* [hainstn], *meiðsl* [meiðstl], og nokkur fleiri. Jafnvel eru dæmi um fimm samhljóða klasa í bakstöðu; *vermsl* [vermstl].

Sama gildir um innstöðuklasa, að erfitt er að gefa yfirlit yfir þá; á skilum samsettra orða koma nefnilega upp alls konar sambönd sem ekki geta komið upp annars. Þar er hægt að hugsa sér allt að átta samhljóða klasa, ef fyrri hluti samsetningar endar á fjögurra samhljóða klasa og sá seinni hefst á öðrum álíka. En að sjálfsögðu er ákaflega ótrúlegt að slíkur klasi yrði borinn þannig fram að öll átta hljóðin heyrðust.

### 6.5 Sérhljóð

Í stórum dráttum má segja að einhljóðin átta, og tvíhljóðin [ei, ai, æi, ou, au] hafi öll svipaða dreifingu; koma fyrir í framstöðu, innstöðu og bakstöðu, á undan og eftir ýmsum hljóðum. Þó koma einhljóð yfirleitt ekki fyrir á undan fram- og uppgómmæltum nefhljóðum; þar bera flest fram tvíhljóð í staðinn, í orðum eins og *ganga* [kaunka], *engan* [eiŋkan], *töng* [tœiŋk]. Þetta er þó mállýskubundið.

Sama máli gegnir á undan [j]; þar eru yfirleitt ekki borin fram einhljóð, heldur koma tilsvareandi [i]-tvíhljóð í þeirra stað. Þannig fáum við [ei] í stað [ɛ], [ai] í stað [a], [æi] í stað [œ], [yi] í stað [ɣ] og [oi] í stað [ɔ] í orðum eins og *degi* [teiji], *snagi* [stnaiji], *drögin*

[træijn], *hugi* [hyji], *trogid* [troijð]. Tvö síðastnefndu hljóðin, [vi]og [oi], koma eingöngu fyrir við þessar aðstæður. Þetta er þó einnig mállyskubundið.

## 7. GRUNDVALLARATRÍÐI HLJÓÐKERFISFRÆÐI

### 7.1 Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði

Hljóðfræðilega séð eru engin tvö hljóð **nákvæmlega eins**. Þá er ekki bara átt við það sem við köllum „mismunandi“ hljóð (t.d. [a] og [i], [r] og [l], heldur eru engin tvö tilvik af „sama“ hljóðinu nákvæmlega eins, ekki einu sinni hjá sama mælanda. Talfærin hreyfast ekki á nákvæmlega sama hátt, stærð og lögun hljómholsins er ekki nákvæmlega sú sama, styrkurinn er mismunandi, tónhæðin ekki sú sama, o.s.frv. Hver einstaklingur hefur líka sinn sérstaka málróf – það hlýtur að þýða að hljóð hans eru eitthvað frábrugðin hljóðum annarra. Samt hikum við ekki við að tala um „sömu“ hljóðin – en hvað merkir þá „sömu“?

Við gætum hugsað okkur að svara þeirri spurningu svo að við höfum í huga („kunnum“) einhverja ákveðna ímynd eða líkan af hljóðum málsins; „fyrirmyndar“ [a], „fyrirmyndar“ [s], o.s.frv., og öll hljóð sem líkist þessum fyrirmyndum nægilega mikið köllum við „sömu“ hljóðin. Þetta er vissulega spor í rétta átt en nægir þó engan veginn sem skilgreining. Það sjáum við ef við tökum líkingu af bókstöfunum. Af þeim eru til margar gerðir; **A a a** o.s.frv. Ef við ættum að greina þessi tákn út frá útlitinu einu saman myndum við ekki sjá nein sérstök tengsl þarna á milli. Ef við tökum t.d. **a** og **a** eru útlitslíkindi ekki mikil; **a** er miklu líkara **o** en **a**. Samt tengjum við ósjálfrátt **a** = **a**, en ekki **a** = **o**. Við „vitum“ að þrátt fyrir ólíkt útlit hafa **a** og **a** í einhverjum skilningi sama hlutverk – sömu stöðu í kerfinu.

Í sumum tegundum skriftar (tengiskrift) getur líka verið talsverður munur á útliti sumra bókstafa eftir því í hvaða umhverfi þeir standa. Skoðið myndina hér að neðan og berið t.d. saman *i*, *a* og *o* í orðunum *lifa*, *lafa* og *lofa* annars vegar og *vina*, *vana* og *vona* hins vegar. Í fyrrnefndu orðunum byrja sérhljóðstáknin niðri í línunni, en í þeim síðarnefndu byrja stafirnir ofarlega í línunni vegna þess að þau taka beint við af undanfarandi bókstaf sem endar þar.



Mynd 37: Tengiskrift

Einnig má bera saman *n* í *vina* og *vana* annars vegar og *vona* hins vegar. Þar er sami munur – *i* og *a* enda niðri í línunni og þar tekur *n* við, en *o* endar ofarlega í línu og *n* tekur þar beint við. Þau sem ekki þekkja handskrift (eða þessa tegund hennar) gætu e.t.v. haldið að þarna væri um mismunandi bókstafi að ræða. En þau sem hafa lært skriftina vita að þrátt fyrir útlitsmun er merking táknanna hin sama – og þau veita

Þessum mun enga athygli vegna þess að þau vita að hann er kerfisbundinn en ekki tilviljanakenndur, og skiptir ekki máli.

Þessi líking hljóða við bókstafi ætti að gefa nokkra hugmynd um mun þessara tveggja greina, hljóðfræðinnar og hljóðkerfisfræðinnar. Hljóðfræðin lýsir hverju einstöku hljóði, en **hljóðkerfisfræðin** fæst við venslin milli hljóðanna; athugar hvaða hljóð við flokkum saman – ósjálfrátt – og skynjum sem eitt og hið sama. Hún tekur líka tillit til hljóðumhverfis, og lýsir því hvernig hljóð getur orðið fyrir áhrifum frá grannhljóðum sínum. Í hljóðfræðinni er allur munur hljóða jafnmikilvægur, jafnréttþár, en í hljóðkerfisfræðinni er litið fram hjá þeim hljóðamun sem skiptir ekki máli fyrir merkinguna. Viðfangsefni hljóðkerfisfræðinnar er fyrst og fremst að lýsa reglubundnum venslum milli merkingargreinandi eininga málsins.

## 7.2 Hljóðan og hljóðbrigði

Hljóðkerfisfræðin lítur sem sagt mismunandi augum á sama hljóðfræðilega muninn eftir því hvort sá munur skiptir máli fyrir merkinguna eða ekki. Lítum t.d. á pörin *þá – sá, þefa – sefa, þora – sora, þagði – sagði*. Fyrsta hljóðið í fyrra orðinu í hverju pari er [θ], en í seinna orðinu [s]. Að öðru leyti eru orðin í hverju pari eins, innihalda sömu hljóðin – eini munurinn felst í upphafshljóðinu. Við vitum að orðin í hverju pari merkja ekki það sama – *þá* merkir annað en *sá*, *þagði* merkir annað en *sagði*, o.s.frv. Fyrst eini munurinn á orðunum felst í upphafshljóðinu getum við dregið þá ályktun að munur [θ] og [s] sé **merkingargreinandi** (e. *distinctive*) í íslensku.

Eins og fram kom í 4.4.2 er hljóðfræðilegur munur [θ] og [s] ekki ýkja mikill – hvorttveggja eru órödduð tannbergsmælt önghljóð, þótt [θ] sé myndað framur og með minni öng en [s]. En það kom líka fram í 4.4.2 að íslenskt [s] er myndað á mismunandi hátt – sum mynda öng við tannbergið með tungubroddi, en önnur með framtungu. Hugsanlegt væri að hljóðrita þessi tvö afbrigði á mismunandi hátt – það fyrrnefnda sem [s̥], en það síðarnefnda sem [s]. Það er þó venjulega ekki gert, enda heyrum við lítinn sem engan mun á hljóðinu eftir því á hvorn hátt það er myndað. Við þurfum heldur ekkert að hlusta eftir neinum mun vegna þess að hann skiptir ekki máli fyrir merkinguna. Munurinn á [s̥] með tungubroddshljóði og [s] með framtunguhljóði leiðir aldrei til þess að við fáum tvö orð með mismunandi merkingu – munur hljóðanna er ekki merkingargreinandi.

Lítum nú á mun [θ] og [ð]. Það eru vitanlega einnig lík hljóð – hvorttveggja tannbergsmælt önghljóð, en munurinn felst í rödduninni; [ð] er raddað en [θ] óraddað. Þennan mun heyrum við vel, ólíkt muninum á [s] og [θ] sem talað var um hér á undan. Við vitum líka að það skiptir máli hvort borið er fram [θ] eða [ð] – ef við berum nafnið *Þórður* fram \*[ðourθʏr] og víxlum þannig hljóðunum fáum við sennilega athugasemdir eða skiljumst hreinlega ekki. Þýðir þetta þá ekki að munur [θ] og [ð] sé merkingargreinandi?

Reyndar ekki. Takið eftir því að þessi hljóðavíxl hafa allt önnur áhrif en það að víxla [s] og [θ]. Þar leiddu víxlin til íslensks orðs – annars orðs með aðra merkingu, en fullkomlega eðlilegs íslensks orðs. Ef við skiptum á [θ] og [ð] fáum við ekki íslenskt orð, heldur orðleysu – \*[ðourθyr] er ekki til. Og það sem meira er – það gæti ekki verið til. Ekkert íslenskt orð byrjar á [ð], og ekkert íslenskt orð hefur [θ] í innstöðu milli raddaðra hljóða (að undanskildum örfáum tökuorðum eins og *kaþólskur* og *rypmi*). Orð eins og \*[ðourθyr] myndi því brjóta reglur málsins.

Þótt [θ] og [ð] séu tvö mismunandi hljóð eru samt nán tengsl á milli þeirra. Í fyrsta lagi eru þau hljóðfræðilega lík, eins og áður er nefnt. Í öðru lagi skiptast þau stundum á, þrátt fyrir það sem sagt var hér á undan. Við höfum nefnt að [ð] getur afraddast í bakstöðu; *blóð* er oft borið fram [plou:θ], með órödduðu hljóði, þótt *blóðið* sé alltaf með rödduðu hljóði, [plou:ðrð]. Flest hafa óraddað hljóð í orðum eins og *blaðka*, [plaθka], en sumir Norðlendingar hafa þarna raddað hljóð (og fráblásið lokhljóð), [plaðkʰa]. Og það er ekki heldur alveg nákvæmt að segja að [ð] komi aldrei fyrir í framstöðu. Í samfelldu tali kemur það nefnilega oft fyrir í upphafi ýmissa áherslulítilla orða – samtenginga, atviksorða og fornafna. *Ég sýndi þér það* er venjulega borið fram [ˈjɛ:ʏˈsintɪð ˌjɛrða(ð)] þannig að bæði *þér* og *það* byrja á [ð] (sjá 9.4). Þetta eru vissulega tvö mismunandi hljóð, en tengsl þeirra eru greinilega nán.

Hér skiptir samt meginmáli að átta sig á því að skipti á [θ] og [ð] leiða aldrei til þess að við fáum annað íslenskt orð. Útkoman verður alltaf annaðhvort orðleysa, eins og í dæminu \*[ðourθyr] hér að framan, eða annað afbrigði sama orðs – afbrigði sem er notað við sérstakar aðstæður, t.d. í áhersluleysi eins og dæmin um [ðjer] og [ða(ð)]. En merkningin er þá vitanlega hin sama.

Þetta þýðir að munur [θ] og [ð] er ekki merkingargreinandi. Þessi tvö hljóð eru í raun og veru fulltrúar eða birtingarmyndir einnar og sömu einingarinnar í **hljóðkerfi** (e. *sound system*) okkar. Þessi eining tekur á sig mismunandi myndir í mismunandi umhverfi – í stórum dráttum þannig að hún birtist sem [θ] í framstöðu en sem [ð] í innstöðu og bakstöðu (þótt frá því séu nokkrar undantekningar). Þessi hljóðkerfislega eining nefnist **hljóðan** (e. *phoneme*) og er sögð vera **minnsta merkingargreinandi eining málsins**. Ef tiltekinn hljóðamunur greinir sundur merkingu orða, eins og munur [s] og [θ] gerir augljóslega í *sá* – *þá* og mörgum öðrum þörum, þá tilheyrir hljóðin hvort sínu hljóðaninu. Hljóð sem eru hljóðfræðilega skyld en eru aldrei notuð til að greina sundur merkingu orða, eins og [θ] og [ð], tilheyrir hins vegar einu og sama hljóðaninu. Slík hljóð eru þá **hljóðbrigði** (e. *allophones*) hljóðansins.

Athugið vel að munur málhljóða og hljóðana felst ekki bara í því að hljóðönnin séu alltaf merkingargreinandi eindir en málhljóðin ekki (eða þurfi ekki að vera það). Hljóðönnin eru eindir af **allt öðru tagi** en málhljóðin og eru til aðgreiningar táknuð innan skástrika í stað hornklofa – þannig er gerður munur á hljóðaninu /s/ og hljóðinu [s]. Hljóðin eru það sem við heyrum, það sem hægt er að taka upp og skoða með raunvísindalegum aðferðum

– mæla lengd þeirra, styrk, tíðni o.s.frv. Slíkt er aftur á móti alls ekki hægt að gera við hljóðön. Þau eru **huglæggar** (e. *abstract*) eindir í hljóðkerfi málsins – eindir sem við heyrum ekki og aðeins verða fundnar með því að skoða venslin milli hljóða málsins.

### 7.3 Lágmarkspör – fyllidreifing og frjáls dreifing

Ein helsta aðferðin sem notuð er til að finna út hvort merkingargreinandi munur sé milli hljóða er sú að athuga hvort hægt sé að finna pör af því tagi sem sýnd voru hér að framan – pör þar sem öll hljóðin nema eitt eru sameiginleg. Slík pör eru kölluð **lágmarkspör** (e. *minimal pairs*). Til að sannfærast um að tiltekinn hljóðfræðilegur munur geti haft mismunandi stöðu í hljóðkerfinu skulum við skoða tannvaramæltu önghljóðin [f] og [v]. Hljóðfræðilegur munur þeirra er algerlega hliðstæður muninum á [θ] og [ð]; felst eingöngu í röddun. Rétt eins og [ð] getur [v] afraddast í bakstöðu; *hafið* er með [v] en *haf* iðulega með [f]. En öfugt við [θ] og [ð] er hægt að finna lágmarkspör – og það fleiri en eitt og fleiri en tvö – milli [f] og [v]; *far* – *var*, *fer* – *ver*, *finna* – *vinna*, *fæla* – *væla*, *föndur* – *vöndur*, o.s.frv. Munur [f] og [v] er því merkingargreinandi, enda þótt hann sé hljóðfræðilega hinn sami og munur [θ] og [ð] sem ekki er merkingargreinandi.

Tvö tungumál sem nota sömu málhljóð geta haft gerólikt hljóðkerfi vegna þess að venslin milli eindanna séu mismunandi. Hljóðin [l] og [r] eru til bæði í íslensku og japönsku, svo að dæmi sé tekið, en staða þeirra í hljóðkerfi málanna er ekki sú sama. Í íslensku eru þetta tvö mismunandi hljóðön, /l/ og /r/, eins og sést t.d. á lágmarksparinu *lifa* og *rifa* – þau orð merkja ekki það sama. Í japönsku myndast aftur á móti aldrei merkingargreinandi andstæða milli hljóðanna tveggja, heldur kemur [r] þar fram við ákveðnar aðstæður en [l] við aðrar. Þar eru þau því talin til sama hljóðans. En þessi munur á stöðu hljóðanna í hljóðkerfinu verður auðvitað hvorki veginn né mældur.

Þegar tvö málhljóð eru hljóðbrigði eins og sama hljóðans eru þau annaðhvort í **fyllidreifingu** (e. *complementary distribution*) eða **frjálsri dreifingu** (e. *free distribution*). Með fyllidreifingu er átt við það að hljóðbrigðið A komi aðeins fyrir í umhverfi þar sem hljóðbrigðið B kemur ekki fyrir, og öfugt. Sem dæmi má taka enn eitt par raddaðra og óraddaðra önghljóða, [ɣ] og [x], eins og í *sagði* [sayði] og *sagt* [saxt]. Raddaða hljóðið, [ɣ], kemur aðeins fyrir á undan sérhljóðum og rödduðum samhljóðum, en óraddaða hljóðið, [x], kemur aðeins fyrir á undan órödduðum samhljóðum (nema reyndar í framstöðu á undan sérhljóðum í máli þeirra sem hafa ókringdan *hv*-framburð, [xɛ:r] *hver*). Þau geta því talist hljóðbrigði eins og sama hljóðans – eru **stöðubundin afbrigði** (e. *positional variants*) þess.

Frjáls dreifing táknar aftur á móti að hægt sé að skipta á hljóðum án þess að það hafi nokkra merkingarbreytingu í för með sér. Það má segja að áðurnefnd tvö afbrigði af íslensku /s/, tungubroddshljóðið [ʂ] og framtunguhljóðið [s], séu í frjálsri dreifingu – engu skiptir hvort þeirra er notað. Einnig má nefna að þau sem eru kverkmælt setja úfmælt sveifluhljóð, [R], í staðinn fyrir venjulegt tannbergsmælt tungubroddshljóð, [r]; en þetta

hefur engin áhrif á merkinguna. Það er enginn merkingarmunur á [fa:ra] með tungu-broddshljóði og [fa:ra] með úfmæltu sveifluhljóði svo að dæmi sé tekið, né heldur á neinu öðru pari með þessum tveimur hljóðum. Við getum því sagt að [r] og [ʀ] séu í frjálstri dreifingu í íslensku. Athugið þó að í þessu tilviki er það aðeins frá málfræðilegu sjónarmiði sem dreifingin er frjáls; frá félagslegu sjónarmiði skiptir aftur á móti máli hvort hljóðið er notað. Kverkmæli þykir talgalli sem leitast er við að laga. En það sem skiptir okkur máli er að víxlin breyta engu um merkinguna.

Ef tvö hljóð standa hvorki í fyllidreifingu né frjálstri dreifingu verða þau að teljast birtingarmyndir mismunandi hljóðana. Þannig er það t.d. með upphafshljóðin í *sá* og *þá*. Þau eru greinilega ekki í fyllidreifingu, því að umhverfið er það sama (framstaða á undan [au:]); og dreifingin er ekki heldur frjáls, því að merkingin breytist við umskipti – *sá* merkir ekki sama og *þá*. Athugið samt að enda þótt tvö hljóð séu notuð til skiptis í ákveðnum orðum án merkingarbreytingar er ekki víst að hægt sé að telja þau birtingarmyndir sama hljóðans; verið getur að í öðrum orðum valdi umskipti á þeim merkingarbreytingu. Sum bera t.d. orð eins og *líka* fram með ófráblásnu lokhljóði í innstöðu, [k], en önnur nota fráblásið lokhljóð í sömu stöðu, [kʰ] – merkingin er þó sú sama. En í orðum eins og *galdur* [kaltr] og *kaldur* [kʰaltr] valda skipti á þessum tveimur hljóðum greinilega merkingarbreytingu. Það er því ljóst að ekki er hægt að telja [k] og [kʰ] til sama hljóðansins.

## 7.4 Íslenska hljóðkerfið

Íslenska hljóðkerfið má setja upp á eftirfarandi hátt:

|              | <i>Hljóðönn</i>    | <i>Málhljóð</i>        |
|--------------|--------------------|------------------------|
| Lokhljóð     | /p b t d k g/      | [pʰ p tʰ t cʰ c kʰ k]  |
| Önghljóð     | /f v ð s j ʏ h/    | [f v θ ð s ç j x ʏ h]  |
| Nefhljóð     | /m n/              | [m ɱ n ɲ ɲ̥ ɲ̥]        |
| Hliðarhljóð  | /l/                | [l ɭ]                  |
| Sveifluhljóð | /r/                | [r ɾ]                  |
| Einhljóð     | /i ɪ e a u ɔ́ ú o/ | [i ɪ ɛ a ʏ œ u ɔ]      |
| Tvíhljóð     | /ei æ á ó au/      | [ei ai au ou œi ʏi oi] |

Hér er aðeins gert ráð fyrir sex lokhljóðshljóðöðnum þótt lokhljóðin séu átta. Það má færa rök að því að framgómæltu hljóðin [cʰ] og [ç] séu fulltrúar hljóðananna /k/ og /g/, og standi í fyllidreifingu við [kʰ] og [k]. Þessi greining er þó ekki óumdeilanleg, en nánar er fjallað um þetta í 10.2.

Hér er ekki gert ráð fyrir nema sjö önghljóðshljóðöðnum þótt önghljóð málsins séu 10. Áður hefur komið fram að [θ] og [ð] eru í fyllidreifingu og geta því talist til sama hljóðans, og sama gildir um [x] og [ɣ] eins og áður er nefnt. [ç] kemur eingöngu fyrir í framstöðu, í orðum sem eru skrifuð með *hj-* (eða *hé-*). Í 6.4 er bent á að slík orð stuðla við orð sem

byrja á [h] og leiddar líkur að því að í grunnmynd hefjist orðin í raun á /hj-/. Samkvæmt því þarf ekki að gera ráð fyrir að óraddaða hljóðið sé sérstakt hljóðan, heldur verður það til við samfall [h] og [j]. Á það verður þó að líta að í hljóðfræðilegri gerð eru til lágmarkspör milli [ç] og [j], s.s. *hjól* [çou:l] – *jól* [jou:l], *hjá* [çau:] – *já* [jau:], o.fl.

Nefhljóðshljóðön eru hér aðeins talin tvö þótt hljóðin séu átta. Hvað varðar fram- og uppgómmæltu hljóðin er þetta yfirleitt ótvírætt; þau koma nær eingöngu fyrir á undan samsvarandi lokhljóðum þar sem önnur nefhljóð koma ekki fyrir. [n], [ɲ] og [ŋ] standa því að mestu leyti í fyllidreifingu; [ɲ] kemur fyrir á undan [c<sup>h</sup>] og [c], [ŋ] á undan [k<sup>h</sup>] og [k], en [n] annars staðar. Að vísu geta komið upp einstöku lágmarkspör milli [n] og [ŋ] við vissar aðstæður, þar sem lokhljóðið fellur brott úr klasa. Þetta eru dæmi eins og *langs* [laʊŋs] sem myndar lágmarkspar við *láns* [laʊns]; þarna felst eini munur orðanna í nefhljóðinu.

Órödduð nef-, hliðar- og sveifluhljóð eru hér talin stöðubundin afbrigði rödduðu hljóðanna. Rödduð og órödduð hljóð skiptast oft á; *tómur* [t<sup>h</sup>ou:myr] – *tómt* [t<sup>h</sup>oumt], *linur* [li:nyr] – *lint* [liŋt], *gulur* [ky:lʏr] – *gult* [kylt], *harður* [harðʏr] – *hart* [hart]. Það er ljóst að órödduðu hljóðin hafa miklu takmarkaðri dreifingu en þau rödduðu – koma aðeins fyrir við tilteknar hljóðfræðilegar aðstæður. Þó er rétt að athuga að í venjulegum (órödduðum) framburði eru til lágmarkspör milli raddaðra og óraddaðra nef-, hliðar- og sveifluhljóða. Þetta eru orð eins og *kemba* [cɛmpa] – *kempa* [cɛmpa], *vanda* [vanta] – *vanta* [vaŋta], *valda* [valta] – *valta* [vałta], *arga* [arka] – *arka* [aɾka].

Öll einhljóðin eru sjálfstæð hljóðön eins og auðvelt er að sýna fram á með lágmarkspörum. Sama gildir um tvíhljóðin, nema [vi] og [oi] sem eru stöðubundin hljóðbrigði /u/ og /o/ og koma aðeins fyrir á undan [jɪ].

## 7.5 Þáttagreining

Hér að framan var hljóðanið skilgreint sem **minnsta merkingargreinandi eining málsins**. En andstæður milli hljóðana geta verið mjög mismunandi. Skoðum t.d. lágmarkspörin *ver : ker* og *ver : fer*. Í báðum pörum er um merkingargreinandi andstöðu að ræða, og því getum við dregið þá ályktun að [v] og [c<sup>h</sup>] séu fulltrúar (hljóðbrigði) mismunandi hljóðana, og [v] og [f] sömuleiðis. Eins og þetta er sett fram lítur út fyrir að andstæðurnar [v] : [c<sup>h</sup>] og [v] : [f] séu alveg sama eðlis; í báðum tilvikum er um að ræða andstæðu tveggja hljóðana.

En við þurfum ekki að skoða eðli þessara þriggja hljóða lengi til að átta okkur á því að þarna er talsverður munur. Í *ver : ker* er um að ræða andstæðu milli raddaðs, tannvaramæltis önghljóðs, [v], annars vegar og óraddaðs, fráblásins, framgómmæltis lokhljóðs, [c<sup>h</sup>], hins vegar. Hljóðin eru sem sé næstum því eins ólík og verða má. En í andstæðunni *ver : fer* felst munurinn eingöngu í því að [v] er raddað, [f] óraddað. Þótt um sé að ræða andstæðu milli hljóðana í báðum tilvikum eru þær mjög misvægar.

Þetta vekur þá spurningu hvort ekki sé hægt að sýna hinar mismunandi andstæður hljóðanna betur með því að kljúfa þau meira niður. Andstæður milli hljóðana felast þá ekki í andstæðum milli þeirra í heild, heldur andstæðum milli einstakra eiginleika þeirra. Við greinum því hvert hljóð í **hljóðkerfisþætti** (e. *phonological features*) eða **aðgreinandi þætti** (e. *distinctive features*) sem endurspegla eiginleika eða einkennisþætti hljóðsins. Lík hljóð, eins og [v] og [f], hafa flesta þætti sameiginlega, en ólík hljóð eins og [v] og [c<sup>h</sup>] hafa fáa sameiginlega þætti.

Þegar búið er að kljúfa hljóðanið svona niður eru það því í raun og veru þættirnir sem eru hinar minnstu merkingargreinandi einingar í hljóðkerfinu. Hér verður þó að hafa fyrirvara á; því að sá meginmunur er á þáttunum og hljóðönunum að þættirnir koma aldrei fyrir einir sér, heldur aðeins sem þáttaknippi sem mynda hljóðan. Ekkert hljóð er bara röddun, eða bara varamælt; til að mynda hljóð þarf marga þætti. Við getum því haldið okkur við skilgreiningu hljóðans sem minnstu merkingargreinandi einingar málsins.

En til hvers erum við eiginlega að skipta hljóðönunum svona niður, fyrst þættirnir koma aldrei fyrir sjálfstæðir? Hér er komið aftur að því sem tæpt var á hér að framan; ef lítið er á hljóðin sem heild er ekki alltaf augljóst hvað veldur því að eitt hljóð kemur í stað annars í ákveðinni beygingarmynd. Gagnsemi þáttagreiningarinnar kemur þá fyrst í ljós þegar við athugum ýmsar breytingar sem verða á ákveðnum hljóðum í ákveðnu umhverfi.

Sem dæmi má taka afröddun hljóða á undan /p/, /t/ og /k/. Við vitum að /p/, /t/ og /k/ eiga það sameiginlegt að vera fráblásin lokhljóð þannig að ekki er undarlegt að sams konar breyting verði á undan þeim öllum. Það óvænta í þessu er hvaða hljóð það eru sem afraddast. Það eru nefhljóð, /l/ og /r/, í orðum eins og *kempa* [cɛmpa], *vanta* [vaŋta], *banki* [paŋi], *hanka* [hauŋka], *mjólk* [mjoulk], *hart* [hɛrt]. Fyrst þessi hljóð verða fyrir sömu breytingunni í þessu umhverfi er líklegt að þau eigi eitthvað sameiginlegt; en hvað? Það liggur ekki í augum upp þegar við lítum á myndunarhátt því að þarna eru hljóð af þremur tegundum; nefhljóð, hliðarhljóð og sveifluhljóð. Myndunarstaðurinn kemur ekki heldur til greina, því að þarna eru varahljóð, tannbergshljóð, framgómhljóð og uppgómhljóð. Hins vegar eiga þessi hljóð það sameiginlegt að vera það sem kallað er **hljómandi**. Einkenni hljómandi hljóða er talið það að við myndun þeirra sé hvergi þrengt svo að loftstraumnum að loftþrýstingur ofan raddbanda aukist að marki. Það er andstætt við lokhljóð og önghljóð þar sem tálmanir á leið loftsins út um munninn valda hækkuðum loftþrýstingi í munnholi.

Á þessu sjáum við að með notkun þátta má sýna ýmiss konar skyldleika hljóða – skyldleika sem ekki kemur fram í venjulegri hljóðlýsingu þar sem einkum eru nefndir myndunarstaðir og myndunarhættir. Þarna kemur líka fram að þáttamerking hljóða gegnir ekki bara því hlutverki að greina hljóðin sundur; hún á líka að hafa ákveðið

**spágildi.** Það felst í því að ef tvö (eða fleiri) hljóð fá að einhverju leyti sömu þáttamerkingu, sem er frábrugðin þáttamerkingu allra annarra hljóða málsins, þá spáir það því að þessi hljóð geti undir einhverjum kringumstæðum hegðað sér eins, en öðruvísi en þau hljóð sem ekki hafa þessa þáttamerkingu.

Í slíkum tilvikum er talað um að hljóðin myndi saman **eðlilegan flokk** (e. *natural class*). Með því er átt við að þau eigi eitthvað sameiginlegt sem greini þau frá öllum öðrum hljóðum. Þannig mynda t.d. [i], [ɪ] og [ε] eðlilegan flokk í íslensku; þau eru einu frammæltu, ókringdu sérhljóðin í málinu ([ei] bætist við ef tvíhljóð eru talin með). [f] og [v] mynda líka eðlilegan flokk; engin önnur hljóð eru tannvaramælt önglhjóð. Sama hljóðið getur verið þátttakandi í mörgum eðlilegum flokkum. Þannig myndar [f] flokk varamæltra önglhjóða með [v], flokk varamæltra [–hljómandi] hljóða með [v], [p<sup>h</sup>] og [p], og flokk varamæltra hljóða með [v], [p<sup>h</sup>], [p], [m] og [ɱ]; og það myndar líka flokk óraddaðra önglhjóða með [θ], [s], [ç], [x] og [h].

Eins og áður er komið fram hafa hljóð sem mynda eðlilegan flokk tilhneigingu til að haga sér eins; annaðhvort að valda sömu breytingum, verða fyrir sömu breytingum, eða þá breytast hvert í annað undir ákveðnum kringumstæðum. Ef við lítum enn á flokkinn [i], [ɪ] og [ε] sjáum við að þau eiga það sameiginlegt að framgóma undanfarandi uppgómmælt lokhljóð; breyta /k/ í [c<sup>h</sup>] og /g/ í [c]. Hliðarhljóð, sveifluhljóð og nefhljóð er svo flokkur samhljóða sem eru [+hljómandi]; þau eiga það sameiginlegt að afraddast á undan /p/, /t/, /k/. Þar er svo kominn enn einn flokkur hljóða þar sem öll hljóðin valda sömu breytingu – afrödduninni.

## 7.6 Þættir íslenskra málhljóða

Venjulega er gert ráð fyrir því að hljóðkerfisþættir séu tvígildir, hafi bara gildin + og –; plús og mínus. Annaðhvort hefur hljóð tiltekinn eiginleika (+) eða það hefur hann ekki (–). Þetta er oftast einfalt, t.d. í sambandi við röddun; annaðhvort er hljóð raddað eða ekki. Sama máli gegnir um fráblástur, kringingu o.m.fl. Stundum virðist þó vera um stigsmun að ræða, t.d. í hæð (fjarlægð) sérhljóða, og þá verður að brjóta slíkan mun upp í tvo eða fleiri tvígilda þætti.

Við skulum nú skoða heiti og skilgreiningar þátta sem notaðir eru við lýsingu íslenska hljóðkerfisins.

- **atkvætt** (e. *syllabic*): Atkvæð hljóð geta staðið ein í kjarna atkvæðis. Það eru einkum sérhljóð, en í sumum málum geta (einkum hljómandi) samhljóð einnig verið atkvæð. Svonefnd **hálf sérhljóð** (e. *semivowels*) eru alveg eins og sérhljóð nema hvað þau eru [–atkvæð].
- **samhljóðskennt** (e. *consonantal*): Þessi hljóð eru myndað með því að þrengja að loftstraumi í munnholi, annaðhvort með algerri lokun eða þrengingu á einhverjum ákveðnum stað.

- **hljómandi** (e. *sonorant*): Hljómandi hljóð eru mynduð án þess að þrengt sé svo að loftstraumi ofan raddbanda að loftþrýstingur aukist að marki. Þetta eru því sérhljóð (og hálsérhljóð) og öll samhljóð nema lokhljóð og önghljóð.
- **samfelld** (e. *continuant*): Við myndun samfelldra hljóða er opið fyrir loftstrauminn um miðlínu munns. Sérhljóð, önghljóð og /r/ eru því samfelld, en ekki lokhljóð (þar er alger lokun), nefhljóð (þar er lokun í munni, þótt opið sé um nef) eða /l/ (þar er lokun við miðlínu munns, en aðeins opið til hliðanna).
- **nefkveðið** (e. *nasal*): Nefkveðin hljóð eru mynduð þannig að gómfillan er látin síga niður svo að loftstraumurinn kemst út um nefið. Í íslensku eru þetta eingöngu samhljóð, en í mörgum málum geta sérhljóð líka verið nefkveðin.
- **hliðmælt** (e. *lateral*): Við myndun hliðmæltra hljóða er lokað fyrir loftstrauminn við miðlínu munns, en opið til annarrar eða beggja hliða. Í íslensku er það aðeins /l/ sem er [+hliðmælt].
- **raddað** (e. *voiced*): Við myndun raddaðra hljóða sveiflast raddböndin, en ekki við myndun óraddaðra hljóða. Öll sérhljóð eru rödduð í íslensku, öll lokhljóð órödduð, en önnur (önghljóð, nefhljóð, hliðarhljóð og sveifluhljóð) ýmist.
- **sperrt raddglufa** (e. *spread glottis*): Þegar raddglufan (milli raddbandanna) er mikið opin, streymir loftið þar óhindrað upp á milli og raddböndin geta því ekki titrað. Þetta kemur út sem fráblástur í lokhljóðum en sem raddleysi í öðrum hljóðum.
- **framlægt** (e. *anterior*): Í framlægum hljóðum er aðalmyndunarstaðurinn (lokun/þrenging/ framan við mörk framgóms og tannbergs. Varamælt, tannmælt og tannbergsmælt hljóð eru því framlæg.
- **blaðmyndað** (e. *coronal*): Við myndun blaðmyndaðra hljóða er tungublaðinu (fremri hluta tungunnar) lyft. Þetta eru því einkum tannmælt og tannbergsmælt hljóð (svo og rismælt, sem ekki koma fyrir í íslensku).
- **nálægt** (e. *high*): Nálæg hljóð eru mynduð með því að lyfta tungubaki (aftari hluta tungunnar). Þessi þáttur er því sameiginlegur sérhljóðum og framgómmeðtum og uppgómmeðtum samhljóðum.
- **uppmælt** (e. *back*): Við myndun uppmæltra hljóða liggur tungan aftarlega í munnholinu. Þessi þáttur er sameiginlegur uppmæltum sérhljóðum og uppgómmeðtum og úfmæltum samhljóðum.
- **fjarlægt** (e. *low*): Við myndun fjarlægra hljóða liggur tungan lágt í munnholinu. Í íslensku eru þetta fjarlæg sérhljóð og /h/.
- **strítt** (e. *strident*): Stríð hljóð eru „hávaðasamari“ en [-stríð]; hafa styrk á hærri tíðni. Skilgreining þessa þáttar er því hljóðeðlisfræðileg en ekki hljóðmyndunarleg eins og flestra hinna. Í íslensku er hann notaður til að greina [s] sem er strítt frá [θ].

- **kringt** (e. *round*): Við myndun kringdra hljóða er vörunum skotið fram og settur á þær stútur. Í íslensku er þessi þáttur einkum notaður við lýsingu sérhljóða, en einnig við hljóðið [x<sup>w</sup>] í kringdum *hv*-framburði.
- **þanið** (e. *tense*): Þanin hljóð eru mynduð með meiri vöðvaspennu í tungu- og kok-vöðvum en óþanin. Í íslensku er þessi þáttur notaður til að greina [i], sem er [+þanið], frá [ɪ], sem er [–þanið]; og [+þanið] er einnig notað til að einkenna tvíhljóð.

Greining íslenskra málhljóða samkvæmt þessum þáttum er sýnd hér:

|           | p <sup>h</sup> | p | t <sup>h</sup> | t | c <sup>h</sup> | c | k <sup>h</sup> | k | f | v | θ | ð | s | ç | j | x | ɣ | h | m | ɱ | n | ɲ | ɲ | ɲ | l | ɭ | r | ʀ |
|-----------|----------------|---|----------------|---|----------------|---|----------------|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| atkvætt   | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| samhljk.  | +              | + | +              | + | +              | + | +              | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + |
| hljómandi | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | + | + | + | + | + | + | + | + | + | + |
| samfellt  | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | + | + | + | + | + | + | + | + | + | – | – | – | – | – | – | – | – | – | + | + |
| nefkveðið | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | + | + | + | + | + | + | + | – | – | – |
| hliðmælt  | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | + | – | – |
| raddað    | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | – | + | – | + | – | – | + | – | + | – | + | – | + | – | + | – | + | – | + | – |
| sp.rgl.   | +              | – | +              | – | +              | – | +              | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | + | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| framlægt  | +              | + | +              | + | –              | – | –              | – | + | + | + | + | + | – | – | – | – | – | + | + | + | + | – | – | – | + | + | + |
| blaðm.    | –              | – | +              | + | –              | – | –              | – | – | – | + | + | + | + | + | – | – | – | – | + | + | – | – | – | – | + | + | + |
| nálægt    | –              | – | –              | – | +              | + | +              | + | – | – | – | – | – | – | + | + | + | + | – | – | – | – | – | – | + | + | + | – |
| uppmælt   | –              | – | –              | – | –              | – | +              | + | – | – | – | – | – | – | – | – | + | + | – | – | – | – | – | – | + | + | – | – |
| fjarlægt  | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | + | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| strítt    | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | – | – | – | – | + | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| kringt    | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| þanið     | –              | – | –              | – | –              | – | –              | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |

Mynd 38: Þáttakerfi íslenskra samhljóða

|          | i | ɪ | ε | a | ʏ | œ | u | ɔ |
|----------|---|---|---|---|---|---|---|---|
| atkvætt  | + | + | + | + | + | + | + | + |
| samhljk. | – | – | – | – | – | – | – | – |
| nálægt   | + | + | – | – | + | – | + | – |
| uppmælt  | – | – | – | + | – | – | + | + |
| fjarlægt | – | – | – | + | – | – | – | – |
| kringt   | – | – | – | – | + | + | + | + |
| þanið    | + | – | – | – | – | – | + | – |

Mynd 39: Þáttakerfi íslenskra sérhljóða

Óljóst er hvernig eigi að meðhöndla tvíhljóðin – hvort eigi að lýsa hlutum þeirra hvorum fyrir sig, eða hafa sérstaka þætti sem sýni að staða talfæranna breytist meðan á myndun hljóðsins stendur.

Ákveðinn formalismi er oft notaður við framsetningu hljóðkerfisreglna. Meginatriði hans eru **ör** (→), **skástrik** (/) og **lárétt strik** (\_\_\_\_). **C** er látið standa fyrir **samhljóð** (e. *consonant*) og **V** fyrir **sérhljóð** (e. *vowel*). Lítum nú á einfalda reglu:

$$[+nefkv.] \rightarrow [+uppm.] / \text{---} \left[ \begin{array}{c} C \\ -\text{samf.} \\ +\text{uppm} \end{array} \right]$$

Mynd 40: Hljóðkerfisregla

Lengst til vinstri í reglunni er skrifað hljóðið sem breytist. Það er táknað hér  $[+nefkv.]$  sem sýnir að um nefhljóð er að ræða. Ekki eru hafðir neinir þættir sem gefa til kynna myndunarstað, svo að þessi regla á við hvaða nefhljóð sem er, án tillits til myndunarstaðar.

Örin,  $\rightarrow$ , táknar ‘verður að’. Hægra megin við hana stendur  $[+uppm.]$ ; það táknar að breytingin sem verður á nefhljóðunum varðar myndunarstað þeirra. Þau verða uppmælt, óháð því hvaða myndunarstað þau hafa haft áður. Athugið að þau halda auðvitað áfram að vera nefhljóð; þættirnir sem hljóðið vinstra megin örvar hefur í upphafi haldast óbreyttir nema annars sé getið hægra megin við örina.

Nú erum við búin að lýsa þeirri breytingu sem verður á nefhljóðunum; en ekki dugir þetta. Við erum búin að segja að nefhljóð verði uppmælt, hver svo sem myndunarstaður þeirra er áður; en auðvitað verða ekki öll nefhljóð uppmælt undir öllum kringumstæðum. Hér er það sem skástrikið í reglunni fer að skipta máli. Vinstra megin við það er skrifuð **breytingin sem verður**, en hægra megin er sýnt það **umhverfi sem breytingin verður í**. Eins og við vitum verða nefhljóð ekki upp(góm)mælt nema á undan upp(góm)mæltum lokhljóðum, og þess vegna er hægri hluti reglunnar nauðsynlegur. C  $[-\text{samf.}, +\text{uppm.}]$  táknar þá upp(góm)mælt lokhljóð, en lárétta strikið sýnir afstöðu hljóðsins sem breytist til þess sem breytingunni veldur. Hér er lárétta striki á undan umhverfislýsingunni, sem sýnir að nefhljóð verða upp(góm)mælt á **undan** upp(góm)mæltum samhljóðum, en ekki á eftir þeim.

## 8. GRUNNMYNDIR OG HLJÓÐKERFISREGLUR

### 8.1 Ákvörðun grunnmyndar

Hér að framan var bent á að sama hljóðkerfislega eindin – sem við höfum nú lært að heitir hljóðan – getur birst á mismunandi hátt við mismunandi aðstæður. Því stjórna reglur sem eru ómeðvitaðar hjá þeim sem eiga íslensku að móðurmáli – reglur sem við tileinkum okkur á máltökuskeiði. Við þurfum ekkert að muna það sérstaklega í hvert skipti að við eigum að nota raddað [ɣ] í *sagði* en óraddað [x] í *sagt*. Það kemur alveg sjálfkrafa án þess að við þurfum nokkuð að hugsa um það – og ef við höfum ekki lært neitt í hljóðfræði er alls óvíst að við gerum okkur nokkra grein fyrir því að þarna sé um mismunandi hljóð að ræða.

Eins og áður er nefnt er hljóðanið huglæg eind í málkerfinu – einhvers konar hljóðmynd sem við geymum í huga okkar. Þessi hljóðmynd er **grunnmynd** eða **baklæg gerð** (e. *underlying form*) sem hinar hljóðfræðilegu birtingarmyndir, málhljóðin sjálf, eru leiddar af. Í huga okkar hefur þessi grunnmynd ákveðna hljóðfræðilega eiginleika, sem koma iðulega óbreyttir fram í birtingarmynd hennar. En stundum koma áðurnefndar reglur til sögunnar og breyta þessu – valda því að birtingarmyndin hefur aðra hljóðfræðilega eiginleika en við gerum ráð fyrir að grunnmyndin hafi. Þessar reglur nefnast **hljóðkerfisreglur** (e. *phonological rules*) og tengjast yfirleitt hljóðfræðilegu umhverfi. Við komum nánar að þeim síðar.

Þegar sama hljóðanið á sér tvö eða fleiri hljóðbrigði leiðir það af sjálfu sér að hljóðfræðilegir eiginleikar annars þeirra – eða allra nema eins – hljóta að vera að einhverju leyti frábrugðnir þeim eiginleikum sem við hugsum okkur að þetta hljóðan hafi. Við höfum t.d. haldið því fram hér að [θ] og [ð] séu hljóðbrigði sama hljóðans. Það fyrnefnda er óraddað en það síðarnefnda raddað – en hvernig hugsum við okkur hljóðanið sem liggur að baki þeim báðum? Það er a.m.k. ljóst að það getur ekki verið bæði raddað og óraddað í senn.

Í fljótu bragði er hægt að hugsa sér tvær lausnir á þessu. Önnur er sú að segja að hljóðanið sé tannbergsmælt önghljóð, óskilgreint hvað varðar röddun. Það er þá eins konar samnefnari [θ] og [ð] – er búið þeim eiginleikum einum sem hljóðin eiga sameiginlega. Birtingarmynd þess verður svo ýmist raddað [ð] eða óraddað [θ] eftir því í hvaða hljóðfræðilega umhverfi hún kemur fram – í grófum dráttum [θ] í framstöðu, [ð] í innstöðu og bakstöðu.

Hin lausnin er að gera ráð fyrir að eiginleikar hljóðansins samsvari eiginleikum annars (eða eins) hljóðbrigðisins – annað (eða eitt) hljóðbrigðanna endurspegli alla eiginleika hljóðansins. Í dæminu hér að framan myndum við þá gera ráð fyrir að hljóðanið samsvaraði annaðhvort /θ/ eða /ð/. Ef það samsvarar /θ/ þarf að gera ráð fyrir reglu sem bætir við röddun í tilteknum aðstæðum (í innstöðu og bakstöðu); ef hljóðanið samsvarar /ð/ þarf reglu sem tekur röddun af við tilteknar aðstæður (í framstöðu). Spurningin er nú hvor

kosturinn sé fýsilegri – hvort hægt sé að finna einhver rök fyrir því að taka annan möguleikann fram yfir hinn.

Hér er rétt að athuga að þegar sama hljóðan hefur tvö eða fleiri hljóðbrigði sker annað eða eitt þeirra sig mjög oft úr hvað varðar dreifingu; er algengara en hin eða kemur fyrir í fjölbreyttara umhverfi en hin, nema hvorttveggja sé. Lítum t.d. á sérhljóðavíxlin í orðinu *bogi*. Þar höfum við tvíhljóðið [oi] í nefnifallinu, [poiɹ], en einhljóðið [ɔ] í aukaföllunum, [pɔːya]. Það er hægt að sýna fram á að [oi] og [ɔ] eru hljóðbrigði sama hljóðans; þau standa í fyllidreifingu, ekki hægt að finna neitt lágmarkspar milli þeirra, og hljóðfræðilegur skyldleiki augljós. Spurningin er þá: Eigum við að gera ráð fyrir að hljóðanið samsvari tvíhljóðinu [oi], og einhljóðist við ákveðnar aðstæður; eða einhljóðinu [ɔ], sem tvíhljóðist við ákveðnar aðstæður?

Vegna þess að [oi] er í nefnifallinu sem venjulega er talið einhvers konar grundvallarmynd nafnorða – t.d. uppfléttimynd í orðabókum – væri e.t.v. hægt að ímynda sér að það endurspegladi hljóðanið. Það er þó fljótgert að ganga úr skugga um að sá kostur er ófýsilegur. Tvíhljóðið [oi] kemur nefnilega aðeins fyrir í einu hljóðfræðilegu umhverfi – á undan [jɹ] – en [ɔ] alls staðar annars staðar, þ. á m. í öllum öðrum beygingarmyndum orðsins *bogi* (*boga, bogar, bogum*). Sé lagt /ɔ/ til grundvallar þarf því aðeins eina einfalda reglu til að leiða út tvíhljóðið [oi] þar sem þess þarf – á undan [jɹ]. Sú regla er líka eðlileg sé litið til gerðar og starfsemi talfæranna – [j] togar seinni hluta [ɔ]-hljóðsins í átt til sín þannig að úr verður tvíhljóð þar sem seinni hlutinn er [i] sem er myndunarlega nálægt [j].

Væri /oi/ aftur á móti lagt til grundvallar sem hljóðan þyrfti margar og margvíslegar reglur til að leiða út [ɔ] þar sem við á, vegna þess að umhverfi einhljóðsins er svo fjölbreytt. [ɔ] kemur fyrir á undan mörgum samhljóðum, bæði rödduðum og órödduðum (*lofa, doði, losa, oj, koma, sonur, kvongast, orga, koli, hopa, ota, moka*) og einnig í bakstöðu (*þvo, sko*). Það er ekkert sérstakt sameiginlegt með þessum mismunandi aðstæðum þannig að ekki er hægt að setja fram eina reglu sem breyti tvíhljóðinu [oi] í einhljóðið [ɔ] þar sem þörf krefur. Þarna þyrfti sérstaka reglu fyrir hverja tegund umhverfis. Athugið að þetta snýst ekki um vanda málfræðinga við að setja fram mállysingu, heldur það verkefni sem börn standa frammi fyrir í máltökunni. Þau þurfa að átta sig á eðli víxlanna milli [ɔ] og [oi]. Það er ljóst að víxlin verða miklu einfaldari og auðlærðari ef gert er ráð fyrir einhljóði í grunnmyndinni sem breytist í tvíhljóð við afmarkaðar aðstæður, en ef gert væri ráð fyrir tvíhljóði í grunnmynd sem síðan þyrfti að breyta í einhljóð við fjölbreyttar aðstæður.

Lítum svo enn einu sinni á [θ] og [ð] sem við höfum sagt að séu hljóðbrigði sama hljóðans – þau mynda aldrei merkingargreinandi andstæðu. Ein af þeim víxlum þessara hljóða sem við höfum nefnt eru í bakstöðu; *blóð* er oft borið fram [plouːθ], með órödduðu hljóði, þótt *blóðið* sé alltaf með rödduðu hljóði, [plouːðɪð]. Við höfum talað um þetta sem afröddun, og þar með í raun gefið okkur að [ð] endurspegli grunnmyndin, hljóðanið. Annar möguleiki væri að [θ] endurspegladi grunnmyndina en raddaðist stundum í bakstöðu og alltaf í innstöðu. Þetta er þó mun ólíkleggra. Afröddun í bakstöðu er

nefnilega mjög algeng og eðlileg, ekki bara í íslensku, heldur í ýmsum tungumálum. Röddun óraddaðs hljóðs í bakstöðu, að hluta til eða öllu leyti, er hins vegar mjög sjaldgæf og óeðlileg. Þess vegna virðist miklu líklegra að hljóðanið sé /ð/.

## 8.2 Afleiðsla hljóðmyndar af grunnmynd

Hér að framan var fjallað um grunnmynd einstakra hljóðana. En orð eiga sér einnig grunnmynd – við geymum þau í huga okkar í einhverri ákveðinni mynd, með einhverjum ákveðnum hljóðönum. Yfirleitt er gert ráð fyrir því að þessi grunnmynd geti vikið eitthvað frá hljóðfræðilegri mynd orðanna. Í samræmi við það sem sagt er hér að framan er t.d. gert ráð fyrir því að grunnmynd orðsins *bogi* sé með einhljóðinu [ɔ], en það tvíhljóðist í ákveðnu hljóðumhverfi, þ.e. á undan [j]. Þetta er vitanlega fjarri því að vera einsdæmi – í mjög mörgum íslenskum orðum koma fyrir hljóðavíxl í stofni orða í beygingu. Þegar um reglulega beygingu er að ræða er í raun nóg að kunna eina grunnmynd stofnsins því að hinar mismunandi hljóðfræðilegu birtingarmyndir má leiða út með almennum reglum.

Afleiðsla hljóðmyndar af grunnmynd þarf að vera **fyrirsegjanleg** (e. *predictable*). Lítum t.d. á lýsingarorðin *rakur* [ra:kʏr] og *ragur* [ra:ɣʏr]. Hvorugkyn beggja er borið fram á sama hátt, [raxt], þótt stafsetningin sé mismunandi (*rakt* og *ragt*). Af stofni fyrirnefnda orðsins eru sem sagt til framburðarmyndirnar [ra:k-] og [rax-], en af stofni þess seinna [ra:ɣ-] og [rax-]. Hér er augljóst að við getum ekki litið á hvorugkynsmyndina sem grunnmynd vegna þess að út frá henni er ekki hægt að segja fyrir um aðrar myndir. Ef myndin [rax-] er sú eina sem við kunnum vitum við ekki hvort við eigum að breyta [x] í [k] eða [ɣ] í öðrum myndum. Afleiðsla hljóðmynda af grunnmynd er sem sé fyrirsegjanleg í báðum orðum ef gert er ráð fyrir grunnmyndunum [ra:k-] og [ra:ɣ-], en ekki ef gert er ráð fyrir grunnmyndinni [rax-].

Það er hægt að færa ýmis rök fyrir því að gera ráð fyrir mun á grunnmynd og hljóðformi, og reglum sem leiði hljóðform af grunnmynd. Í fyrsta lagi má nefna **erlendan hreim** (e. *foreign accent*). Hann má oft skýra svo að fólk sé að beita – ranglega – hljóðkerfisreglum úr sínu eigin máli í erlenda málinu sem það talar. Lítum t.d. á **aðblásturinn** (e. *preaspiration*) í íslensku. Þar sem stafsetningin hefur *pp*, *tt*, *kk* er aldrei borið fram langt lokhljóð, heldur yfirleitt [hp], [ht], [hk]. Því er oft haldið fram að í orðum eins og *keppa* [cʰɛhpa], *hattur* [hahtʏr], *þakka* [θahka] séu löng (tvöföld) /pp, tt, kk/ í grunnmynd, en síðan sé í málinu **aðblástursregla** (e. *preaspiration rule*), sem valdi því að þessi löngu lokhljóð styttest en þess í stað komi fram [h] á undan þeim í yfirborðsgerð.

Annar möguleiki væri auðvitað að gera ráð fyrir að við **kynnum** þessi orð með /h/, þ.e. að /h/ væri í grunnmyndinni, og þá þyrfti enga reglu. En ýmislegt bendir til að fyrri möguleikinn sé sá rétti, þ. á m. framburður margra Íslendinga á erlendum orðum eins og t.d. *takke* í dönsku, *got* í ensku, *Lippe* í þýsku. Ekkert þessara orða hefur aðblástur

(enda er hann ekki til í málunum sem þau eru úr); hins vegar hættir Íslendingum til að bera þau fram með aðblæstri. Erfitt er að skýra það öðruvísi en svo að Íslendingar séu þar – ómeðvitað – að beita reglu úr sínu eigin hljóðkerfi. Athugið að lokhljóðin sem eiga að vera í þessum orðum eru öll til í íslensku, svo að ekki er um það að ræða að verið sé að skipta á erlendum orðum fyrir íslensk. Ekki er heldur um að ræða brot á íslenskum **hljóðskipunarreglum** (e. *phonotactic rules*). Hið sama gerist í tökuorðum með þessum samböndum; við berum orð eins og *sjoppa* [sjɔhpa] og *rytmi* [rɪhtmi] fram með aðblæstri.

Annað dæmi sem nefna mætti um þetta er afröddun /l, m, n/ á undan /p, t, k/. Meginhluti Íslendinga hefur órödduð hljóð í orðum eins og *mjólk*, *vanta*, *kempa*; [mjoulk], [vaŋta], [cʰɛmpa]. Í málum eins og t.d. ensku eru /l, m, n/ hins vegar alltaf rödduð í þessu umhverfi; en Íslendingum hættir mjög til að hafa þau órödduð og bera *milk* og *help* fram [mɪlk] og [hɛlp] í stað [mɪlk] og [hɛlp]. Hér gegnir sama máli; erfitt er að skýra þetta nema gert sé ráð fyrir að Íslendingar séu þarna að beita reglu úr hljóðkerfi móðurmálsins ranglega á ensku.

Einnig má nefna verkan reglna yfir orðaskil. Ef við nefnum fjóra menn, þá Jón Björnsson, Jón Dagsson, Jón Gíslason og Jón Guðmundsson, þá teljum við sennilega að við höfum borið eiginnafn þeirra allra fram á sama hátt. Og það getur svo sem verið, ef við höfum talað mjög hægt og skýrt; en í venjulegu tali er líklegast að við höfum borið nafnið *Jón* fram á fjóra mismunandi vegu; [jou:m] *Björnsson*, [jou:n] *Dagsson*, [jou:n] *Gíslason* og [jou:ŋ] *Guðmundsson*. Við tökum yfirleitt ekki eftir þessum mun, en ef grannt er hlustað er hann vel heyranlegur. En hver er ástæðan fyrir honum? **Kunnum** við fjórar mismunandi myndir nafnsins *Jón*? Og ef svo er, hvað ræður því þá hvenær við notum hverja þeirra? Er það tilviljun háð?

Það virðist ákaflega ótrúlegt að við þurfum að **kunna** þessar fjórar myndir. A.m.k. höfum við á tilfinningunni að þetta sé allt sama nafnið. Og við sjáum líka strax að það er ekki tilviljun hvenær við notum hverja þessara mynda; nefhljóðið í enda nafnsins hefur alls staðar sama myndunarstað og upphafshljóð föðurnafnsins. Það er því einfaldast að gera ráð fyrir að við **kunnum** aðeins eina nafnmynd, en síðan kunnum við – ómeðvitað – samlögunarreglu sem breytir myndunarstað nefhljóða til samræmis við eftirfarandi lokhljóð. Sambærilegt dæmi má taka af tilvísunartengingunni *sem*; hún er síður en svo alltaf borin fram með [m]. Við segjum (*maðurinn*) [sen] *dó*, [seŋ] *keyrði*, [seŋ] *kom*. En það þýðir ekki að gera verði ráð fyrir að við kunnum fjórar mismunandi myndir af *sem*, heldur er þarna sama samlögunarreglan að verki.

Hér má einnig nefna fornöfn og smáorð sem byrja í stafsetningu á *þ*; *það*, *þar* o.fl. Áður var nefnt að í upphafi þessara orða er ýmist borið fram [θ] eða [ð], og fer það eftir áherslunni; notað er [θ] í áherslu, en [ð] í áhersluleysi. En þetta eru ekki einu hljóðin sem geta komið fram í upphafi slíkra orða. Á Vestfjörðum og víðar var áður borið fram [t] í stað [ð] á eftir rödduðum samhljóðum; *harður* var borið fram [hartyr] í stað

[harðyr], *sagði* borið fram [saytɪ] í stað [sayðr], o.s.frv. En þetta gildi líka þar sem áherslulaus orð eins og *þar* og *það* komu á eftir orði sem endaði á rödduðu samhljóði; þannig var sambandið *var það* borið fram [vartað], en *sá það* var borið fram [sau:ðað]. Hæpið er að gera ráð fyrir mörgum mismunandi myndum af *það*; eðlilegast er að gera ráð fyrir einni grunnmynd, sem komi fram á mismunandi hátt við mismunandi aðstæður.

Mál barna á máltökuskeiði veitir líka mikilsverðar upplýsingar um grunnmynd og hljóðkerfisreglur. Það er hægt að tína til fjölbreytt dæmi sem sýna að gera verður ráð fyrir að börn kunni grunnmyndir sem eru frábrugðnar þeim hljóðmyndum sem þau nota í tali sínu. Mörg börn eiga t.d. erfitt með að ná einstökum hljóðum, einkum [s] og [r], þótt þau séu annars orðin altalandi. Þá setja þau önnur hljóð í staðinn – oftast [θ] í staðinn fyrir [s]. En ef Sigga litla segir „Ég heiti [θɪk:a]“, og fær svarið: „Nú, heitirðu Þigga?“ er eins víst að Sigga bregðist ókvæða við og segi: „Nei, ég heiti Þigga.“ Þótt sá fullorðni beri nafnið fram eins og hún gerði sjálf mótmælir hún þeim framburði harðlega. Það hlýtur að vera vegna þess að hún **heyrrir** mun á [s] og [θ] og **veit** að í nafninu hennar á ekki að vera [θ]; en hún er bara ekki búin að ná nægilegu valdi á talfærunum til að ná þessum mun sjálf. Þarna verður því að gera ráð fyrir mun á hugmynd um hljóð og raunverulegri birtingarmynd; hugmyndin, grunnmyndin, er greinilega með /s/, þótt birtingarmynd þess sé [θ].

Síðasta atriðið sem hér verður nefnt er **stuðlun** (e. *alliteration*). Samkvæmt íslenskum bragreglum verða það að vera **sömu** samhljóðin sem stuðla saman; ekki nægir að þau séu lík. Þannig stuðlar [f] aðeins við [f] en ekki við [v], [θ] stuðlar aðeins við [θ] en ekki við [s], o.s.frv. Hins vegar stuðla orð eins og *hafa* [ha:va] og *hjálpa* [çaułpa] saman, þótt þar sé **ekki sama** hljóðið fremst (látið ekki stafsetninguna rugla ykkur). Orð eins og *hnýta* [ɲi:ta], *hlaupa* [lœi:pa] og *hrjóta* [rjɔu:ta] stuðla líka við *hafa*, enda þótt þau hefjist hljóðfræðilega alls ekki á [h] (þótt stafsetningin bendi til þess), heldur á órödduðu nef-, hliðar- og sveifluhljóði. Í máli þeirra sem hafa *hv*-framburð stuðla orð eins og *hver* [xɛ:r] líka við *hafa*. Hvernig á að skýra það að þarna skuli ólík hljóð geta stuðlað saman, þvert á almennar bragreglur?

Ein hugsanleg skýring er sú að stuðlun lúti sérstökum lögmálum; þótt bragreglur eins og stuðlun byggist yfirleitt á hljóðfræðilegum þáttum sé svo ekki alltaf. Þetta sé undantekning sem sé bundin við bragreglur en komi hljóðkerfi málsins ekkert við. En önnur skýring er þó möguleg; að stuðlun miðist ekki við hljóðfræðilegt form, heldur grunnmynd. Orð sem stuðli saman þurfi ekki að byrja á sama hljóði, en hins vegar þurfi upphafseiningin (hljóðanið) í grunnmynd þeirra að vera hin sama. Það er hugsanlegt að leiða upphafshljóð orðanna *hjá*, *hnýta*, *hlaupa*, *hrjóta* og *hver* (með *hv*-framburði) af /h/ + samhljóði; þ.e. /hj/ → [ç], /hn/ → [ɲ], /hl/ → [l̥], /hr/ → [r̥], /hv/ → [x]. Í raun og veru felst sú afleiðsla einfaldlega í því að hljóðin eru mynduð saman, í stað þess að mynda fyrst [h] og síðan samhljóðið. [h] er ekki annað en óraddaður blástur upp um opna raddglufu, og ef

sú raddglufuopnun verður samtímis myndun samhljóðsins í stað þess að vera á undan því verður útkoman óraddað samhljóð; opin raddglufa útilokar alltaf röddun. Um þetta er nánar fjallað síðar.

Svipuðu máli gegnir um [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>], [k] og [c]. Orð eins og *kaldur* [k<sup>h</sup>altʏr] og *kær* [c<sup>h</sup>ai:r] stuðla saman, og einnig *galdur* [kaltʏr] og *gær* [cai:r]. Samt er ljóst að upphafshljóðin eru þarna mismunandi; hljóðfræðilega byrja *kær* og *gær* ekki á [k<sup>h</sup>] og [k] eins og rakið er í 4.3.2, heldur á [c<sup>h</sup>] og [c]. Sé hins vegar gert ráð fyrir því að í grunnmynd sé þarna lokhljóð + /j/ í upphafi orðanna, og renni síðan saman í eitt hljóð (sem hefur myndunarstaðinn frá /j/ en flesta aðra eiginleika frá lokhljóðinu) í hljóðfræðilegri gerð, þá er hægt að standa á því að samhljóð stuðli aðeins við sama samhljóð. Um þetta verður fjallað nánar síðar.

### 8.3 Sami stofn – mismunandi framburður

Í 2.1 var bent á að þótt stafsetning byggist vissulega á talmálinu fer því fjarri að hún endurspegli framburðinn nákvæmlega. Ein meginástæða þess er sú að rík tilhneiging er til þess að skrifa sama orðstofn (eða sama orðhluta) alltaf með sömu bókstöfum, jafnvel þótt framburðurinn sé mismunandi. Þannig skrifum við *k* í nafnhætti sagnarinnar *tak-a*, og líka í viðtengingarhættinum (*þótt ég*) *tak-i*; samt sem áður berum við fram [k] (eða [k<sup>h</sup>]) í *taka* [t<sup>h</sup>a:ka], en [c] (eða [c<sup>h</sup>]) í *taki* [t<sup>h</sup>a:cɪ]. Við skrifum líka *p* bæði í nafnhættinum *súp-a* [su:pa] og boðhættinum *súp-tu* [suftʏ], þótt í fyrra dæminu sé borið fram [p] (eða [p<sup>h</sup>]), en í því seinna alltaf [f]. Við skrifum *g* í nefnifallinu *dag-ur*, þágufallinu *deg-i* og eignarfallinu *dag-s*; samt berum við fram [ɣ] í *dagur* [ta:ɣʏr], [j] í *degi* [teiɟɪ] og [x] (eða [k]) í *dags* [taxs]. Og við skrifum *a* bæði í nefnifallinu *mag-i* [maiɟɪ] og aukaföllunum *mag-a* [ma:ɣa], enda þótt við berum fram [ai] í fyrra dæminu, en [a] í því seinna.

Í dæmunum hér að framan eru skilin milli stofns og endingar sýnd með bandstriki. Ef þið skoðið nú bæði (eða öll) dæmin um hvern stofn, og athugið síðan þær endingar sem bætast aftan við hann, kemur í ljós að upphafshljóð endingarinnar eru aldrei þau sömu í báðum (öllum) dæmum um hvern stofn. Stundum hefst endingin á samhljóði, en oftast þó á sérhljóði; og sérhljóðin eru mismunandi; [a], [ɪ] eða [ʏ].

Það eru þessar mismunandi endingar sem valda því að stofninn er borinn fram á mismunandi hátt. Og þegar að er gáð eru framburðartilbrigðin ekki tilviljanakennd. Skoðið t.d. eftirfarandi dæmi:

| <i>sagnir</i> |       | <i>lýsingarorð</i> |       | <i>nafnorð</i> |      |
|---------------|-------|--------------------|-------|----------------|------|
| taka          | taki  | ríka               | ríki  | maka           | maki |
| aka           | aki   | veika              | veiki | haka           | haki |
| baka          | baki  | sjúka              | sjúki | poka           | poki |
| flaka         | flaki | raka               | raki  | leka           | leki |

Í fyrsta hópnum er um að ræða nafnhátt (*að taka*) og viðtengingarhátt (*þótt ég taki*) af sögnum. Í þeim næsta er kvenkyn (*sú ríka*) og karlkyn (*sá ríki*) af veikri beygingu lýsingarorða. Í síðasta hópnum eru svo aukaföll (*maka*) og nefnifall (*maki*) veikra karlkynsnafnorða. Á eftir stofninum í fyrra orði hvers pars kemur [a], en í seinna orði parsins fer [ɪ] næst á eftir stofninum. Og í öllum tilvikum fáum við [k] (eða [kʰ]) á undan [a], en [c] (eða [cʰ]) á undan [ɪ]. Þetta er varla tilviljun.

## 8.4 Áhrif hljóðs á grannhljóð sín

Hvernig stendur á því að við breytum hljóðum í stofni eftir því hver endingin er? Í fljótu bragði er kannski eðlilegast að svara því til að þannig lærðum við málið. Börn læra það sem fyrir þeim er haft; mamma og pabbi nota [k] í *taka* en [c] í *taki*, [ŋ] í *hanga* en [ɲ] í *hangi*, o.s.frv., og við öpum bara eftir þeim. En við nánari umhugsun kemur þó í ljós að svarið er ekki svona einfalt. Í fyrsta lagi er málið alltaf að breytast. Ef engin segðu nokkurn tíma annað en það sem þau hefðu heyrt aðra segja mætti búast við að málið héldist óbreytt um aldur og ævi. Því er þó ekki að heilsa; nýjungar eru alltaf að koma upp, og sýna að börn endurtaka ekki einfaldlega það sem fyrir þeim er haft. Hér má nefna nýleg dæmi eins og [ks]-framburð í *kex* og *buxur* og tvinnhljóðun í *tjald* sem rætt verður um í 9.3.4.

Í öðru lagi er ljóst að við þurfum sjaldnast að læra beygingarmyndir nýrra orða hverja fyrir sig; við getum umsvifalaust búið til ir sem við höfum aldrei heyrt út frá einni eða tveimur. Væntanlega hafið þið aldrei heyrt orðið *\*spaga* [spa:ɣa], enda er það ekki til sem íslenskt orð svo að vitað sé. En ef ykkur væri sagt að þetta væri sögn í nafnhætti yrðuð þið örugglega ekki í neinum vandræðum með að búa til fyrstu persónu fleirtölu (við) *spögum* [spœ:ɣʏm], og breyta þar [a] í [œ], né heldur aðra persónu fleirtölu (þið) *spagið* [spaijɪð], þar sem í stað [a] kemur [ai] og í stað [ɣ] kemur [j]. Myndirnar *\*[spa:ɣʏm]* og *\*[spa:ɣɪð]* kæmu þar alls ekki til greina.

Þarna er ljóst að okkur dugir ekki að endurtaka bara það sem önnur segja. Við hljótum líka að búa yfir einhverjum almennum reglum sem segja til um hvernig hljóð breytast eftir umhverfi sínu. Þetta eru auðvitað ekki reglur sem við lærum í skóla eða af bókum; þetta eru reglur sem við tileinkum okkur óafvitandi um leið og við lærum málið, og beitum þeim síðan ósjálfrátt og án umhugsunar. Þessar reglur, sem segja til um hvernig hljóð breytast fyrir áhrif annarra hljóða, eru nefndar **hljóðkerfisreglur** eins og áður segir.

Hljóðavíxl á borð við þau sem hér hefur verið lýst má oft skýra þau með því að hljóð í beygingarendingunni (oftast upphafshljóð hennar) hafi áhrif á hljóð í stofninum (oftast lokahljóð hans); leitist við að gera það líkara sér. Við getum hugsað okkur þetta sem tilhneigingu til að létta talfærunum starfið; eftir því sem tvö samliggjandi hljóð eiga meira sameiginlegt þarf yfirleitt minna að hreyfa talfærin. Flest slík hljóðavíxl koma sennilega upp sem hljóðfræðilega eðlileg ferli; ferli sem hægt er að skýra út frá gerð og starfsemi talfærunna. Þau áhrif sem hljóð verða fyrir frá grannhljóðum sínum stefna í þessa átt. Hugsanlega má líka skýra uppkomu einhverra reglna hljóðeðlisfræðilega.

Ef við skoðum dæmin um víxl [k] ([k<sup>h</sup>]) og [c] ([c<sup>h</sup>]) í orðum eins og *taka* í þessu ljósi, þá sjáum við að þegar endingin er **uppmælt**a sérhljóðið [a] fáum við **uppgómmælt** lokhljóð í enda stofns; sé endingin aftur á móti **frammælt**a sérhljóðið [ɪ] verður lokhljóðið í enda stofnsins **framgómmælt**. Ef staða tungunnar við myndun [ɪ] annars vegar og [c]/[c<sup>h</sup>] hins vegar er borin saman kemur í ljós að þar er ekki svo mikill munur á. Hins vegar er mikill munur á stöðu tungunnar við myndun [k]/[k<sup>h</sup>] og [ɪ]. Við getum því sagt að í orðum af þessu tagi togi [ɪ] myndunarstað undanfarandi lokhljóðs til sín; geri það framgómmælt í stað uppgómmælt. Það má líka orða þetta svo að til hægðarauka sé tungunni aldrei lyft upp aftarlega í munnholinu til að mynda uppgómmælt lokhljóð, heldur sé henni strax komið þannig fyrir að sem minnst þurfi að hreyfa hana þegar lokun lýkur og [ɪ] tekur við.

Í pörum eins og *hafa* [ha:va] – *haft* [haft], *ljúfur* [lju:vʏr] – *ljúft* [ljuft], *dagur* [ta:ʏʏr] – *dags* [taxs] o.s.frv. skiptast á rödduð og órödduð önghljóð. Þegar önghljóðin eru rödduð kemur sérhljóð næst á eftir, en óraddað samhljóð fer á eftir órödduðu önghljóðunum. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að láta sér detta í hug að hér hafi upphafshljóð endingarinnar líka áhrif á lokahljóð stofnsins, og lagi það að sér hvað röddun varðar. Við getum e.t.v. orðað það svo að í orðmyndum eins og *haft*, *ljúft*, *dags* o.s.frv. sé „slökkt á“ rödduninni einu hljóði fyrr en ella vegna þess að næsta hljóð á að vera óraddað. Athugið að hér væri ekki hægt að segja einfaldlega að við fengjum rödduð hljóð á undan sérhljóðum, órödduð á undan samhljóðum. Sumar beygingarendingar byrja nefnilega á **rödduðum** samhljóðum, í myndum eins og *hafði* [havði], *ljúfra* [ljuvra]; og þá helst lokahljóð stofnsins raddað.

Vegna þess að íslenska er tiltölulega mikið beygingamál er mjög mikið um hljóðavíxl af þessu tagi í stofnum málsins; sami stofninn getur oft fengið margar mismunandi endingar, sem hefjast á ólíkum hljóðum og hafa því mismunandi áhrif á stofninn. Stóran hluta af þessum víxlum má skýra á þann hátt sem hér hefur verið gert; sem sé með því að upphafshljóð endingarinnar leitist við að laga lokahljóð stofnsins að sér.

## 8.5 Sögulegar forsendur hljóðavíxla

Því fer þó fjarri að **öll** hljóðavíxl sem fyrir koma í stofnum málsins megi skýra á þennan hátt. Skoðum aftur víxl upp- og framgómmæltra lokhljóða, í orðum eins og *taka* – *taki*, *ríkur* – *ríki* o.s.frv. Það er ekki bara [ɪ] sem togar undanfarandi lokhljóð til sín; frammæltu sérhljóðin [i] og [ɛ], og frammæltu tvíhljóðið [ei], gera það líka. Þetta sjáum við í orðum eins og *Kína* [c<sup>h</sup>i:na], *keppa* [c<sup>h</sup>ehpa], *keyra* [c<sup>h</sup>ei:ra] o.s.frv. Þetta er eðlilegt; í þessum sérhljóðum er tungan framarlega í munnholinu, eins og í [ɪ].

En nú eru fleiri sérhljóð í málinu venjulega talin frammælt; það eru einhljóðin [ʏ] og [œ], og tvíhljóðið [œi] (og [yi]). Ekkert þessara hljóða gerir samt lokhljóðið á undan sér framgómmælt; við berum *kuldi* fram [k<sup>h</sup>ʏltɪ], ekki \*[c<sup>h</sup>ʏltɪ], *köttur* berum við fram [k<sup>h</sup>œhtʏr], ekki \*[c<sup>h</sup>œhtʏr], og *kaupa* berum við fram [k<sup>h</sup>œi:pa], en ekki \*[c<sup>h</sup>œi:pa]. Auk

Þess má benda á að við fáum framgómmæltu lokhljóðin ekki eingöngu á undan [i], [ɪ] og [ɛ], heldur líka á undan [ai], eins og í *kæla* [cʰai:la], *kæti* [cʰai:ti] o.s.frv. Þó er fyrri hluti [ai] ekki frammæltur.

Til að skýra þetta verður að leita á náðir málsögunnar. Það getur nefnilega gerst – og gerist mjög oft – að víxl sem komu upp sem fullkomlega eðlilegt hljóðfræðilegt ferli hætta að vera ýkja eðlileg frá hreinu hljóðmyndunarlegu (eða hljóðeðlisfræðilegu) sjónarmiði vegna breytinga í hljóðkerfi málsins. Hljóðin [ɣ], [œ] og [œi] eru öll komin af hljóðum sem í fornu máli voru uppmælt, og drógu því undanfarandi lokhljóð ekkert fram á við. [ai] er aftur á móti komið af frammæltu hljóði, sem hafði þá sömu áhrif á undanfarandi lokhljóð og hin frammæltu hljóðin, þ.e. [i], [ɪ], [ɛ] og [ei]. Þótt hljóðgildi þessara hljóða hafi breyst, halda þau enn svipuðum áhrifum á grannhljóð sín og þau höfðu í fornu máli.

Annað dæmi má taka af *u*-hljóðvarpinu svokallaða í íslensku – hinum algengu víxlum milli [a] og [œ] sem koma fyrir í nafnorðum (*kaka* – *köku*), lýsingarorðum (*gamla* – *gömlu*), sögnum (*kalla* – *köllum*) og fornöfnum (*aðrir* – *öðrum*). Í upphafi (fyrir meira en þúsund árum) fólst *u*-hljóðvarp aðeins í kringingu /a/ (og reyndar ýmissa fleiri hljóða sem ekki skipta máli hér) ef /u/ fór á eftir. Þessu má því líkja við framburðarmuninn á samhljóðaklösunum í *strykur* [stri:kʏr] og *strjúka* [strju:ka]. Þar er settur stútur á varirnar strax í upphafi orðsins, löngu áður er að kringda hljóðinu [u] er komið. Ekki var neitt fjarlægt, kringt hljóð fyrir í málinu (frekar en til eru kringd afbrigði af /s/, /t/ og /r/), þannig að nýja hljóðið (sem í samræmdri stafsetningu fornri er skrifað *ϕ* og hefur að hljóðgildi verið eitthvað nálægt [ɔ]) gat ekki ruglast saman við neitt. Víxl [a] og [œ] voru því hljóðmyndunarlega eðlileg víxl tveggja hljóðbrigða sama hljóðans, algerlega bundin við hljóðfræðilegt umhverfi; kringda hljóðbrigðið [ɔ] var notað ef kringt hljóð fór á eftir, annars ókringda hljóðbrigðið [a].

En síðan urðu ýmsar breytingar í málinu sem riðluðu þessu. Hljóðgildi *ϕ* breyttist úr uppmæltu kringdu hljóði, [ɔ], í frammælt [œ] eins og það er í nútímamáli. Hljóðið sem olli *u*-hljóðvarpinu, *u*-ið sjálft, var hins vegar uppmælt á þessum tíma, þ.e. [u], þótt nokkrum öldum síðar hafi það einnig orðið frammælt [ɣ] eins og það er í nútímamáli. Hljóðfræðilegur eðlileiki *u*-hljóðvarpsins minnkaði því; og þar við bættist að í nútímamáli verður ekki líkt því alltaf *u*-hljóðvarp þótt *u* standi í næsta atkvæði á eftir *a*, t.d. ekki þegar um er að ræða innskotshljóð á undan /r/ í orðum eins og *maður*, *svartur* og mörgum fleiri. Tilvist slíkra orða án hljóðvarps sýnir að hljóðvarpið er ekki lengur sjálfkrafa **hljóðmyndunarlegt** ferli. Og þá má spyrja: Hvers vegna gengur hljóðvarpið þá ekki til baka, úr því að upphafleg skilyrðing þess hefur breyst? Ástæðan er væntanlega sú að hljóðvarpið er orðið fast í málinu sem hljóðavíxl sem hafa beygingarlegt hlutverk; það fylgir ákveðnum beygingarflokkum og föllum á reglubundinn hátt.

Í sumum tilvikum hefur hljóðvarpsvaldurinn, *u*-ið, jafnvel alveg fallið brott, en hljóðvarpið heldur sér samt sem áður. Þannig er með orð eins og *barn* og *land*; í fyrndinni höfðu þau endinguna *-u* í nf. og þf. ft., *\*barnu*, *\*landu*. Þetta *u* olli síðan hljóðvarpi á

reglulegan hátt, svo að stofnsérhljóðið í fleirtölunni varð *ρ*, [ɔ]. Þegar endingin *u* féll brott hefði e.t.v. mátt búast við að hljóðvarpið gengi til baka og *a* kæmi aftur fram í fleirtölunni, en það gerist ekki eins og við vitum; fleirtala þessara orða í nútímamáli er *börn* og *lönd*, ekki *barn* og *land*. Ástæðan er væntanlega sú að hljóðavíxlin hafa þarna öðlast merkingarlegt hlutverk; munur [a] og [œ] er það eina sem greinir milli eintölu og fleirtölu, þegar endingin er á bak og burt.

Það skal lögð áhersla á að hér er ekki tilgangurinn að kenna málsögu, heldur sá einn að benda á, að enda þótt flest hljóðavíxl megi skýra með einhvers konar samlögun, þ.e. áhrifum eins hljóðs eða fleiri á grannhljóð sitt eða sín, þá er ekki víst að forsendur þessara áhrifa séu augljósar í nútímamáli; oft getur þurft að leita þeirra langt aftur í aldir. Forsendur sumra þessara víxla voru jafnvel þegar brostnar löngu áður en íslenska varð til sem sérstakt tungumál.

## 8.6 Tegundir og virkni hljóðavíxla

Hljóðavíxlum er venjulega skipt í flokka eftir skilyrðingu, þ.e. eftir því hvað það er sem stjórnar þeim. Þegar þau stjórna eingöngu af hljóðfræðilegu umhverfi er talað um **hljóðkerfisreglur** eins og hér hefur verið gert. Það eru greinilega hljóðkerfisreglur sem ráða því hvort hljóðanið /y/ kemur fram sem [x] eða [ɣ]. Það eina sem þar skiptir máli er hvaða hljóð kemur á eftir; orðflokkur, fall, tíð, stig eða önnur beygingarleg atriði skipta engu máli. Þetta eru því **hljóðkerfislega skilyrt víxl** (e. *phonologically conditioned alternation*).

Sérhljóðavíxlin í beygingu sterkra sagna, **hljóðskiptin** svokölluðu, eru hins vegar greinilega annars eðlis. Við höfum bæði *bít* og *beit*, þar sem [i] og [ei] koma fyrir í sama umhverfi. Við höfum líka bæði *bítum* og *bitum*, *bítið* og *bitið*, og því er augljóst að víxlin milli hljóðanna eru ekki hljóðfræðilega skilyrt. Þau hafa aftur á móti beygingarlegt hlutverk; [i] í *bít* sýnir okkur að um nútíð er að ræða, en [ei] í *beit* táknar þátíð. Slík **beygingarlega skilyrt víxl** (e. *morphologically conditioned alternation*) eru nefnd **hljóðbeygingarreglur** (e. *morphophonemic rules*).

Ekki er alltaf augljóst í fljótu bragði hvort skilyrðing víxla er hljóðkerfisleg eða beygingarleg. Skoðum t.d. víxlin í stofnsérhljóði nafnorðsins *háttur*. Beygingin er *háttur* – *hátt* – *hætti* – *háttar*; *hættir* – *hætti* – *háttum* – *háttu*. Við sjáum að *æ* leysir á af hólmi þegar *i* er í endingunni, annars ekki. Sama breyting verður í orðunum *máttur*, *þáttur*, *sláttur* o.fl., svo að okkur gæti dottið í hug að hér væri um að ræða hljóðkerfislega skilyrt víxl – hljóðkerfisreglu sem breytti [au] í [ai] á undan [l]. En svo er þó ekki, eins og kemur í ljós ef við skoðum sögnina *háttu*. Viðtengingarháttur nútíðar í eintölu, 1. og 3. persóna, er *hátti*, og í 2. persónu *hættir*. Ef hér væri um hljóðkerfisreglu að ræða ætti þarna að koma (*þótt ég*) *hætti* og (*þótt þú*) *hættir*. Þær myndir eru auðvitað til í málinu, en ekki sem myndir af sögninni *háttu*, heldur *hætta*.

Sama gildir um þátíð sagnarinnar *mega* í framsöguhætti eintölu; 1. og 3. persóna er þar *mátti*, 2. persóna *máttir*. Ef um hljóðkerfisreglu væri að ræða ætti þarna að koma *mætti*, *mættir* – sem er vitanlega til, en eingöngu sem viðtengingarháttur, ekki framsöguháttur. Þetta sýnir að regla sem breytir [au] í [ai] á undan [ɪ] getur ekki verið hljóðkerfisregla, því að hún verkar því að eins að ákveðnir beygingarþættir séu til staðar í orðinu sem henni er beitt á. Þetta er því hljóðbeygingarregla.

Eitt af því sem oft hefur áhrif á verkan reglna eru skil milli orðhluta. Lítum t.d. á orðið *salur* í þágufalli eintölu með greini, *salnum*. Hér stendur [ɣ] í næsta atkvæði á eftir [a] og mætti því búast við að *u*-hljóðvarpsregla verkaði og setti [œ] í stað [a] þannig að við fengjum *\*sölnum*, rétt eins og í þágufalli fleirtölu, *sölum*. En ástæðan fyrir því að við fáum ekki *\*sölnum* er vantanlega sú að *u*-ið þarna tilheyrir ekki beygingarendingu, eins og *u*-ið í *sölum* (sem er í endingu þágufalls fleirtölu), heldur viðskeytta greininum; *sal+num* (< *sal (h)inum*). Hliðstætt dæmi má taka af boðháttarmyndum margra sagna; boðháttur af *fara* er *farðu*, ekki *\*förðu*. *u*-ið þar veldur ekki heldur hljóðvarpi.

Þegar að er gáð er það ekki svo skrítið að skilin þarna á milli séu sterkari og færri reglur verki yfir þau en skilin milli stofns og beygingarendingar. Bæði viðskeytti greinirinn og *-ðu* í boðhætti eru (sögulega séð) leifar af sjálfstæðum orðum, en beygingarendingarnar ekki. Því er skiljanlegt að hin fyrrnefndu séu óháðari orðinu sem þau tengjast.

Skil milli rótar og forskeyta eða viðskeyta virðast hafa nokkuð mismunandi stöðu. Stundum verka allar reglur yfir þau, en stundum virðast þau hindra ýmsar reglur. Yfirleitt virðist það vera svo að eftir því sem erfiðara er að tengja ákveðna merkingu við aðskeytin eru meiri líkur á að allar reglur verki yfir skilin. Berið t.d. saman orðin *fallegur* [fatlɛɣʏr] og *heillegur* [heil:ɛɣʏr]. Bæði eru mynduð með viðskeytinu *-legur*, sem skeytt er við stofn sem endar á /l/, en /ll/ er borið fram [tl] í því fyrra, en [l:] í því seinna. Hvað kemur til?

Það sem skiptir máli virðist vera að í orðinu *fallegur* eru rót og viðskeyti runnin saman í eina merkingarlega heild í hugum málnotenda; fólk tengir það tæpast við lýsingarorðið *falur* lengur. Það leiðir til þess að skilin veiklast og hætta að hindra reglur. Í orðinu *heillegur* eru tengslin við lýsingarorðið *heill* aftur á móti skýr, og skilin haldast því. En í algengum samsettum orðum virðast skilin oft veiklast með tímanum; orðin verða merkingarleg heild í hugum manna, tengslin við upprunann glatast, og farið er að beita reglum eins og orðin væru ósamsett. Sem dæmi má nefna orð eins og *máltíð* [maultʰið] og *Valtýr* [valtʰir] sem nú eru oft borin fram með órödduðu /l/, [l] (og ófráblásnu lokhljóði), þ.e. [maultʰið] og [valtʰir]; *einhver* er oft borið fram [eiŋkvɛr]; og *vitlaus* er alltaf borið fram með aðblæstri, [vihtlœis].

Algengt er líka að heimafólk beri samsett örnefni öðruvísi fram en þau sem ekki þekkja til. Heimafólk er alið upp við örnefnin og hugsar ekki um þau sem samsett orð

þar sem hver hluti hafi sína merkingu, heldur aðeins sem nöfn á ákveðnum stöðum eða fyrirbærum. Það beitir því reglum eins og engin skil væru í orðunum. Aðkomufólk er aftur á móti víst til að reyna að skilja örnefnin með því að tengja þau öðrum orðum; það setur því skil ef það getur tengt hvern hluta við eitthvað annað, og lætur reglur ekki verka þar á milli. Dæmi um þetta er *Stafnes*, sem heitir [stapnes] á Suðurnesjum en utanaðkomandi kalla iðulega [stavnes].

## 9. FRAMBURÐARTILBRIGÐI Í ÍSLENSKU

### 9.1 Framburðarafrbrigði

Hér hefur oftast aðeins verið hljóðritaður einn framburður þeirra orða sem tekin eru sem dæmi. Þar er valinn sá framburður sem meirihluti Íslendinga notar. Hins vegar er ekki verið að segja með því að sá framburður sé eldri, betri, fegurri eða æskilegri en einhver annar. Það er að vísu oftastnær hægt að skera úr um hvaða framburðarafrbrigði er elst, en hærri aldur er ekki nægileg rök til að taka eitt afrbrigði umsvifalaust fram yfir annað. Og hvaða afrbrigði sé fegurst eða æskilegast er ævinlega matsatriði, sem fólk verður seint sam-mála um.

Þótt flest tilbrigði í framburði sem hér verða nefnd séu tengd við einstaka landshluta eða héruð ber að varast að taka það of hátíðlega. Fólksflutningar hafa verið miklir milli landshluta, og ferðalög innanlands hafa stórauðist og þar með kynni fólks af öðrum mállýskum. Síðast en ekki síst verður svo að benda á áhrif útvarps og sjónvarps, sem örugglega eru mjög mikil. Þar heyrir fólk oft annan framburð en þann sem það er vant í nánasta umhverfi sínu, og með tímanum getur þetta breytt framburði þess.

Allt þetta veldur því að öll mállýskusvæði eru nú miklu blandaðri en áður. Það er ekki lengur hægt að fullyrða að **allt fólk** í einhverjum tilteknum landshluta hafi einhvern ákveðinn framburð. Samt sem áður eru ákveðin tilbrigði í framburði yfirleitt útbreiddust og mest áberandi á einhverju ákveðnu svæði; og það er það sem átt er við hér á eftir, þegar mál-lýskur eru tengdar landsvæðum.

Þótt breyttar aðstæður valdi því að munur á framburði eftir landshlutum fari minnkandi, má ekki gleyma því að sömu breytingar á aðstæðum geta skapað eða ýtt undir aðra tegund mállýskumunar; mun eftir aldri. Fyrr á tímum, þegar flestir Íslendingar bjuggu í sveitum, umgekkst fólk af mismunandi kynslóðum mun meira; nú, á tímum bæja og borga, umgengst fólk meira jafnaldra sína, og því hafa skapast skilyrði fyrir t.d. sérstakt unglingamál. Það er því ekki óeðlilegt að jafnframt því sem hin gömlu svæðamörk mállýsknanna dofna komi upp aldursmörk í staðinn.

Hér á eftir verða talin upp flest helstu og þekktustu framburðartilbrigði í málinu. Þetta er alls engin tæmandi upptalning; ýmis smærri afrbrigði mætti nefna, sem ná til mjög fárra og eru sum alveg að hverfa. Auk þess er svo auðvitað fjöldi af einstaklingsbundnum frávikum frá venjulegum framburði, sem engin ástæða er til að elta ólar við.

### 9.2 Svæðisbundinn mállýskumunur

#### 9.2.1 Harðmæli

Meginhluti Norðlendinga (einkum þó Eyfirðingar og Þingeyingar) notar fráblásin lokhljóð í stað ófráblásinna í inn- og bakstöðu, í orðum sem skrifuð eru með *p*, *t*, *k*; orð eins og *gapa*, *rita*, *sækja*, *vaka*, *óp*, *gat*, *þak* eru þá borin fram [ka:p<sup>h</sup>a], [ri:t<sup>h</sup>a], [sai:c<sup>h</sup>a], [va:k<sup>h</sup>a], [ou:p<sup>h</sup>], [ka:t<sup>h</sup>], [θa:k<sup>h</sup>] í stað [ka:pa], [ri:ta], [sai:ca], [va:ka], [ou:p], [ka:t], [θa:k], eins og

yfirleitt er gert annars staðar á landinu. Fráblástursframburðurinn er venjulega nefndur **harðmæli**, en framburður meirihlutans **linmæli**. Athugið að á eftir órödduðum hljóðum eru lokhljóð aldrei fráblásin í eðlilegri íslensku eins og áður er nefnt, ekki heldur í harðmæli; þannig segja öll [spɪːla] *spila*, [aftʏr] *aftur*, [sɔhkʏr] *sokkur*, en enginn \*[spʰɪːla], \*[aftʰʏr], \*[sɔhkʰʏr].

### 9.2.2 Raddaður framburður

Á austanverðu Norðurlandi og norðanverðu Austurlandi (í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og Norður-Múlasýslu) eru nefhljóð og hliðarhljóð yfirleitt rödduð á undan *p*, *t*, *k*, þar sem aðrir hafa yfirleitt órödduð hljóð. Sama gildir um *ð* á undan *k*. Þar sem harðmæli er einnig ríkjandi framburður á þessum svæðum eru orð eins og *hampur*, *skemmta*, *aumka*, *henta*, *hanki*, *seinka*, *hjálpa*, *bolti*, *hálka*, *blaðka* borin þar fram [hampʰʏr], [scɛmtʰa], [œimkʰa], [hentʰa], [haunʰɪ], [seinʰkʰa], [çaulpʰa], [pɔltʰɪ], [haulkʰa], [plaðkʰa] í stað [hampʏr], [scɛmʔta], [œimʔka], [hentʔa], [hauŋʔɪ], [seinʔka], [çaulʔpa], [pɔʔtɪ], [haulʔka], [plaθka]. Þetta er kallað **raddaður framburður**. Sambandið *lt* hefur þó nokkra sérstöðu að þessu leyti; mörg hafa þar alltaf óraddað [l] þótt þau hafi raddaðan framburð að öðru leyti. Orðið *piltur* er t.d. alltaf borið fram [pʰɪltʏr], aldrei \*[pʰɪltʰʏr]. Sveifluhljóð eru hins vegar aldrei rödduð í þessu umhverfi; allir bera orð eins og *harpa*, *hart*, *harka* fram [haɾpa], [haɾt], [haɾka].

### 9.2.3 hv-framburður

Víða um Suðurland (í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslum) tíðkast svokallaður **hv-framburður**. Orð sem skrifuð eru með *hv-*, og meginhluti fólks ber fram með [kʰv-], hafa þá önghljóðið [x] í framstöðu. Hins vegar er framhaldið með ýmsu móti; og orð eins og *hvar* er ýmist borið fram [xaːr], [xvaːr] eða [xʷaːr], þar sem [ʷ] táknar að varir eru kringdar við myndun önghljóðsins. Að einhverju leyti eru þessi afbrigði e.t.v. svæðisbundin, en þó nota mörg þau á víxl.

### 9.2.4 bð-, gð-framburður

Víða á Norðurlandi, einkum austanverðu, bera sum fram lokhljóð á undan [ð] í stað önghljóða sem flest hafa. Þá eru orð eins og *hafði* og *sagði* borin fram [hapði] og [sakði] í stað [havði] og [sayði]; og *dreifð byggð* er þá borið fram [treipθ pɪkθ], þar sem [θ] leysir [ð] af hólmi í bakstöðu á eftir órödduðu hljóði. Þessi framburður virðist nú vera á miklu undanhaldi, og nær eingöngu notaður af miðaldra fólki og eldra.

### 9.2.5 ngl-framburður

Í orðum eins og *kringla*, *dingla*, *England* o.s.frv. er yfirleitt ekki borið fram lokhljóð þótt stafsetningin bendi til þess. Flest segja [kʰrɪŋla], [tɪŋla], [eɪŋlant]. Víða um Norðurland (einkum í Fljótum, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Svarfaðardal o.v.) ber fólk þó fram lokhljóð í slíkum orðum, og segir þá [kʰrɪŋkla], [tɪŋkla], [eɪŋklant]. Þetta er nefnt *ngl-framburður*.

### 9.2.6 rn-, rl-framburður

Í Austur-Skaftafellssýslu ber sumt fólk orð sem skrifuð eru með *rn* og *rl* fram án nokkurs lokhljóðs, og segja [parnið] *barnið*, [k<sup>h</sup>arlín] *karlinn*. Flest fólk ber hins vegar fram lokhljóð í orðum af þessu tagi, en misjafnt er hvort [r] fellur brott eða ekki; fólk segir ýmist [partnið], [k<sup>h</sup>artlín] eða [patnið], [k<sup>h</sup>atlín]. Það er hins vegar ekki svæðisbundið hvort þessara síðarnefndu afbrigða fólk notar, heldur fer það eftir einstaklingum og málsmáti, og er auk þess misjafnt eftir orðum.

### 9.2.7 Vestfirskur einhljóðaframburður

Á Vestfjörðum bera sum fram einhljóð á undan fram- og uppgómmæltum nefhljóðum, þar sem flest hafa tvíhljóð. Þau sem hafa einhljóðsframburðinn bera þá *hanga*, *banki*, *lengur*, *töng* fram [haŋka], [paŋci], [leŋkvr], [t<sup>h</sup>œŋk], í stað [haunka], [paunci], [leinkvr], [t<sup>h</sup>œink]. Sum sem hafa þennan framburð bera líka fram [ɪ] og [ʏ] við sömu aðstæður í stað [i] og [u], og bera *þyngri* og *ungur* fram [θɪŋkri] og [ʏŋkvr] í stað [θinkri] og [unŋkvr].

### 9.2.8 Skaftfellskur einhljóðaframburður

Margir Skaftfellingar bera fram löng einhljóð á undan [ji], þar sem flest hafa tvíhljóð. Í einhljóðsframburði eru orðin *snagi*, *hugi*, *bogi*, *lögin* borin fram [stna:ji], [hy:ji], [pɔ:ji], [lœ:jɪn] í stað [stnaiji], [hyiji], [poiiji], [lœijɪn]. Hins vegar bera flest sem annars hafa þennan einhljóðaframburð fram [ei] en ekki [ɛ] í orðum eins og *vegin*, og segja [veijin] eins og önnur.

## 9.3 Annar málýskumunur

### 9.3.1 „Flámæli“

Svokallað „flámæli“ var áður algengt víða um land, einkum þó á Austfjörðum, Suðurnesjum, Reykjavíkursvæðinu o.v. Það felst í því að löng [ɪ:] og [ɛ:] nálgast hvort annað, og einnig löng [ʏ:] og [œ:]. Þetta þýðir með öðrum orðum að [ɪ:] og [ʏ:] fjarlægjast, en [ɛ:] og [œ:] verða nálægari. Þarna koma því út millihljóð sem mætti hljóðrita sem [ɪ] og [ʏ] eða [ɛ] og [œ]. Einnig koma stundum út úr þessu tvíhljóð, [ɪɛ:] og [ʏö:]. Við þetta getur orðið lítill framburðarmunur á orðum eins og *skyr* og *sker*, eða *skutur* og *skötur*. Mikið hefur nú dregið úr flámæli, enda var mjög barist gegn því á sínum tíma. Það heyrir nú einkum meðal eldra fólks. Þó virðist þeirrar tilhneigingar gæta nokkuð hjá unglingum að gera [œ:] nálægara þannig að það nálgist [ʏ:]; þá fer framburður orða eins og *blöð* og *sög* að verða í líkingu við [ply:ð] og [sy:ʏ].

### 9.3.2 Höggmæli

Auk þeirra átta lokhljóða sem koma fyrir í venjulegum íslenskum framburði bregður svonefndu **raddbandalokhljóði** fyrir í framburði sumra. Það myndast þannig að raddböndin eru snögglega klemmd saman, og loka þannig algerlega fyrir loftstrauminn örstutta stund. Þetta hljóð, sem hljóðritað er [ʔ], kemur einkum fyrir í innstöðu á undan lokhljóðum

eða í stað þeirra, t.d. í *Bjarni* [pjaʔ(t)nɪ], *einnig* [eiʔ(t)nɪʏ], *fótbolti* [fouʔpɔʔtɪ]. Ekki er vitað til að þessi framburður, sem er nefndur **höggmæli**, sé staðbundinn; hans verður vart hjá fólki víða um land, og á ýmsum aldri. Algengt er líka að mikið beri á höggmæli í framburði barna á vissum aldri, en það hverfi síðan algerlega úr máli þeirra.

### 9.3.3 Önglhjóð/lokhljóð á undan [s]

Undanfarna áratugi hefur verið að ganga yfir breyting á framburði uppgómmæltra hljóða á undan [s], í orðum eins og *buxur*, *kex*, *vaxa* og *bakstur*. Slík orð voru áður borin fram með önglhjóðinu [x]: [pʏxsʏr], [cʰexs], [vaxsa], [paxstʏr]; en nú bera mjög mörg þau fram með **lokhljóðinu** [k] í staðinn, og segja [pʏksʏr], [cʰeks], [vaksa], [pakstʏr]. Óvíst er hvenær þessi framburður kom upp, en breytingin virðist ganga mjög hratt yfir. Sennilega hefur stór hluti þeirra sem fæddir eru eftir 1960 lokhljóðsframburðinn, en meginhluti þeirra sem eldri eru önglhjóðsframburð. Munurinn virðist hins vegar ekki vera landshluta-bundinn.

### 9.3.4 Tvinnhljóðun

Á seinni árum verður þess vart að orð með /tj/, s.s. *tjald*, *tjá*, *tjón* séu borin fram með einhvers konar blísturshljóði milli /t/ og /j/ þannig að úr verður tvinnhljóð; [tʰjalt], [tʰjau:], [tʰjoun:] í stað [tʰjalt], [tʰjau:], [tʰjoun:]. Sama gildir að einhverju marki um orð með /dj/, s.s. *djöfull*, *djass*; [tsjœ:fʏtʰ] [tsjas:] í stað [tjœ:fʏtʰ] [tjas:]. Þetta virðist vera tiltölulega ný málbreyting og er algengari meðal yngra fólks en gætir þó einnig hjá eldra fólki. Breytingin virðist einnig heldur útbreiddari á Suðurlandi en norðan lands.

### 9.3.5 „Óskýrmæli“

Orðið **óskýrmæli** er oft notað um ýmis frávík frá þeim framburði sem fólk telur „skýran“ og „eðlilegan“, án þess að það sé skilgreint nánar. Það er líka mjög oft matsatriði hvaða framburður sé „skýr“ og „eðlilegur“, og hversu mikil frávikin þurfi að vera til að réttlætangelg sé að tala um „óskýran“ framburð. Meðal þess sem helst er kennt við óskýrmæli er brottfall önglhjóða milli sérhljóða og í bakstöðu og brottfall nefhljóðs og nefjun undanfarandi sérhljóðs, eins og nánar er rakið í 9.4. Einnig geta sérhljóð í áherslulausum atkvæðum fallið brott, þannig að *sem sagt* verði [sɛst].

Til óskýrmælis má líka telja það þegar tvíhljóð einhljóðast, eins og oft gerist; einkum með stutt tvíhljóð, og frekar í áherslulausum atkvæðum. Sem dæmi má nefna *námsbækur* [naumspakʏr] í stað [naumspaikʏr], *vitlaust* [vihtlœst] eða [vihtlyst] í stað [vihtlœist], *sólskin* [sɔlsɕm] í stað [soulɕm].

Í umræðum um óskýrmæli er það oftast frekar tengt börnum og unglingum en full-orðnu fólki. Sennilega er það rétt, en þó koma þau einkenni sem hér hafa verið nefnd að einhverju leyti fram í máli fólks á öllum aldri, og um allt land.

Að lokum skal bent á að því fer fjarri að öll frávík framburðar frá stafsetningu megi flokka undir óskýrmæli. Um þetta er fjallað nánar í 9.4.

## 9.4 Brottföll og samlaganir

Stundum er sagt að **skýr framburður** felist í því að „bera fram alla stafina“. Þetta er villandi orðalag af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi berum við ekki fram stafi, heldur **hljóð**; bókstafirnir eru hins vegar fulltrúar hljóðanna í riti, og þessu tvennu má ekki rugla saman, enda höfum við hér að framan kynnst margs konar ósamræmi milli stafsetningar og framburðar.

Í öðru lagi er það rangt að hver einasti bókstafur í orðinu rituðu skuli alltaf eiga sér fulltrúa í framburðarmynd þess. Mjög algengt er að einhver hljóð, t.d. lokahljóð stofns, sem koma fram í sumum beygingarmyndum orðs, komi ekki fram í öðrum myndum þess eða skyldum orðum, án þess að nokkur ástæða sé til að tala um óskýrmæli. Þótt [k] sé í karlkyni lýsingarorðsins *margur* og [v] í nafnhætti sagnarinnar *þurfa* bera engin hvorugkynið *margt* fram \*[markt] eða \*[maṛkt], né þátíðina *þurfti* fram \*[θʏrvʏtɪ] eða \*[θʏrftɪ]. Öll segja [maṛt] og [θʏrʏtɪ], þótt *g* og *f* séu auðvitað **skrifuð** í þessum myndum.

Dæmi á við þessi eru mýmörg í málinu, einkum í samhljóðaklösum sem myndast þegar ending sem hefst á samhljóði bætist við stofn sem endar á tveimur (eða fleiri) samhljóðum, eins og í *marg+t*, *þurf+ti*. Þá er algengast að miðhljóð klasans (eitt eða fleiri) falli brott, en upphafs- og endahljóð hans standi eftir. Ekki er þetta þó algilt, og útilokað að gefa nákvæmar reglur um slík brottföll. Það er líka misjafnt eftir einstaklingum, talhraða, stíl o.s.frv. hversu víðtæk þau eru. Sum eru algild, eins og í *margt* og *þurfti*; en sá sem segir *heimsks barns* [heims pas:] í daglegu tali gæti átt það til að segja [heimsks partnʂ] við formlegar aðstæður. Í slíkum tilvikum er mjög erfitt að segja hvenær réttlætanlegt er að tala um „óskýran“ framburð; og eins hvenær hægt er að tala um **ofvöndun** (e. *hypercorrection*), þ.e. að framburðurinn sé lagaður um of að stafsetningunni.

Það er líka fullkomlega eðlilegt að fella brott áherslulaus sérhljóð í bakstöðu ef næsta orð hefst á sérhljóði. *Ég sagði ekki neitt* berum við fram [ˈjɛ:ʏˈsaððɐhˌcɪˈneiht], en ekki [ˈjɛ:ʏˈsaððɪˈɐhcɪˈneiht], og *Þeir fóru út* berum við fram [ˈþeɪrˌfourˈu:t], ekki [ˈþeɪrˌfouˈrʏˈu:t].

[h] fellur einnig brott í framstöðu áherslulausra orða í eðlilegu, samfelldu tali; *Fór hann burt?* berum við fram [ˈfouːranˈpʏrt], ekki [ˈfouːrˈhanˈˈpʏrt], og *Ég sýndi henni hann* berum við fram [ˈjɛ:ʏˈsintɐnˌan], ekki [ˈjɛ:ʏˈsintɪˈhɛnˌɪˈhanˌ]. Þegar [h] fellur framan af fornöfnunum í seinna dæminu eru komin saman sérhljóð í upphafi orðanna og sérhljóð í enda næsta orðs á undan; þau síðarnefndu falla þá brott í samræmi við áðurnefnda reglu. [h] er hins vegar borið fram í slíkum tilvikum ef orðin bera áherslu.

Í samfelldu tali verða oft ýmiss konar samlaganir milli tveggja samliggjandi orða; oftast þannig að fyrsta hljóðið í seinna orðinu leitast við að laga seinasta hljóðið í því fyrra að sér, t.d. hvað varðar röddun. *Þar sem* er t.d. oftast borið fram [θaɹsem], með órödduðu [ɹ] fyrir áhrif frá óraddaða [s]-hljóðinu. Hið sama má sjá í samsettum orðum; ef fyrri liður endar á rödduðu hljóði og sá seinni hefst á órödduðu er algengt að óraddaða hljóðið hafi

áhrif á hitt. Við segjum oftast *fjár sjóður* ['fjaʊsʝou,ðʏr], ekki ['fjaʊ:r,ʝouðʏr], *hafskip* ['hafscɪp], ekki ['ha:vscɪp].

Nefhljóð samlagast mjög oft eftirfarandi lokhljóði að myndunarstað. Við segjum oft *samkoma* ['saŋkʰɔ,ma], *innbær* ['ɪnpair] í stað ['samkʰɔ,ma], ['ɪnpair]. Slík samlögun verður líka milli orða, þannig að sagt er (*Maðurinn*) *sem kom, sem keyrði, sem dó* [seŋkʰɔ:m], [sepcʰeirði], [sentou:] í stað [sem] alls staðar.

Þessu skylt er það, sem áður hefur verið nefnt, að í upphafi ýmissa fornafna og atviksorða er borið fram [ð] í stað [θ], þegar þessi orð standa í áherslulausri stöðu í setningum. Þannig segjum við *Ég sýndi þér það* ['jɛ:ʏ'sintið,jeɹða(ð)] en ekki ['jɛ:ʏ'sinti 'θjɛ:r'θa:ð]. Þurfi hins vegar að leggja áherslu á orðin er borið fram [θ]; *Ég sýndi þér ÞETTA* ['jɛ:ʏ'sintið,jeɹ'θɛhta].

Ekkert af því sem hér hefur verið nefnt er ástæða til að kalla óskýrmæli; þvert á móti er flest af því langeðlilegasti framburðurinn. Á hinn bóginn er venja að kenna það við óskýrmæli þegar önghljóð, einkum [ð] og [ɣ], falla brott milli sérhljóða og í bakstöðu. Þannig er algengt að fólk beri *dagblað* fram [ta:pla] í stað [tayplað], og felli því brott bæði [ɣ] og [ð]. Smáorð eins og *og* og *það* eru líka oft borin fram [ɔ] og [θa] eins og áður er nefnt. Einnig er algengt að nefhljóð falli brott, og skilji þá iðulega eftir nefjun á undanfarandi hljóði; þannig er *mannsins* oft borið fram [mãsɪs], *sem* er borið fram [sɛ], o.s.frv. Jafnvel geta sérhljóð í áherslulausum atkvæðum fallið brott, þannig að *sem sagt* verði [sɛ:st].

Til óskýrmælis má líka telja það þegar tvíhljóð einhljóðast, eins og oft gerist; einkum með stutt tvíhljóð, og frekar í áherslulausum atkvæðum. Sem dæmi má nefna *námsbækur* ['naũspa,kʏr] í stað ['naumspai,kʏr], *vitlaust* ['vihtlœst] eða ['vihtlyst] í stað ['vihtlœist], *sólskin* ['sɔlscɪn] í stað ['soulscɪn].

Þetta verður látið nægja um brottföll, samlaganir, einhljóðanir og annað þvíumlíkt. Athugið enn að það er nauðsynlegt að láta ekki stafsetninguna blinda sig, og reyna í staðinn að þjálf hljóðheyrnina sem best.

## 10. HLJÓÐFERLI Í ÍSLENSKU

### 10.1 Raddbandareglur

#### 10.1.1 Afröddun

Lítum fyrst á orð sem hafa [+hljómandi] samhljóð (nefhljóð, hliðarhljóð og sveifluhljóð) á undan lokhljóðunum /p, t, k/, þ.e. þeim sem eru merkt [+sperrt raddglufa]. Í mörgum slíkum orðum er til tvenns konar framburður, eins og nefnt er í 9.2.2; meginhluti fólks ber þau fram með órödduðum [+hljómandi] hljóðum og eftirfarandi ófráblásnum lokhljóðum, en sumir Norðlendingar bera þau fram með rödduðum nefhljóðum og /l/ og eftirfarandi fráblásnum lokhljóðum, eins og nánar er komið að hér á eftir. /r/ hefur hins vegar sérstöðu; það er óraddað í þessu umhverfi í máli allra, og ekki bara á undan lokhljóðunum /p, t, k/, heldur líka á undan /s/.

Meginhluti fólks ber því orðin *heimta*, *vanta*, *fólk* fram [heim̥ta], [van̥ta], [fou̥lk]; og öll bera orð eins og *orka*, *virtur*, *garpur* fram [ɔ̥rka], [vi̥rt̥yr], [kḁrp̥yr], en hvorki \*[ɔ̥rkʰa], \*[vi̥rt̥ʰyr], \*[kḁrp̥ʰyr] (með fráblásnum lokhljóðum) né \*[ɔ̥rka], \*[vi̥rt̥yr], \*[kḁrp̥yr] (með rödduðu sveifluhljóði). Orð eins og *hvers*, *gersemi*, *þversum* bera líka öll fram [kʰv̥ers], [c̥e̥r̥semi], [θv̥ers̥ym]. Nefhljóð og hliðarhljóð eru hins vegar rödduð á undan /s/; öll bera *heimskur*, *dans*, *háls* fram [heim̥sk̥yr], [tan̥s], [haul̥s] en ekki \*[heim̥sk̥yr], \*[tan̥s], \*[haul̥s].

Sambandið /lt/ hefur hér nokkra sérstöðu. Sum orð með því sambandi hafa óraddað [l] í máli allra, jafnvel þeirra sem annars hafa raddaðan framburð. Þannig segja öll [pʰɪ̥lt̥yr] *piltur* og [kʰḁlt̥] *kalt* en engin segir \*[pʰɪ̥lt̥ʰyr] og \*[kʰalt̥ʰ]. Það er hins vegar misjafnt hvort þau sem annars hafa raddaðan framburð bera *gult*, *svalt* og *bolti* fram [k̥y̥lt̥ʰ], [s̥valt̥ʰ] og [p̥olt̥ʰ] eða [ky̥lt̥], [sval̥t̥] og [polt̥]. Orðmyndin *mælt* er athyglisverð í þessu sambandi. Hún er lýsingarháttur þátíðar af tveimur sögnum, *mæla* – *mældi* og *mæla* – *mælti*. Sum hafa raddað hliðarhljóð í orðmyndinni ef hún tilheyrir fyrrnefndu sögninni, [mail̥t̥ʰ], en öll hafa óraddað hljóð í lýsingarhætti þátíðar af síðarnefndu sögninni, [mai̥lt̥]. Þetta á sér sögulegar rætur; einu sinni voru tvö mismunandi /l/-hljóð í málinu.

Í mörgum orðum koma fyrir víxl raddaðra og óraddaðra hljómena, þannig að órödduðu hljóðin standa á undan /p, t, k/, og [r̥] auk þess á undan /s/, en rödduðu hljóðin annars staðar. Þau órödduðu koma þá einkum fyrir þegar hvorugkynsending lýsingarorða, þátíðarending sagna eða eignarfallsending karlkyns- og hvorugkynsnafnorða bætist við stofninn. Slík víxl má t.d. sjá í *harður* [har̥ðyr] – *hart* [har̥t̥], *gulur* [k̥y̥ːlyr] – *gult* [k̥y̥lt̥], *vanur* [vaːnyr] – *vanra* [vanra] – *vant* [van̥t̥], *synda* [s̥ynta] – *synti* [s̥ynt̥i], *herða* [her̥ða] – *herti* [h̥e̥rt̥i], *ár* [auːr] – *árs* [au̥rs̥]. Ef gert er ráð fyrir rödduðu hljóðunum í grunnmynd er hægt að fá einfalda lýsingu á því hvar þau órödduðu koma fyrir.

Auk víxla raddaðra og óraddaðra hljómena koma einnig fram víxl í sambandinu /ðk/. Meginhluti fólks ber orð með /ðk/ fram með órödduðu önghljóði; *blaðka* [plaθka], *maðkur* [maθkʏr] o.s.frv., en þau sem bera fram raddaða hljómendur á undan /p, t, k/ hafa yfirleitt raddað önghljóð (og fráblástur) í slíkum orðum; [plaðk<sup>h</sup>a], [maðk<sup>h</sup>ʏr] o.s.frv. Hjá þeim sem hafa óraddaðan framburð geta komið fram víxl raddaðra og óraddaðra hljóða í skyldum orðum: *rauður* [rœi:ðʏr] – *Rauðka* [rœiθka], *blíður* [pli:ðʏr] – *blíðka* [pliθka] o.s.frv.


### 10.1.2 Tengsl afröddunar og fráblásturs

Á eftir órödduðum hljóðum eru lokhljóð yfirleitt aldrei fráblásin eins og nefnt er í 7.3.2. Öll bera fram *spara* [spa:ra] en ekki \*[sp<sup>h</sup>a:ra], *aftur* er [aftʏr] en ekki \*[aft<sup>h</sup>ʏr], *rakt* er [rakt] en ekki \*[rakt<sup>h</sup>], *hastur* er [hastʏr] en ekki \*[hast<sup>h</sup>ʏr], *harpa* er [harpa] en ekki \*[harp<sup>h</sup>a]; og þau sem hafa órödduð [j], [m], [n], [θ] í innstöðu bera *mjólkin*, *skemmtun*, *svunta*, *traðka* fram [mjoulcɪn], [scɛmtʏn], [svʏnta], [t<sup>h</sup>raθka] en ekki \*[mjoulc<sup>h</sup>ɪn], \*[scɛmt<sup>h</sup>ʏn], \*[svʏnt<sup>h</sup>a], \*[t<sup>h</sup>raθk<sup>h</sup>a]. Þetta kemur líka fram í aðblæstri á eftir [h] sem er auðvitað óraddað hljóð; sjá nánar hér á eftir.

Í 7.6 var bent á að þátturinn [+sperrt raddglufa] kæmi út á mismunandi hátt eftir því um hvaða hljóð væri að ræða; í lokhljóðum kæmi hann út sem fráblástur en í öðrum hljóðum sem raddleysi. Þetta stafar af því að raddböndin geta yfirleitt ekki titrað nema þau liggi þétt saman. Ef lokhljóð er [+sperrt raddglufa] þýðir það að þegar munnlokun rofnar (varalokun í /p/, lokun við tannberg í /t/ o.s.frv.) eru raddböndin glennt sundur, og það tekur smástund fyrir þau að færast saman aftur. Á meðan streymir loftið nokkuð óhindrað upp á milli þeirra, og það loftstreymi köllum við fráblástur. Sé lokhljóð hins vegar [–sperrt raddglufa] eru raddböndin þétt saman þegar munnlokun rofnar, og því getur næsta hljóð hafist strax; enginn blástur kemur þar á milli. Þessu var lýst í 4.3.1.

Tengslin milli fráblásturs og afröddunar má skýra með því að gera ráð fyrir færslu þáttarins [+sperrt raddglufa] af lokhljóðinu á undanfarandi hljóð. Þá missir lokhljóðið fráblásturinn en undanfarandi hljóð verður óraddað því að raddböndin hætta að geta titrað þegar þau færast sundur. Í raun má lýsa þessu með því að hliðrun verði á raddbandahreyfingum annars vegar og munnhreyfingum hins vegar.

Þetta má skýra með myndinni hér að aftan. Efri hluti myndarinnar sýnir raddaðan framburð orða eins og t.d. *hjálpa*. Þar liggja raddbönd saman og geta titrað meðan tal-færin í munnholi eru í stöðu fyrir /l/. Opnun raddglufunnar stendur lengur en munnlokunin í /p/, og þess vegna kemur fráblástur á eftir lokuninni. Á neðri hluta myndarinnar hefur raddglufuopnan færst yfir á /l/ sem þar með getur ekki lengur verið raddað. Aftur á móti eru raddböndin komin saman þegar munnlokun rofnar og því kemur enginn fráblástur á eftir lokuninni.




Mynd 41: Mismunandi tengsl raddbandahreyfinga og talfæra í munnholi

### 10.1.3 Aðblástur

Áður hefur verið fjallað nokkuð um aðblástursregluna, og hvernig aðblástur í tökuorðum og framburði Íslendinga á erlendum málum styddi það að hún væri virk regla í málinu. Út frá stafsetningunni mætti e.t.v. búast við löngum fráblásnum lokhljóðum, a.m.k. í máli harðmæltra, í orðum með tvírituðum *p*, *t*, *k*. Þá væru t.d. *hoppa*, *vottur*, *rykkja*, *dökkur* borin fram \*[hɔp<sup>h</sup>:a], \*[vɔt<sup>h</sup>:yr], \*[rɪc<sup>h</sup>:a], \*[tøk<sup>h</sup>:yr]. Slíkt gerist hins vegar aldrei; þess í stað kemur aðblástur fram í orðum af þessu tagi. Hann felst í því að [h] kemur inn á milli stutts sérhljóðs og lokhljóðs. Lokhljóðið er þá ávallt stutt, þrátt fyrir að það sé tvíritað í stafsetningu, og alltaf ófráblásið eins og alltaf á eftir órödduðum hljóðum, sbr. hér að framan. Venjulegur framburður áður nefndra orða er því [hɔhpa], [vɔhtyr], [rɪhca], [tøhkʏr]. Auk orða með tvírituðum *p*, *t*, *k* í stafsetningu kemur aðblástur fram í orðum með /p, t, k/ + /l, n, m/; *epli* [ɛhplɪ], *gutla* [kʏhtla], *ekla* [ɛhkla], *opna* [ɔhpna], *vitni* [vihtnɪ], *sakna* [sahkna], *kaupmaður* [k<sup>h</sup>œihpmaðʏ].

Aðblásturssambönd eru ýmist fyrir hendi í grunnmynd orðanna eða koma fram á orðhlutaskilum, oft fyrir verkan hljóðkerfisreglna af ýmsu tagi (samlögunar- og brottfallsreglna). Til dæmis má nefna hvorugkynsmyndir lýsingarorða: *feitt* /feit-t/ [feiht], *hljótt* /hljóð-t/ → /hljót+t/ [ljouht]; þátíðarmyndir sagna: *mætti* /mæt-ði/ → /mæt+ti/ [maihtɪ]; samlögun eins og *fríkka*: /fríð+ka/ → /frík+ka/ [frihka]; og sérhljóðabrottföll eins og *depill* [tɛ:pitl̥] – *deplar* [tɛhpɫar], *hökull* [hœ:kʏtl̥] – *höklar* [hœhkɫar], *leikinn* [lei:cin] – *leiknir* [leiħknɪr], o.s.frv.

[h] er vitanlega óraddað hljóð og því getur eftirfarandi lokhljóð aldrei verið fráblásið samkvæmt almennri reglu sem áður hefur verið nefnd. Í framburði harðmæltra koma þannig fram víxl milli fráblásinna og ófráblásinna lokhljóða í orðum eins og *feitur* [fei:tyr] – *feitt* [feiht], *mæta* [mai:ta] – *mætti* [maihtɪ] o.s.frv.



Mynd 42: Staða raddbanda og talfæra í munnholi í aðblæstri

Hugsanlegt er að lýsa aðblæstri á hliðstæðan hátt við afröddun, þ.e. sem hliðrun á hreyfingum raddbanda miðað við hreyfingar talfæra í munnholi. Þá er gert ráð fyrir að þátturinn [+sperrt raddglufa] færist af lokhljóði yfir á seinni hluta undanfarandi sérhljóðs sem við það missir röddunina. Þá verður eftir óraddaður blástur, [h], en það er vel þekkt að staða munnhols getur verið með ýmsu móti við myndun [h]. Þetta er sýnt á mynd 43 fyrir orð eins og *þakka*.

#### 10.1.4 /h/ í framstöðu

Eins konar samsteypa verður líka í upphafi orða sem byrja á /h/ + samhljóði – /hj/, /hn/, /hl/, /hr/. Eins og áður er nefnt hefjast slík orð venjulega ekki á [h] í framburði, heldur á órödduðu hljóði – *hjálpa* [çau̯pa], *hnafi* [nɛːvi], *hlið* [liːð], *hreppa* [rehpa] en ekki \*[hjaup̥a], \*[hneːvi], \*[hliːð], \*[hrɛhpa]. Eins og áður segir er [h] í raun og veru bara óraddaður blástur milli raddbanda; eini einkennisþáttur þess er [+sperrt raddglufa]. Það þarf því ekki annað en flytja þann þátt yfir á eftirfarandi hljóð til að það afraddist, en /h/ hverfi sem sjálfstætt hljóð í framburði.

Þarna er því um að ræða hliðrun á raddbandahreyfingum miðað við hreyfingar talfæra í munnholi, svipað því sem gert var ráð fyrir í afröddun og aðblæstri. Munurinn er sá að hér færist þátturinn [+sperrt raddglufa] af upprunahljóði sínu yfir á eftirfarandi hljóð í stað þess að færast á undanfarandi hljóð eins og í afröddun og aðblæstri. Stundum færist þátturinn þó ekki algerlega yfir á eftirfarandi hljóð og þá getur stutt [h]-hljóð komið í upphafi orðs og seinasti hluti eftirfarandi samhljóðs verið raddaður, eins og nefnt var í 4.5.3.

Hér má vitanlega spyrja hvaða rök séu fyrir því að gera ráð fyrir klasa /h/ og samhljóðs í grunnmynd þegar venjulega er aðeins um eitt óraddað hljóð að ræða í framburði. Fyrir því má færa ýmis rök. Málnotendur sem ekki hafa lært hljóðfræði eru venjulega ekki í neinum vafa um að þessi orð byrji á /h/. Vissulega gæti þar verið um áhrif frá stafsetningu að ræða. En einnig má benda á að þessi orð stuðla við orð sem byrja á [h] + sérhljóði, eins og rakið var í 8.2. Það bendir til þess að í huga málnotenda sé sama eining í upphafi slíkra orða enda þótt hljóðfræðilegur munur sé á.

## 10.2 Framgómun

### 10.2.1 Framgómunarregla

Það er auðvelt að sjá að uppgómmæltu lok- og önghljóðin [k<sup>h</sup>] og [k] eru að miklu leyti í fyllidreifingu við þau framgómmæltu [c<sup>h</sup>] og [c]. Þau síðarnefndu koma fyrir á undan frammæltum ókringdum sérhljóðum og [ai] en hin víðast annars staðar; *gýs* [ci:s], *keyra* [c<sup>h</sup>ei:ra], *kisa* [c<sup>h</sup>i:sa], *gær* [cai:r], *geta* [cɛ:ta] með framgómmæltum hljóðum, *gul* [kY:l], *kol* [k<sup>h</sup>ɔ:l], *kúla* [k<sup>h</sup>u:la], *gaula* [kœi:la], *grýta* [kri:ta], *klára* [k<sup>h</sup>lau:ra], *kveða* [k<sup>h</sup>ve:ða], *gnæfa* [knai:va] með uppgómmæltum hljóðum. Einnig skiptast framgómmælt og uppgómmælt önghljóð á við sömu aðstæður; *hagi* [haijɪ] – *haga* [ha:ɣa].

Í fljótu bragði virðist auðvelt að gera grein fyrir þessu með reglu sem framgómar uppgómmæltu lok- og önghljóðin í ákveðnu umhverfi:

$$C \rightarrow [-\text{uppm.}] / \text{---} \begin{bmatrix} V \\ -\text{uppm.} \\ -\text{kringt} \end{bmatrix}$$

Mynd 43: Framgómunarregla

Þessi regla segir að samhljóð verði [-uppmælt] á undan sérhljóði sem er [-uppmælt] og [-kringt]. Það er sem sé gengið út frá því að hljóðin séu uppgómmælt í grunnmynd, en verði framgómmælt við vissar aðstæður. Það er eðlilegt að leggja uppgómmæltu hljóðin til grundvallar vegna þess að dreifing þeirra er mun fjölbreyttari eins og fram hefur komið.

En þessi regla er þó gölluð. Í fyrsta lagi tekur hún ekki til framgómunar á undan [ai], því að fyrri hluti þess er uppmæltur en ekki frammæltur, þótt svo hafi verið í fornu máli. Til að bregðast við þessu má segja að framgómun á undan [ai] sé ekki lengur virk, lifandi regla í málinu, heldur séu orðmyndir með framgómmæltu hljóði á undan [ai] lærðar sérstaklega. Þessu til stuðnings má benda á nýleg tökuorð þar sem uppgómmælt lokhljóð standa á undan [ai], t.d. *gæi* og *gæd* sem eru borin fram [kaijɪ] og [kai:t] en ekki \*[caijɪ] og \*[cai:t]. Einnig má benda á að börn á máltökuskeiði beygja stundum sögnina *gá* eins og *ná* og hafa nútíðina (*ég*) *gæ* [kai:] með uppgómmæltu hljóði, ekki \*[cai:] eins og við væri að búast ef framgómun á undan [ai] væri virk.

### 10.2.2 Framgómun á undan /j/

En annað alvarlegra vandamál verður á vegi okkar ef við ætlum að komast hjá því að telja framgómmæltu lokhljóðin sjálfstæð hljóðön. Þau koma nefnilega í nokkrum tilvikum fyrir á undan öðrum sérhljóðum en þeim frammæltu ókringdu, í orðum eins og *kjöll* [c<sup>h</sup>outl̥], *kjúka* [c<sup>h</sup>u:ka], *gjá* [cau:], *gjósa* [cou:sa], *kjöt* [c<sup>h</sup>œ:t], *gjöf* [cœ:v] o.fl. Þar má meira að segja finna lágmarkspör, eins og *gá* [kau:] – *gjá* [cau:], *góla* [kou:la] – *gjóla* [cou:la], *kör* [k<sup>h</sup>œ:r] – *kjör* [c<sup>h</sup>œ:r], o.fl. Hvernig eigum við að bregðast við

þessu? Verðum við ekki að viðurkenna framgómmæltu lokhljóðin sem sjálfstæð hljóð-  
ön?

Ekki endilega. Í öllum dæmunum um [c<sup>h</sup>] og [c] á undan uppmæltum sérhljóðum er *j* í stafsetningunni. Eins og áður hefur verið tekið fram má aldrei byggja neinar hljóð-kerfislegar greiningar á stafsetningu því að hún er bara samkomulagsatriði misviturra manna. Eigi að síður getur hún oft verið til leiðbeiningar vegna þess að hún er yfirleitt íhaldssöm, og endurspeglar því stundum það hljóðgildi sem var þegar hún var upphaflega tekin upp, þótt það hafi síðan breyst.

Ef við athugum nú dreifingu hljóðsins [j] (ekki stafsins *j*) á eftir lokhljóðum sjáum við að það kemur fyrir á eftir [p<sup>h</sup>], [t<sup>h</sup>], [p], [t], í orðum eins og *pjátur* [p<sup>h</sup>jau:tyr], *tjón* [t<sup>h</sup>jou:n], *björn* [pjœrtɿ], *djöfull* [tjœ:vvtl̥]. Hins vegar kemur það aldrei fyrir á eftir [c<sup>h</sup>], [k<sup>h</sup>], [c], [k]. Nú ganga lokhljóðin að mestu inn í sömu hljóðasambönd þannig að það er dálítið skrítið að [j] skuli ekki koma fyrir á eftir þeim öllum. En það skýrist allt ef við gerum ráð fyrir að í grunnmynd komi /j/ fyrir á eftir /k/ og /g/ eins og stafsetningin gefur til kynna; lokhljóðin framgómist síðan á undan /j/, rétt eins og á undan frammæltum ókringdum sérhljóðum (enda er /j/ mjög líkt /í/ að myndunarstað og myndunarhætti eins og áður er sagt), og /j/ falli svo brott eða renni saman við lokhljóðið.

Svipað ósamræmi kemur fram í dreifingu /r/ á eftir lokhljóðum í framstöðuklösum; það kemur fyrir á eftir [p<sup>h</sup>], [t<sup>h</sup>], [k<sup>h</sup>], [p], [t], [k] (*príla* [p<sup>h</sup>ri:la], *trítla* [t<sup>h</sup>rihtla], *kríli* [k<sup>h</sup>ri:li], *bresta* [prɛsta], *drepa* [trɛ:pa], *grípa* [kri:pa]), en ekki á eftir [c<sup>h</sup>] eða [c]. Það skýrist ef við gerum ráð fyrir því að síðastnefndu hljóðin séu í raun hljóðfræðilegir fulltrúar hljóðanaklasanna /kj/ og /gj/. Þá er ekki von að /r/ komi fyrir á eftir þeim, því að það kemur ekki heldur fyrir á eftir /pj-/ , /tj-/ , /bj-/ , /dj-/; eins og áður er nefnt verður /j/ alltaf að standa næst sérhljóði.

Samkvæmt þessu eru hljóðin [c<sup>h</sup>] og [c] alltaf komin til með framgömun, ýmist á undan frammæltum ókringdum sérhljóðum (og [ai]) eða á undan /j/; í seinna tilvikinu renna lokhljóðið og /j/ saman í eitt hljóð. Þessi hljóð eru því hljóðbrigði hljóðananna /k/ og /g/ en ekki sjálfstæð hljóðön. Þetta samræmist líka hegðun þeirra í stuðlun, eins og rakið var í 8.2; [c<sup>h</sup>] og [k<sup>h</sup>] stuðla saman, og sömuleiðis [c] og [k]. En vissulega er þessi greining ekki óumdeild, vegna þess að til eru lágmarkspör milli framgómmæltra og uppgómmæltra lokhljóða eins og nefnt var hér að framan. Hliðstætt vandamál kemur ekki upp í önghljóðunum, því að þar verður að gera ráð fyrir /j/ sem sjálfstæðu hljóðani hvort eð er.

## 10.3 Víxl lokhljóða og önglhjóða

### 10.3.1 Önglhjóðun lokhljóða

Órödduðu önglhjóðin [f] og [x] koma oft í stað samsvarandi lokhljóða, [p] og [k], þegar órödduð samhljóð fara á eftir. Þetta gerist helst þegar -s-ending eignarfalls bætist við í nafnorðum, -t-ending hvorugkyns bætist við stofn lýsingarorða, eða þegar aftan við sagnstofn kemur -st- í þátíð eða miðmynd, -tu í boðhætti, -ti í þátíð, eða -t í lýsingarhætti þátíðar. Þar er um að ræða orð eins og *kaupa* [k<sup>h</sup>œi:pa] – *keypti* [c<sup>h</sup>eifti], *skip* [sci:p] – *skips* [scifs]; *sökkva* [sœhkva] – *sökkti* [sœxti], *þak* [θa:k] – *þaks* [θaxs]. Einnig má oft sjá dæmi um þessi víxl í orðmyndun: *strákur* [strau:kʏr] – *stráksi* [strauxsi]; *djúpur* [tju:pʏr] – *dýpt* [tift], *mjúkur* [mju:kʏr] – *mýkt* [mixt]. Reyndar eru víxlin á undan -s líklega á leið út úr málinu því að nú bera mörg fram lokhljóð í staðinn, eins og nefnt er í 9.3.3.

Í þessum víxlum er enginn vafi á því að rétt er að leggja lokhljóðin til grundvallar og gera ráð fyrir önglhjóðun þeirra við ákveðnar aðstæður. Víxlunum má lýsa með þessari reglu:

$$\begin{bmatrix} C \\ -\text{hljóð.} \\ -\text{blaðm.} \end{bmatrix} \rightarrow [+ \text{samf.}] / V \text{ — } \begin{bmatrix} C \\ -\text{hljóð.} \\ +\text{blaðm.} \end{bmatrix}$$

Mynd 44: Önglhjóðunarregla

Reglan segir að samhljóð (C) sem er [–hljómandi, –blaðmyndað], þ.e. varamælt og uppgómmælt hindrunarhljóð, verði [+samfellt], þ.e. önglhjóð, á milli sérhljóðs (V) og samhljóðs sem er [–hljómandi, +blaðmyndað], þ.e. tannbergsmælt lokhljóð og önglhjóð. Reglan nær sem sé yfir tilvik þar sem /p/ kemur fram sem [f] og /k/ kemur fram sem [x] á undan /t/ og /s/. Það þarf að taka fram að hljóðið sem breytist (fremsta þáttasamsetningin í reglunni) sé [–blaðmyndað] því að reglan tekur ekki til /t/ þótt það sé sams konar hljóð og /p/ og /k/; við fáum ekki víxl eins og *vit* [vi:t] – *vits* \*[vi:ts] eða þvíumlíkt. Hins vegar samlagast /t/ oft eignarfallsendingunni /s/ í orðum eins og *báts* [paus:], og það sama getur gerst ef /t/ er fyrra hljóð í samhljóðaklasa en það seinna fellur brott, eins og í *vatns* [vas:]. Í sumum orðum helst /t/ aftur á móti frekar, eins og í *vits*, *flets* o.fl. E.t.v. skiptir máli hvort undanfarandi samhljóð er þanið eða ekki.

Órödduðu önglhjóðin [f] og [x] skiptast ekki eingöngu á við lokhljóð; þau skiptast líka oft á við samsvarandi rödduð önglhjóð, [v] og [ɣ], þannig að órödduðu hljóðin koma fram ef óraddað hljóð fer á eftir, en þau rödduðu annars. Þetta kemur einkum fram við svipaðar aðstæður og þær sem lýst var hér á undan, þ.e. á undan beygingar-endingum sem hefjast á /s/ eða /t/; *hófur* [hou:vʏr] – *hófs* [houfs], *vogur* [vɔ:ɣʏr] – *vogs* [vɔxs], *ljúfur* [lju:vʏr] – *ljúft* [ljuft], *gefa* [ce:va] – *gafst* [kafst].

### 10.3.2 Lokhljóðun önghljóða

Þetta eru ekki einu víxlin milli lokhljóða og önghljóða sem fyrir koma í málkerfinu. Rödduð tannvaramælt og uppgómmælt önghljóð, [v] og [ɣ], skiptast líka á við samsvarandi lokhljóð, [p] og [k]. Þetta kemur skýrast fram í orðum sem hafa viðskeytin -all, -ill og -ull, og í lýsingarháttum sem enda á -inn. Slík orð missa nefnilega sérhljóðið úr viðskeytinu þegar þau fá beygingarendingu sem hefst á sérhljóði. Þá kemur [-samfelld, +hljómandi] hljóð, þ.e. [l] eða [n], næst á eftir önghljóðinu, sem við það breytist í lokhljóð, í orðum eins og þögull [θœ:ɣʏtl̥] – þöglir [θœkʏr], grafinn [kra:vɪn] – grafnir [krapnɪr], hefill [hœ:vɪtl̥] – heflar [hœplar]. Einnig koma þessi víxl fram í mörgum veikum kvenkynsorðum sem fá -n- í eignarfalli fleirtölu: gáfa [kau:va] – gáfna [kaupna], saga [sa:ɣa] – sagna [sakna]. Regluna um þetta má setja svona upp:

$$\left[ \begin{array}{c} \text{C} \\ -\text{blaðm.} \end{array} \right] \rightarrow [-\text{samf.}] / \text{---} \left[ \begin{array}{c} \text{C} \\ +\text{hljómandi} \\ -\text{samf.} \\ +\text{blaðm.} \end{array} \right]$$

Mynd 45: Lokhljóðunarregla

Nauðsynlegt er að hafa hljóðið sem breytist [-blaðmyndað], eins og í önghljóðunarreglunni hér að framan, því að /ð/ breytist ekki þótt það sé sams konar hljóð og /v/ og /ɣ/; við fáum aðall [a:ðat̪] – aðli [aðli], ekki \*[atli] o.s.frv. Hér má líta svo á að önghljóðið drekki í sig þáttinn [-samfelld] frá eftirfarandi hljóði, og breytist þar með í lokhljóð. Lokhljóðun verður ekki á undan /r/, enda er það talið [+samfelld]; magur [ma:ɣʏr] verður magrir [maɣrɪr] í fleirtölu, ekki \*[makrɪr].

### 10.3.3 Hljóðavíxl í þátíðarendingum veikra sagna

Veikar sagnir einkennast af því að í þátíð bæta þær við sig tannbergsmæltu lok- eða önghljóði (+ -i). Þar skiptast á hljóðin [ð], eins og í sáði [sau:ðɪ], kallaði [kʰatlaðɪ], barði [parðɪ], hafði [havðɪ], sagði [saɣðɪ]; [t], eins og í vandi [vantɪ], seldi [seltɪ], tamdi [tʰamtɪ]; og í röddunarframburði kemur einnig til [tʰ], eins og í lenti [lɛntʰɪ], heimti [heimtʰɪ].

Við skoðun á þessum tilbrigðum kemur í ljós að víxl [ð], [t] og [tʰ] eru skilyrt af gerð stofnsins, og því er eðlilegt að leiða allar myndir þátíðarendingarinnar af sama grunnmynd. Eðlilegast er að gera ráð fyrir /ð/ sem hljóðani í grunnmynd endingarinnar, því að [ð] kemur fyrir í fjölbreyttustu umhverfi; þ.e. á eftir öllum rödduðum samfelldum hljóðum, hvort sem það eru sérhljóð, /r/, eða önghljóð (/v/ og /ɣ/; um /ð/ gilda aðrar reglur eins og fram kemur hér á eftir. Þar að auki koma alveg sams konar víxl fyrir í boðhætti, þar sem nokkuð augljóst er að /ð/ hlýtur að vera í grunnmynd; sjáðu [sjau:ðɣ], farðu [farðɣ], segðu [seiɣðɣ], hafðu [havðɣ]; vendu [ventɣ], seldu [seltɣ], temdu [tʰemtɣ]; og í rödduðum framburði lentu [lɛntʰɣ], heimtu [heimtʰɣ].

Hér á undan sáum við hvernig önghljóð lokhljóðast á **undan** samhljóði sem er [+hljómandi, –samfelld], eins og í *heflar*, *grafnir* o.s.frv. Hér verður lokhljóðun á **eftir** sams konar hljóðum, eins og /van+ði/ → [vantɪ], /sel+ði/ → [seltɪ], /tam+ði/ → [tʰamtɪ]. Þessu má því einnig lýsa þannig að þátturinn [–samfelld] úr nef- eða hliðarhljóði breiðist yfir á aðliggjandi önghljóð og breyti því í lokhljóð; munurinn sá að hér færast þátturinn á eftirfarandi hljóð en í dæmunum á undan fór hann yfir á undanfarandi hljóð.

Þótt tengslin milli stofngerðar og upphafshljóðs þátíðarendingar séu ótvíræð eru þær reglur ekki undantekningarlausar. Ýmsar sagnir fá aðra þátíðarendingu en búast mætti við, og dæmi eru um sagnir sem virðast hafa sams konar stofngerð en haga sér þó á mismunandi hátt í þátíð. Þannig eru til tvær sagnir sem í nafnhætti eru *mæla* [mai:la] en þátíðin er mismunandi; *mældi* [mailtɪ] hjá annarri en *mælti* [mailtɪ] hjá hinni. Sagnirnar *stirna* [stɪrtna] og *spyrna* [spɪrtna] hafa hliðstæða stofngerð, en þátíðar-myndunin er mismunandi; *stirndi* [stɪrntɪ] og *spyrnti* [spɪrntɪ]. Sumar slíkar undantekningar má skýra með málsögulegum rökum en ástæðulaust er að fara lengra út í þetta hér.

Lokhljóð og rödduð önghljóð skiptast á víðar en í grannstöðu við [+hljómandi] samhljóð. Við fáum líka – í máli flestra – víxl langra gómmæltra lokhljóða og stuttra önghljóða í orðum eins og *byggja* [pɪc:a] – *byggði* [pɪyðɪ], *leggja* [lɛc:a] – *legg* [lɛk:] – *lagði* [layðɪ]. Hliðstæð víxl koma fyrir í sögnum þar sem stofninn endar á /ð/, eins og *ræða* [rai:ða] og *leiða* [lei:ða]. Þátíð þessara sagna er með löngu lokhljóði; *ræddi* [rait:ɪ], *leiddi* [leit:ɪ]. Áður var nefnt að eðlilegt er að telja þátíðarendingu veikra sagna vera /ði/; afleiðslan verður þá /leið+ði/ → [leit:ɪ], þ.e. langt (tvöfalt) raddað önghljóð í grunnmynd kemur fram sem ófráblásið lokhljóð. Sama gerist í boðhætti; /ræð+ðu/ → [rait:y], /leið+ðu/ → [leit:y].

Í þessu sambandi má minna á *bð-* *gð-*framburðinn sem áður var algengur um norðanvert landið og enn eimir eftir af (sjá 9.2.4). Þar eru líka víxl milli lokhljóða og önghljóða, þ.e. *hafa* [ha:va] – *hafði* [hapðɪ], *nægur* [nai:yʏr] – *nægði* [naikðɪ]. Stundum hverfur önghljóðið alveg og eftir stendur bara langt lokhljóð; *hafði* [hap:ɪ], *sagði* [sak:ɪ]. Einnig má nefna að á Vestfjörðum og víðar voru áður fyrr borin fram lokhljóð í stað önghljóða á eftir rödduðum sérhljóðum, í orðum eins og *sagði* [saytɪ], *harður* [hartʏr]. Þarna var aðallega um að ræða tannbergsmælt hljóð, /ð/ → [t], en einnig voru dæmi um lokhljóðun varamæltra hljóða, þannig að *tólf* væri borið fram [tʰoulp]. Þessi lokhljóðun verkaði líka yfir orðaskil, þannig að *er það* var borið fram [ɛrtað], *um það* var borið fram [ymtað] o.s.frv.

## 10.4 -r-endingar

### 10.4.1 Fyllidreifing sterkra endinga

Beygingarendingar sem hefjast á -r koma fyrir í öllum orðflokkum þar sem beygingar er að finna á annað borð; nafnorðum, lýsingarorðum, fornöfnum, töluorðum, sögnum

og atviksorðum. Ýmist er *-r* þá endingin eins og hún leggur sig, eins og í karlkyni eintölu nefnifalli af nafnorðum (*mó-r* [mou:r]) og lýsingarorðum (*há-r* [hau:r]) og í annarri og þriðju persónu eintölu nútíðar sagna (*kalla-r* [kʰatlar], *þvæ-r* [θvai:r]); eða það er upphafshljóð endingarinnar, eins og í þágufalli og eignarfalli eintölu og eignarfalli fleirtölu af lýsingarorðum (*góð-ri* [kouðri], *góð-rar* [kouðrar], *góð-ra* [kouðra]).

Í fornu máli var *-r* einnig upphafshljóð eða eina hljóð ýmissa beygingarendinga sem hljóma öðruvísi í nútímamáli. Þannig hefur *-u-* nú verið skotið inn milli samhljóðs og *-r* í orðum eins og *vinur* (< *vin+r*), *góður* (< *góð+r*), *telur* (*tel+r*). Á eftir ákveðnum sérhljóðum + /l, n/ hefur *-r* fyrst samlagast lokahljóði stofnsins (*stól+r* > *stóll*, *væn+r* > *vænn*, *heil+rar* > *heillar*, *sein+ra* > *seinna*) og síðan hafa þau löngu /l/ og /n/ sem urðu til við þessa samlagun breyst í [tl] og [tn]; [stoutl], [vaitn], [heitlar], [seitna]. Samlagunin er sýnd í stafsetningu, en síðarnefnda breytingin ekki. Einnig fellur *-r* ending nú brott (þ.e. kemur ekki fram) þegar stofninn endar á *-s* eða *-r*; *ís*, (< *ís+r*), *laus* (< *laus+r*), *her* (< *her+r*), *háls* (< *háls+r*), *stór* (< *stór+r*).

Þótt þarna sé um að ræða hljóðbreytingar sem urðu fyrir mörgum öldum eru þær enn að einhverju leyti virkar í málkerfinu. Það sýnir hegðun tökuorða eins og *bíll* [pitl], *móral* [mou:ratl], *skandall* [skantatl], *fónn* [foutn] o.fl. Stofn þeirra (sem kemur fram í þolfalli eintölu) er /bíl-/ , /móral-/ , /skandal/ , /fón/ , og samsvarar u.þ.b. þeim myndum sem þau hafa í þeim málum sem þau eru tekin úr. Þegar þessi orð eru tekin inn í málið aðlagast þau íslensku beygingakerfi, og eitt af því sem þau þurfa þá að gera er að fá endingu í nefnifalli eintölu.

Í fljótu bragði mætti búast við því að þau fengju annaðhvort veika beygingu með *-i*-endingu í nefnifalli, eða þá *-ur*-endingu sem er hin dæmigerða nefnifallsending sterkrar beygingar í karlkyni. Veika beygingin kemur stundum fyrir, t.d. hefur *skandall* stundum myndina *skandali*. Hins vegar kemur *-ur* aldrei fram í orðum af þessu tagi (nema þá hjá börnum á máltökuskeiði); engin dæmi eru um *\*bílur*, *\*móralur*, *\*skandalur*, *\*fónur*. Hvernig á að skýra það að aldrei skuli gripið til algengustu endingarinnar í orðum af þessu tagi?

Við skulum athuga að hljóðskipunarreglur málsins banna ekki að orð með þessa stofngerð fái *-ur*-endingu; það sýnir fleirtala kvenkynsorða eins og *mílur*, *trjónur* o.fl. Athugið líka að sterk ending og veik virðast ekki útiloka hvor aðra; það sýna tvímyndir eins og *skandall* og *skandali*, *hólmur* og *hólmi* (og raunar einnig *halur* og *hali*; þótt merkingin sé þar mismunandi er stofngerðin sú sama, og sýnir það að bæði veik og sterk ending gengur á sama stofninn). Hins vegar virðist aðeins ein sterk ending koma fyrir á hverjum stofni. *-r*, *-ur* og [tl]/[tn] útiloka hver aðra. Það mætti hugsa sér að skýra það með því að í grunnmynd, í huga málnotenda, sé þar í raun og veru um að ræða eina og sömu endinguna, sem tekur á sig mismunandi hljóðfræðileg form eftir hljóðafari stofnsins sem hún tengist. Sterku endingarnar eru sem sé í fyllidreifingu; hver þeirra getur aðeins komið fyrir með ákveðinni stofngerð.

#### 10.4.2 Samlaganir og víxl sem tengjast /l/ og /n/

Orð þar sem stofninn endar á /l/ eða /n/ haga sér á þrjá mismunandi vegu í sterkri beygingu. Þennan mun er hægt að skýra út frá gerð stofnsins. Ef samhljóð fer næst á undan /l/ eða /n/ verður orðið endingarlaust í nefnifalli eintölu, eins og *fugl* [fʏk̚l̥], *vagn* [vak̚n̥], *stafn* [stap̚n̥], *gafl* [kap̚l̥]. Ef stofnsérhljóð er [–þanið] kemur -ur-ending, eins og í *vinur* [vi:nʏr], *vanur* [va:nʏr], *salur* [sa:lʏr], *falur* [fa:lʏr]. Ef stofnsérhljóðið er [+þanið], þ.e. tvíhljóð, /i/ eða /ú/, kemur fram [tl̥] og [tn̥], eins og í *stóll* [stout̚l̥], *heill* [heit̚l̥], *steinn* [steit̚n̥], *vænn* [vait̚n̥].

Þetta gildir um áhersluatkvæði. Í tvíkvæðum stofnum eins og *jökul*-, *gamal*-, *himin*-, *farin*- gegnir öðru máli. Þessi orð fá aldrei -ur-endingu; hins vegar kemur fram [tl̥] ef stofninn endar á /l/, þótt þanið sérhljóð fari ekki á undan, eins og í *jökull* [jœ:kʏtl̥]. Ef stofninn endar á /n/ kemur hins vegar ekki fram [tn̥]; *himinn* er borið fram [hɪ:mɪn̥], ekki \*[hɪmɪtn̥] (stafsetningin bendir til langs hljóðs en í áhersluleysi eru öll hljóð yfirleitt stutt þannig að ekki er framburðarmunur á *himinn* (nf.) og *himin* (þf.)).

En víxl milli [l̥] og [tl̥] koma fyrir víðar, t.d. í orðum eins og *fjall* [fjat̚l̥] – *fjalls* [fjals̥], *Hallur* [hatlʏr] – [hals̥], – *allur* [atlʏr] – *alls* [als̥] – *allt* [alt̚]. Hér hefur stafsetningin tvíritað *l*, og vissulega er *fjalls* stundum borið fram [fjat̚ls̥] og *Halls* stundum [hat̚ls̥], en hins vegar er *alls* og *allt* aldrei borið fram \*[at̚ls̥] og \*[at̚lt̚]. Þarna kemur [tl̥] fram í bakstöðu og á undan sérhljóðum, en [l̥] á undan samhljóðum. Nú er það regla í málinu að samhljóð er aldrei langt í grannstöðu við annað samhljóð (sjá 5.4). Það má hugsa sér að í grunnmynd sé þarna /fjall+s/, /all+s/, /all+t/. Á þessar myndir verki svo styttingarregla sem styttir tvöfalt /ll/ og breytir myndunum í /fjal+s/, /al+s/, /al+t/. Þar með eru ekki lengur neinar forsendur fyrir [tl̥] vegna þess að það verður til úr löngu (tvöföldu) /ll/, sem ekki er lengur fyrir hendi.

Í gælunöfnum og tökuorðum breytist /ll/ í grunnmynd ekki í [tl̥], heldur kemur fram sem langt [l̥:]. Því koma fram tvímyndir sem eru skrifaðar eins en bornar fram á mismunandi hátt, s.s. *villa* [vɪtla] ('skekka') – *villa* [vɪl:a] ('stórt og glæsilegt hús'), *palli* [pʰatli] (þgf. af *pallur*) – *Palli* [pʰal:l̥] (gælunafn af *Páll*), *galli* [katli] ('e-ð athugavert') – *galli* [kal:l̥] ('klæðnaður'), o.s.frv. Regla sem breytir /ll/ í [tl̥] virðist því ekki vera lengur virk í málinu.

## 10.5 *u*-hljóðvarp

### 10.5.1 *Víxl* a og ö

Það er mjög algengt að [a] og [œ] skiptist á í beygingu, þannig að [œ] komi fram ef [ʏ] er í næsta atkvæði á eftir, en annars standi [a]. Þetta er *u*-hljóðvarpið svokallaða, sem áður var nefnt í 8.5 og 8.6. Það kemur fyrir í nafnorðum: *asni* [astnɪ] – *ösnum* [œstnʏm]; lýsingarorðum: *latir* [la:tɪr] – *lötum* [lœ:tʏm]; sögnum: *kalla* [kʰatla] – *köllum* [kʰœtʏlʏm]; töluorðum: *annar* [an:ar] – *önnur* [œn:ʏr]; og fornöfnum: *margir* [marcɪr] – *mörgum* [mœrkʏm]. Eins og áður er nefnt eru þetta sögulega séð leifar af *u*-hljóðvarpi sem tók til fleiri hljóða, og hljóðgildi þeirra hljóða sem um er að ræða var þá líka annað en nú. En í nútímamáli má setja hljóðvarpsregluna upp á eftirfarandi hátt:

$$\begin{bmatrix} \text{V} \\ +\text{fjarl.} \\ +\text{uppm.} \\ -\text{kringt} \end{bmatrix} \rightarrow \begin{bmatrix} -\text{uppm.} \\ +\text{kringt} \end{bmatrix} / \text{---} C_0 \begin{bmatrix} \text{V} \\ -\text{fjarl.} \\ -\text{uppm.} \\ +\text{kringt} \end{bmatrix}$$

Mynd 46: *u*-hljóðvarpsregla

$C_0$  táknar ‘ekkert samhljóð eða fleiri’. Slíkar tölur neðan línu eru stundum notaðar til að sýna að reglur krefjast ákveðins lágmarksfjölda hljóða á einhverjum ákveðnum stað í umhverfinu til að þær verki. Hér verkar reglan (þ.e., /a/ breytist í [œ]) þótt ekkert samhljóð sé á milli hljóðsins sem breytist og þess sem breytingunni veldur. Hins vegar er ekki tiltekið neitt hámark samhljóða sem þarna megja vera, og þar með spáir þessi framsetning því að reglan verki hversu mörg samhljóð sem komi þarna á milli. Hins vegar má ekkert sérhljóð vera milli /a/ og hljóðsins sem breytingunni veldur; við segjum *Katrínu*, ekki *\*Kötrínu*, vegna þess að þar er eitt atkvæði á milli /a/ í stofninum og /u/ í endingunni.

Nýyrði og tökuorð undirgangast þessa reglu undantekningarlaust (með takmörkunum sem nefndar eru hér á eftir); við segjum *smörtum* [spmœrtʏm] af tökuorðinu *smart*, ekki *\*smartum*; hönnun [hœn:ʏn] af nýyrðinu *hanna*, ekki *\*hannun*; o.s.frv. Erlend kvennanöfn sem enda á -a og eru með -a í stofni fylgja reglunni líka; við segjum *Törju* [tʰœrjʏ] af *Tarja*, ekki *\*Tarju*, o.s.frv. Virkni reglunnar kemur líka fram í barnamáli; barn sem ekki er búíð að læra hljóðskipti í sögninni *geta* en myndar fyrstu persónu fleirtölu í þátíð af eintölu myndinni *gat* með því að bæta við endingunni -um segir (við) *götum* í stað hins rétta *gátum*, en ekki *\*gatum*.

Á hinn bóginn er til fjöldi orða sem í fljótu bragði virðast vera gagndæmi gegn þessari reglu; orð þar sem við fáum [a] í næsta atkvæði á undan [ʏ]: *maður* [ma:ðʏr], ekki *\*möður*; *svartur* [sværtʏr], ekki *\*svörtur*, o.s.frv. Sama gildir um tökuorð eins og *kaktus* [kʰaxtʏs], ekki *\*köktus*; *Bakkus* [pahkʏs], ekki *\*Bökkus*; o.fl. Hvernig á að skýra það?

Því er til að svara að víxlin verða ekki ef *u* er til staðar í orðasafnsmynd orðsins (nefnifalli eintölu); aðeins ef það er í beygingarendingu sem bætist við orðasafnsmyndina eða kemur í stað endingar orðasafnsmyndarinnar. Við fáum ekki hljóðvarp á undan endingunni *-ur* í nefnifalli eintölu karlkynsorða (*maður*, *svartur*) því að þar er hún hluti orðasafnsmyndarinnar; endingin *-ur* í nefnifalli og þolfalli fleirtölu kvenkynsorða veldur hins vegar hljóðvarpi (*sögur*, *tölur*), enda er hún ekki hluti orðasafnsmyndar.

### 10.5.2 Víxl ö og u

Hér með er þó ekki öll sagan sögð um *u*-hljóðvarpið. Í fleirkvæðum orðum sem hafa fleiri en eitt /a/ í stofni geta þau bæði (eða öll) breyst, ef [ʏ] er í endingu. Þannig fáum við víxl eins og *kallaði* [kʰatlaði] – *kölluðum* [kʰætlyðym], ekki *\*kallöðum* eða *\*kallaðum*; *magnaður* [maknaðʏr] – *mögnuðum* [mæknyðym]; *fatnaður* [fahtnaðʏr] – *fötnuðum* [fœhtnyðym]. Þó eru einnig dæmi um að aðeins seinna /a/-ið breytist: *Japani* [ja:pani] – *Japönum* [ja:pœnym], yfirleitt ekki *\*Jöpunum* (þótt það komi að vísu fyrir); *arabi* [a:rapɪ] – *aröbum* [a:rœpym], yfirleitt ekki *\*örubum* (sem einstöku dæmi eru þó um); *Agata* [a:kata] – *Agötu* [a:kæty], ekki *\*Ögutu*. Í öðrum tilvikum eru tvímyndir algengar: *banani* [pa:nani] – *banönum* [pa:nœnym] eða *bönunum* [pœ:nynym]; *kastali* [kʰastali] – *kastölum* [kʰastœlym] eða *köstulum* [kʰæstylym].

Athugið nú að í öðru atkvæði breytist /a/ ýmist í [œ] eða [ʏ]; og samband virðist vera milli fyrsta og annars atkvæðis, þannig að ef [œ] er í öðru atkvæði er [a] í því fyrsta (*banönum*, *Japönum*), en ef [ʏ] er í öðru atkvæði er [œ] í því fyrsta (*bönunum*, *kölluðum*). Önnur hugsanleg mynstur, þ.e. [a] – [a] (*\*bananum*), [a] – [ʏ] (*\*banunum*), [œ] – [a] (*\*bönanum*), [œ] – [œ] (*\*bönönum*), [ʏ] – [a] (*\*bunanum*) koma varla eða ekki fyrir.

Áður en lengra er haldið með þetta er rétt að athuga að [œ] og [ʏ] eru mjög lík hljóð; hvorttveggja frammælt kringd sérhljóð en [ʏ] er nokkru nálægara en [œ]. Víxl milli þessara hljóða í áhersluleysi eru alls ekki bundin við orð þar sem [ʏ] er í næsta atkvæði á eftir. Í fleirtölu orða eins og *hérað* [çɛ:rað] og *meðal* [mɛ:ðal] eru til tvímyndirnar *héröð* [çɛ:rœð] – *héruð* [çɛ:ryð] og *meðöl* [mɛ:ðœl] – *meðul* [mɛ:ðyl]. Einnig má benda á að í lýsingarorðum með /a/ í stofni breytist það í [œ] í kvenkyni ef um áhersluatkvæði er að ræða (*svartur* [svaɾtyr] – *svört* [svœɾt], ekki *\*svurt*), en í [ʏ] í áhersluleysi (*leitaður* [lei:taðyr] – *leituð* [lei:tyð], ekki *\*leitöð*).

Það virðist því eðlilegt að líta á víxlin milli [œ] og [ʏ] sem sjálfstætt atriði en ekki sem hluta af *u*-hljóðvarpsreglunni. Þessi breyting [œ] í [ʏ] verður aðeins í áhersluleysi og virðist ekki verða ef samhljóðaklasi fer á eftir (*japönsk* [ja:pœnsk], ekki *\*jöpunsk* eða *\*japunsk*). Að öðru leyti er margt óljóst um hana; hún virðist í sumum tilvikum skyldubundin, einkum í viðskeytum, en í öðrum valfrjáls eða jafnvel útilokuð, einkum í orðstofnum.

Með því að líta svo á að hér sé um tvær reglur að ræða, annars vegar *u*-hljóðvarps-regluna /a/ → [œ] og hins vegar breytingu [œ] í [ɣ] í áhersluleysi, sem stundum er valfrjáls, má skýra hegðun fleirkvæðra orða með tvö /a/ í stofni. Þegar ending sem hefst á [ɣ] bætist við stofninn breytir þetta [ɣ] seinna /a/-inu í stofninum í [œ]; /banan+um/ → [pa:nœnym]. Vegna þess að þetta nýtilkomna [œ] stendur í áhersluleysi er valfrjálst hvort það helst sem [œ] eða breytist í [ɣ]. Ef það breytist og verður /banun+um/ er aftur komin upp staða þar sem /a/ (fyrsta sérhljóð orðsins) stendur í næsta atkvæði á undan [ɣ]. Þá verður aftur *u*-hljóðvarp og útkoman verður [pœ:nynym]. Ef [œ] helst hins vegar hefur /a/ í fyrsta atkvæði engar forsendur til að breytast. Þetta skýrir líka hvers vegna myndirnar *\*banunum* og *\*bönönum* eru ekki til.

### 10.5.3 Beygingarlega skilyrt víxl

Hér að framan hefur verið gert ráð fyrir að *u*-hljóðvarp sé hljóðkerfisregla í nútímamáli, þ.e. að víxl [a] og [œ] verði við ákveðnar hljóðfræðilegar aðstæður en séu ekki háð beygingarlegum þáttum. Það er þó rétt að leggja áherslu á að ekki falla öll víxl [a] og [œ] undir þetta. Þessi hljóð skiptast á í beygingu margra kvenkynsnafnorða (*þökk* [θœhk] – *þakkar* [θahkar], *höll* [hœtl̥] – *hallar* [hatlar]) og hvorugkynsnafnorða (*barn* [part̥] – *börn* [pœrt̥], *land* [lant], *lönd* [lœnt], *almanak* [almanak] – *almanök* [almanœk]). Í þessum tilvikum er ekkert [ɣ] í næsta atkvæði á eftir /a/. Sama gildir um kvenkyn lýsingarorða og forafna; *svört*, *mörg*. Einnig koma fyrir víxl milli [a], [œ] og [ɛ] eða [ɪ] í nokkrum karlkynsorðum sem hafa [œ] í orðasafnsmynd; *köttur* [k<sup>h</sup>œhtyr] – *kattar* [k<sup>h</sup>ahtar] – *kettir* [c<sup>h</sup>ehtir]; *fjörður* [fjœrðyr] – *fjarðar* [fjarðar], *firðir* [firðir].

Öll þessi víxl eru sögulega séð komin af sömu hljóðkerfisreglunni, *u*-hljóðvarpi, og orsökudust í upphafi öll af /u/ í næsta atkvæði, eins og rakið var í 8.5. Það /u/ hefur svo stundum fallið brott en víxlin haldist. Í slíkum tilvikum er vitaskuld ekki hægt að halda því fram að um hljóðkerfisreglu sé að ræða í nútímamáli; í orðum eins og *land* [lant] og *lönd* [lœnt] standa [a] og [œ] í nákvæmlega sama hljóðfræðilega umhverfinu. Þessi víxl eru því beygingarlega skilyrt í nútímamáli.

Víxl [a] og [œ] eru ein algengustu hljóðavíxl í nútímamáli en það er langt frá því augljóst hvernig eigi að greina þau. Hér hefur verið gert ráð fyrir að þau séu stundum hljóðkerfislegs eðlis, bundin ákveðnu hljóðfræðilegu umhverfi, en stundum beygingarlegs, tengd ákveðnum beygingarþáttum. Hugsanlegt væri einnig að gera ráð fyrir að víxlin væru alltaf beygingarlegs eðlis. Það skiptir í sjálfu sér ekki meginmáli; aðalatriðið er að víxlin eru mjög virk og ný orð sleppa ekki undan þeim; ef til kemur nýtt orð með /a/ í stofni breytist /a/ óhjákvæmilega í [œ] á undan endingu sem hefst á [ɣ].

## 10.6 Sérhljóðabrottföll

### 10.6.1 Brottfall á undan blaðmynduðu hljóði

Í beygingu nafnorða, lýsingarorða og lýsingarháttar eru algeng víxl milli mynda með og án áherslulauss sérhljóðs; *hamar* [ha:mar] – *hamri* [hamrɪ], ekki \**hamari*; *jökull* [jœ:kʏtl̥] – *jökli* [jœhklɪ], ekki \**jökuli*; *lykill* [lɪ:cr̥tl̥] – *lykli* [lɪhklɪ], ekki \**lykili*; *gamall* [ka:mat̥l̥] – *gamlir* [kamlɪr], ekki \**gamalir*, *bitin* [pɪ:tɪn] – *bitna* [pɪhtna], ekki \**bitina*. Þegar þessi víxl eru skoðuð kemur í ljós að þau virðast skilyrt af beygingarendingu; ef hún byrjar á sérhljóði fellur sérhljóð í áherslulausu atkvæði stofns á brott, annars helst það. Því fáum við beygingu eins og *jökull* – *jökul* – *jökl-i* – *jökul-s*; *jökl-ar* – *jökl-a* – *jökl-um* – *jökl-a*.

Það eru aðeins áherslulaus /a/, /i/ og /u/ sem falla brott. Það á sér sögulegar orsakir; þetta voru einu sérhljóðin sem komu fyrir í áhersluleysi í fornu máli. Nú eru hins vegar komin inn í málið tökuorð með ýmsum öðrum sérhljóðum í áherslulausum atkvæðum, s.s. *lager* [la:γer], *mótor* [mou:tɔr] o.s.frv., og í þeim verður aldrei brottfall; við segjum ekki \**lagri*, \**mótrar* o.þ.h.

En jafnvel í orðum með /a/, /i/ og /u/ í áhersluleysi verður ekki alltaf brottfall. T.d. verður ekki brottfall í lo. *heimill* [heimɪtl̥] og no. *bikar* [pɪ:kar]; við segjum *heimilan* [hei:mɪlan], ekki \**heimlan*, og *bikarar* [pɪ:karar], ekki \**bikrar*. Auk þess fellur /a/ ekki brott úr sérnöfnum; *Gunnari* [kʏn:arɪ], *Kjartani* [cʰaɾtanɪ], ekki \**Gunnri*, \**Kjartni*. Raunar má hugsa sér að í mörgum þessara orða komi hljóðskipunarlegar ástæður í veg fyrir brottfall; *-rtn* er t.d. óálitlegur klasi.

Þar að auki helst sérhljóðið yfirleitt í viðskeytum ef hægt er að tengja þau ákveðinni merkingu. Þannig er t.d. með verknaðarviðskeytið /-un/ í orðum eins og *skipun* [sci:pyɪn], *götun* [kœ:tyɪn], *litun* [lɪ:tyɪn] o.s.frv.; við fáum ekki \**skipnar* eða þvíumlíkt. Viðskeytið /-ul/ er notað bæði í nafnorðum og lýsingarorðum, og í nafnorðum er ekki hægt að tengja það neinni ákveðinni merkingu, enda verður þar brottfall (*jökli* [jœhklɪ], *djöfli* [tjœplɪ]). Í lýsingarorðum hefur það hins vegar ákveðna merkingu ('sá sem gerir mikið af einhverju' eða í þá átt), enda er brottfall þar ýmist valfrjálst (*þögulan* [θœ:γʏlan] eða *þöglan* [θœγʏlan]) eða útilokað (*gjöfulan* [cœ:vʏlan], ekki \**gjöflan*).

### 10.6.2 Brottfall í enda stofns og greini

Tvö áherslulaus óþanin sérhljóð geta aldrei staðið saman í íslensku. Áherslulaus sérhljóð falla þannig brott í enda stofns ef beygingarending byrjar á sérhljóði. Þetta kemur t.d. fram í fleirtölu orða eins og *hellir* og *kvæði*, þar sem gera verður ráð fyrir (vegna eintölunnar) að stofninn endi á sérhljóði, /helli-/ og /kvæði-/; *hellar* – *hella* – *hellum* – *hella*; *kvæði* – *kvæði* – *kvæðum* – *kvæða*. Sama gerist í sagnbeygingunni, /kalla-ið/ (*þið*) *kallið* [kʰatlið].

En hér með er ekki öll sagan sögð. Þegar tvö áherslulaus sérhljóð koma saman er það ekki alltaf það fyrri sem fellur brott. Þegar greinir bætist við beygingarendingu sem endar á sérhljóði er það alltaf sérhljóð greinisins sem fellur (/kon-a+in/ → *konan*, ekki \**konin*; /aug-a+ið/ → *augað*, ekki \**augið*). Það er eftirtektarvert að það er alltaf sérhljóð beygingarendingarinnar sem helst, hvort sem það er fyrri eða seinna sérhljóðið, en sérhljóð í stofni og greini falla brott.

## 10.7 Tvíhljóðanir

### 10.7.1 Tvíhljóðun á undan /gi/

Þar sem stafsetningin hefur *gi* er hvorki borið fram uppgómmælt lokhljóðið [k] né önglhjóðið [ɣ], heldur verður framgómun eins og lýst er í 10.2.1, og borið er fram [j]. Í beygingu orða eins og *bogi* [poijɪ] og *hagi* [haijɪ] verða því víxl milli [j] í og [ɣ] í *boga* [pɔːɣa], *haga* [haːɣa].

En það eru ekki einu víxlin; sérhljóðin breytast líka í máli flestra landsmanna. Við fáum tvíhljóð á undan [j] í *bogi*, *hagi*, en einhljóð annars staðar: *boga*, *haga*. [a], [ɛ] og [œ] skiptast á við tvíhljóðin [ai], [ei] og [œi], sem gera verður ráð fyrir sem sjálfstæðum hljóðönnum; en auk þess koma þarna upp ný tvíhljóð: [oi] í *bogi*, [yi] í *hugi*, og jafnvel [ii] í *stigi* og [ui] í *múgi*. Þessi fjögur síðasttöldu koma aðeins fyrir í þessu umhverfi, og standa í fyllidreifingu við einhljóðin sem samsvara fyrri hluta þeirra. Því er eðlilegt að gera ráð fyrir einhljóðum í grunnmynd í þessum tilvikum, og til samræmis einnig þar sem [a], [ɛ], [œ] skiptast á við [ai], [ei], [œi] í sama umhverfi.

Þessi tvíhljóðun er í sjálfu sér mjög eðlileg. Sérhljóðið er stutt, og við þær aðstæður nálgast hefur eftirfarandi hljóð, [j], áhrif á tungustöðuna í seinni hluta sérhljóðsins. Útkoman verður [i]-tvíhljóð, en [i] og [j] eru mjög lík hljóð. Ef sérhljóðið er langt, eins og í svonefndum skaftfellskum einhljóðaframburði (sjá 9.2.8), verður ekki tvíhljóðun; þar er *bogi* og *hagi* borið fram [pɔːji] og [haːji].

### 10.7.2 Tvíhljóðun á undan gómmæltu nefhljóði

Það er ekki bara á undan /gi/ sem borið er fram tvíhljóð þótt stafsetningin hafi einhljóðstákn; sama gildir (í máli flestra) á undan /ng/ og /nk/, í orðum eins og *langur* [launɣyr], *lengi* [lejnɔɪ], *banki* [paunɔɪ], *hönk* [höiŋk]. Hins vegar er mun óljósara hver sé staða þessara tvíhljóða en tvíhljóðanna á undan /gi/. Það er vegna þess að ef /ng/ eða /nk/ fer á eftir sérhljóði á annað borð, þá er það yfirleitt svo í öllum myndum viðkomandi orðs, og þess vegna koma ekki fram nein víxl milli tvíhljóðs á undan /ng/ eða /nk/ og einhljóðs á undan einhverjum öðrum hljóðum. Því er erfitt að rökstyðja að tvíhljóðunin sé lifandi regla, fremur en grunnmyndin hafi breyst.

Nokkur atriði má þó tína til sem gæti bent til þess að grunnmynd sé með einhljóði, jafnvel í máli þeirra sem bera fram tvíhljóð, og tvíhljóðunin þar með virk regla. Í fyrsta lagi er það að víxl einhljóðs og tvíhljóðs koma fyrir í sögninni *gegna* [çekna]. Í þátíðinni

verða hljóðavíxl og /g/ fellur brott (eins og eðlilegt er í þessum klasa), en eftir stendur uppgómmælt nefhljóð; og á undan því er borið fram tvíhljóð: *gegndi* [ceiŋtɪ].

Í öðru lagi eru það víxl eins og í *banki* [pauŋci] – *bönkum* [pœiŋkʏm], *langur* [lauŋkʏr] – *löngum* [lœiŋkʏm]. Ef tvíhljóðunin er virk regla er hægt að segja að þarna séu venjuleg *u*-hljóðvarpsvíxl [a] og [œ], en á eftir hljóðvarpinu verði svo tvíhljóðun og breyti [a] í [au] og [œ] í [œi]. Sé hins vegar ekki gert ráð fyrir einhljóði í grunnmynd, heldur talið að tvíhljóð sé komið í grunnmyndina, verður að hafa nýja reglu sem stýrir víxlum [au] og [œi] (og reyndar líka [au] og [ei], sbr. *langur* [lauŋkʏr] – *lengri* [leiŋkɾi]).

Í þriðja lagi má finna rök fyrir tvíhljóðun í barnamáli. Dæmi eru um barn sem breytti /l/ í nefhljóð við ákveðnar aðstæður. Þetta barn bar nafnið *Helga* [hɛlka] fram með uppgómmæltu nefhljóði, [ŋ], sem er eðlilegt vegna þess að nefhljóð laga myndunarstað sinn venjulega að eftirfarandi lokhljóði. En það sem var athyglisverðast var að /e/ tvíhljóðaðist á undan þessu uppgómmælda nefhljóði, þannig að framburðurinn varð [heiŋka]. Þetta bendir til virkrar tvíhljóðunarreglu í máli barnsins.

Fjórða atriðið er svo tökuorð. Í mörgum nýlegum tökuorðum hefur orðið tvíhljóðun, s.s. *tankur* [tʰauŋkʏr] og *pönk* [pʰœiŋk]. En vitnisburður tökuorða er þó ekki ótvíræður; það eru nefnilega mjög mörg tökuorð þar sem ekki verður tvíhljóðun, t.d. *mangó* [maŋkou], ekki \*[mauŋkou]. Það virðist sem tvíhljóðun verði helst í þeim sem eru algengust og „íslenskulegust“. Það gæti e.t.v. bent til þess að virk tvíhljóðun væri að hverfa úr málinu en tvíhljóð væru komin inn í grunnmyndina og héldust þar.

## 11. ORÐ, MYNDAN, MERKING

### 11.1 Orðaforði

#### 11.1.1 Fjöldi orða og tegundir

Hvað eru mörg orð í íslensku? Getið þið svarað því? Nei, það geta víst engin, en það er óhætt að segja þrennt: Þau eru mjög mörg, þeim er alltaf að fjölga, og engin leið er að tilgreina fjöldann nákvæmlega. Fólk hefur nefnilega á öllum tímum fengist við að búa til ný orð þegar á þeim þurfti að halda. Sum þeirra hafa kannski aðeins verið notuð einu sinni, en síðan fallið í gleysku. Önnur geta átt eftir að finnast í gömlum handritum sem ekkert nútímafólk hefur kannað. Enn önnur hafa líklega verið notuð í fyrsta skipti í gær á öðru landshorni, þannig að það er ekki von að við höfum heyrt þau eða þau séu komin á orðabók.

Þess vegna þýðir ekkert að fletta upp í orðabók til að gá að því hvort eitthvert orð sé til eða ekki. Ef orðið finnst þar, getum við að vísu sagt að svo sé, en þótt það vanti í orðabókina er ekki hægt að halda því fram að það sé ekki til. Það er heldur ekki tilgangur orðabóka að innihalda öll orð málsins, enda væri það ekki hægt af framangreindum ástæðum. Bækur eins og t.d. *Íslensk orðabók* láta nægja að sýna stofnorð og algengari samsetningar. Í ritmálsskrá *Orðabókar Háskólans*, sem safnað hefur verið til síðan fyrir 1950 ([http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn\\_ritmalssafn](http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn)), eru hins vegar tekin sem flest orð, jafnvel sjaldgæfar samsetningar. Í ritmálsskránni eru nú dæmi um 6-700.000 orð, en stór hluti þess fjölda eru orð sem aldrei eru notuð í nútímamáli og aðeins er til ein heimild um; mállyskubundin orð, óvenjulegar samsetningar o.s.frv. Í *Íslenskri orðabók* eru orðin ekki nema kringum 100.000. Auðvitað kunna engin 6-700.000 orð, ekki einu sinni 100.000, enda duga okkur örfá þúsund til daglegra þarfa.

Þótt Orðabók Háskólans hafi heimildir um 6-700.000 orð segir það ekki alla söguna; í skrána eru aðeins tekin orð sem heimildir eru um að hafi verið notuð eftir 1540, þegar fyrsta bókin var prentuð á íslensku; *Nýja testamenti* Odds Gottskálkssonar. Fjölmörg orð til viðbótar koma fyrir í fornritum, en ekki annars staðar, t.d. *blígja* ‘stara’, *bræða* ‘flýta sér’, *grápa* ‘þrifa í’, o.fl.

Fjöldi íslenskra orða hefur auðvitað verið í málinu allt frá fyrstu tíð, síðan landnámsmenn komu með móðurmál sitt frá Noregi. Sögu margra þeirra má rekja mun lengra aftur, jafnvel aftur í hið svokallaða **indóevrópska frummál**. Frá því máli eru flest evrópumál runnin, og ýmis mál í Asíu líka, s.s. indversk og persnesk mál. Við höfum engar beinar heimildir um indóevrópska frummálið; það eru ekki til neinar ritaðar heimildir á því. En með samanburði þeirra mála sem talin eru komin af því hafa fræðimenn gert sér nokkuð ákveðnar hugmyndir um orðin í þessu máli, þótt því fari fjarri að öll séu sammála um allt í því efni. Íslenska er mjög gagnlegt mál í þessum samanburði, vegna þess að ýmsir þættir málsins hafa breyst minna en í öðrum málum.

### 11.1.2 Nýyrði

En mikill fjöldi orða hefur bæst við á þeim 1100 árum sem síðan eru liðin, og þó allra mest nú á okkar tímum. Þessi viðbót er af ýmsum toga. Fyrst og fremst má nefna innlenda nýsköpun: þau orð sem fyrir eru fæða af sér fleiri. Það gerist ýmist með því að eitt orð er myndað af tveimur eins og þegar orðunum *snjór* og *hús* er slegið saman í *snjóhús*, eða svonefndum **forskeytum** (e. *prefix*) og **viðskeytum** (e. *suffix*) er bætt við orð sem fyrir er, og út kemur orð skyldrar merkingar. Dæmi um það er þegar viðskeytinu *-ing(ur)* er bætt við orðið *menntaskóli*, og um leið breytist *ó í æ* og út kemur orðið *menntskælingur*. Við höfum líka dæmi um að þessum tveimur aðferðum slái saman, eins og þegar orðið *hýsi* er myndað af *hús*, og orðið *stór* um leið sett þar fyrir framan; útkoman verður *stórhýsi*. Þau orð sem mynduð eru þannig af íslenskum stofni eru kölluð **nýyrði** (e. *neologisms*).

Nýyrði bætast við á öllum öldum. Um þau eru fjölmörg dæmi þegar í forn máli, bæði um orð sem hljóta að vera þar algerlega ný, eins og *hlaupár*, *sumarauki*, *samviska*; og eins hitt að gömlum orðum sé gefin ný merking. Það er talið hafa gerst með ýmis orð sem tengjast jarðeldi og jarðhita, eins og *hver*, *laug* og *hraun*; og einnig mörg sem tengjast átrúnaði, eins og *jól* og *blóta*.

Skipuleg nýyrðasmíð hófst hins vegar fyrir alvöru í lok 18. aldar í ritum Lærdómslistafélagsins. Þar var skrifað um ýmis efni sem ekki hafði áður verið fjallað um á íslensku, og því var þörf nýrra orða; og þaðan koma orð eins og *farfugl*, *fellibylur*, *gróðurhús* og *afurð*. Þegar kom fram á 19. öldina hófst svo mikil vakning um eflingu og hreinsun málsins, og þá koma einnig til fjölmörg nýyrði, t.d. var Jónas Hallgrímsson iðinn við nýyrðasmíð, og bjó til orð eins og *hitabelti* og *ljósvaki*.

Í nútímamáli hefur þörf fyrir nýyrði aukist gífurlega vegna þjóðfélagsbreytinga; alltaf eru að koma upp ný hugtök og fyrirbæri sem við þurfum orð yfir. Nýyrðasmíð hefur líka verið blómleg alla öldina, og nýyrði sem gerð voru á tuttugustu öld einni skipta tugum þúsunda. Örlög þeirra – eins og nýyrða frá öllum tímum – hafa auðvitað verið mjög misjöfn. Sum notum við á hverjum degi, eins og *útvarp*, *sjónvarp*, *tölva*, *tækni*. Önnur hafa átt erfitt uppdráttar eða alveg horfið, eða þá aldrei vaknað til lífs meðal málnotenda, s.s. *víðboð* og *víðvarp* um útvarp, *drag* um dráttarvél, og svo mætti lengi telja.

### 11.1.3 Tökuorð

Orðaforðinn hefur líka aukist af orðum sem komin eru úr erlendum málum, svokölluðum **tökuorðum** (e. *loanwords*) Erlend orð hafa verið tekin inn í málið á öllum tímum, og t.d. komu þónokkur orð af latneskum, frönskum og írskum uppruna inn í málið fyrir landnám og á fyrstu öldum Íslands byggðar. Þar má nefna ýmis orð sem fylgdu kristninni, beint eða óbeint, eins og *prestur*, *biskup*, *kross*, *djöfull* o.s.frv.; en einnig ýmis önnur, eins og *tafl*, *dúkur* og *klæði*. En það hefur verið misjafnt eftir aðstæðum hvaðan straumur tökuorða hefur komið. Á 14. og 15. öld versluðu Íslendingar talsvert við Englendinga, og þá kom

nokkuð af enskum orðum inn í málið, t.d. jafn algeng orð og *sápa* og *par*, en einnig *kurteisi*, *fól*, *lávarður* o.fl.

Síðar jukust þýsk og dönsk áhrif á landinu, og þá kom mikið af nýjum orðum inn í málið, einkum með þýðingum guðsorðabóka um og eftir siðaskipti. Flest eru þau okkur framandi, og hafa væntanlega aldrei komist inn í venjulegt mál, orð eins og *bíhalda*, *bevara*, *forbætra* o.þ.u.l.; en einnig má nefna *herlegheit*, *rólegheit*, *fyllirí*, *fiskirí*, *fangelsi*.

Allt fram á síðustu öld komu flest tökuorð í íslensku úr dönsku, en frá því um seinni heimsstyrjöld hafa þau líklega langflest komið úr ensku. Þar má nefna orðin *sjoppa*, *stæll*, *jeppi*, *hippi*, *nælon*, *stress*, *töff*, *næs*, *fíla*, *tékka*, *trimma*; annars eru þessi orð svo mörg og algeng að engum ætti að vera vorkunn að finna nóg af dæmum um þau í daglegu tali sjálfs sín og annarra.

Við skulum þó athuga að sjaldnast eru orðin alveg eins í íslensku og í málinu sem þau koma úr. Oftast er framburðurinn eitthvað frábrugðinn, og þar að auki fá orðin íslenskar endingar. Þó er vissulega misjafnt hversu vel orðin aðlagast íslensku málkerfi. Jafngamalt orð og *biskup* hefur ekki enn fengið neina nefnifallsendingu; orðin *lager*, *mótor*, *partí* o.fl. brjóta t.d. þá reglu að *a*, *i* og *u* séu einu sérhljóðin sem koma fyrir í áherslulausum atkvæðum (í ósamsettum orðum); orðið *næs* tekur engum fallendingum; og svo mætti lengi telja. Orð eins og *bíll* hefur hins vegar algerlega fallið að íslensku málkerfi, bæði hljóðfræðilega og beygingarlega.

Tökuorð njóta mismikillar virðingar. Sum hafa verið tekin algerlega inn í málið og njóta sama réttar og önnur íslensk orð. Sem dæmi má nefna *prestur*, *sápa*, *bíll*. Við öðrum er aftur á móti amast af ýmsum orsökum. Stundum er það vegna þess að þau laga sig ekki að málkerfinu; innihalda hljóðasambönd sem ekki koma fyrir í íslenskum orðum, neita að beygjast, eða eitthvað álíka. Dæmi um þetta eru *næs*, *stereó*, *bíó*. Önnur falla aftur á móti algerlega að málkerfinu, en er hafnað vegna þess að þau eru þegar til í málinu í annarri merkingu, eða íslenskt orð sömu merkingar er til og tökuorðið þykir þess vegna óþarft. Dæmi þessa er orðið *díll* (úr ensku *deal*) í merkingunni ‘verslun, kaup’ í samböndum eins og *góður díll*. Hins vegar er til orðið *díll* í merkingunni ‘blettur’, í samböndum eins og *sjá ekki á dökkan díl*, og þykir fullgild íslenska.

Orðið *díll*, svo og orð eins og *pæja* og *gella*, *gæi* og *töffari*, tilheyra þeim hluta orðaforðans sem kallaður er **slangur** (e. *slang*). Slangur er hreint talmál, að talsverðu leyti byggt upp úr tökuorðum sem ekki hafa hlotið viðurkenningu, en einnig er mikið um hrein íslensk orð notuð í annarri merkingu en þau hafa t.d. í orðabókum. Um það má nefna dæmin *sýra* um LSD, *rós* í sambandinu *gera rósir*, *múraður* í merkingunni ‘ríkur’, *herðablöð* í sambandinu *vera á herðablöðunum*, *skrúðkrimmi* ‘glæpamaður af hástétt’, *vælubíll* ‘sjúkrabíll’, og svo mætti lengi telja.

## 11.2 Einingar orða

### 11.2.1 Myndan – myndbrigði

Úr hverju eru orðin gerð? Þau eru auðvitað samsett úr hljóðum (bókstöfum í ritmáli). En það má samt sem áður greina stærri einingar en hljóð (bókstafi) innan orða. Lítum á eftirfarandi dæmi:

|   |            |                   |                                  |
|---|------------|-------------------|----------------------------------|
| a | Ég byggði  | <i>hús</i>        | úr <i>snjó</i>                   |
| b | Ég byggði  | <i>snjóhús</i>    |                                  |
| c | Strákurinn | <i>litar</i>      | myndina                          |
| d | Strákurinn | <i>litaði</i>     | myndina                          |
| e | Strákarnir | <i>lituðu</i>     | myndina                          |
| f | Við        | <i>lituðum</i>    | myndina                          |
| g | Þótt ég    | <i>liti</i>       | myndina verður hún ekkert skárri |
| h |            | <i>Bókin</i>      | er skemmtileg                    |
| i | Ég las     | <i>bókina</i>     |                                  |
| j | Ég týndi   | <i>bókinni</i>    |                                  |
| k | Ég sakna   | <i>bókarinnar</i> |                                  |
| l | Sagan er   | <i>sönn</i>       |                                  |
| m | Sagan er   | <i>ósönn</i>      |                                  |
| n | Sagan er   | <i>sennileg</i>   |                                  |
| o | Sagan er   | <i>ósennileg</i>  |                                  |

Í þessum dæmum sjáum við að það skáletraða helst óbreytt (nema hvað sérhljóðið er annað í n-o en í l-m), en það feitlettraða er breytilegt. Við sjáum að merkingin er að nokkru leyti sú sama í hverjum setningahóp, en er þó nokkuð breytileg. Ef við tökum c-g sem dæmi, þá sjáum við að það er sameiginlegt með öllum setningunum að þær segja frá því að myndin hafi verið lituð, enda kemur *lit-* fram í þeim öllum. Munurinn felst í því hver það var sem litaði myndina og hvenær. Við sjáum að ef breytt er um geranda breytast endingar sagnarinnar, feitlettruðu orðhlutarnir. Við getum þá haldið því fram að orðin í miðdálknum í c-g skiptist í tvennt: *lit-*, sem hafi alltaf sömu merkingu, og tákni verknaðinn sem um er að ræða; og endingar, sem séu breytilegar eftir því hver framkvæmir verknaðinn, hvort hann er liðinn eða yfirstandandi o.s.frv.

Orðum málsins er hægt að skipta svona niður í afmarkaða hluta sem hver um sig hefur ákveðna merkingu eða hlutverk. Þessir hlutar nefnast **myndön** (e. *morphemes*). *lit-* í c er þannig eitt myndan, og *-ar-* annað. Flest fallorð og sagnir eru fleiri en eitt myndan, en smáorð eru yfirleitt aðeins eitt (atviksorð geta þó verið fleiri).

Hefðbundin skilgreining myndans er eitthvað á þessa leið: **Myndan er minnsta merkingarbær eining málsins**. Við munum endurskoða þessa skilgreiningu síðar; en til að byrja með er nauðsynlegt að greina myndönin skýrt frá **hljóðönnum**, sem oft eru kölluð

merkingargreinandi eindir (sjá 7.2). Þetta er sérstaklega áriðandi vegna þess að stundum er eitt hljóðan jafnframt myndan. Lítum á tvo hópa orðatvennda:

- a svör – svörð, fjör – fjörð, bar – barð
- b fer – ferð, ber – berð, sker – skerð

Í hverri þessara tvennda er seinna orðið = það fyrra + ð. Og þetta ð er auðvitað alls staðar hljóðan; það er merkingargreinandi, því að merking seinna orðsins í hverri tvennd er önnur en þess fyrra. En í b er ð jafnframt myndan, en ekki í a. Hvernig stendur á þeim mun?

Jú, svarið liggur í því sem sagt var hér á undan, að merkingarbært felur í sér að myndanið beri einhvern ákveðinn hluta af heildarmerkingu orðsins. Í b táknar fyrra orð hvern tvenndar nútíðarstofn sagnar, en seinna orðið 2.pers.et. af þessari sömu sögn. Afstaðan milli fyrra og seinna orðsins í hverri tvennd er m.ö.o. alltaf hin sama í b. En í a er þessu allt öðruvísi farið. Svör merkir alls ekki það sama og svör- í svörð, og það er ekki heldur neinn skyldleiki milli fjör og fjörð, eða bar og barð. Þar af leiðandi er út í hött að segja að í a beri ð einhvern afmarkaðan hluta af heildarmerkingu orðsins; svörð, fjörð og barð eru „ósundurgreinanlegar eindir“. Það er þá líka fjarstætt að segja að skyldleikinn eða afstaðan milli svör og svörð sé hin sama og milli fjör og fjörð eða bar og barð.

Mörg myndön koma fram á mismunandi vegu, eftir því hvaða öðrum myndönum þau tengjast. Afbrigði sama myndans eru kölluð **myndbrigði** (e. *allomorphs*). Milli myndbrigða sama myndans er aldrei merkingargreinandi andstæða; þau standa ýmist í **fyllidreifingu** eða **frjálsri dreifingu**. Með fyllidreifingu er átt við að hvert afbrigði um sig komi aðeins fyrir í umhverfi, þar sem ekkert annað afbrigði sama myndans getur staðið. Frjáls dreifing táknar aftur á móti að tvö eða fleiri afbrigði geta komið fyrir í sama umhverfi, en umskipti á þeim valda ekki merkingarbreytingu. Ef við hugsum okkur myndan sem merkti ‘ef.et.kk.’, þá hefur það aðallega tvö myndbrigði: -s og -ar. Með sumum stofnum standa þau í fyllidreifingu: *matar*, ekki *\*mats*; *gests*, ekki *\*gestar*. En með öðrum stofnum er dreifingin frjáls: *skógs*, *skógar*.

Því má svo bæta hér við að myndön eru oft sýnd í slaufusviga; {-ð-} táknar þá ‘myndanið ð’.

### 11.2.2 Rót, forskeyti, viðskeyti, stofn

Myndön má flokka á ýmsan hátt, s.s. eftir hlutverki þeirra, gerð, og tengslum við önnur myndön. Við getum nefnt fyrst skiptinguna í **merkingarleg** (e. *content*) og **málfræðileg** (e. *grammatical*) myndön. Merkingarleg eru þau sem vísa „út fyrir málið“, þ.e. hafa eitthvert ákveðið merkingarmið; málfræðileg eru þau sem sýna hvaða **málfræðilegar formdeildir** (e. *grammatical categories*) koma fram í orðinu, þ.e. einkum beygingarendingar.

Í öllum orðum er **rót** (e. *root*), sem er hið merkingarlega myndan. Rætur bera grundvallarmerkingu orðsins, og eru einu myndönin sem geta komið fyrir sjálfstæð, án stuðnings annarra. Framan við rótina getur komið **forskeyti**, en aftan á hana **viðskeyti**.

Þau eru stundum kölluð einu nafni **aðskeyti** (e. *affixes*) Hlutverk þeirra er að búa til ný orð skyldrar merkingar, en þau geta aldrei komið fyrir sjálfstæð. Merking þeirra er margvísleg. Forskeytin eru tiltölulega fá, og hlutverk þeirra yfirleitt að hliðra til eða neita merkingu rótarinnar, s.s. *and-*, *ó-*, *tor-*. Viðskeyti eru aftur á móti mun stærri og fjölbreyttari flokkur. Sum þeirra hafa ákveðna merkingu, s.s. *-ar(i)*, *-un*, *-leg-*. Önnur er erfiðara að tengja ákveðinni merkingu, s.s. *-il-*, *-al-*, *-ul-* o.s.frv.

Rótin, ásamt forskeyti og/eða viðskeyti, ef því er til að dreifa, nefnist **stofn** (e. *stem*) Stofninn er þá sá hluti sem helst í öllum beygingarmyndum orðsins, en **hljóðbeygingarreglur** eða **hljóðkerfisreglur** geta þó valdið breytingum á honum.

Að lokum eru það svo **beygingarendingar** (e. *inflectional endings*). Sama máli gegnir um þær og aðskeytin, að þær koma aldrei fyrir sjálfstæðar. Hlutverk þeirra er að sýna þær formdeildir sem fram koma í orðinu. Þar sem um fallendingar er að ræða, er e.t.v. hæpið að tala um „merkingu“ beint; þ.e., segja má að orð merki það sama hvort sem það stendur í nefnifalli eða þolfalli. *Sveinn* og *Svein* getur vísað til sama mannsins. Hins vegar skiptir fallið máli fyrir afstöðu orðsins til annarra orða í setningunni; *Sveinn barði Jón* merkir alls ekki það sama og *Svein barði Jón*. Það má því segja að fallendingar séu merkingarbærar eindir á þann hátt að það skiptir máli fyrir merkingu setningarinnar í heild, hver þeirra er notuð.

Orð sem innihalda tvær rætur eða fleiri eru kölluð **samsett** (e. *compound*), en orð sem eru mynduð af rót + forskeyti eða viðskeyti eru venjulega kölluð **afleidd** (e. *derived*) Orðið *Íslendingur* er dæmi um þetta allt. Því má skipta í fjögur myndön: *Ís+lend+ing+ur*. Þarna höfum við tvær rætur, *ís* og *land*, sem báðar geta komið fyrir sjálfstæðar. Orðið *Ísland* er því samsett orð, og við það má bæta viðskeytinu *-ing-*, sem táknar oft ‘einstaklingur frá einhverjum stað’ (en getur reyndar haft fleiri merkingar, sbr. *KR-ingur*). Við það að orðið fær þetta viðskeyti breytist *a* í *land* í *e*, en það er mjög algengt að hljóðbreytingar verði í rótum þegar viðskeytum er bætt við þær. Þegar hér er komið sögu erum við komin með orðið *Íslending*, og sú mynd er kölluð **stofn** orðsins. Stofn er sú mynd sem helst í öllum beygingarmyndum, en það er fljótlegt að ganga úr skugga um að endingin *-ur* gerir það ekki; við segjum *Ég er Íslendingur*, en aftur á móti *Ég hitti Íslending* og *Ég þekki marga Íslendinga*. *-ur* og *-a* (og ýmsar fleiri) eru þá beygingarendingar, sem bætt er við stofninn til að ákvarða nánar merkingu orðanna og tengsl þeirra við önnur orð í setningunni.

Auk forskeyta og viðskeyta eru til svonefnd **innskeyti** (e. *infixes*) Það eru myndön, sem stungið er inn í önnur myndön, þannig að stærra myndanið (yfirleitt rót) umlykur innskeytið. Innskeyti eru vart til í íslensku; þó væri hugsanlegt að halda því fram að í nefnifalli orða eins og *stóll* og *steinn* sé [t]-innskeyti. Stofninn (sem kemur fram í þolfalli, sem er endingarlaust) er [stou:l] og [stei:n], en nefnifallið er [stoutl̥] og [steitn̥], þannig að [t] virðist vera skotið þar inn í stofninn. Hér verður þó talið að ekki sé um innskeyti að ræða, heldur liggi þarna á bak við hin almenna nefnifallsending sterkra karlkynsorða, #-r#,

en hljóðkerfisreglur valdi síðan ýmsum breytingum á henni og stofninum. Hér er þó ekki hægt að fara lengra út í þá sálma.

### 11.3 Myndanið sem eind í byggingu orðsins

#### 11.3.1 Myndangreining byggð á sögulegum grunni eða málkunnáttu

Af þeim dæmum sem við höfum séð fram að þessu mætti ætla að það væri tiltölulega auðvelt að greina orð í myndön; greinileg formleg skil séu milli þeirra, og hvert þeirra um sig hafi skýra merkingu eða hlutverk. En svo er sannarlega ekki alltaf; iðulega renna myndön meira og minna saman í eitt, og hvorki formleg né merkingarleg skil eru finnanleg. Skoðum þessi dæmi um sundurgreiningu orða úr þekktri kennslubók:

| Orð       | Fsk. | Rót   | Viðsk.  | Stofn     | Ending |
|-----------|------|-------|---------|-----------|--------|
| kunnátta  |      | kun-  | -n-átt- | kunnátt-  | -a     |
| mold      |      | mol-  | -d-     | mold      |        |
| göfga     |      | göf-  | -g-     | göfg-     | -a     |
| eyja      |      | ey-   | -j-     | eyj-      | -a     |
| afl       |      | af-   | -l-     | afl       |        |
| karl      |      | kar-  | -l-     | karl      |        |
| kerling   |      | ker-  | -l-ing- | kerling   |        |
| sími      |      | sí-   | -m-     | sím-      | -i     |
| glaumur   |      | glau- | -m-     | glaum-    | -ur    |
| gleymska  |      | gley- | -m-sk-  | gleym-sk- | -a     |
| sókn      |      | sók-  | -n-     | sókn      |        |
| hernaður  |      | her-  | -nað-   | hernað-   | -ur    |
| lifnaður  |      | lif-  | -n-að-  | lifnað-   | -ur    |
| elska     |      | el-   | -sk-    | elsk-     | -a     |
| fermsla   |      | fer-  | -m-sl-  | fermsl-   | -a     |
| mylsna    |      | myl-  | -sn-    | mylsn-    | -a     |
| göfugur   |      | göf-  | -ug-    | göfug-    | -ur    |
| förull    |      | för-  | -ul-    | förul-    | -l     |
| náungi    |      | ná-   | -ung-   | náung-    | -i     |
| jötunn    |      | jöt-  | -un-    | jötun-    | -n     |
| mölva     |      | möl-  | -v-     | mölv-     | -a     |
| andbyr    | and- | byr   |         | andbyr    |        |
| ófær      | ó-   | fær   |         | ófær      |        |
| torlærður | tor- | lær-  | -ð-     | torlærð-  | -ur    |

Hér er nú ýmislegt að athuga. Eða vissuð þið að í *mold* væri rótin *mol-* og viðskeytið *-d*; og í *elska* væri rótin *el-* og viðskeytið *-sk-*? Og hvaða hluta af heildarmerkingu orðsins ber

hvor orðhluti? Er *-l* í *afl* og *-l* í *karl* sama myndanið; og ef svo er, hvað merkir það; hvaða merkingarþáttur er sameiginlegur í *afl* og *karl*?

Ástæðan fyrir því hve okkur kemur þessi myndangreining spánskt fyrir sjónir er sú að hún er algerlega **söguleg** (e. *diachronic*). Til að geta greint svona niður þurfum við að leita á náðir málsögu og orðsifjafræði. Í nútímamáli eru rót og viðskeyti nefnilega runnin svo rækilega saman í eitt í þessum orðum, að þar sér engin skil. Við skynjum orð eins og *mold*, *afl*, *karl* sem eina ósundurgreinanlega heild hvert. Og ef við ætlum málfræðinni að lýsa málkunnáttu okkar, þá táknar þetta jafnframt að við greinum þessi orð sem eitt myndan hvert – það eitt samræmist málkunnáttunni.

Nú gætu einhver komið og sagt sem svo: Já, en ef við höfum nú lært málsögu, og vitum að *mold* er samsett úr *mol+d* o.s.frv. Er það þá ekki orðið hluti af málkunnáttu okkar, og ber okkur þá ekki að myndangreina samkvæmt því?

Því er til að svara, að sú kunnátta sem miðað er við er sú ein sem fæst með því að kunna málið eins og það er talað og skrifað í dag; m.ö.o., sú kunnátta sem við öðlumst með því að nota málið, ekki með því að læra um það. Það er auðvelt fyrir þann sem er að læra málið að gera sér grein fyrir því að no. eins og *skipun* er samsett úr tveimur myndönnum. Það er vegna þess að báðir hlutarnir koma fyrir annars staðar, með u.þ.b. sömu merkingu; *skip-* í so. *skipa*, og *-un* í fjölmörgum orðum, sem eru e.k. verknaðarheiti af sögnum. Þarna ber hvor hluti um sig afmarkaðan hluta af heildarmerkingu orðsins. En líklega myndi fæst fólk treysta sér til – án málsögulærdóms – að segja hvað *af-* merkti eitt sér í orðinu *afl*, og hverju *-l* bætti við þá merkingu; eða nefna sameiginlegan merkingarþátt í *afl* og *karl*.

Sem sé: Eina gilda myndangreining nútímamáls er sú sem málnotendur beita ósjálfrátt þegar þau læra málið. Gallinn er bara sá, að við vitum ekki alltaf hver hún er, vegna þess að við höfum engan beinan aðgang að málkunnáttunni. Í dæmum eins og *mold* og *skipun* er þetta að vísu nokkuð augljóst; en því miður er svo ekki alltaf. Við þetta bætist svo það að alls ekki er víst – og raunar ótrúlegt – að allir málnotendur séu jafn skarpskyggirnir. Það getur því vel verið að sum sjái greinilegan skyldleika tveggja orða þar sem önnur sjá engin tengsl; og þetta getur leitt til mismunandi myndangreiningar. Hugsanlegt er t.d. að einhverjum finnist tengsl milli *mol-* í *mold* og so. *mylja* liggja í augum uppi, og greini því *mol-* og *myl-* sem myndbrigði sama myndans, þótt flest myndu líklega líta á þetta sem tvö myndön. Og þá vaknar spurningin: Er hægt að setja fram **eina rétta** myndangreiningu; eða verður hver að hafa sína eigin greiningu?

### 11.3.2 Tengsl myndana og merkingar

Ýmis vandamál koma upp þegar litið er á orð, þar sem við þykjumst greina einhverja afmarkaða hluta, en eigum erfitt með að tengja ákveðna merkingu við hvern um sig. Dæmi um þetta eru no. sem enda á *-ul-*: *jökull*, *hökull*, *sökkull*, *djöfull* og nokkur fleiri. Við getum talið líklegt að *jök-* sé sama rót og í *jaki*, út frá hljóðafarslegum og merkingarlegum

ástæðum. En hvað merkir þá *-ull*? Og er *hök*- í *hökull* sama rót og í *haka*, eða *haki*, eða hvorugu? Og hvar finnum við rótina *djöf*- annars staðar en í *djöfull*?

Það mætti kannski snúa sig út úr þessu með því að segja að tengslin milli *jaki* og *jökull* séu ekki mjög augljós, ólík stofnsérhljóð o.s.frv.; þess vegna geti það samrýmst málkunnáttunni að greina öll *-ull*-orðin sem eitt myndan hvert (þ.e. greina *-ull* aldrei sem sérstakt myndan). En það leysir ekki vandann með samsett orð sem hafa *-ber* sem síðari lið. Við höfum *bláber*, *hrútaber*, *hindber*, *einiber*, *sólber*, *jarðarber* o.fl., þar sem hvor hluti hefur afmarkaða merkingu og kemur fyrir annars staðar. Þessi orð er því auðvelt að greina í myndön. En svo höfum við líka *krækiber* og *kirsuber*. Það eru hvorttveggja *ber*, þannig að merking síðari hlutans er ljós; en hvað er *kræki*- og *kirsu*-? Þeir orðhlutar koma hvergi fyrir annars staðar, og við getum því ekki fundið hvað þeir merkja. Það er merkingarlaust að segja að *kræki*- merki 'allir aðrir eiginleikar krækibers en þeir að vera ber' – er það ekki? Það er ekki heldur hægt að segja að *kræki*- og *kirsu*- merki 'ekki neitt', því að það myndi þýða að *krækiber* og *kirsuber* merkti það sama (ekki neitt = ekki neitt) – sem er auðvitað vitleysa. Og þó að þessum vandræðum væri sleppt, eigum við ýmislegt ósagt um aðrar berjategundir. *Bláber* geta t.d. verið græn; og skyldleiki *hrútaberja* við hrúta er mjög óljós, svo ekki sé minnst á tengsl *hindberja* og *hinda*.

Einnig má taka dæmi af viðskeytinu *-ó*. Ef við tökum t.d. orðið *strætó* og segjum að það merki hið sama og *strætisvagn*, þá má ætla að *stræt*- hafi sömu merkingu í báðum tilvikum. En þá hlýtur *-ó* að bera afganginn af merkingu orðsins, þ.e. '(is)vagn'. Það virðist nú nokkuð grunsamlegt, en gæti þó staðist út frá því orði einu sér. Lítum þá á annað orð með sama viðskeyti: *menntó*. Það merkir sama og *menntaskóli*; og ef *mennt(a)*- merkir nú það sama í báðum tilvikum, hlýtur *-ó* að standa fyrir það sem á vantar, þ.e. 'skóli'. Þá erum við komin með tvær gerólíkar merkingar í *-ó*: 'vagn' og 'skóli'. Og þær eru miklu fleiri, sbr. *ró mó*, *Sígló* o.s.frv. Viðskeytið *-ó* virðist því geta „merkt“ nánast hvað sem er. En þá er orðið dálítið hæpið að segja að það sé „merkingarbær eind“.

Önnur leið væri sú að segja að *-ó* merkti svo sem ekki neitt, væri bara viðskeyti til að sýna orðflokk eða þ.u.l. Það kemur þó ekki betur út, því að þá verður rótin, þ.e. það sem fer á undan *-ó*, að bera alla merkingu orðsins. *Stræt*- verður þá að merkja sama og *strætisvagn*, *mennt*- sama og *menntaskóli*, *Sígl*- sama og *Síglufjörður*, o.s.frv.

Af þessum ástæðum – og ýmsum fleiri – hefur hin gamla skilgreining myndans sem „minnsta merkingarbær eind“ verið gagnrýnd á seinni árum. Mörg hafna því nú að orðum eins og *krækiber* og *strætó* sé hægt að skipta niður, þannig að ákveðinn hluti heildarmerkingarinnar fylgi hvorum orðhluta, og segja einfaldlega að **orðin í heild** beri **alla** merkinguna.

### 11.3.3 Önnur skilgreining myndans

Þetta táknar þó ekki að myndaninu sé hafnað sem málfræðilegri einingu. Það vill nefnilega svo til, að þegar við finnum sömu hljóðaröð í fleiri en einu orði, er hún líkleg til að lúta

sömu beygingarreglum og hljóðbeygingarreglum. Lítum aftur á viðskeytið *-ul-*. Þó að erfitt sé að finna einhverja sérstaka merkingu í því, getum við verið nokkuð viss um þrjú atriði: Orð með þessu viðskeyti eru karlkyns (í *steinull*, *stálull*, *glerull* o.fl. er að sjálfsgöðu ekki um viðskeyti að ræða); þau fá *-s* í ef.et. og *-ar* í nf.ft.; og þau fella brott *-u-* á undan beygingarendingu sem byrjar á sérhljóði.

Athugum svo til samanburðar viðskeytið *-ul-* sem myndar **lýsingarorð** (e. *adjectives*) af sögnum. Þar er hægt að finna ákveðna merkingu, þ.e. 'sá sem gerir mikið af'. Þögn er þannig 'sá sem þegir mikið', *gjöffull* 'sá sem gefur mikið', o.s.frv. En beygingarlega hagar þetta *-ul-* sér öðruvísi en í no.; orð með því fá *-ir* í nf.ft.kk., eins og önnur lo.; og þau fella ekki nærri alltaf brott *-u-*, þótt beygingarending byrji á sérhljóði. Þögn og þögn gengur hvorttveggja, en hins vegar aðeins *gjöfulan*, ekki *\*gjöflan*.


Við sjáum sem sé að þótt *-ul-* í kk.-no. hafi enga fasta merkingu, hagar það sér á ákveðinn hátt, og öðruvísi en *-ul-* í lo. Þar við bætist að fyrri hluti *-ull-*orðanna kemur stundum fyrir annars staðar, þannig að hæpið er að líta á orðin sem aðeins eitt myndan hvert. Þetta virðist sem sé rekast á. Hvernig leysum við það?

Sú leið sem mörg aðhyllast á síðari árum er að slaka á tengslunum milli myndans og merkingar, og byggja skilgreininguna fyrst og fremst á formlegum atriðum. Skilgreining myndans verður þá eitthvað á þessa leið: **Myndanið er (minnsta) afmörkuð eind í byggingu orðsins.**

Athugið að hér er ekki minnst á merkinguna. Hér er aðeins talað um ytra útlit orðsins. Því er sem sé slegið föstu, að ef fólk rekst á nokkrum stöðum á sömu hljóðaröðina, og hún hagar sér alltaf eins í beygingarlegum efnum og hefur sama eða svipað formlegt hlutverk, þá beri að greina hana sem eitt og sama myndanið. Mjög oft hefur þessi hljóðaröð einnig sömu merkingu hvar sem hún kemur fyrir, eða einhvern merkingarskyldleika má finna; en meginmunur þessarar skilgreiningar og hinnar er þó sá, að merkingartengsl eru ekki grundvöllur skilgreiningarinnar.

#### 11.3.4 Orðið sem minnsta merkingarbær eind

En hvað verður þá um merkinguna? Það er ekki svo að hún hverfi alveg út úr myndinni, heldur segjum við nú að **orðið** sé minnsta merkingarbæra eindin. Það má rökstyðja með því, að fjölmörg myndön hafa enga ákveðna merkingu nema þau myndi orð með öðrum myndönnum. Við höfum séð dæmi þessa með *-ul-*; en ekki síður lærdómsríkt dæmi má finna í beygingarendingum nafnorða. Við minntumst á það í upphafi að þær væru merkingarbærar, og það er rétt að vissu leyti. En hins vegar hafa þær enga ákveðna merkingu út af fyrir sig; hana fá þær ekki fyrr en í sambandi við tiltekna stofna. Flestar endingarnar geta nefnilega táknað fleiri en eitt og fleiri en tvö mismunandi föll, allt eftir því hvaða stofni þær tengjast. Lítum nú á mynd þar sem sýnd eru tengslin milli fallanna 8 (fjögurra í hvorri tölu) og 10 algengustu beygingarendinga nafnorða (í öllum kynjum) í íslensku:




Mynd 47: Tengsl algengra beygingarendinga nafnorða og falla

Eins og sjá má eru það aðeins -s og -um, sem sýna fallið ótvírætt; hinar geta staðið fyrir tvö og allt upp í 6 föll. Og 8 af þessum 10 endingum koma fyrir í þf.ft.!

Með þessu er ekki verið að segja að t.d. -ar í *vinar* (ef.et.kk.), -ar í *hestar* (nf.ft.kk.), -ar í *myndar* (ef.et.kvk.) og -ar í *skálar* (nf.ft.kvk.) sé sama myndanið. Aðeins er verið að benda á að það virðist dálítið hæpið að segja að endingarnar hafi einhverja ákveðna merkingu, einar og sér. Þær fá hana nefnilega ekki fyrr en búíð er að tengja þær ákveðnum stofni; og hún er breytileg eftir því um hvaða stofn er að ræða. Þess vegna er það orðið í heild, sem ber alla merkinguna, en ekki einstakir hlutar þess, sem bera afmarkaðan hluta hennar.

Þetta kemur líka vel fram þegar við skoðum myndirnar *hafðir* og *færir*, af so. *hafa* og *fara*. Línurnar frá hverri formdeild sýna, hvaða atriði í orðinu breyting á þeirri formdeild einni hefði áhrif á, ef allar aðrar væru láttnar óbreyttar:



Mynd 48: Tengsl beygingatriða í tveim sögnum við hljóð í sagnmyndum

Þarna sjáum við t.d., að með því einu að breyta et. í ft. í *hafðir*, en *hafa* annað óbreytt (þ.e. sömu tíð, sama hátt og sömu persónu), breytast þrjú atriði í orðinu; stofnsérhljóð úr *a* í *ö*, endingarsérhljóð úr *i* í *u*, og endingarsamhljóð úr *r* í *ð*; útkoman er *höfðuð*. Ef breytt er úr *vh.* í *fh.* í *færir* breytast einnig þrjú atriði. Og spurningin er þá: Hvert er hið eiginlega fleirtölumyndan í *höfðuð*, eða framsöguháttarmyndan í *fórst*? Ef við byggjum skilgreininguna á merkingarbærni, og segjum að fleirtölumyndanið (eða fulltrúi þess) í *höfðuð* sé það í orðmyndinni sem segir okkur að þetta er fleirtala en ekki eintala, þá er þar um þrjú framantalin atriði að ræða. Eigum við þá að segja að fleirtölumyndanið eigi þrjá fulltrúa í orðinu? Eða eigum við að velja eitt þessara atriða sem fulltrúa fleirtölumyndansins og segja að hitt séu bara einhverjar viðbótarbreytingar sem fylgi með í kaupbæti? Og hvernig eigum við að velja eitt atriði úr og segja að það sé hinn eiginlegi fulltrúi fleirtölumyndansins? Allt þetta verður oft ærið flókið.

Á hinn bóginn er málið mun einfaldara ef litið er framhjá merkingunni, en hin endurskoðaða skilgreining myndans notuð í staðinn. Það er nefnilega alveg ljóst að „eindir í byggingu orðsins“ eru stofninn (*hef-/far-*), -ð- í fyrra dæminu á mynd 48, og -i- (sem

alltaf bætist við í vh.) og *-r* (sem alltaf bætist við í 2.pers.et.vh.) í báðum dæmunum á mynd 48.

Athugið líka, að jafnvel þar sem þetta er ekki svona flókið, eins og t.d. í *bílum*, þgf.ft. af *bíll*, er dálítið hæpið að segja að með því að taka burt *-um* séum við að taka merkinguna ‘þgf.ft.’ burt og skilja merkinguna  eftir. Hér á undan var sagt að fallendingar skiptu máli fyrir merkingu setningarinnar í heild, en ekki fyrir merkingu einstakra orða. Því er hæpið að tala um merkingu endinganna, þar sem ekki er einu sinni neitt setningarlegt samhengi. En *-um* er eftir sem áður „eind í byggingu orðsins“.

## 12. ÍSLENSK ORÐMYNDUN

### 12.1 Tegundir orðmyndunar

#### 12.1.1 Lærð og virk orðmyndun

Það eru alltaf að bætast ný orð í málið; ýmist tekin úr öðrum málum eða mynduð af innlendri rót. Í þessum kafla látum við tökuorðin liggja milli hluta, en skoðum dálítið hvernig ný íslensk orð verða til.

Oft er gerður munur á því sem kallað er **lærð** (e. *learned*) og **virk** (e. *productive*) **orðmyndun** (e. *word formation*). Með lærðri orðmyndun er átt við það þegar þartilgert fólk tekur sig til og ákveður að búa nú til íslenskar samsvaranir ákveðinna erlendra orða. Stundum er þar aðeins um eitt orð að ræða (í einu), en meginhluti slíkrar orðasmíði fer fram í orðanefndum, sem fást við að semja íslensk fagorð í tiltekinni grein, s.s. iðngrein eða vísindagrein. Í slíkum orðanefndum sitja yfirleitt sérfræðingar í viðkomandi grein, en fá oftast ráðgjöf frá málfræðingum. Þess vegna er það algengt í þessari tegund orðmyndunar að notuð séu forskeyti eða viðskeyti sem eru gömul í málinu, en hafa nú glatað merkingu sinni að einhverju eða öllu leyti. Það táknar að nýyrðin sem mynduð eru með þeim verða ekki gagnsæ; þ.e., ekki er hægt að skilja þau svo að ótvírætt sé út frá merkingu einstakra hluta þeirra. Í lærðri orðmyndun eru líka stundum tekin upp gömul íslensk orð, sem fallin hafa verið úr notkun, og þeim gefin ný merking; stundum eitthvað breyttum. Langþekktasta dæmi um þetta er orðið *sími*, sem til var í fornmáli sem hvorugkynsorð, *síma*, og merkti 'þráður', en var svo endurvakið og gefin núverandi merking um síðustu aldamót. Einnig má nefna orðið *gengilbeina*, sem í fornmáli merkir 'fótgangandi kona', en nú hefur verið gefin merkingin 'kona sem gengur um beina'.

Virk orðmyndun er það aftur á móti kallað þegar orð sprettur upp vegna þess að þess er þörf á ákveðnum stað og tíma, án þess að það sé endilega skráð á blað, og oft án þess að hægt sé að benda á nokkurn sérstakan höfund. Vegna þess að við búum oft til orð um leið og við þurfum á þeim að halda verða þau að vera gagnsæ; viðmælandinn verður að átta sig á því umsvifalaust hvað við eigum við. Ef það gerist ekki, og við þurfum að fara að útskýra orðið, er auðvitað til lítils barist; þá er eins gott að byrja á útskýringunni.

Af þessu leiðir að í virkri orðmyndun er aðeins hægt að nota samsetningar, og svo tiltölulega fá forskeyti og viðskeyti sem hafa alveg fasta og afmarkaða merkingu. Þar má nefna forskeytið *ó-*, og viðskeytin *-legur*, *-ari* og *-un*. Þótt tengsl þessara viðskeyta við stofnorðið séu að vísu ekki alltaf þau sömu (t.d. í *ellilegur* og *asnalegur*), þá skýra orð sem með þeim eru mynduð sig oftast sjálf. Í virkri orðmyndun er líka mikið um það að tekin séu erlend orð og sett á þau íslensk aðskeyti (*töffari*).

Annars má ekki skilja þetta svo að alltaf sé skýr munur á lærðri og virkri orðmyndun. Svo er alls ekki; miklu fremur má segja að þetta séu tveir andstæðir pólur, en milli þeirra sé samfella þar sem ómögulegt er að draga ákveðin skil.

### 12.1.2 Samsett orð og afleidd

Venjulega er gerður greinarmunur á tveimur megintegundum orða sem innihalda fleiri myndön en bara rót og beygingarendingu; **samsettum** orðum annars vegar og **afleiddum** hins vegar. Munur þeirra er þá skilgreindur á þann hátt að samsett orð innihaldi fleiri en eina rót, en afleidd orð rót og aðskeyti (forskeyti og/eða viðskeyti) að auki. Oft slær þessum tveim tegundum saman, og er þá talað um **afleiddar samsetningar** (e. *derived compounds*), eins og t.d. *stórhýsi*, þar sem eru tvær rætur (*stór* og *hús*) og eitt viðskeyti (-i).

Það er þó ekki svo að alltaf sé auðvelt að greina hvort orð er samsett eða ekki. Í sumum tilvikum getur verið álitamál hvort tiltekið myndan eigi að teljast rót eða aðskeyti. Venjan er þá sú að telja að um samsetningu sé að ræða ef báðir liðirnir koma fyrir sjálfstæðir, en afleiðslu ella. Þetta táknar t.d. að orð mynduð með *aðal-* og *sam-* sem fyrri lið teljast afleidd, þar sem þessi myndön koma ekki fyrir ein og sér. Hins vegar leiðir þessi skilgreining stundum til þess að orð sem virðast sambærileg lenda í mismunandi flokkum. Þannig er *forskeyti* afleitt orð, því að *for-* kemur ekki fyrir sjálfstætt; hins vegar er *viðskeyti* samsett orð, því að *við* er til sjálfstætt, sbr. *skeyta e-u við*. Eins verður þá munur á orðum eins og *aðalmaður* annars vegar og *aukamaður* og *varamaður* hins vegar, því að *við* höfum sambönd eins og *kjósa e-n til vara* og *þetta er auka*.


Oft er líka gerður munur á **forskeytum** og **forliðum**. Forliðir eru þá taldir myndön, oft rætur, sem skeytt er framan við orð og hafa iðulega misst merkingu sína að miklu eða öllu leyti, en eru fyrst og fremst notuð til áherslu. Slíkir forliðir eru einkum algengir í talmáli; dæmi eru *stein-* (*steindauður*, *steingeldur*) *mold-* (*moldfullur*, *moldríkur*) o.fl.

Stundum gerist það líka að orð sem upphaflega er samsett breytist í afleitt orð, vegna þess að annar hluti samsetningarinnar missir sjálfstæða merkingu sína. Dæmi um það er orðið *vísdomur*, sem upphaflega merkti 'viturlegur dómur'. Síðan hefur það gerst að *-dómur* hefur misst merkingu sína í þessu sambandi, og er orðið að viðskeyti sem táknar eiginleika, ástand eða þ.u.l., sbr. *sveindómur*, *meydómur* o.fl. *Vísdomur* á þá ekki lengur neitt skylt við no. *dómur*, heldur merkir orðið einfaldlega 'viska'.

### 12.1.3 Greining í stofnhluta


Því fer fjarri að orðmyndun felist eingöngu í því að bæta einu myndani framan eða aftan við annað. Orð sem eru sett saman úr mörgum myndönum hafa ákveðna innri byggingu eða formgerð (strúktúr), þannig að þótt við höfum tvö orð með sams konar myndönum, og í sömu röð, geta tengslin milli þeirra verið mismunandi. Þetta á sér hliðstæðu í setningafræðinni; setningin *Ég hitti Maríu á skrifstofunni* getur haft tvær mismunandi formgerðir eftir því hvort um er að ræða Maríu sem vinnur á kaffistofunni (þá er forsetningarliðurinn *á skrifstofunni* hluti nafnliðar) eða einhverja Maríu sem var stödd þar fyrir tilviljun (þá er *á skrifstofunni* beinn stofnhluti í setningunni, en ekki hluti nafnliðar).

Tökum nú dæmi af orðunum *vörubílstjóri* og *strætóbílstjóri*. Í fljótu bragði virðast þau vera hliðstæð, en þegar betur er að gáð má færa góð rök að því að meginskilin séu á ólíkum stöðum í þeim. Í fyrra orðinu hljóta þau að vera milli *vörubíl-* og *-stjóri*; það er eðlilegra að telja orðið tákna ‘mann sem stjórnar vörubíl’ en ‘bílstjóra sem ekur vörum’. Í seinna orðinu eru meginskilin örugglega á milli *strætó-* og *-bílstjóri*, og orðið merkir þá ‘bílstjóri sem ekur strætó’ en ekki ‘einstaklingur sem ekur strætóbíl’, enda er orðið ‘strætóbíll’ ekki notað (nema þá e.t.v. í barnamáli). Þennan mun má sýna á eins konar hríslumynd:



Mynd 49: Stofnhlutagreining tveggja orða

Athugið líka orð eins og *einkabílastæði*. Það má skilja á tvo vegu. Sennilega myndu flest skilja það svo að átt væri við bílastæði sem einhver hefðu einkarétt á; þar sem ekki mættu hver sem er leggja. En önnur hugsanleg merking væri sú að þetta væri stæði fyrir einkabíla; þar mætti leggja hvaða einkabíl sem væri, en ekki t.d. strætisvögnum eða rútum. Miðað við fyrri túlkunina mætti lýsa gerð orðsins með a-hluta myndar 50, en b-hlutinn ætti við þá seinni:



Mynd 50: Mismunandi stofnhlutagreining sama orðs

Þetta er kallað greining í **beina stofnhluta** (e. *immediate constituents*) og svipar að mörgu leyti til greiningar setninga, sem fyrr segir. Hún getur verið heppileg til að átta sig á að orðin hafa ekki „flata“ formgerð, frekar en setningar, og tengslin milli hluta þeirra geta verið á ýmsa vegu.

## 12.2 Orð af orði

### 12.2.1 Styttningar og stýfingar

Það er ýmislegt sem sýnir að ný orð eru ekki bara mynduð með því að raða myndönnum saman. Oft er greinilegt að orð myndast beinlínis af öðru orði. Dæmi um það eru *-ó*-orðin sem áður var getið. Það er augljóst að þau eru dregin af heilum orðum, en ekki mynduð með því að bæta *-ó* við rót. Þetta sést ekki bara á merkingunni, heldur líka á því að það sem fer á undan *-ó* er ekki alltaf eitt myndan, heldur stundum eitt myndan og hluti annars (*Miðbó*, af *Miðbæjarbarnaskóli*, *samfó*, af *samferða* eða *Samfylking*). Við þetta bætist það, að lo. með *-ó* kemur varla fyrir nema til sé tilsvareandi lo. með viðskeytinu *-legur* (og þar

að auki verður þá það sem er á undan *-legur* að vera a.m.k. tvíkvætt, því að *\*góð(l)ó* af *góðlegur* er ekki til), og sýnir það að þarna á milli er samband.

Annað dæmi er af þeirri orðmyndun sem tíðkast í gælunöfnum. Einkenni hennar er að á eftir áherslusérhljóði kemur langt samhljóð, annaðhvort það sama og er stutt í grunnorðinu (*Vilhjálmur – Villi, Elín – Ella*) eða annað, hljóðkerfislega skylt (*Sigurður – Siggí, Viðar – Viddi, Stefán – Stebbi*). Auk þess fá þessi orð veika beygingu. Það er alveg augljóst hve háð þau eru grunnorðunum.

En þessi orðmyndun er ekki einskorðuð við gælunöfn; hún kemur líka fyrir í ýmsum styttingum sem tíðkast í talmáli, í orðum eins og *lögga, hjúkka, proffi* (af *prófessor* eða *prófessjónal*) o.fl., og lýtur þar sömu lögmálum og í gælunöfnunum. Það má segja að orðmyndun af þessu tagi sé sérstök að því leyti að hún hefur enga sérstaka merkingu heldur miklu fremur hlutverk, þ.e. það að stytta orð, einkum í talmáli. Orðin halda hins vegar merkingu sinni, orðflokki, kyni o.fl.

Enn ein tegund orðmyndunar er það sem kalla má **stýfingu** (e. *truncation*); þegar eitt orð er myndað af öðru með því að fella eitthvað brott, í stað þess að bæta við. Dæmi eru nafnorð myndað af veikum sögnum þar sem *-a* er hluti stofns með því að fella þetta *-a* brott; *pukr, klifr, grenj*. Þessi orð eru sérstök að því leyti að þau brjóta oft almennar hljóðkerfis- og/eða hljóðskipunarreglur málsins, og má hugsa sér að skýra það með því að þessi orðmyndun verði seint í afleiðslu.

Þá eru ýmis dæmi um að orð af mismunandi orðflokki, eða nafnorð af mismunandi kynjum og með mismunandi merkingu, séu eingöngu aðgreind með beygingarendingum, en rótin sé eins, og ekkert viðskeyti. Dæmi: *kisi – kisa; hali – halur; mata – matur; vita – viti*. Einnig eru til dæmi um algerlega samhljóða myndir, þar sem endingarnar eru eins, þótt merking þeirra eða hlutverk sé mismunandi; *vinna* (no.) – *vinna* (so.). Í slíkum tilvikum er auðvitað oft erfitt að segja að eitt orð sé dregið af öðru.

### 12.2.2 Hljóðbreytingar í stofnorði

En fleira kemur til, sem huga þarf að við orðmyndun. Forskeyti og viðskeyti gera nefnilega yfirleitt einhverjar kröfur til stofnorðsins, t.d. að það standi í ákveðnu falli eða á því verði einhverjar hljóðbreytingar. Sem dæmi um hið fyrrnefnda má taka viðskeytið *-legur*; ef það tengist nafnorði, verður það no. yfirleitt að standa í eignarfalli (*asnalegur, tíkarlegur*) þótt líka sé til að stofninn sé notaður (*bóklegur, húslegur*).

Mjög oft gera viðskeyti kröfur til ákveðins atkvæðafjölda og hljóðbreytinga í stofnorðinu. Þannig er það t.d. með viðskeytið *-ing-*, og einnig *-sk-*, sem myndar lo. af flestum sömu orðum og *-ing-* myndar no. af. Bæði gera í flestum tilvikum kröfu til þess að stofnorðið sé styttnið í tvö atkvæði; þannig fáum við *Reykvíkingur* og *reykvískur*, en ekki *\*Reykjavíkingur* og *\*reykjavískur*. En í myndum eins og *Hafnfirðingur, ísfirskur*, í stað *\*Hafnfjörðingur, \*ísfjörðskur* er ekki bara styttingin á ferð, heldur verður að nota

a.n.l. önnur hljóð en þau sem eru í nefnifallsmyndinni. Þarna vill að vísu svo til að viðkomandi hljóð koma fyrir í beygingunni, því að þgf. stofnorðanna er *Hafnarfirði*, *Ísafirði*. Þetta dugar þó ekki til að skýra orð eins og *íslenskur*, *Rauðsendingur*, *Sauðkræklingur*. Þau hljóð sem þar verður að nota koma nefnilega ekki fyrir í beygingu stofnorðanna, þótt þau komi fyrir í skyldum orðum (lo. *erlendur*, lo. *sendinn*, so. *krækja*).

Það er því ekki hægt að segja einfaldlega að þessi viðskeyti krefjist þess að stofnorðið standi í ákveðnu falli, heldur verður að segja að þau krefjist ákveðinna hljóðavíxla í því. Í þessu tilviki er ekki erfitt að átta sig á þessum hljóðavíxlum; þau tengjast ýmist svokölluðu **i-hljóðvarpi** (e. *i-umlaut*) (*a – e, ó – æ*) eða **klofningu** (e. *breaking*) (*jö – i*). *i-hljóðvarp* var hljóðbreyting sem var að verki í norrænu nokkru fyrir Íslands byggð en er löngu hætt að vera virk hljóðkerfisregla. Helstu breytingar sem það olli og dæmi sjást um í nútímamáli eru eftirfarandi:

|   |                 |             |                                          |
|---|-----------------|-------------|------------------------------------------|
| a | <i>jó, (j)ú</i> | → <i>y</i>  | <i>sjóða – sýð, hús – hýsi</i>           |
| b | <i>(j)u, o</i>  | → <i>y</i>  | <i>þungur – þyngja, þorp – þyrpast</i>   |
| c | <i>au</i>       | → <i>ey</i> | <i>naut – geldneyti</i>                  |
| d | <i>á, ó</i>     | → <i>æ</i>  | <i>páll – pæla, hól – hæla</i>           |
| e | <i>a (ö)</i>    | → <i>e</i>  | <i>land – lenda, önd (andar) – endur</i> |


Önnur tegund hljóðavíxla sem oft má sjá í skyldum orðum er svonefnd klofning. Hún felst í því að *jö* og *ja* skiptast á við *i* og *e*, í orðum eins og *fjörður – firði – fjarðar*, sbr. líka *ferð*. Skyldleiki orðanna *fell* og *fjall*, *gera* og *gjöra* fellur líka undir klofningu. Eins og dæmin sýna, birtast þessi víxl ekki síður í beygingu en orðmyndun.

Í upphafi voru þessi hljóðavíxl hljóðfræðilega skilyrt; þ.e. orsökðuðust af ákveðnum hljóðum í umhverfinu. Nú er umhverfið yfirleitt breytt, en hljóðavíxlin haldast þó víða enn. Í nútímamáli eru þau þá skilyrt af öðrum atriðum, ýmist ákveðnum viðskeytum, eins og hér að framan, eða ákveðnum beygingarþáttum, eins og við sjáum dæmi um síðar.

Mikilvægt er að átta sig á því að hér er um að ræða hljóðbreytingar sem eitt sinn voru lifandi þáttur málsins, en eru nú að mestu dauðar. Hins vegar eru ýmis orð sem mynduð eru með þessum hljóðbreytingum enn sprellum lifandi, eins og framangreind dæmi sýna glögg.

### 12.2.3 Orðmyndunarreglur

Það sem rakið er hér að framan bendir til þess að við verðum að gera ráð fyrir að við búum yfir sérstökum **orðmyndunarreglum** (e. *word formation rules*) sem geri okkur kleift að mynda ný orð af orðum sem við kunnum fyrir. Í þessum reglum getur þá bæði falist einhver viðbót við það sem fyrir er og skipti á hljóði eða hljóðum í grunnorðinu fyrir önnur. Við getum hugsað okkur að setja reglu sem bætir viðskeytinu *-un* við sagnir og býr til af þeim nafnorð fram á þennan hátt:



Mynd 51: Orðmyndunar-/orðtengslaregla

#X# er breyta sem tákna hljóðform sagnarinnar, og getur staðið fyrir hvað sem vera skal, enda er hægt að beita þessari reglu á mikinn fjölda sagna. Mörg slík pör eru þekkt orð í málinu, s.s. *skipa* – *skipun*, *hanna* – *hönnun*, *neita* – *neitun* o.s.frv. Punktarnir tákna aftur á móti ýmsa þætti (hljóðfræðilega, beygingarlega, setningarlega og merkingarlega) sem óþarft er að taka hér fram.

En við notum þessar orðmyndunarreglur ekki bara til að **mynda** ný orð; þær koma okkur líka að góðu gagni við að **skilja** orð sem við höfum ekki heyrt eða séð áður. Ef við heyrum nýtt orð sem endar á *-un* getum við yfirleitt auðveldlega tengt það við sögn sem við þekkjum, og þannig fundið merkingu þess. Þess vegna hefur örin á mynd 51 odd báðum megin; við getum ályktað í báðar áttir.

Hér að framan var talað um mun á myndangreiningu á sögulegum grunni og greiningu á grundvelli virkrar málkunnáttu; og nú hefur verið minnst á mun virkrar og óvirkar orðmyndunar. Því má spyrja: Er þetta sama aðgreiningin, í þeim skilningi að t.d. þau viðskeyti sem við getum greint frá rót á grundvelli málkunnáttu okkar séu jafnframt nothæf í virkri orðmyndun?

Nei, því fer fjarri. Mörg viðskeyti er nefnilega auðvelt að greina formlega frá rót án þess að merking þeirra sé augljós. Lítum á orð eins og *veðráttu*, *vináttu*, *kunnáttu*. Við sjáum strax tengslin við orðin *veður*, *vinur*, *kunna*, og hin formlegu skil eru alveg ljós. Hins vegar er hæpið að halda því fram að *-átta* merki það sama í þessum dæmum; við verðum að læra merkingu orðanna hvers fyrir sig til að vita t.d. að þótt *vináttu* og *vinskapur* merki eitthvað svipað þá merkir *kunnáttu* allt annað en *kunningsskapur*. Þetta leiðir til þess að viðskeytið *-átta* er ónothæft í virkri orðmyndun, þótt það sé auðgreinanlegt frá rót. Hins vegar gæti það vel komið fyrir í nýyrðum af lærðum toga. Við getum því hugsað okkur að margar reglur á við þá sem sýnd er í mynd 51 séu ekki virkar sem orðmyndunarreglur, í þeim skilningi að við getum umsvifalaust beitt þeim til að mynda ný orð; en þær geti samt verið virkar til skilnings.

## 12.3 Orðmyndun með aðskeytum

### 12.3.1 Yfirlit yfir viðskeyti

Viðskeyti í íslensku eru mörg; sum viðskeyti sem mikið voru notuð til myndunar nýyrða í fornu máli eru nú ekki lengur notuð í nýmyndunum, þótt orð mynduð með þeim lifi. Þar má nefna viðskeyti eins og *-ul-* í orðunum *jökull*, *böggull* og nokkrum fleiri. Það hafa líka fjölmörg viðskeyti komið inn í málið á liðnum öldum, og eru ekki öll

þeirra viðurkennd sem góð íslenska, t.d. hið margumtalaða *-ó* í orðum eins og *halló*, *púkó*, *menntó* og fjölmörgum öðrum; *-rí* í *fyllirí*, *havarí*, *kenderí* o.fl.

Virk viðskeyti í íslensku eru ekki ýkja mörg miðað við hin. Hér verður látið nægja að nefna þau helstu, og líta lauslega á hvaða reglur gilda um sum þeirra; hvaða orðum þau tengjast, hvaða orðflokki þau tilheyra, hvort þau valda breytingum á stofnorðinu o.s.frv.

#### Viðskeyti sem mynda nafnorð:

| af nafnorðum   | af sögnum    | af lýsingarorðum |
|----------------|--------------|------------------|
| <i>-hátt-</i>  | <i>-and-</i> | <i>-heit-</i>    |
| asna+háttur    | nem+andi     | leiðinleg+heit   |
| <i>-dóm-</i>   | <i>-ar-</i>  | <i>-leik-</i>    |
| guð+dómur      | kenn+ari     | heilag+leiki     |
| <i>-i-</i>     | <i>-i-</i>   | <i>-ni-</i>      |
| veld+i         | stýr+i       | virk+ni          |
| <i>-ing-</i>   | <i>-ing-</i> |                  |
| Íslend+ingur   | klofn+ingur  |                  |
| <i>-ist-</i>   | <i>-uð-</i>  |                  |
| hass+isti      | hönn+uður    |                  |
| <i>-ó-</i>     | <i>-un-</i>  |                  |
| stræt+ó        | göt+un       |                  |
| <i>-skap-</i>  |              |                  |
| leikara+skapur |              |                  |

#### Viðskeyti sem mynda lýsingarorð:

| af nafnorðum | af sögnum    | af lýsingarorðum |
|--------------|--------------|------------------|
| <i>-leg-</i> | <i>-leg-</i> | <i>-leg-</i>     |
| trölls+legur | breyti+legur | fátæk+legur      |
| <i>-ótt-</i> | <i>-ul-</i>  |                  |
| bles+óttur   | gjöf+ull     |                  |
| <i>-sk-</i>  |              |                  |
| íslensk+ur   |              |                  |
| <i>-ug-</i>  |              |                  |
| blóð+ugur    |              |                  |

#### Viðskeyti sem mynda sagnir:

| af nafnorðum | af sögnum  | af lýsingarorðum |
|--------------|------------|------------------|
| <i>-a-</i>   | <i>-st</i> | <i>-a-</i>       |
| flipp+a      | fara+st    | bogn+a           |
| <i>-era</i>  |            | <i>-na</i>       |
| sjarm+era    |            | blot+na          |

Athugið að þótt um mjög virk aðskeyti sé að ræða, er ekki þar með sagt að hægt sé að beita þeim í öllum tilvikum. Það er t.d. algengt þegar annað orð er til í málinu sem merkir það sama og nýja orðið ætti að gera, að það komi í veg fyrir beitingu ákveðins viðskeytis. Við sjáum dæmi um þetta með viðskeytið *-ing-*, sem áður var nefnt. Til eru mjög mörg orð þar sem það tengist staðanöfnum, s.s. *Íslendingur*, *Eyfirðingur*, *Englendingur*; og til-tölulega auðvelt er að mynda ný slík orð af staðanöfnum, a.m.k. þeim sem enda á *-fjörður* eða *-land*. Samt sem áður getum við ekki búið til slík orð af nöfnum eins og *Svíþjóð*, *Danmörk*, *Skotland*, *Írland*; *\*Svíþýðingur*, *\*Danmerkingur*, *\*Skotlendingur*, *\*Írlendingur* hljóma ankannalega. Það er ekki vegna neinna formgalla á orðmynduninni, heldur vegna þess að við höfum orðin *Svíi*, *Dani*, *Skoti* og *Íri* fyrir í málinu, og þess vegna eru nýju orðin óþörf. Hið sama gildir um önnur viðskeyti, eins og *-ari*; við höfum *kennari*, *leikari*, *ritari*, af *kenna*, *leika*, *rita*; en af sögninni *smíða* höfum við ekki *\*smíðari*. Það er væntanlega vegna þess að orðið *smíður* er fyrir í málinu, og gegnir því hlutverki sem *\*smíðari* myndi gera.

### 12.3.2 Viðskeyti sem mynda nafnorð

*-ari* er mjög algengt viðskeyti, og hefur yfirleitt ótvíræða merkingu; *X+ari* merkir 'sá sem gerir X'. Oftast vísar þetta til persóna, en nokkuð er líka um að það vísi til verkfæra, t.d. *áburðardreifari*, *fjölritari*, *valtari*. Þetta er þó yfirleitt augljóst af samhengi. Reyndar eru til gömul dæmi um að *-ari* sé leitt af nafnorði, en ekki sögn, sbr. *dómari*, ekki *\*dæmari*. Nýleg dæmi eru svo um *-ari* tengt lýsingarorðum, sbr. *töffari*, af tökuorðinu *töff*; en so. *\*töffa* er ekki til. Það leiðir svo af merkingarmun lo. og so. að *töffari* merkir ekki 'sá sem gerir', heldur 'sá sem er'. *-ari* er líka einfalt viðskeyti í notkun að því leyti að það gerir litlar kröfur til stofnorðsins; það getur verið næstum hvaða sögn sem er, ef hún felur í sér einhvern verknað, og ekki er til annað orð með sömu merkingu fyrir. Þar að auki er notuð óbreytt orðasafnsmynd (nafnháttur) sagnanna.

*-andi* er annað viðskeyti sem notað er í svipaðri merkingu og *-ari*. Það er þó fjölhæfara að sumu leyti, því að það getur líka myndað orð af öðrum flokkum, eins og lo. og ao., auk þess að vera sagnmynd (lh.nt.) Þar að auki þarf ekki að felast verknaður í sögninni, eins og venjulega með *-ari*, sbr. orð eins og *eigandi*. Og reyndar eru til dæmi um að bæði *-ari* og *-andi* tengist sömu sögn, og út komi tvö orð mismunandi merkingar, eins og *leikandi* og *leikari*. En *-andi* getur líka gegnt öðru hlutverki en því að vísa til persóna, sbr. orð eins og *lekandi* og *sitjandi*. Í þeim tilvikum er þó tæpast um virka orðmyndun að ræða. Því má svo bæta við að *-andi* gerir ekki fremur en *-ari* hljóðfræðilegar kröfur til rótarinnar. Hins vegar verður sú breyting á viðskeytinu sjálfu í ft., að *a* verður þar *e*. Það er eftirtektarvert, að það *e* veldur ekki framgómun á undanfarandi *g* eða *k*, í orðum eins og *leikendur* og *eigendur*. Það getur bent til þess að þar á milli séu allsterk skil.

*-uður* er enn eitt viðskeyti sem getur haft svipað hlutverk; dæmi eru orð eins og *könnuður*, *hönnuður*. Í mörgum tilvikum hefur *-uður* þó annað hlutverk, og er þá oft erfitt

að tengja það nokkurri ákveðinni merkingu, t.d. í orðunum *söfnuður*, *fögnuður*, *jöfnuður*, *mánuður*. Þetta viðskeyti veldur *u*-hljóðvarpi í stofnorðinu, ef það hefur *a* í síðasta atkvæði.

Tekið var dæmi um viðskeytið *-i-* í hvorugkynsorði, en það er líka stundum notað í karlkyni og getur þá haft svipað hlutverk og þau framantöldu, sbr. nýyrðið *skrykkir*. Í nýyrðum virðist þetta miklu fremur notað um tæki en fólk, sbr. *frystir*, *kælir*, *ræsir*. Þetta viðskeyti hefur *i*-hljóðvarpsvíxl í för með sér, eins og dæmin *vald* – *veldi*, *hús* – *hýsi* o.s.frv. sýna.

*-ing-* er líka stundum notað í svipaðri merkingu ef það myndar karlkynsorð, t.d. *kylfingur*, þótt algengast sé að það tengist staðanöfnum, eins og áður var nefnt. Hins vegar er líka hægt að nota það í kvenkyni, og þá hefur það oft verknaðarmerkingu, sbr. orð eins og *kynning*, *lækning* o.s.frv. Oft er þá skotið inn *-n-*, og við fáum *játning*, *ráðning* o.fl.; og tvímyndir eins og *beiting*/*beitning*. Mörg þessara orða geta bæði táknað verknaðinn og það „áhalð“ sem hann er framkvæmdur með, sbr. *tenging*; önnur tákna aðeins „áhalðið“, s.s. *málning*.

En algengasta verknaðarviðskeytið og það virkasta er *-un*. Það er líka mjög einfalt í notkun; gerir engar kröfur til stofnorðsins nema fellir *-a* aftan af því, og veldur *u*-hljóðvarpi ef skilyrði þess eru fyrir hendi.

Viðskeytin *-dómur*, *-háttur*, *-heit*, *-leiki*/*-leikur* og *-skapur* eiga það sameiginlegt að þau mynda nafnorð sem yfirleitt tákna eðli, eiginleika, hegðun eða þ.u.l.; *asnaháttur*, *leiðinlegheit*, *glæsileiki*, *kjánaskapur*. Erfitt er að sjá mikinn merkingarmun á þeim, en einhverjar reglur eru líklega til um hvenær hvert er notað. Þannig eru tengsl milli *-leiki* og lýsingarorðaviðskeytisins *-leg-*, þannig að þau tengjast oft sömu rótum; *glæsilegur* – *glæsileiki*. Oft virðist þó val viðskeytis tilviljun háð.

Mjög oft tengjast þessi viðskeyti orðum sem hafa önnur viðskeyti fyrir. Þeim er oft bætt við orð með *-ari*, *-leg-* eða *-ug-*; *leikaraskapur*, *loddaraháttur*, *saurugleiki*, *slóttugheit*, *kjánalegheit*. Takið líka eftir því að þegar stofnorðið er nafnorð heldur það beygingarendingu sinni. Til viðbótar má benda á þá sérstöðu viðskeytisins *-heit* að það myndar fleirtöluorð.

*-ni* er talsvert notað til að mynda nafnorð af lýsingarorðum, sbr. *nýttinn nýtni*, *fíkin* – *fíkn* o.s.frv. Upphaflega mun þetta viðskeyti aðallega eða eingöngu hafa verið notað á orð sem enduðu á *-inn*, þ.e. upphaflega lh.þt.; en nú er hægt að nota það á aðrar tegundir lýsingarorða líka, sbr. *blindur* – *blindni*, *virkur* – *virkni*, *fær* – *færni* o.fl.

Viðskeytið *-ó* hefur svo oft verið til umræðu hér að framan að óþarft er að gera því frekari skil; en *-isti* er annað nýlegt viðskeyti í málinu, og mikið notað um t.d. fylgisfólk stjórnmalastefna, svo og þau sem fást mikið við það sem í stofnorðinu felst (*hassisti*, *dópisti*, *gítaristi* o.s.frv.).

### 12.3.3 Viðskeyti sem mynda lýsingarorð

-að- er hin venjulega ending lh.pt. veikra sagna; en þetta myndan er líka mjög oft notað til að mynda lýsingarorð, s.s. *flippaður*, *bilaður*, *klikkaður*. Sama máli gegnir um ending lh.pt. sterkra sagna, -in-; *farinn*, *sofinn* o.s.frv. Oft á tíðum geta slík orð verið hvort heldur er lo. eða lh.pt., sbr. *talinn*, *barinn*, *málaður*, *kysstur* (litið er svo á að í síðastnefnda orðinu sé um að ræða afbrigði af -að-). Í beygingafræðibókum er venja að segja að ef lh.pt. tekur forskeyti (*óbarinn*, *nýmálaður*) beri að telja hann lýsingarorð, annars beygingarmynd sagnar. Þannig væri *barinn* talið lh.pt. í *Fiskurinn var barinn*, en *óbarinn* væri lo. í *Fiskurinn var óbarinn*. Eðlilegra virðist þó að hafa samræmi í þessu og greina eftir setningafræðilegri stöðu; telja slíkar orðmyndir lo. þar sem hægt er að setja hreinræktuð lo. í staðinn, en lh.pt. ella.

Annað lýsingarorðaviðskeyti er -ul-, í orðum eins og *gjöfull*, *þögull*, *förull* o.s.frv. Merking þess er yfirleitt u.þ.b. sú sama, þ.e. *X+ull* merkir ‘sá sem gerir mikið af X’. Það er yfirleitt tengt sögnum, en einnig eru til dæmi þar sem fyrri hlutinn verður ekki svo auðveldlega tengdur við sögn, s.s. *ötull*. Eins og eðlilegt er veldur viðskeytið *u*-hljóðvarpi í stofnorðinu, þar sem eitthvert *a* er fyrir hendi; en einnig gerir það kröfu um klofið form stofnorðsins, þar sem kloffning kemur fyrir í beygingu á annað borð, eins og *gjöfull* sýnir. Reyndar eru orð með -ul- líklega fá, og viðskeytið tiltölulega lítið virkt. Það er þó meira líf í því en samhljóða nafnorðsviðskeyti, sem má heita alveg dautt.

Algengasta viðskeyti lo. – og raunar langalgengasta viðskeyti málsins – er þó -leg-. Það er eitt allra virkasta viðskeytið, og má skeyta það við nánast hvaða nafnorð sem er, og reyndar oft við sagnir og lýsingarorð líka. Orð mynduð með -legur verður að telja afleidd, en ekki samsett, vegna þess að -legur kemur aldrei fyrir eitt sér. Hins vegar líkjast orð mynduð með því meira samsettum orðum en afleiddum á ýmsan hátt, s.s. þann að -legur er oft bætt aftan við fallbeygt stofnorð, en ekki við rót; *asnalegur*, *aldurslegur*.

-ótt- er til í allmörgum orðum, s.s. *flekkóttur*, *blesóttur*, *holóttur* o.s.frv. Athyglisvert er að *u*-hljóðvarpsvíxl koma fyrir í stofnorðinu ef skilyrði þess eru fyrir hendi, enda þótt viðskeytið innihaldi ekkert *u*, sbr. *skörðóttur*, *öldóttur*.

-sk- hefur áður verið nefnt, og bent á tengsl þess við -ing- í nafnorðum, bæði hvað varðar þau orð sem þau tengjast og eins þær breytingar sem verða á grunnorðinu.

Eitt viðskeyti enn sem myndar lo. er -ug-. Það hefur tvær dálítið mismunandi merkingar; *X+ugur* merkir ýmist ‘gæddur X’, t.d. *öflugur*, *voldugur*; eða ‘þakinn, ataður X’, t.d. *snjóugur*, *drullugur*, *blóðugur*. Þótt þetta viðskeyti sé nokkuð virkt, þá er ekki alltaf augljóst hvaðan fyrri hlutinn er kominn. *vold-* í *voldugur* er væntanlega skylt *vald*, en þessi mynd kemur ekki annars staðar fyrir. Fyrri hluti orða eins og *kámugur* og *önugur* kemur ekki heldur fyrir sem sjálfstæð nafnorð, og a.m.k. það síðarnefnda fellur ekki alveg að merkingarskilgreiningunni hér að framan. Þetta getur reyndar komið fyrir jafnvel hjá virkustu viðskeytum, ef þau eru gömul í málinu; þá má búast við að finna orð þar sem fyrri

hlutinn hefur ekki tengsl við sjálfstæð orð. Dæmi um svipaða hluti eru í samsettum orðum, sbr. *krækiber* o.fl.

#### 12.3.4 Viðskeyti sem mynda sagnir

Nýjar sagnir eru einkum myndaðar á tvennan hátt. Annars vegar er það með *-a* (*flipp – flippa*) og þá stundum með hljóðavíxlum í stofni, ef stofnsérhljóð tekur t.d. *i*-hljóðvarpi (*mót – mæta; ból – bæla; rás – ræsa*). Hins vegar er svo orðmyndun með tökuviðskeytinu *-era*. Reyndar er oft óvíst að um sé að ræða innlenda orðmyndun, heldur er líklegt að sögnin sé tekin í málið í heilu lagi því að orð án *-era* er ekki til (*traktera, dómínera*); í öðrum tilvikum gæti orðmyndunin verið íslensk (*sjarmera*).

Ekki er gott að sjá ástæðu fyrir því hvor orðmyndunin er valin hverju sinni. Þó er ekki ólíklegt að beyging no. sem sögnin er dregin af hafi sitt að segja; ef hún er veik, verður nh. sagnarinnar samhljóða einni eða fleiri beygingarmyndum no., ef *-a* er notað. Því má segja að *-era* sé „betra“ viðskeyti að því leyti að það er ótvírætt; hlýtur að tákna sögn. Dæmi: *flippa/\*flippera*, sbr. *flipp*; *\*sjarma/sjarmera*, sbr. *sjarmi*. Stundum eru líka til tvímyndir, eins og *víbra/víbrera*. E.t.v. skiptir líka máli hvort orðið sem sögnin er leidd af endar á samhljóðaklasa eða ekki.

Einnig er til að fyrir framan sé haft *-ís-*, t.d. *skandalísera, organísera, sósíalísera*; úr ensku *-ize-*.

#### 12.3.5 Forskeyti

Eins og áður kom fram eru forskeyti í íslensku ekki nálægt því eins mörg og viðskeytin. Virkast þeirra er líklega *ó-*, sem hefur neitandi merkingu og getur tengst lýsingarorðum, nafnorðum og sögnum, sbr. *ljós – óljós, hraustur – óhraustur, nýta – ónýta* o.s.frv. Hafið þó alltaf í huga að oft hefur samsetningin ekki alveg sömu merkingu og búast mætti við út frá merkingu myndananna hvors fyrir sig, eins og dæmið *nýta – ónýta* sýnir; *óléttur* merkir heldur ekki sama og *ekki léttur*. Stundum geta m.a.s. orð með og án *ó-* merkt u.þ.b. það sama, sbr. *hljóð – óhljóð, læti – ólæti*. Það er þannig hæpið að segja að *ó-* neiti merkingu stofnorðsins; hins vegar virðist merking þess oftast setja neikvæðan blæ á orð.

Það virðist raunar vera sameiginlegt með flestum forskeytum að þau hafa einhvers konar neikvæða merkingu eða draga úr merkingu stofnorðsins; forskeyti eins og *mis-* (*misjafn, misgóður* o.s.frv.), *tor-* (*torveldur, torfundinn* o.s.frv.), *and-* (*andstæður, andskoti* o.s.frv.), *ör-* (*örvænta, örsmár* o.s.frv.), *van-* (*vansvefta, vanheill* o.s.frv.) og fleiri. Flest þessara forskeyta eru að einhverju marki virk í nútímamáli, þótt sennilega sé lítið lífsmark með þeim sumum.

Athugið að forskeyti hafa yfirleitt miklu minni áhrif á stofnorðið en viðskeyti gera. Þau valda engum hljóðbreytingum í stofnorði, og gera ekki kröfur til þess um ákveðinn atkvæðafjölda eða þ.u.l., eins og viðskeyti gera iðulega. Forskeyti hafa heldur ekki áhrif á orðflokk, leiða t.d. ekki no. af so., eins og viðskeyti gera oft (nema talið sé að forskeyti geti breytt lh.þt. í lo., sbr. hér að framan).


## 12.4 Samsett orð

### 12.4.1 Formleg tengsl liðanna

Formleg tengsl liða í samsettum orðum eru einkum með þrennu móti. Algengast er að orð séu **fast samsett** (stofnsamsett; e. *stem compound*), t.d. *snjóhús*, *vitlaus*, *bókhneigður*; eða **laust samsett** (eignarfallssamsett; e. *genitive compound*), t.d. *jarðarverð*, *sjúkrahús*, *dagsverk*. Að auki er til svonefnd **bandstafs-** eða **bandhljóðssamsetning**, þar sem skotið er inn sérhljóði (*a*, *i* eða *u*) milli orðhlutanna; *sessunautur*, *ruslafata*. Einnig má e.t.v. líta á *s* sem bandstaf í orðum eins og *leikfimishús*, *keppnismaður*, *athyglisverður* o.s.frv.

Það liggur ekki í augum uppi hvaða reglur gilda um það hvenær hver þessara aðferða er notuð, enda oft hægt að nota fleiri en eina, og stundum til tvímyndir. Þó virðist oft vera leitast við að hindra að langir samhljóðaklasar komi fram á skilunum; en engin ein þessara aðferða tryggir það í öllum tilvikum, heldur fer það eftir gerð stofns og endingar fyrri hlutans. Þannig er stofnsamsetningin *stólfótur* betri en eignarfallssamsetningin *\*stólsfótur* væri, því að *-lf-* er þægilegri klasi en *-lsf-*; hins vegar er eignarfallssamsetningin *jarðarverð* betri en *\*jarðverð*, því að *-rðv-* er óþægilegur klasi.

Í fleirsamsettum orðum er venjan sú að eignarfallssamsetning sé milli síðasta liðar og þess næstsíðasta, jafnvel þótt til sé orð þar sem sömu liðir eru tengdir með stofnsamsetningu ef þeir eru aðeins tveir; dæmi eru *borðplata*, en *skrifborðsplata*; *bóklestur*, en *námsbókalestur*; o.s.frv. Þetta stafar væntanlega af því, að þótt sömu liðirnir standi hlið við hlið er samsetningin ekki sama eðlis; í fleirsamsettum orðum er algengast að fyrri liðirnir myndi heild gagnvart þeim seinasta, og stofnhlutagreiningin sé



Mynd 52: Stofnhlutagreining fleirsamsetts orðs

*Skrifborðsplata* er þannig ekki ‘borðplata skriftar’ heldur ‘plata skrifborðs’, og *námsbókalestur* ekki ‘bóklestur náms’, heldur ‘lestur námsbóka’. Svo virðist sem hlutverk eignarfallsendingarinnar sé að sýna hvernig samsetningunni sé háttað, því að í þeim (miklu færri) tilvikum þar sem seinni liðirnir mynda heild gagnvart þeim fyrsta, helst stofnsamsetning milli þeirra seinni hafi hún verið fyrir; *bílstjóri* – *einkabílstjóri*.

Í sumum tilvikum virðist eignarfallssamsetning nauðsynleg, einkum þegar talað er um hluta einhvers eða þ.u.l. Ef fyrri liðurinn er eins í öllum föllum, er enginn formlegur munur á stofnsamsetningu og eignarfallssamsetningu; og þá kemur það fyrir að skotið er inn *-s*, enda þótt fyrri liðurinn hafi aldrei *-s*-endingu einn sér; *leikfimishús*, *keppnismaður*, *athyglisverður*. E.t.v. má líta á þetta sem bandstafs-/bandhljóðssamsetningu, eins og nefnt var hér að framan.

Stundum er það líka sem orð hafa sérstaka mynd þegar þau taka þátt í samsetningum, og þeirri mynd fylgir þá eitthvert viðskeyti. Dæmi um þetta er samband lýsingarorðs og nafnorðs; orð eins og *illmenni*, *stórhýsi*, *fjölbýli*. \**menni* er ekki til eitt sér, *hýsi* varla, og *býli* ekki nema í annarri merkingu.

#### 12.4.2 Merkingarleg tengsl liðanna

Samsetningar má líka flokka eftir merkingarlegum tengslum liðanna. Langalgengast er að fyrri liðurinn ákvarði þann síðari, þ.e. þrengi eða skýri merkingu hans nánar. Dæmi: *mannshöfuð*, *bókarkápa*, *eldiviður*, *dagmál*. Þetta þýðir þó ekki að merkingarlegt samhengi liðanna sé alltaf hið sama. Berum saman orð eins og *snjóhús*, *íbúðarhús*, *frystihús*, *fjölbýlishús*, *einingahús*. Í öllum þessum orðum þrengir fyrri hlutinn merkingu orðsins *hús*, en merkingartengslin eru samt ólík. *Snjóhús* er ‘hús úr snjó’, en *íbúðarhús* er ekki ‘hús úr íbúð’, heldur ‘hús ætlað til íbúðar’. Af orðunum fimm hér að framan má segja að það fyrsta og síðasta vísi til gerðar hússins, en hin til notkunar. Svo má greina þetta enn meira niður og segja að *einingahús* sé annars eðlis en *snjóhús*; í fyrrnefnda orðinu sé í raun og veru vísað til byggingaraðferðar fremur en efnis.

Eiginlega eru nær óendanlega mörg tilbrigði í merkingartengslum liðanna í þessari gerð samsettra orða. Það veldur þó yfirleitt ekki vandræðum vegna þess að merking liðanna segir okkur oftast hvernig tengslunum hljóti að vera háttað. Svo er þó ekki alltaf; orð eins og *viskíglas* er tvírætt að því leyti að það getur bæði vísað til innihalds glassins og þess til hvers það er ætlað. En í slíkum tilvikum segir samhengið okkur venjulega hvor merkingin á við. Ef ég segi *Ég geymi öll viskíglösin á efstu hillunni í skápnunum* á ég væntanlega við ‘glös af sérstakri gerð’; en ef ég segi *Ég drakk fullt viskíglas í gærkvöld til að sofna betur* er líklegt að ég eigi við innihaldið. Það þarf þó ekki að vera, ef einhverju öðru er bætt við: *Ég drakk fullt viskíglas af hvítvíni í gærkvöld* getur staðist, þótt það hljómi e.t.v. dálítið ankannalega.

Önnur tegund eru samsetningar lo. og no., sem saman mynda lo. sem lýsir eiginleikum þess sem rætt er um, þ.e. nafnorðshlutans. Dæmi um þetta eru orð eins og *kaldrífjaður*, *hrokkinhærður*, *voteygur* o.fl. Örfá slík orð eru no., t.d. *gráskeggur*. Þriðji flokkurinn er svo orð þar sem liðirnir eru jafngildir; lýst er sambræðslu eiginleika eða þ.u.l. Slík orð eru fá í íslensku; til dæmis má taka *bláhvítur*, *daufdumbur*.

Þetta eðli samsettra orða, að vera oftast skiljanleg út frá merkingu samsetningarliða og/eða samhengi, gerir það að verkum að þau eru mjög áberandi í nýyrðasöfnum. Það er þó ekki þar með sagt að hægt sé að skilja allar samsetningar út frá merkingu einstakra liða. Einkum á það við þegar síðari hlutinn er orð með víðu merkingarsviði, orð eins og t.d. *tæki*, *hlutur*. Við getum séð að *heyrnartæki* er áhald til að heyra (betur); en slík áhöld eru ýmis til, og hafa talsvert mismunandi eiginleika (tæki fyrir heyrnardaufa, símtól, heyrnartól tengt hljómflytningstækjum).

Oft gerist það líka að orð sem í upphafi er almennt tengist sérstakri tegund svo sterkum böndum, að þegar ný tegund kemur fram, finnst fólki nauðsynlegt að finna nýtt orð yfir hana. Dæmi er orðið *segulband* eða *segulbandsspóla*. Þegar snældur (kassettur) komu á markaðinn þrengdist merking orðsins, sbr. að nú er hægt að tala um *spóluband*, þótt snældurnar séu auðvitað jafn miklar ‘spólur’. Svipuð dæmi mætti taka af orðunum *útvarp*, *sláttuvél*, *togari* o.fl.

#### 12.4.3 Hvaða orð tengjast?

Langflest samsett orð eru nafnorð, og nafnorð geta myndað samsetningar með flestum orðflokkum, en aðallega þó öðrum nafnorðum (*heimilistölva*, *kennararborð*), lýsingarorðum (*stórhýsi*, *góðmenni*). Annars eru samsett nafnorð svo mörg og algeng að óþarfi ætti að vera að taka dæmi um þau hér; lesendur verða varla í vandræðum með að finna eða búa til nóg af slíku.

Einnig er til talsvert af samsettum lýsingarorðum (*þolgóður*, *nautsterkur*, *rauðhærður*) og sögnum, en sagnir eru þó oft tregar til að taka þátt í samsetningum. Algengt er að til samsetts nafnorðs eða lýsingarorðs þar sem fyrri hlutinn er forsetning eða atviksorð svari sögn ásamt ögn: *uppgerð* – *uppgerður* – *gera upp*, *niðursetning* – *niðursettur* – *setja niður*. Reyndar fer líklega samsettum sögnum talsvert fjölgandi í málinu, e.t.v. fyrir erlend áhrif.

Aðrir orðflokkar eru nokkurn veginn alveg lokaðir, þ.e. taka ekki við nýjum orðum. Orð úr þeim koma því yfirleitt ekki fyrir sem seinni eða seinasti liður í samsetningu, því að það er hann sem ræður orðflokknum. Hins vegar eru þau oft fyrri liður í samsettum nafnorðum (*afkoma*, *áhætta*, *hjáseta*, *fyrirburður*) og sögnum, eins og dæmi voru tekin um hér að framan.

## 13. ORÐASAFN OG REGLUR

### 13.1 Orðasafnið og uppbygging þess

#### 13.1.1 Innihald orðasafnsins

Einhvers staðar í minni okkar eru geymd öll orð sem við kunnum. Þessa geymslu getum við kallað **orðasafn** (e. *lexicon*). Þar bíða orðin þess að við þurfum á þeim að halda; annaðhvort í setningu sem við segjum sjálf eða skrifum, eða til að skilja setningu sem einhver önnur segja eða skrifa. Það segir sig því sjálft að ekki er nóg að kunna orðin sjálf, þ.e. hljóðformið; við verðum líka að þekkja merkingu þeirra til að hafa af þeim eitthvert gagn. Það er því gert ráð fyrir, að hvert orð hafi sitt „hólf“ í orðasafninu, þar sem bæði hljóðformið og merkingin eru geymd, og hægt er að „fletta upp á“ þessu „hólfi“.

En það er fleira í þessu „hólfi“. Ákveðin atriði sem máli skipta fyrir beygingu orða eru t.d. óumbreytanleg; einkenna orðið hvar og hvenær sem við rekumst á það. Þetta eru t.d. **kyn** (e. *gender*) nafnorða og **beyging** (e. *conjugation*) sagna (**sterk** (e. *strong*) eða **veik** (e. *weak*). Slík atriði eru stundum kölluð **orðasafnsþættir** (e. *lexical features*). Eins og nafnið bendir til er gert ráð fyrir að þær upplýsingar sem þessir þættir flytja séu geymdar með hverju orði í orðasafninu; enda verður að læra þær sérstaklega um leið og orðið sjálft. Og í stuttu máli sagt er gert ráð fyrir, að í „hólfi“ hvers orðs í orðasafninu séu geymdar allar upplýsingar um það, sem ekki eru fyrirsegjanlegar út frá almennum reglum. Það eru auðvitað hljóðform og merking, eins og áður segir; en einnig ýmis setningafræðileg atriði (s.s. **flokkunarráttur** (e. *subcategorization frames*), orðflokkur), valhömlur (e. *selectional restrictions*), og síðast en ekki síst ýmis „sérvíska“ í beygingu. Þannig þarf t.d. að geyma í orðasafni við orðið *maður* stofninn í aukaföllum, *mann*, því að hann er ekki fyrirsegjanlegur út frá almennum reglum. Aftur á móti þarf ekki að geyma þar þær upplýsingar að ending orðsins í þgf.ft. sé *-um*, því að sú ending er algerlega regluleg, og sú eina sem til greina kemur.

Mikið hefur verið velt vöngum um uppbyggingu orðasafnsins; hvernig orðunum sé „raðað“. Það er ljóst að ekki dugir að gera bara ráð fyrir venjulegri stafrófsröð eins og í orðabókum. Ef við erum beðin að nefna orð sem rímar við *tár*, komum við umsvifalaust með nokkur, t.d. *sár*, *blár*, *már*, *nár*, *klár*, *skjár*, *smár*, *hrár*, *grár*, *frár* o.s.frv. Þetta sýnir að við getum líka „flett upp“ í orðasafninu eftir endi orðanna, engu síður en upphafi. Við getum líka beðið einhver að nefna önnur orð yfir *hest*, og þau kæmu með t.d. *fákur*, *jór*, *gæðingur* o.s.frv. Það er sem sé líka hægt að „fletta upp“ ákveðinni merkingu. Eins getum við nefnt andheiti orða o.fl. Allt þetta bendir til að orðasafn hugans sé ekki ósvipað gagnagrunni, þar sem hægt er að kalla fram á augabragði alls konar skrár, sem raðað er eftir mismunandi atriðum, þótt „uppflettingin“ í orðasafni hugans sé vissulega miklu óöruggari og ómarkvissari. En frekari vangaveltur um þetta myndu leiða okkur of langt út á svið sálfræðilegra málvísinda, svo að hér skal staðar numið.

### 13.1.2 Orðasafnsmyndir

Eins og ýjað var að hér á undan er yfirleitt gert ráð fyrir því að þar sem um reglulega beygingu er að ræða sé aðeins ein mynd hvers orðs geymd í orðasafni; hinar séu leiddar af henni með almennum reglum. Það sé sem sagt í flestum tilvikum nægilegt fyrir okkur að **kunna** eina mynd hvers orðs, sem er þá kölluð **orðasafnsmynd** (e. *base form*). Undantekningar frá þessu eru orð með óreglulega beygingu, eins og *maður*.

En í upphafi þurfum við að gera okkur grein fyrir því, hvaða form orðanna það sé, sem er geymt í orðasafninu. Slíkt form þarf að uppfylla a.m.k. tvær kröfur: Í því þurfa að koma fram öll ófyrirsegjanleg hljóðeinkenni orðs; og af því verður að vera hægt að leiða allar beygingarmyndir þess með **beygingarreglum** og **hljóðbeygingarreglum**, sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Þegar útilokað er að fullnægja þessum skilyrðum, er okkur nauðugur einn kostur að gera ráð fyrir fleiri en einni orðasafnsmynd.

Í þriðja lagi má svo færa rök að því að orðasafnsmynd sé **ómörkuð** (e. *unmarked*) og er nú mál til komið að kynnst aðeins hugtökunum **markað** (e. *marked*) og **ómarkað** og notkun þeirra í málfræði.

Þessi hugtök koma víða fyrir, og í talsvert mismunandi merkingu; en hér verður lögð sú merking í þau, að **ómarkað** tákni það sem er á einhvern hátt „hlutlaust“ eða „eðlilegt“ við tilteknað aðstæður; **markað** þá það sem er á einhvern hátt „óeðlilegra“, „torlærðara“ eða þ.u.l. Ef við tökum dæmi úr hljóðkerfisfræðinni, þá má benda á að munur /p/ og /b/ felst einkum í því að /p/ kemur fram fráblásið, [p<sup>h</sup>], en /b/ ekki. En á eftir /s/ eru /p/ og /b/ aldrei aðgreind; við höfum *para* og *bara*, en hins vegar aðeins [spa:ra], ekki \*[sp<sup>h</sup>a:ra]. Á eftir /s/ er það sem sé aðeins [p] sem kemur fram, aldrei [p<sup>h</sup>]. Þess vegna getum við sagt að [p] sé ómarkað með tilliti til [p<sup>h</sup>]; það er hljóðið sem kemur fram í „hlutlausri“ stöðu, þar sem engin aðgreining er á milli þeirra.

Á sama hátt getum við sagt að **SVO** (frumlag – sögn – andlag) sé ómörkuð orðaröð í íslensku; sú röð gengur við langfjölbreyttastar kringumstæður, en aðrar raðir krefjast mun „sérhæfðari“ aðstæðna, s.s. undanfarandi samtals o.s.frv.

Orðasafnsmynd er þá sú mynd sem kemur fram í hlutlausri stöðu, og engum beygingarreglum hefur verið beitt á. Samkvæmt því er **nafnháttur** (e. *infinitive*) orðasafnsmynd sagna, og **nefnifall eintölu** (e. *nominative singular*) orðasafnsmynd nafnorða. Þetta kemur líka fram í því, að í þáttamerkingunum, sem gerð verður grein fyrir í 15. kafla, fá nf., et. og nh. eintómar – (mínus) merkingar. Einnig má nefna að börn á máltökuskeiði, sem þurfa mjög á því að halda að leiða eina mynd af annarri, virðast oftast leggja þessar myndir til grundvallar.

Athugið að orðasafnsmynd samsvarar ekki alveg **grunnmynd** eða **baklægri gerð** í hljóðkerfisfræði. Orðasafnsmynd er sem sé sú mynd sem er geymd í orðasafninu, stofn og (yfirleitt) meðfylgjandi beygingarending, sem er þá grundvallarending eins og ending nf.et. í no. og nh. í so. En í beygingarhlutanum er þessum endingum oft skipt út fyrir einhverjar aðrar; og þar að auki geta verkað hljóðbeygingarreglur sem valda breytingum

á stofninum. Hin baklæga gerð hljóðkerfisfræðinnar er þá sú mynd sem kemur út úr beygingarhlutanum, eftir verkun beygingar- og hljóðbeygingarreglna. Baklæg gerð orðmyndarinnar *örmum* er þannig #arm-um#, en orðasafnsmyndin er #arm-r#.

### 13.1.3 Regluleiki í orðasafni

Það er ekki lítið átak fyrir barn að læra málið sem er talað í kringum það. Kannski er ekki svo mikill vandi að grípa upp eitt og eitt orð og nota í tíma og ótíma, enda byrja börnin yfirleitt á því. En að búa sér til heildstæða málfræði út frá þeim tilviljanakenndu setningum og setningabrotum sem börnin heyra, og nota síðan þessa málfræði á skapandi hátt, til að mynda sjálf nýjar setningar – það er virkilegt afrek.

Eitt það mikilvægasta sem íslensk börn þurfa að tileinka sér í máltökunni er beygingin. Það tekur sinn tíma fyrir þau að átta sig á því að sum orð breyta um form eftir stöðu í setningu o.fl. Að því kemur þó að þeim verður þetta ljóst; og þá standa þau frammi fyrir þeim vanda að þurfa að búa sér til eina mynd út frá annarri. Þau hafa kannski bara heyrt eitthvert orð í eintölu, en þurfa svo allt í einu að nota það í fleirtölu; eða þau hafa heyrt sögn í nafnhætti, en þurfa að nota hana í þátíð. Við vitum að börn gera oft villur í þessum ágiskunum sínum, en þó er langt frá því að villurnar séu alveg tilviljanakenndar. Börnin eru nefnilega fljót að grípa upp ýmsan regluleik í málinu og giska í samræmi við það.

Væntanlega er **tíðni** (e. *frequency*) eitt það helsta sem börnin fara eftir í upphafi. Það er t.d. líklegra að þau beygi sögn sem þau kannast ekki við veikt en sterkt, vegna þess að veikar sagnir eru miklu fleiri en sterkar. Annað sem skiptir máli er **einfaldleiki** (e. *simplicity*); beyging veikra sagna er einfaldari en sterkra, því að í þeim veiku þarf ekki að huga að hljóðskiptum. Athugið þó að hlutverk þessara þátta hvors um sig og samspil þeirra er langt frá því að vera einfalt. Sterkar sagnir koma t.d. margfalt oftar fyrir en fjöldi þeirra gæti bent til, því að margar þeirra teljast til grundvallarsagna málsins (*ganga, sofa, syngja, hlæja, gráta* o.s.frv.).

Smám saman virðast börn tileinka sér fleiri og þrengri reglur, sem leiðbeina þeim við beygingu. Það eru nefnilega oft ákveðin tengsl milli stofngerðar orða og þeirra beygingar-endinga sem þau taka. T.d. eru aðalendingar sterkra karlkynsorða í nf.ft. *-ar* og *-ir*, en það er alls ekki að öllu leyti tilviljanakennt hvaða orð fá hvora endinguna; það er hægt að spá fyrir um það út frá gerð stofnsins. Sú spá verður að vísu ekki örugg, því að þessi regluleiki á sér fjölmargar undantekningar. Eigi að síður er ljóst að hann léttir mjög undir með börnum sem eru að læra málið.

Oft er ýmis regluleiki sem finna má í orðasafni kallaður einu nafni **orðasafnsreglur** (e. *lexical rules*). En það er mikilvægt að átta sig á því, að grundvallarmunur er á orðasafnsreglum og ýmsum öðrum reglum málsins, s.s. liðgerðarreglum, ummyndunarreglum, beygingarreglum, hljóðbeygingarreglum og hljóðkerfisreglum. Sá munur felst í því, að þær reglur eru (eða eiga a.m.k. að vera) undantekningarlausar, og miða eingöngu við ákveðin formleg atriði, s.s. formgerð eða þáttamerkingu. Orðasafnsreglurnar taka á hinn

bóginn einnig tillit til merkingar; og þær gera enga kröfu til að vera undantekningarlausar. Hlutverk þeirra er eingöngu að minnka álagið á minnið; koma í veg fyrir að geyma þurfi sömu upplýsingarnar á mörgum stöðum, við mörg orð í orðasafninu. Hinar reglurnar eiga aftur á móti að segja fyrir um, hvernig leiða eigi út ákveðna yfirborðsgerð.

Regluleikinn í orðasafni getur falist í ýmsu fleiru. Það gilda t.d. ákveðnar reglur um hvaða hljóðasambönd geti komið fyrir í íslenskum orðum; hinar svonefndu **hljóðskipunarreglur** (sjá 6.1). Einnig er ýmiss konar regluleiki sem tengist merkingu; orð af ákveðnu merkingarsviði fá t.d. oft sama kyn; og fleira mætti nefna.

#### 13.1.4 Orðasafnsreglur

Þótt hér að framan hafi eingöngu verið talað um orðasafnsreglur í sambandi við málnám barna, fer því fjarri að þær skipti fullorðna engu. Við erum að vísu í gerólíkri aðstöðu, því að við þekkjum flest orðin sem við heyrum eða sjáum hversdagslega, og vitum hvernig á að beygja þau. Enda verður oft á tíðum varla hjá því komist, því að hæpið er að sjá nokkurn regluleik í því að *prestur* og *hestur* fá *-ar-ft.*, en *brestur* og *gestur -ir*; þetta verður að læra sérstaklega. Samt sem áður er hægt að sýna fram á að við búum yfir einhverjum reglum um tengsl stofngerðar og beygingar. Þegar fólk er beðið að beygja „bullorð“, þ.e. „orð“ sem ekki eru til, og það getur því ekki kunnað, þá fer það eftir ákveðnum reglum hvaða endingar fólk velur.

Eins og áður er sagt eru orðasafnsþættir atriði eins og **kyn og beygingarflokkur** (e. *inflectional class*), sem læra verður sérstaklega fyrir hvert orð og fylgja því alltaf, hvaða stöðu sem það hefur í setningu. En þótt sagt sé að læra verði orðasafnsþætti sérstaklega, táknar það ekki að útilokað sé að spá nokkuð fyrir um þá. Það er líka gert að vissu marki í bókum um íslenska beygingafræði. Þar er t.d. sagt að kvenkynsorð sem endi á *-ing* fái *-ar-fleirtölu*; sterk kvenkynsorð með *ö* í stofni fái *-ir-fleirtölu*; o.s.frv.

Því er ekki að neita, að oft kann að virðast erfitt að setja upp einhverjar slíkar reglur, t.d. þegar við rekumst á áður nefnd dæmi um *hest* og *prest*, sem fá *-ar-endingu* í ft., og svo *gest* og *brest*, sem fá *-ir-endingu*; þó er stofngerð allra þessara orða eins, nema að því er varðar upphafshljóðið. En hér verðum við þá að hafa í huga það sem áður var sagt, að orðasafnsreglur eiga sér oft og einatt undantekningar.

#### 13.1.5 Undantekningar

En orðið **undantekning** (e. *exception*) felur auðvitað í sér einhvers konar afbrigði eða frávik frá norminu. Því er oft litið svo á að þau orð séu í einhverjum skilningi torlærðari eða meira álag á minnið. Við getum þá tengt þetta við það sem áður var sagt um upplýsingar í orðasafni og sagt að t.d. við orð eins og *hestur* þurfi ekki að geyma neinar upplýsingar um fleirtöluna, en við *gestur* þurfi að fylgja að það fái *-ir-fleirtölu*.

Þetta táknar í raun og veru, að við verðum að læra fleirtölu orðanna *gestur* og *brestur* sérstaklega; hún kostar m.ö.o. meira álag á minnið en ft. orðanna *hestur* og *prestur*, vegna þess að sú fyrrnefnda samræmist ekki reglunni. Meginatriðið er sem sé að *-ir-fleirtalan* er

á einhvern hátt „erfiðari“, því að hún krefst viðbótarupplýsinga; og það má hugsa sér að breytingar á beygingu einstakra orða gangi í þá átt að útrýma slíkum viðbótarupplýsingum. Síðan er það undir ýmsu komið hvort af því verður; það eru meiri líkur á því að hin „afbrigðilega“ fleirtala haldist eftir því sem orðin eru algengari. Það er auðvitað ósköp eðlilegt að algeng orð komist frekar upp með einhverja sérvisku í beygingu en sjaldgæf; við lærum þau algengu snemma, og heyrum þau oft. Það er því lítil hætta á að við gleymum nokkurn tíma beygingu þeirra og þurfum að giska á hana. Við sjáum þetta vel ef við berum t.d. saman pfn. *ég* og *þú* og no. *ær* og *kýr*. Þau fyrrnefndu eru ákaflega óregluleg í beygingu, en tíðni þeirra gerir það að verkum að þeim helst það uppi, og beyging þeirra breytist ekki. Hin síðarnefndu hafa að vísu óvenjulega beygingu, en þó síst óreglulegri en *ég* og *þú*; en vegna þess hve þau eru sjaldgæfari, hættir þeirri beygingu mjög til að riðlast.

Væntanlega skiptir einnig máli hversu almenn reglan er. Regla sem tæki til 100 orða en ætti sér eina undantekningu hefði líklega sterkara aðdráttarafl en regla sem tæki til 20 orða og hefði 5 undantekningar.

## 13.2 Málfræðilegar formdeildir

### 13.2.1 Formleg flokkun

Hlutverk setningafræði og beygingafræði tungumáls er að brúa bilið milli merkingarinnar og hinnar hljóðfræðilegu yfirborðsgerðar – þess sem við heyrum. Ef við ætlum að segja eitthvað, höfum við (væntanlega) einhverja ákveðna merkingu í huga; og hana þarf að móta á ákveðinn hátt í orð og setningar. Hvert mál hefur sitt sérstaka lag við að móta merkinguna í orð, og það er sjaldgæft að merking eins orðs sé nákvæmlega sú sama og merking annars orðs í öðru máli.

En mál hafa líka reglubundna flokkun, sem tekur ekki til einstakra orða, heldur hópa þeirra. Ein algengasta flokkun af þessu tagi er munur eintölu og fleirtölu. Nafnorð hafa mismunandi form eftir því hvort þau vísa til eins eða fleiri. Slíkar flokkanir, sem taka til (nær) allra orða af ákveðnum flokki, eru nefndar **málfræðilegar formdeildir**. **Tala** (e. *number*) er þannig málfræðileg formdeild í íslensku, því að hún er táknuð á reglubundinn hátt í formi (nær) allra nafnorða; og undirdeildir (gildi) hennar eru tvær, **eintala** (e. *singular*) og **fleirtala** (e. *plural*). Sömuleiðis er **tíð** (e. *tense*) formdeild í íslensku, því að sagnir fá mismunandi endingar eftir því hvort sagt er frá liðnum atburði eða ekki; tíð hefur tvær undirdeildir, **nútíð** (e. *present*) og **þátíð** (e. *past*). Að vísu eru til einstöku nafnorð þar sem enginn formlegur munur er á eintölu og fleirtölu (*eitt spil – mörg spil*) og einstöku sagnir þar sem nútíð og þátíð eru eins (*Ég hitti Jón í gær – Ég hitti Jón á morgun*) en það er tilviljun og breytir því ekki að langflest orð gera þennan mun.

Það er mjög misjafnt hvaða formdeildir einstök tungumál hafa, rétt eins og misjafnt er hvernig mál skipa merkingu niður á einstök orð. Þó að tala sé formdeild í flestum málum er hún það t.d. ekki í kínversku. Þar hafa nafnorð sama form hvort sem þau vísa til eins

eða fleiri. Ef nauðsynlegt er að gera þar mun á, er það hægt með notkun töluorða eða þ.u.l.; en meginatriðið er að það er alls ekki gert á kerfisbundinn hátt.

Athugið að merkingin sem liggur á bakvið getur verið alveg sú sama hjá Íslendingnum sem notar annaðhvort eintölu eða fleirtölu og hjá Kínverjanum sem gerir ekki þennan mun. Það ber að varast að líta svo á að mál sem skortir einhverja formdeild séu á einhvern hátt „óskýrari“ eða „ófullkomnari“. Oft er formlegur munur eintölu og fleirtölu óþarfur í íslensku. *Hveiti* er eintala, en *hafrar* fleirtala, en sá munur skiptir ekki máli merkingarlega séð; við tölum um *mikið af hveiti* og *mikið af höfrum* í alveg hliðstæðri merkingu. Hér myndi því kínverska aðferðin, að hafa enga greiningu í tölur, henta alveg jafn vel.

Sama máli gegnir um föllin. Þegar við segjum *Svein barði Guðmundur* sýna föllin okkur ótvírætt hver barði hvern. En þótt t.d. enska hafi ekki mun nf. og þf. (nema í pfn.), er þetta alveg jafn augljóst í setningunni *Peter John hit*; það gera reglur um orðaröð.

Enn eitt dæmi sem nefna má er að áður fyrr greindist formdeildin **tala** í íslensku í þrennt, og hafði sérstaka **tvítöluundirdeild** (e. *dual*) þar sem *við* og *þið* var tvítala, *vér* og *þér* fleirtala. Nú táknar *við* og *þið* bæði tvo og fleiri, og verða engin vör við annað en það sé yfirleitt nógu skýrt; en þar sem nauðsyn krefur er auðvitað hægt að segja *við bæði*, *þið öll* o.s.frv.

### 13.2.2 Beygingarlegar og setningarlegar formdeildir

Venja hefur verið að líta svo á að beygingafræði (og orðmyndunarfræði) fengist við innri gerð orða, en setningafræði við tengsl milli orðanna. Þetta er þó ekki einhlítt, a.m.k. ekki miðað við það sem venja er að kalla beygingu í íslenskum kennslubókum. Þar er t.d. talað um að sagnir beygist í 8 tíðum og þremur myndum. Nú er ljóst að aðeins tvær þessara tíða, nútíð og þátíð, eru ósamsettar, þ.e. myndaðar með breytingum á sögninni einni saman; hinar eru allar myndaðar með einni eða fleiri hjálparsögnum. Þær eru því allt annars eðlis en hinar, og eðlilegast að líta svo á að þær séu viðfangsefni setningafræðinnar, en ekki beygingafræði. Sama máli gegnir um þolmynd.

En hvernig stendur þá á því að þetta hefur allt saman verið kallað **beyging** í íslensku? Áður var drepið á að það verkaði ruglandi á fólk að rekast á mál með einhvern greinarmun sem íslenska gerði ekki. En hálfu verra er að finna mál með **formdeild** sem íslenska hefur ekki. T.d. eru til mál þar sem formdeildin **tíð** er táknun í nafnorðum, og eigum við víst dálítið erfitt með að átta okkur á því. Svipað gerist þegar latnesk málfræði er yfirfærð á íslensku; þá er farið að gera ráð fyrir 8 mismunandi tíðum í málinu, vegna þess að latína hefur 8 mismunandi form sagna sem kölluð eru tíðir. En þessi yfirfærsla er hæpin; það er miklu eðlilegra að viðurkenna bara að það sem er beygingarlegt í einu máli geti verið setningafræðilegt í öðru. Eins og sagt var hér að framan er það sameiginlegt verkefni setningafræði og beygingafræði að tengja merkingu og hljóð; en verkaskipti þeirra eru mismunandi milli mála. Í þessu riti er orðið **beyging** því aðeins notað um þær breytingar sem verða á einstökum orðum.

Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að merkingarleg flokkun, sem kemur fram á reglubundinn hátt með ákveðnu setningafræðilegu sambandi, sé einnig kölluð **formdeild**, enda oft gert. Við hinar venjulegu **beygingarformdeildir** – þær einu sem við munum hér flokka undir beygingu – geta þá bæst **setningafræðilegar formdeildir** (e. *syntactic categories*). Undir það mætti t.d. flokka þolmynd í íslensku; hún er alltaf táknuð með *vera/verða* + lh.þt., og sambandið milli *X* (þar sem *X* er breyta fyrir stofn sagnarinnar) og *var X-aður* er yfirleitt u.þ.b. hið sama. Svipuðu máli gegnir um það sem vani er að kalla „samsettar tíðir“. Öllu óljósara er með sambönd eins og *fara að* og *vera búinn að*, en líklega er þó rétt að telja þetta sérstakar formdeildir, og það er gert hér.

Hér er þá dæmi þess að sama formdeildin komi fram í setningafræði eins máls, en beygingafræði annars. Hugsanlegt er líka að halda því fram að sama formdeildin geti verið ýmist beygingarleg eða setningarleg í sama málinu. Þannig gæti það e.t.v. verið um formdeildina **stig** í íslensku. Miðstig og efststig eru yfirleitt táknuð með endingum, *-(a)r(i)*, *-(a)st(ur)*; en á sumum orðum gengur þetta ekki, og þá er hægt að nota *meira* og *mest* (*mest andvaka* o.s.frv.).

Athugið að **miðmynd** (e. *middle*) í íslensku fellur eiginlega fyrir utan þetta. Hún er ekki setningarleg, því að hún tekur aðeins til eins orðs, ekki orðasambands. Hins vegar getur hún varla talist beygingarformdeild heldur. Hvorttveggja er að milli germyndar og miðmyndar geta verið mjög margvísleg tengsl, en í beygingu er yfirleitt um að ræða alveg reglubundin vensl; og svo eru mörg dæmi um að „miðmynd“ sé til þótt samsvarandi germyndarsögn sé alls ekki til (*\*ferða* – *ferðast*) eða hafi allt aðra merkingu (*fara* – *farast*). Þess vegna er, oftast a.m.k., eðlilegt að líta á miðmynd sem **orðmyndun**.

### 13.2.3 Mismunandi hlutverk formdeilda

Við getum sagt að eðli eða hlutverk formdeilda sé þrenns konar. Í fyrsta lagi er ákveðin formdeild stundum fastur fylgipáttur orðsins og breytist ekki, en hefur ekkert merkingarlegt gildi. Þannig er t.d. með **kyn** nafnorða, eins og áður var bent á. Orðið *borð* er hvorugkyns hvar sem við rekumst á það, en *stóll* karlkyns; en erfitt er að sjá nokkuð í fari eða eðli þessara hluta sem gerir það eðlilegt að þau hafi þessi kyn; það er bara tilviljun. Reyndar eru til orð sem koma fyrir í fleiri en einu kyni, t.d. segja sum *sykrið* í hvorugkyni þótt flest segi *sykurinn* í karlkyni. En merkingin er alveg sú sama.

Í öðru lagi eru sumar formdeildir breytilegar og hafa ákveðið merkingarlegt gildi. Þannig er t.d. með **tölu** nafnorða. Þótt *stóll* sé alltaf karlkyns, getur hann ýmist staðið í eintölu eða fleirtölu, *stólar*, og *stóll* og *stólar* merkir ekki það sama. Sama er að segja um **tíð** sagna; það skiptir máli fyrir merkinguna hvort við segjum *Jón er hér* eða *Jón var hér*.

Í þriðja lagi eru svo mörg dæmi um að orð þiggi sum atriði í beygingu sinni frá orðum sem þau standa með. Þótt **kyn** nafnorða sé alltaf það sama, gegnir öðru máli um lýsingarorð; þau þiggja kyn sitt frá orðinu sem þau eiga við. Og þótt sagnir hafi **tölu** eins og nafnorð er hún annars eðlis; þau þiggja hana yfirleitt frá nafnorði (frumlagi sínu) og

hún hefur því ekki sjálfstætt merkingarlegt gildi. Það sjáum við á setningum eins og *Okkur vantar bækur*. Þar er sögnin í eintölu, þótt bæði orðin sem með henni standa séu í fleirtölu. Samt sem áður er ljóst að það er fleiri en einn sem vantar bækur. Það sýnir að eintölumynd sagnarinnar hefur ekkert merkingarlegt gildi; það er tala fallorðanna sem ræður merkingunni.

Í hverri orðmynd geta þá komið fram margar formdeildir og mismunandi gildi þeirra. Í myndinni *hesti* kemur þannig fram formdeildin ‘kyn’, nánar tiltekið gildið ‘karlkyn’; formdeildin ‘tala’, nánar tiltekið gildið ‘eintala’; og formdeildin ‘fall’, nánar tiltekið gildið ‘þágufall’. Hægt er að hugsa sér þetta sem **þætti** (e. *features*) sem fylgi sérhverri orðmynd og einkenni hana. Þeir eru kallaðir **beygingarþættir**, og skipta miklu máli í beygingarlýsingunni hér á eftir.

Beygingarþættirnir skiptast í þrjá hópa, í samræmi við það þrískipta eðli beygingarformdeilda sem rakið er hér að framan. Þeir sem einkenna orðin hvar og hvenær sem er (t.d. kyn nafnorða) nefnast **orðasafnsþættir**, eins og áður er nefnt. **Grunnþættir** (e. *base features*) nefnast þeir sem eru breytilegir eftir þeirri merkingu sem við á í hvert skipti (t.d. tala no. og tíð), og settir sjálfstætt á viðkomandi orð, án þess að önnur orð í setningunni ráði þar öllu. Að síðustu eru þeir sem orð þiggja frá öðrum og ekki hafa sjálfstætt merkingarlegt gildi (t.d. tala lo. og persóna og tala so.) kallaðir **aðlögunarþættir** (e. *agreement features*) og er gert ráð fyrir að þeir séu yfirfærðir frá öðrum orðum í setningunni.

Við skulum athuga vel að sami þátturinn getur verið orðasafnsþáttur eða grunnþáttur í einum orðflokki, en aðlögunarþáttur í öðrum.

## 14. BEYGINGARFORMDEILDIR Í ÍSLENSKU

### 14.1 Almenn atriði

#### 14.1.1 Þáttamerkingar

Hér á eftir verður litið dálítið á þær beygingarformdeildir sem fram koma í íslensku. Megináherslan verður lögð á að athuga hvernig megi greina þær niður í þætti til að byggja beygingarlýsinguna á; og þá þarf í upphafi að velja þætti og þáttamerkingar. Er t.d. rétt að hafa aðeins tvígilda (+ eða – merкта) þætti, eða tölumerкта? Þ.e., er rétt að tákna fleirtölu sem t.d. [+ft] eða sem [2. tölu]? Hér verður haldið þeirri venju að nota tvígilda þætti, +/-merкта, vegna þess að það auðveldar mjög alla lýsingu á því hvað hagi sér eins, svo sem fram kemur hér á eftir; og einnig byggist notkun beygingarreglna á því. Þetta er auðvelt með formdeildir sem hafa aðeins tvö gildi, eins og t.d. **tíð** (nútið – þátíð) og **tala** (eintala – fleirtala); en þær sem hafa fleiri gildi, s.s. **kyn** (karlkyn – kvenkyn – hvorugkyn) og **persóna** (1. – 2. – 3.) þarf þá að kljúfa upp í tvígilda þætti, og ekki er alltaf augljóst hvernig það verður gert.

Í framhaldi af þessu þarf að velja viðmiðunarpól; þ.e. ákveða hvaða gildi tiltekinnar formdeildar á að leggja til grundvallar. Það kemur nefnilega í ljós við nánari athugun að þótt ákveðin formdeild (eins og t.d. tíð eða tala) greinist á eðlilegan hátt í tvö gildi, þá er oft fjarri því að bæði gildin séu jafnvæg. Það virðist oft vera svo að ákveðið gildi formdeildar er notað við mun fjölbreyttari aðstæður en annað eða önnur gildi. Þannig hefur nútið mun víðara notkunarsvið en þátíð í íslensku, eins og sýnt er hér á eftir. Í slíkum tilvikum er hentugt að grípa til hugtakanna **markað** og **ómarkað**. Eðlilegt er að segja að það gildi sem hefur fjölbreyttari notkun sé hlutlaust, og það fær þá – merkingu. Andstæðan, þ.e. það gildi sem hefur þrengra notkunarsvið, verður þá viðmiðunarpóll, og fær + merkingu. Þess vegna segjum við að nútið í íslensku sé ómörkuð, og táknnum hana [–þt]; þátíðin er mörkuð, og fær táknunina [+þt].

Annað atriði sem stundum má miða við til að ákvarða markað og ómarkað gildi í beygingafræði er það, að oft hefur ákveðið gildi formdeildar viðbótar, „efni“, sem andstætt gildi hefur ekki. Þannig hefur þátíð veikra sagna í íslensku sérstaka endingu sem nútiðin hefur ekki. Oftast er þá gert ráð fyrir því að það gildið sem hefur viðbótar, „efnið“ sé markað, og svo er í þessu tilviki; þó eru undantekningar frá því.

Eins og áður var sagt, þarf ákveðin formleg flokkun helst að ná til nær allra orða af ákveðnum flokki til að geta talist formdeild. Þetta útilokar t.d. svokallaðar „byrjunarsagnir“, sem eru margar myndaðar af nafnhætti sagna með því að skjóta inn *-n* á undan *-a*. Dæmi eru *sofna* (af *sofa*), *vakna* (af *vaka*), *lifna* (af *lifa*). En við getum ekki sagt *\*lesna* í merkingunni ‘byrja að lesa’, *\*borðna* í merkingunni ‘byrja að borða’ o.s.frv. Ekki eru heldur allar slíkar sagnir myndaðar af sögnum; við höfum *gulna*, en ekki *\*gula*, *blána*, en ekki *\*bláa*, o.s.frv.

Það virðist mega gera ráð fyrir a.m.k. 8 beygingarformdeildum í íslensku. Það eru

**persóna** (e. *person*), **tala, kyn, fall** (e. *case*), **ákveðni** (e. *definiteness*), **háttur** (e. *mood*), **tíð og stig** (e. *grade*). Síðastnefnda formdeildin kemur einstöku sinnum fram setningafræðilega, eins og fyrir segir; og við þetta bætast svo **mynd** (e. *voice*) og **horf** (e. *aspect*), sem oftast eða alltaf koma fram setningafræðilega.

#### 14.1.2 Orðflokkar

En áður en umfjöllun um eiginlegar beygingarformdeildir og þætti hefst, er rétt að fara nokkrum orðum um **orðflokkana** (e. *parts of speech*). Þeir eru auðvitað eins konar málfræðilegar formdeildir, þótt af öðru sauðahúsi séu.

Eins og víða er lýst í nýrri bókum, eru merkingarlegar skilgreiningar orðflokka æði valtar, og eðlilegra að byggja á notkuninni. Orðflokkur orðs er auðvitað yfirleitt orðasafnsþáttur í því, en út af því getur þó brugðið, einkum með lýsingarhætti sagna, sem ýmist geta staðið sem so. eða lo. Í slíkum tilvikum er e.t.v. hugsanlegt að líta fremur á orðflokkinn sem grunnþátt.

Orðflokkana má auðvitað tákna með þáttum, eins og aðrar formdeildir. Hér er lagt til að notaðir verði þrír þættir, sem bæði eiga að þjóna þeim tilgangi að greina flokkana sundur og einnig sýna sameiginleg einkenni þeirra, þar sem við á; [ $\pm$ nafnorð], [ $\pm$ sagnorð] og [ $\pm$ fallorð]. Táknun orðflokka verður þá á þessa leið:

|       | <i>no</i> | <i>fn/to</i> | <i>lo</i> | <i>so</i> | <i>fs/ao/st</i> |
|-------|-----------|--------------|-----------|-----------|-----------------|
| fallo | +         | +            | +         | —         | —               |
| no    | +         | —            | —         | —         | —               |
| so    | —         | —            | +         | +         | —               |

Með þessari flokkun næst fram að no., fn. og lo. hafa ýmsar sameiginlegar formdeildir; kyn, tölu, fall og ákveðni. No. og fn. geta hagað sér eins, en skilið lo. eftir (standa t.d. ein í Nl, og taka eignarfallseinkunn); þau eru þá [+fallo, –so]. Fn. og lo. geta líka staðið saman, en undanskilið no. (þau geta staðið hliðstæð með no. í Nl, og beygjast svipað oft á tíðum); merking þeirra er þá [+fallo, –no]. So. og lo. beygjast í tölu, og lh.þt. flakkar þar á milli; þau má þá merkja [+so]. Að lokum má nefna að so. og fs. eru helstu fallvaldarnir, og þeir einu sem geta stjórnað þolfalli; merking þeirra er þá [–fallo].

Margt er þó óljóst í þessu, s.s. hvort réttlætanlegt sé að flokka fn. og to. saman, og hvort yfirleitt sé hægt að setja alla flokka fn. undir einn hatt. Einnig er ekki víst að gangi að flokka saman fs., ao. og st.; og spyrja má hvort ekki þurfi að vera hægt að flokka saman lo. og (sum) ao. vegna stigbreytingarinnar. Þetta verður þó látið gott heita hér.

## 14.2 Beygingarformdeildir í íslensku

### 14.2.1 Persóna

**Persónur** í íslensku eru þrjár; en það er langt frá því að þær séu allar jafngildar. Aðeins eitt orð, *ég* (og beygingarmyndir þess) hefur 1.pers. sem orðasafnsþátt, þ.e. er aldrei neitt annað; og eitt annað orð, *þú*, hefur 2.pers. sem orðasafnsþátt. Öll önnur fornöfn,

og öll nafnorð, hafa 3.pers. sem orðasafnsþátt. Það er því eðlilegt að líta á 3.pers. sem ómarkað gildi persónuformdeildarinnar, og tákna hana sem [-1.pers, -2. pers] í stað [+3.pers]. Táknun persónanna yrði þá svona:

|        | 1. persóna | 2. persóna | 3. persóna |
|--------|------------|------------|------------|
| 1.pers | +          | -          | -          |
| 2.pers | -          | +          | -          |

Athugið nú að þessar þáttamerkingar fela í sér ákveðna **spá**. Vanalega er gert ráð fyrir því, að þau gildi innan ákveðinna formdeilda sem hafa sömu þáttamerkingu að einhverju leyti séu líkleg til að haga sér stundum á sama hátt. Samkvæmt því mætti búast við að 1. og 3. persóna höguðu sér stundum eins (þær eru báðar [-2.pers]); einnig að 2. og 3. persóna höguðu sér stundum eins (þær eru báðar [-1.pers]); hins vegar ættu 1. og 2. persóna aldrei að geta hagað sér eins en skilið 3. persónu útundan, vegna þess að þær (1. og 2.) hafa engan beygingarþátt sameiginlegan.

Til að athuga nú hvort þessi spá rætist skulum við líta á beygingu sagna. Persóna kemur líka fram í sögnum, og þar sem aðlögunarþáttur; sagnir fá persónu sína frá frumlaginu. Athugið þá í leiðinni að þegar frumlagið er í aukafalli, samræmist sögnin því aldrei í persónu, heldur stendur alltaf í 3. persónu óháð persónu frumlagsins; og má telja þetta rök fyrir því að telja 3. persónu ómarkaða.

Í fjölmörgum sögnum eru 1. og 3.pers.et. eins, en 2.pers. frábrugðin: *fer – ferð – fer; les – lest – les*. Þó er enn algengara að 2. og 3.pers. séu eins, en 1.pers. frábrugðin: *dæmi – dæmir – dæmir; kalla – kallar – kallar*. Um þriðja möguleikann, að 1. og 2.pers. séu eins, en sú 3. frábrugðin, eru hins vegar engin dæmi. Það er nú gott, því að það er einmitt í samræmi við það sem þáttamerkingin hér að framan spáir.

Ef við lítum á samband persónu og tölu kemur í ljós að þar eru persónurnar alls ekki hliðstæðar. Þær er t.d. *hún + hún*; en *þið* þarf alls ekki að vera *þú + þú*, getur eins verið *þú + hann/hún* o.s.frv. Og við getur alls ekki verið *ég + ég*, en hlýtur að tákna *ég + þú* eða *ég + hann/ hún* o.s.frv. Ef ég tala um hóp fólks, get ég notað *þeir/ þær/þau*; en ef viðmælandi minn er í þessum hópi, verð ég að nota *þið*; og ef ég er í honum sjálfur verð ég að segja *við*. Þótt þarna væru 999 „hún“, en bara eitt „ég“, ræður þetta eina persónu alls hópsins. 3.pers. er því veikust, síðan 2., og 1. sterkust.


Þetta kemur líka fram þar sem samsettur NI er frumlag. Ef liðir samsetningarinnar hafa mismunandi persónu, fær sögnin yfirleitt persónu þess sterkasta; þ.e. 3. persónu því aðeins að 1. eða 2. persóna komi ekki fyrir í neinum liðanna, og 2. persónu því aðeins að 1. persóna komi ekki fyrir. Út frá þessu mætti e.t.v. hugsa sér að eðlilegra væri að hafa tvö stig í flokkuninni; fyrst greina sundur 1. og 2.pers. annars vegar (og + merkja þær), og 3.pers. hins vegar (- merkta); og síðan láta þáttinn [+1.pers] greina þær fyrirnefndu að. Þetta myndi þó kosta flóknari þáttamerkingar en gert er ráð fyrir hér að framan, svo að við skulum láta það eiga sig.

### 14.2.2 Tala

Í nafnorðum er **tala** að jafnaði grunnþáttur; hvert orð getur ýmist verið í **eintölu** eða **fleirtölu**, og talan skiptir máli fyrir merkinguna, en ræðst ekki af öðrum orðum í setningunni. Einstöku orð hafa þó eingöngu ft., t.d. *skæri*, *buxur*, *dyr* o.fl. Í slíkum orðum er talan orðasafnsþáttur, og þarf að læra hana sérstaklega eins og önnur atriði sem orðasafnið geymir (sjá 13. kafla). Það er ekkert í merkingu eða eðli þessara orða sem segir okkur að þau megi ekki nota í et. (enda oft talað um *tveggja dyra bíl*). Öðru máli gegnir um orð sem yfirleitt eru et.; það stafar oftast af merkingarlegum ástæðum. Þau tákna nefnilega eitthvað sem ekki er teljanlegt, s.s. *mjólk*, *vatn*, *hveiti*, *sandur*, *keppni*, *gleði*. Þarna er ástæðulaust að gera ráð fyrir að talan sé orðasafnsþáttur, enda taka þessi orð greiðlega ft. þegar þau eru notuð í „teljanlegri“ merkingu: *(stöðu)vötn*, *(eyði)sandar*, *(íþrótt)keppnir*, *(jóna)gleðir*.

Að safnheiti skuli að jafnaði vera et. styður það að telja et. ómarkaða, en ft. markaða. Einnig má benda á, að sagnir með aukafallsfrumlagi standa í (3.pers.) et., óháð tölu frumlagsins. Því er eðlilegt að nota fleirtöluna sem viðmiðunarpól, og tákna sem [+ft], en eintöluna sem [-ft].


Tala er sem sagt aðlögunarþáttur í sögnum; þær fá hana frá frumlagi sínu. Hún er líka aðlögunarþáttur í lo. og þeim fn. sem geta staðið hliðstæð með no. í NI. En ef fn. eða lo. stendur sem aðalorð í NI verður aftur á móti að gera ráð fyrir að tala sé grunnþáttur í því. En meginatriðið er að öll ákvæðisorð með aðalorði í NI verða að samræmast því í tölu. Það má sýna samræminguna á þennan hátt:



Mynd 53: Tölusamræming innan nafnliðar

Það má sem sé hugsa sér að talan flytjist frá aðalorðinu upp á NI í heild, og sé dreift þaðan út til allra orða sem eru beinir stofnhlutar í liðnum.

Athugið að þar sem tvö eintöluorð mynda samsett frumlag stendur sögnin í ft. Það verður því að fara fram eins konar „samlagning“ í nafnliðnum, eins og mynd 54 sýnir:



Mynd 54: Samlagning innan nafnliðar

Hins vegar kemur fyrir að sögnin stendur í et. undir slíkum kringumstæðum, ef liðir samsetningarinnar renna saman í eitt hugtak eða hugmynd. Þannig getum við sagt bæði *Malt og appelsín er besti drykkur sem ég fæ* og *Malt og appelsín eru bestu drykkir sem ég fæ*, en merkingin er ekki sú sama. Ef notuð er et., er átt við ‘malt og appelsín blandað saman’. E.t.v. er í því tilviki rétt að líta á samsetninguna sem eitt orð í einhverjum skilningi; en út í það skal ekki farið hér.

Þá má benda á að tölusamræming lo. er ekki einskorðuð við þau sem standa með no. í Nl; lo. sem eru sagnfyllingar samræmast líka frumlaginu (nema það sé í aukafalli; þá standa þau alltaf í et., og má líta á það sem enn frekari rök fyrir því að et. sé ómörkuð). No. sem eru sagnfyllingar samræmast líka frumlaginu í tölu. Þar er e.t.v. eðlilegt að líta svo á að tala sé aðlögunarþáttur nafnorðs. Sama gæti átt við þar sem töluorð stendur með no.; það er a.m.k. ljóst að [+ft] er ekki aðlögunarþáttur í *tveir*, heldur orðasafnsþáttur, og meðfylgjandi no. verður að haga sér samkvæmt því. Annars skiptir ekki meginmáli hvernig þetta er hugsað; aðalatriðið er að samræmi verður að vera.

### 14.2.3 Kyn

**Kyn** er orðasafnsþáttur í nafnorðum; við verðum að læra það sérstaklega. Kynin eru þrjú, **karlkyn** (e. *masculine*), **kvenkyn** (e. *feminine*) og **hvorugkyn** (e. *neuter*), og má líklega líta á hvorugkyn sem ómarkað; það kemur fram á lýsingarorðssagnfyllingum þegar frumlagið er setning (*Að María skuli elska Jón er ótrúlegt*) eða í aukafalli (*Stelpunni er kalt*). Hvorugkyn kemur líka fram í samblöndun kynja; *hann + hún* er hvorki *þeir* né *þær*, heldur *þau*.

Kynið er líka orðasafnsþáttur í 3. persónu fornöfnum; en í 1. og 2. persónu er það grunnþáttur. Við getum sagt bæði *þú ert glaður* og *þú ert glöð*, eftir því sem við á. Aftur á móti er kynið aðlögunarþáttur í lýsingarorðum og öðrum fornöfnum en pfn. Um eðli þess sem aðlögunarþáttar gildir hið sama og sagt var um töluna, að sama kyn verður að vera á öllum orðum í Nl, og samræmi milli kyns frumlags og lýsingarorðssagnfyllingar.

En hvaða þætti á að nota til að greina kynin sundur? E.t.v. lægi beinast við að nota [+kk] og [+kvk]; með því yrði hk. ómarkað, eins og að var stefnt. En þá næst það ekki fram að oft fá kk. og hk. sömu endingar (t.d. í þgf. og ef.et. sterkra no.; *manni* – *barni*, *manns* – *barns*; og ef.et. sterkra lo.: *góðs*); einnig fá kk. og kvk. stundum sömu endingar (t.d. í ft. no.: *hestar* – *nálar*, *dalir* – *þakkir*). En hk. og kvk. fá yfirleitt ekki sömu endingar (nema þá kk. fá þær líka). Þess vegna er hér stungið upp á að nota þættina

[±kyn] og [±kvk], eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

|     | <i>hvorugkyn</i> | <i>karlkyn</i> | <i>kvenkyn</i> |
|-----|------------------|----------------|----------------|
| kyn | —                | +              | +              |
| kvk | —                | —              | +              |

Þessi uppsetning spáir því að kvenkynið sé markaðast, og það virðist vera rétt; þar sem einhverjir kynjaárekstrar verða, fáum við síst kvenkynsform. T.d. er iðulega notað karlkyn fornafta í ýmsum almennum staðhæfingum eða fyrirskipunum, s.s. *Enginn má yfirgefa húsið* og *Allir tapa á verðbólgunni*. Karlkynið er hér látið vísa til bæði karla og kvenna, en væri notað kvenkynsform og sagt *Engin má yfirgefa húsið* og *Allar tapa á verðbólgunni* væri eingöngu vísað til kvenna, en karlar undanskildir. Á seinustu árum hefur þó komið fram sterk krafa frá mörgum um að reyna að breyta þessu og nota hvorugkyn í staðinn – segja *Engin mega yfirgefa húsið* (hér er eintalan *ekkert* ónothæf og nota verður fleirtölu í staðinn) og *Öll tapa á verðbólgunni*. Reynslan verður að skera úr um hvort þessi breyting gengur í gegn en það mun a.m.k. taka talsverðan tíma.

Okkur hættir til að tengja málfræðilegt kyn við merkingarlegt, og vissulega er yfirleitt samræmi þar á milli, þar sem um slíkt getur verið að ræða á annað borð. Ef svo er ekki, getur hins vegar brugðið til beggja vona með samræmingu t.d. lýsingarorðsagnfyllinga við frumlag. Ef stutt er þar á milli, virðist málfræðilegt kyn frumlagsins ráða kyni sagnfyllingarinnar; en ef langt er á milli, nær merkingarlega kynið oft yfirhöndinni. Athugið að þótt no. sem eru sagnfyllingar þurfi að samræmast frumlaginu í tölu, rétt eins og lo., þurfa þau ekki að samræmast í kyni, þótt lo. þurfi þess; *Forsetinn er kona* eða *Hún er forseti* eru réttar setningar, þótt ósamræmi sé milli kyns frumlags og sagnfyllingar.

Hér kemur einnig til talsvert kynjamisrétti, sem rétt er að drepa á, þótt það sé fremur félagslegs eðlis en málfræðilegs. Orð eins og *skáld* er hk., sem sést þegar það fær greini, *skáldið*; samt hefur þótt ástæða til að búa til orðið *skáldkona*, en engin finna neina þörf fyrir *skáldmaður* eða *karlskáld*. Enn athyglisverðara dæmi er *hetja*; það orð er kvenkyns, en samt sem áður hefur þótt ástæða til að búa til samsetninguna *kvenhetja* þegar orðið vísar til konu!

#### 14.2.4 Fall

Öfugt við þær formdeildir sem fjallað hefur verið um hér á undan er **fall** eingöngu aðlögunarþáttur; ákvarðast af afstöðu viðkomandi orðs til annarra liða í setningunni. Reyndar er hugsanlegt að líta svo á að fallið sé orðasafnsþáttur í einstöku orðum sem aðeins koma fyrir í föstum orðasamböndum, s.s. *tagi* (*tæi*) í *af því/þessu tagi* (*tæi*). Sama mætti e.t.v. segja um orðið *gær* (sem að vísu er vanalega greint sem atviksorð, en eðlilegra virðist að líta á sem no., sem hafi mjög þröngt notkunarsvið). Eins og með tölu og kyn verður að vera samræmi í falli allra orða sem eru beinir stofnhlutar í sama nafnlið.

Það liggur ekki í augum uppi hvernig eigi að þáttamerkja föllin. Sitthvað mælir þó með því að telja **nefnifallið** (e. *nominative*) ómarkað, og hin þrjú, **þolfall** (e. *accusative*), **þágufall** (e. *dative*) og **eignarfall** (e. *genitive*), mörkuð. Benda má á að sagnir samræmast aðeins nefnifallsfrumlagi. Því mætti hugsa sér að greina nefnifallið frá hinum með þættinum [ $\pm$ aukafall]. Slík aðgreining er líka hentug fyrir beygingarreglur, því að oft hefur nf.et. eina endingu, en þf., þgf. og ef. aðra sameiginlega (*hani – hana – hana – hana; kisa – kisu – kisu – kisu*).

Á hinn bóginn væri oft þægilegt að flokka nf. og þf. saman, á móti þgf. og ef. Þessi föll eru ómörkuð, hvort á sínu sviði (nf. sem frumlagsfall, þf. sem andlagsfall) og geta breyst við ummyndanir (s.s. þolmynd: *Jón barði strákinn – Strákurinn var barinn (af Jóni)*; og svokallaða frumlagslyftingu: *Ég tel að Guðmundur sé hraustur – Ég tel Guðmund vera hraustan*). Þgf. og ef. breytast hins vegar aldrei í ummyndunum (*Ég hjálpaði Guðmundi – Guðmundi var hjálpað; Ég saknaði Guðmundar – Guðmundar var saknað*). Það mætti skýra þetta með því að segja að þgf. og ef. væru jafnan **orðstýrð föll** (e. *lexical cases*), þ.e. stjórnuðust af ákveðnum orðum í setningunni. Nf. og þf. væru hins vegar fremur **stöðubundin föll** (e. *structural cases*), þ.e. stjórnuðust í raun og veru ekki af ákveðnum orðum, þótt svo sé jafnan látið heita, heldur séu þau í ákveðnu falli vegna stöðu sinnar eða hlutverks í setningu. Vegna þess að hlutverk nafnliða geta breyst við breytingar á setningu (eru t.d. ekki þau sömu í germynd og þolmynd) getur fallið líka breyst. Þarna eru þó ekki alger skil á milli, og þetta þyrfti að athuga nánar. Við skulum samt gera ráð fyrir að á þessu og fleiru megi byggja skil milli nf. og þf. annars vegar og þgf. og ef. hins vegar. Lagt er til að notaður sé til þess þátturinn [ $\pm$ orðstýrt fall]; nf. og þf. eru [ $-$ orðstýrt fall], þgf. og ef. [ $+$ orðstýrt fall]. Þessi þáttur gagnast líka beygingarreglunum vel, því að oft hafa nf. og þf. sama form, andstætt þgf. og ef. (*barn – barn – barni – barns; börn – börn – börnum – barna; sögur – sögur – sögum – sagna*; og þótt nf. og þf.ft. í kk. séu ekki eins, eru þau tengd að því leyti að sérhljóð endingarinnar er alltaf hið sama; *hestar – hesta; dalir – dali*).

Þá er eftir að greina milli þágufalls og eignarfalls. Þægilegast er að nota til þess þáttinn [ $\pm$ eignarfall]; með honum getum við greint ef. frá öllum hinum. Það hefur líka sérstaka stöðu sem „andlagsfall“ Nl (svonefnd **eignarfallseinkunn** (e. *genitive attribute*) (*hús Jóns*), og hefur varðveist í grannmálunum. Það er líka oft sér um endingu, gagnvart öllum hinum (*mynd – mynd – mynd – myndar; kvæði – kvæði – kvæði – kvæðis*).

Ef þessir þrír þættir eru notaðir má greina milli fallanna fjögurra á þessa leið:

|               | <i>nf.</i> | <i>þf.</i> | <i>þgf.</i> | <i>ef.</i> |
|---------------|------------|------------|-------------|------------|
| aukafall      | –          | +          | +           | +          |
| orðstýrt fall | –          | –          | +           | +          |
| eignarfall    | –          | –          | –           | +          |

Með þessu þáttakerfi á að vera hægt að ná nær öllum möguleikum á sameiginlegri hegðun tveggja eða fleiri falla. Margir þeirra voru nefndir hér á undan; með því að nota tvo þætti, [+aukaf, –eignarf], er líka hægt að ná þeim tilvikum þar sem þf. og þgf. eru eins (*drottning – drottningu – drottningu – drottningar*; *brúður – brúði – brúði – brúðar*). Aftur á móti getur kerfið ekki sýnt það ef þf. og ef. haga sér eins, andstætt hinum, enda kemur það vart fyrir (nema í ft. kk.-orða með -ar-ft.: *hestar – hesta – hestum – hesta*, en þar má líta svo á að þetta sé tilviljun; -a er algild ending í ef.ft. og engin tengsl milli hennar og -a í þf.). Kerfið ræður heldur ekki við það ef nf. og ef. haga sér eins, andstætt þf. og þgf.; enda kemur það vart fyrir nema í ær, kýr og sýr, sem eiga mjög í vök að verjast.

Eins og áður sagði er fallið aðlögunarþáttur, sem miðast við sögn, forsetningu, nafnorð, fornafn eða lýsingarorð. Í svokölluðum **aukafallsliðum** (e. *adverbial NPs*) er þó ekki augljóst hvaðan fallið kemur (*stunginn hnífi*, *öllum stundum*, *alla leiðina*, *annars staðar* o.s.frv.). Þessir liðir hafa sömu setningafræðilegu stöðu og forsetningar- eða atviksliðir, og sum vilja líta svo á að hér sé í raun og veru um að ræða forsetningarlið, þar sem forsetningin hafi ekkert hljóðform, en sé samt þáttamerkt og geti því stjórnað falli. Því til stuðnings mætti benda á að í setningu eins og *Nú rignir* er ekkert frumlag á yfirborði; samt er sögnin í persónuhætti, en það eru frumlagslausar sagnir yfirleitt ekki, s.s. í nafnháttarsamböndum. Því mætti e.t.v. segja að hér væri Ø-frumlag, sem gæti samt verið þáttamerkt. Annars er þetta fremur setningafræðilegt vandamál en beygingarlegt, og skal því ekki rætt frekar hér.

#### 14.2.5 Ákveðni

Það eru skiptar skoðanir um hvort gera eigi ráð fyrir **ákveðni** sem beygingarformdeild í íslensku. Fer það eftir því hvaða staður greininum er ætlaður. Stundum er gert ráð fyrir því að hann sé alltaf sérstakt orð í djúpperð setninga, *hinn/hin/hið*, og standi fyrir framan nafnorðið; síðan sé hann fluttur aftur fyrir með ummyndun, sem er skyldubundin ef ekkert lo. fylgir (*\*Hin bók → bókin*, en *Hin góða bók → góða bókin*), og *h(i)*- fellt framan af honum og hann festur við nafnorðið.

EKKI er þó víst að þetta sé rétta leiðin; hugsanlega er betra að líta á lausa greininn sem e.k. ábendingarfornafn. Benda má á að hugsanlegt er að hafa áfn. *þessi* eða *sá* með lausa greininum, en ekki þeim viðskeytta (*Sá hinn góði maður – \*Sá góði maðurinn*), og bendir það til að setningafræðilegir eiginleikar lausa og viðskeytta greinisins séu ekki þeir sömu. Raunar er „samsteypureglan“ hæpin, ef við lýsum mun beygingafræði og setningafræði svo að setningafræðin fáist við röðun orða, en beygingafræðin við innri gerð þeirra; *bókin* er augljóslega eitt orð. Hér verður því litið svo á að skeyting greinis aftan við nafnorð sé **beyging**, en ekki setningafræðilegt ferli. Það er þó ljóst að þessi beyging hefur nokkra sérstöðu, sem væntanlega má rekja til þess að greinirinn var í öndverðu sérstakt orð. Sérstaðan kemur m.a. fram í því að greinirinn bætist aftan við

fallendingar nafnorðsins, en fær þó sínar eigin fallendingar líka; það er sem sé eðlilegt að greina hann í rót og endingu.

Hér er þó gert ráð fyrir sérstökum grunnþætti í nafnorðum, [ $\pm$ ákveðni]. Eðlilegast er að velja ákveðni sem viðmiðunarpól, fremur en óákveðni; bæði af því að ákveðin orð hafa endinguna umfram, og eins af því að þau virðast vera setningafræðilega mörkuð. Þau hafa minna frelsi í færslum, þ.e. virðast tengjast orðinu sem þau standa með nánari böndum; og no. sem eru sagnfyllingar eru yfirleitt óákveðin, jafnvel þótt frumlagið sé ákveðið (*Maðurinn er bóndi*/\**bóndinn*).

En það verður líka að gera ráð fyrir [ $+$ ákv] sem orðasafnsþætti í ýmsum orðum; pfn., áfn. og sérnöfnum. Þetta má sjá á því að þessi orð taka með sér lo. í veikri beygingu, rétt eins og no. m. gr. Það virðist ekkert vera því til fyrirstöðu að tvö orð sem hafa [ $+$ ákv] sem orðasafnsþátt standi í sama Nl, eins og *Sá hinn góði maður* sýnir, þar sem bæði *sá* og *hinn* eru [ $+$ ákv]. Hins vegar mætti hugsa sér, að þegar liður er ákveðinn vegna þess að í honum er eitthvert orð sem hefur [ $+$ ákv] sem orðasafnsþátt, þá megi ekki beita beygingarreglu á no. í liðnum til að setja á þau endingu sem táknar ákveðni; þ.e. reglu sem bætir við greini. Það að telja viðskeyttan greini settan á með beygingarreglu, þótt *sá* lausi sé sérstakt orð, gæti þá skýrt hvers vegna \**Sá góði maðurinn* gengur ekki þótt *Sá hinn góði maður* sé í lagi.

Í íslenskri beygingafræði er venja að tala um **sterka** og **veika beygingu** no. og lo., og miða þá við endinguna í ef.et.; ef hún er sérhljóð, er beygingin veik, annars sterk. Einnig hafa so. ýmist veika eða sterka beygingu, og miðast það við myndun þt. Ekki hefur verið talað um þetta sem sérstaka formdeild, og svo verður heldur ekki gert hér hvað varðar no. og so.; þar er um að ræða venjulega beygingarflokkun, sem er eingöngu formleg.

En um lýsingarorðin gegnir öðru máli. Þar ræðst þessi skipting af formlegum einkennum nafnliðarins, sem orðið stendur í; ef hann er óákveðinn, er lo. oftast sterkt, annars veikt. Hér er því kominn þátturinn [ $\pm$ ákv], og í þessu tilfelli að jafnaði aðlögunarþáttur, því að lo. fá merkingu hans frá öðrum orðum í liðnum. Stundum virðist þó nauðsynlegt að líta á þennan þátt sem grunnþátt í lýsingarorðum, því að dæmi eru um að lo. séu veik með óákveðnum no. (*Góði maður!*) en sterk með ákveðnum (*Ég sá opna bókina*). Hugsanlegt er að líta svo á að innri gerð slíkra nafnliða sé önnur en hin venjulega, og það valdi þessu; en það er setningafræðilegt vandamál, sem ekki verður leyst hér. Einnig er ákveðni lýsingarorða sem standa með eignarfornöfnum með mismunandi móti; þannig er sagt *bróðir minn*, en hins vegar *maðurinn minn* (en aftur *eiginmaður minn*).

Í beygingu lo. má einnig finna rök fyrir því að óákveðni (öðru nafni sterk beyging) sé ómörkuð; lo., sem ekki standa í Nl, heldur sem sagnfyllingar, eru sterk, jafnvel þegar frumlagið er ákveðið: *Maðurinn er góður*, en ekki \**Maðurinn er góði*.

### 14.2.6 Stig

Formdeildin **stig** er aðallega bundin við lýsingarorð, en kemur þó einnig fram í nokkrum atviksorðum. Eins og dregið var á hér að framan er stundum hugsanlegt að líta svo á að stig sé setningafræðilegt í íslensku, en langoftast er það auðvitað beygingarformdeild.

Stigin eru þrjú; **frumstig** (e. *positive*), **miðstig** (e. *comparative*) og **efstastig** (e. *superlative*). Ekki leikur vafi á því að frumstigið sé ómarkaðast; hin krefjast sérhæfðara umhverfis og hafa auk þess endinguna fram yfir frumstigið. Hér er stungið upp á því að nota [ $\pm$ stig] til þessarar aðgreiningar; frumstig er þá [ $-$ stig], en hin [ $+$ stig].

Af efri stigunum virðist miðstigið fremur markað. Það krefst enn sérhæfðara umhverfis en það efsta, og er auk þess aðeins til í veikri beygingu. Milli þeirra mætti því greina með þættinum [ $\pm$ mst]. Sett upp í töflu lítur þetta svona út:

|      | <i>frumstig</i> | <i>miðstig</i> | <i>efstastig</i> |
|------|-----------------|----------------|------------------|
| stig | —               | +              | +                |
| mst  | —               | +              | —                |

Með þessu er hægt að ná fram sameiginlegri hegðun frumstigs og efstastigs, gegnt miðstigi. Það er nauðsynlegt, því að frumstig og efstastig fá sömu endingar bæði í sterkri og veikri beygingu, þótt stundum geti komið fram mismunur á yfirborði vegna verkana hljóðkerfisreglna (s.s. í nf.et.kk. *sæll*, en *sælastur*, eða í þgf. og ef.et.kvk. *vænni*, en *vænstri*). Miðstig fær hins vegar aðrar endingar, nema í hk.et. (þar er *-a* í öllum föllum; annars er alls staðar *-i*).

Stig virðist vera grunnþáttur; það skiptir máli merkingarlega hvort við segjum *Jón er ríkur bóndi í Eyjafirði* eða *Jón er ríkastur bóndi í Eyjafirði*. Oft væri e.t.v. hugsanlegt að líta á [ $\pm$ mst] sem aðlögunarþátt; miðstig er aðallega notað í samanburði, og má líta svo á að það stýrist þar af ákveðnum orðum, einkum samanburðartengingunni *en*. Í þeim samböndum eru hin stigin útilokuð og miðstigið það eina sem kemur til greina. Á hinn bóginn er formlegt miðstig stundum notað án þess að um nokkurn ákveðinn samanburð sé að ræða, s.s. þegar talað er um *yngra fólk* og *betri bændur*; í þeim samböndum geta hin stigin líka komið fyrir, og þar verður að líta á [ $\pm$ mst] sem grunnþátt.

### 14.2.7 Háttur

**Hættir** í íslensku eru oft taldir 6; **framsöguháttur** (e. *indicative*), **viðtengingarháttur** (e. *subjunctive*), **boðháttur** (e. *imperative*), **nafnháttur**, og **lýsingarháttir þátíðar** (e. *past participle*) og **nú tíðar** (e. *present participle*). Þrír þeir fyrrnefndu eru kallaðir **persónuhættir** (e. *finite moods*) en hinir **fallhættir** (e. *infinite moods*).

Skiptingin í persónuhætti og fallhætti virðist eiga fullan rétt á sér. Í hverri setningu verður að vera sögn í persónuhætti, en fallhættir eru ekki nauðsynlegir til að mynda setningu; og aðeins persónuhættir beygjast í tíðum, persónum og tölum. Nauðsynlegt

er því að hafa þáttinn [±ph] til að greina þarna á milli. Persónuháttur er valinn sem viðmiðunarpóll, m.a. vegna þess að þá er hægt að hafa nafnháttinn ómarkaðan, en ýmis rök hníga til þess að telja hann orðasafnsmynd sagna. Þessi þáttur virðist vera aðlögunarþáttur; val merkingar á hann fer eftir stöðu sagnarinnar í setningu, þ.e. hvort hún hefur frumlag eða ekki (að því er nafnháttinn varðar a.m.k.). Aðeins þær sagnir sem standa í hjálparlið geta staðið í fallhætti.

Um flokkun fallháttanna er það að segja, að lýsingarháttur nútíðar verður hér talinn orðmyndun, en ekki beyging, sbr. það að hann verður oft að nafnorði og bætir þá við sig greini, og einnig getur hann staðið sem lýsingarorð eða atviksorð. Um stöðu lýsingarháttar þátíðar er allt óljósara, og virðist stundum rétt að líta á hann sem orðmyndun (þegar hann er notaður sem hvert annað lo.), en annars staðar sem beygingu (einkum í þolmynd). Mætti þá nota þáttinn [±lh] til að greina hann frá nafnhætti.

Innan persónuháttanna er ljóst að framsöguhátturinn er ómarkaður; hann kemur fram við langfjölbreyttastar aðstæður, og viðtengingarhátturinn hefur oft endingu umfram hann. Oft er sagt að háttur tákni afstöðu talandans til þess sem sagt er. Í einföldum fullyrðingarsetningum, þar sem framsöguháttur er notaður, má segja að talandinn taki enga afstöðu, og kemur því vel heim að þar sé hafður ómarkaður háttur. Má því greina milli framsöguháttar og viðtengingarháttar með þættinum [±vh]. Í mörgum tilvikum mætti líta á þennan þátt sem aðlögunarþátt, því að oft eru það ákveðnar sagnir eða tengingar sem krefjast vh. Þó eru ýmis dæmi um að hættirnir standi í sama umhverfi; hægt er að segja bæði *Ég vissi að Jón fór* og *Ég vissi að Jón færi*. Þá verður að telja þetta grunnþátt.

Boðhátturinn hefur nokkra sérstöðu, og er notaður í setningum af allt annarri gerð en hinir; hann verður t.d. alltaf að standa fremst í setningu. Til að greina hann frá öðrum háttum er eðlilegast að nota [±bh]. Raunar er ekki ljóst hvernig best er að gera grein fyrir hinni vanalegu notkun boðháttarins, þar sem honum fylgir viðskeytt fornafn 2. persónu; þar koma upp svipuð vandamál og varðandi viðskeytta greininn.

Heildargreiningin yrði þá eitthvað á þessa leið:

|       | <i>nh.</i> | <i>lh.pt.</i> | <i>fh.</i> | <i>vh.</i> | <i>bh.</i> |
|-------|------------|---------------|------------|------------|------------|
| persh | —          | —             | +          | +          | +          |
| vh    | —          | —             | —          | +          | —          |
| (bh   | —          | —             | —          | —          | +) )       |
| (lh   | —          | +             | —          | —          | —)         |

Ef við segjum að háttur tákni „afstöðu talandans“ virðist ekki óeðlilegt að kalla hinar svonefndu **skildagatíðir** (e. *conditional tenses*) **fram tíð** (e. *future*) og **þáfram tíð** (e. *future perfect*) hætti. *Ég mun koma* táknar vafa, óvissu, eins og vh. gerir vanalega. Og þátíðin, *mundi*, er oft notuð jöfnum höndum við vh.pt.; *Ég mundi segja* – *Ég segði*. Það er a.m.k. ljóst að *munu* þarf alls ekki að hafa framtíðarmerkingu, eins og sést á *Ég*

*mun hafa sagt þetta* og *Þú munt vita þetta*, þar sem *munu* er eingöngu notað til að draga úr krafti fullyrðingarinnar. En hér er þá komið dæmi um að sams konar formdeild, merkingarlega séð, sé ýmist táknuð beygingarlega eða setningarlega.

#### 14.2.8 Tíð

Áður var vani að gera ráð fyrir 8 tíðum í íslensku, eins og nefnt var í 4. kafla; **nú tíð**, **þá tíð**, **fram tíð**, **núliðin tíð** (e. *present perfect*), **þáliðin tíð** (e. *past perfect*), **þáfram tíð**, **skildagatíð** og **þáskildagatíð** (e. *perfect conditional*). Þar af eru bara tvær þær fyrst-nefndu beygingarlegar, og verða þær einar taldar tíðir hér. Fyrir því að skilja hinar útundan eru ýmis rök. Í fyrsta lagi hinn formlegi munur; aðeins nú tíð og þá tíð eru ósamsettar, en hinar eru allar táknaðar með hjálparsögnum, og teljast því ekki beyging í þeim skilningi sem lagður er í það hugtak hér. Í öðru lagi er merkingarlegt hlutverk hinna samsettu tíða annað; þær tákna ekki **afstöðu í tíma**, eins og nú tíð og þá tíð, heldur fremur **dvöl í tíma**, eins og núliðin og þáliðin tíð; eða **afstöðu talanda**, eins og segja má að þær fjórar sem eftir lifa geri, og bent var á hér á undan. Samsettar „tíðir“ eru því flokkaðar hér undir **horf** eða jafnvel **hætti**.

Þar sem aðeins tvær tíðir eru eftir dugar einn þáttur til að greina þær að; og auðvelt er að velja viðmiðunarpól. Nú tíðin er ekki bara notuð sem nú tíð, heldur einnig um ókominn tíma: *Ég fer á morgun*. Hún er líka notuð um það sem alltaf gerist: *Ég sef alltaf lengi á morgnana*, jafnvel þótt í slíkri setningu sé augljóslega miðað við liðinn tíma. Einnig má nefna svokallaða „sögulega nú tíð“, þar sem nú tíð er notuð í stað þá tíðar í frásögn: *Fara þeir nú og finna bónda*. Þá tíðin er hins vegar eingöngu notuð um liðinn tíma (að undanskildum viðtengingarhætti þá tíðar, sem fjallað er um hér á eftir), þannig að einboðið er að nota þáttinn [ $\pm$ þá tíð] til aðgreiningar.

Samspil tíðar og háttar er allflókið. Það er ljóst að tíðgreining kemur eingöngu til þar sem um [ $\pm$ ph] er að ræða; en það er líka samspil milli þáttanna [ $\pm$ þt] og [ $\pm$ vh]. Þar sem þarna er um tvo tvígilda þætti að ræða, ættu þeir að geta raðast saman á fjóra vegu; en oftast eru í raun miklar hömlur á samröðun þeirra. Ef sögn í aukasetningu stendur í viðtengingarhætti, er tíð hennar ekki valin frjálst, heldur verður hún að vera sú sama og tíð sagnarinnar í aðalsetningunni; og viðtengingarháttur og nú tíð fara t.d. nánast aldrei saman í aðalsetningum, eins og hér sést:

Jón fer/\*fari/fór/færi ef María kemur/\*komi/kom/kæmi heim

Viðtengingarháttur þá tíðar er oft notaður á nokkuð sérstakan hátt; sem sé í fram-tíðarmerkingu, eins og kemur greinilega fram í setningunni *Ég færi á morgun ef ég gæti*. Þar er bæði *færi* og *gæti* formlega séð vh.þt., þótt augljóslega sé verið að tala um ókominn tíma. Hvernig eigum við að skýra þetta?

Væntanlega er hægt að skýra þetta með þeim hömlum sem eru á samvali tíðar og háttar. Setningin hér að framan sýnir, eins og áður var bent á, að í aðalsetningum kemur

vh.nt. (yfirleitt) ekki fyrir. Ef við hugsum okkur að hátturinn sé grunnþáttur, þá er ljóst að með því að velja vh. í aðalsetningunni erum við búin að útiloka nútíðina; þetta tvennt fer einfaldlega ekki saman. Við slíkar aðstæður, þegar nútíðarmyndin er útilokuð af formlegum ástæðum, má hugsa sér að þátíðarmyndin geti tekið að sér hlutverk hennar; hún er ekki valin frjálst, og eðlilegt er að hugsa sér að tíð sem ekki er valin frjálst beri enga sérstaka tíðarmerkingu, heldur sé hlutlaus hvað varðar andstæðuna milli liðins og ókomins tíma, enda er ekki um neina andstæðu við nútíðina að ræða í þessu umhverfi. Það leiðir svo aftur af vafamerkingu þeirri, sem viðtengingarháttur felur yfirleitt í sér, að vh.þt. er að jafnaði notaður um ókominn tíma; um óorðna atburði er af skiljanlegum ástæðum meiri óvissa en um þá liðnu.

Við getum borið þetta saman við eintöluna í setningum eins og *Okkur vantar mat*. Þegar frumlagið er í aukafalli, útilokar það fleirtölu á sögninni. Eintalan er ekki valin frjálst, heldur er aðlögunarþáttur; og hún ber því ekki heldur sérstaka eintölumerkingu.

#### 14.2.9 Horf og mynd

Að lokum skal litið hér lauslega á tvær formdeildir sagna í viðbót, **horf** og **mynd**. Þær eru reyndar að mestu fyrir utan efnið, því að þær eru alltaf eða því sem næst táknaðar setningarlega.

**Horf** er formdeild sem táknar „dvöl í tíma“ eða þ.u.l. Í eldri íslenskum málfræðibókum er yfirleitt ekki minnst á horf. Vætanlega stafar það af því að það kemur ekki fram beygingarlega, heldur aðeins setningarlega; og svo er ekki heldur vani að tala um það í latneskri málfræði, sem sú íslenska var sniðin eftir framan af (og þess gætir jafnvel enn).

Í sumum nýrri bókum eru þó sambönd eins og *hef lesið, hafði lesið, er að lesa, fer að lesa, er búinn að lesa* o.e.t.v.fl. kölluð horf. Þetta virðist réttlæt看legt, þar sem hér er yfirleitt um að ræða föst orðasambönd sem ná til nær alls sagnakerfisins, eins og skilyrði er til að hægt sé að tala um formdeild. Að vísu eru nokkrar undantekningar til, en vætanlega má halda því fram að ástæðurnar fyrir þeim séu yfirleitt merkingarlegar. \**Vera að sitja* gengur t.d. ekki, en færa má rök að því að það sé vegna þess að sögnin feli í sér ástand, en ekki athöfn, sem sé skilyrði fyrir notkun þessa sambands.

**Mynd** er aftur á móti gamalkunn úr íslenskum málfræðibókum. Þar er gert ráð fyrir þremur myndum; **germynd** (e. *active*), **miðmynd** og **þolmynd** (e. *passive*). Þolmyndin er algerlega setningarleg formdeild, mynduð með *vera/verða* + lh.þt. Milli germyndar og þolmyndar eru reglubundin vensl, sem ná til nær alls kerfisins; undantekningar má yfirleitt skýra merkingarlega.

Miðmyndin er vissulega ekki setningarleg; en tæplega beygingarformdeild heldur. Það eru nefnilega sjaldnast reglubundin merkingartengsl milli germyndar og miðmyndar. *Berjast* merkir allt annað en *berja*, *farast* allt annað en *fara*, *virðast* annað en *virða*, o.s.frv. Því er eðlilegast að líta á þetta sem orðmyndun, en ekki beygingu.

Sem orðmyndun er miðmyndin þó mjög óvenjuleg, að því leyti að endingar persónu, tölu, háttar og tíðar koma á undan miðmyndarviðskeytinu *-st*; *berjumst*, *fórust*. Hins vegar er tilhneiging í málinu til að hafa a.m.k. endingu 1.pers.ft. fyrir aftan miðmyndarviðskeytið, og segja *berjustum* o.s.frv. Má e.t.v. líta á þetta sem rök fyrir því að miðmyndin sé hætt að vera beyging og orðin orðmyndun, því að alkunna er í málum að orðmyndunarviðskeyti standa að jafnaði nær stofni en beygingarendingar.

Nokkur dæmi eru þó um reglubundin vensl milli germyndar og miðmyndar, svo að minnir á beygingu. *Jón klæddist* merkir nokkurn veginn það sama og *Jón klæddi sig*. Ef þörf er á að lýsa miðmynd sem beygingu, væri hægt að nota þáttinn [ $\pm$ miðm]; en óvíst er hvort það er nauðsynlegt. En það er þá a.m.k. ljóst að germyndin hlýtur að teljast ómörkuð.

Horf og mynd eru merkilegar formdeildir á margan hátt; en athugun á þeim er fremur verkefni setninga- og merkingarfræði en beygingafræðinnar, svo að við látum útrætt um þær hér.

## 15. NAFNORÐABEYGING

### 15.1 Orðasafnsþættir

#### 15.1.1 Kyn

Nafnorð í íslensku hafa **kyn** sem orðasafnsþátt, eins og áður kom fram, og geta verið karlkyns, kvenkyns eða hvorugkyns. Yfirleitt er erfitt að spá fyrir um kynið út frá gerð stofnsins; merkingarleg atriði verða líklega drýgri, ef spá á fyrir um kyn t.d. nýyrða eða tökuorða. En ef gert er ráð fyrir að orðasafnsmynd hvers nafnorðs, þ.e. sú mynd sem við kunnum og leiðum hinar af, sé nefnifallsformið, þá fylgir kynið oft þar með. Það er vegna þess að ákveðnar nefnifallsendingar eru einkennandi fyrir ákveðin kyn. Við gætum t.d. sett upp orðasafnsreglu á þessa leið:

$$\begin{array}{c} \text{\#X-r\#} \\ \left[ \begin{array}{c} +\text{no} \\ \cdot \\ \cdot \end{array} \right] \rightarrow \text{kk.} \end{array}$$

Mynd 55: Orðasafnsregla um kyn nafnorða

Þessi regla segir þá, að orðum sem hafa orðasafnsmynd sem endar á -r sé eðlilegt að vera karlkyns. Undantekningar frá því eru örfáar; nefna má *brúður*, þar sem merkingarlegt kyn hjálpar væntanlega til við að viðhalda kvenkyninu. Í *vættur* kemur slíkt ekki til, enda hefur það tilhneigingu til að verða karlkyns. *Elfur* beygist nú yfirleitt veikt, *elfa*; og *reyður*, *æður* og *gýgur* eru fáséð orð.

Orð með einkvæða, endingarlaus orðasafnsmynd geta oft verið hvort heldur er kvenkyns eða hvorugkyns, því að hljóðafarið sker ekki úr; sbr. *sorg*, *borg* (kvk.) og *org*, *torg* (hk.). Stundum getur þó merkingin aðstoðað; við gætum t.d. hugsað okkur að *sorg* sé kvk. af því að *mæða*, *angist*, *hryggð*, *depurð* og fleiri orð svipaðrar merkingar eru kvk. Aftur á móti sé *org* hk. í stíl við *öskur*, *óp*, *garg*, *arg*, *kall*, *gaul*, *væl* o.s.frv.

Fyrir kemur líka að merkingarleg og hljóðafarsleg atriði rekast á. Þannig er með tökuorðið (*jóla*)*glögg*. Einkvæð endingarlaus orð með ö í stofni eru flest kvk., og auk þess höfum við lík orð eins og *lögg* og *dögg*, sem bæði eru kvk. Aftur á móti er *glögg* drykkur, og nöfn flestra drykkja virðast vera hk. (og raunar nöfn vökva yfirleitt). Hljóðafar orðsins er heldur ekki einsdæmi fyrir hk.-orð, því að *högg* er hk. En þessi ólíku viðmið leiða til þess, að sum segja *glögginn*, önnur *glöggið*.

Eflaust má komast eitthvað áleiðis í því að spá fyrir um kyn orða út frá hljóðafari og merkingu, en því verður sleppt hér. Aðeins skal bent á það að lokum, að þónokkur no. koma fyrir í fleiri en einu kyni, s.s. *sykur* (kk. og hk.), *saft* (kvk. og hk.), *föl* (kvk. og hk.), (*rigningar*)*skúr* (kk. og kvk.) og ýmis fleiri. Stundum er þarna um að ræða mun eftir landshlutum, en annars staðar mun milli einstaklinga án þess að landfræðileg atriði skipti þar nokkru máli. Slík tilbrigði koma helst fram þar sem orðasafnsmyndin

(nefnifallið) gæti samkvæmt útliti sínu tilheyrt fleiri en einu kyni. Það þarf m.ö.o. ekki að skipta um nefnifallsendingu þótt breytt sé um kyn.

### 15.1.2 Hefðbundin beygingarflokkun

Nafnorð í íslensku eru geysimörg, og raunar útilokað að segja til um fjölda þeirra, því að nafnorð eru það sem kallað er **opinn flokkur** (e. *open class*); þ.e., það er alltaf hægt að bæta við nýjum og nýjum orðum ef nauðsyn krefur. Andstætt þessu eru t.d. fornöfn **lokaður flokkur** (e. *closed class*); við bætum ekki við nýjum fornöfnum á hverjum degi.

Þótt beyging nafnorða virðist við fyrstu sýn mjög fjölbreytileg, eru þær endingar sem notaðar eru ekki ýkja margar; varla nema 9–10 sem talandi er um (sjá mynd 47 í 11.3.4). Þessar endingar eru líka nokkuð einlitar; þær eru allar 1–2 hljóð, og innihalda ekki önnur sérhljóð en *a*, *i* og *u*, og af samhljóðum aðeins *r*, *s* og *m*. Orðmyndunarviðskeyti eru t.d. miklu fleiri og fjölbreyttari að útliti.

Beygingin er því ekki flókin vegna fjölda endinga, heldur vegna þess að flestar endingarnar geta hafa mismunandi hlutverk, eftir því í hvaða kyni þær eru, hvort um er að ræða eintölu eða fleirtölu, og eftir því hvaða stofnum þær tengjast. Þetta leiðir til þess, að í íslenskri beygingafræði er vaninn að skipta nafnorðum í nokkra beygingarflokka. Skiptingin er þá yfirleitt miðuð við tvö atriði; endinguna í ef.et. og endinguna í nf.ft., og þessi föll eru kölluð **kenniföll**.

Meginskilin eru venjulega dregin milli **sterkrar beygingar**, þar sem ef.et. endar á samhljóði, og **veikrar beygingar**, þar sem öll föll et. enda á sérhljóði. Ekki verður þó séð að skiptingin í sterka beygingu og veika sé í eðli sínu frábrugðin annarri beygingarflokkun, s.s. hvort eignarfallsendingin er *-s* eða *-ar*. Því verður hér fjallað um sterka og veika beygingu saman.

Hér að framan var dregið í efa að lýsing sem byggði á beygingarflokkum væri sú heppilegasta. M.a. var bent á að hún gerði ekki upp á milli falla; sýndi ekki að sum föll eru alltaf algerlega fyrirsegjanleg.

Í öðru lagi er það, að í hvoru (eða hverju, ef þgf.et. er tekið með) falli koma aðeins fyrir tvær endingar; en vegna þess að ekkert beint samband er milli endingar í ef.et. og endingar í nf.ft. verður að setja upp fjóra flokka, eins og hér sést:

|                        |                           |
|------------------------|---------------------------|
| <i>-s, -ar</i> (armur) | <i>-ar, -ir</i> (vinur)   |
| <i>-s, -ir</i> (dalur) | <i>-ar, -ar</i> (grautur) |

Eins og sjá má eru allir möguleikar nýttir. Í íslenskum beygingafræðibókum eru orð eins og *armur* oft kölluð 1. flokkur, orð eins og *dalur* 2. flokkur, orð eins og *vinur* 3. flokkur, en orð eins og *grautur* (sem reyndar eru fá) eru ekki talin sérstakur flokkur, heldur óregluleg í 1. flokki. Slík óregla hlýtur þó auðvitað að rýra gildi flokkunarinnar; spyrja má hvers vegna t.d. orð eins og *vinur* séu talin sérstakur flokkur, en ekki orð eins

og *grautur*. Ef flokkunin á að vera sjálfri sér samkvæm, hlýtur hún að verða að gera öllum þessum afbrigðum jafnhátt undir höfði.

Í lýsingunni hér á eftir verður því ekki gert ráð fyrir neinum beygingarflokkum, heldur byggt eingöngu á **beygingarreglum**, sem gerð var grein fyrir í 13. kafla.

## 15.2 Karlkyn

### 15.2.1 Beygingardæmi

Karlkynsorðin hafa tvær meginorðasafnsmyndir; #X-r# (sterk beyging) og #X-i# (veik beyging), þar sem #X# táknar stofninn, en #-r# og #-i# beygingarendingar. Að auki verður að gera ráð fyrir myndinni #X-Ø# í einstöku tökuorðum, eins og *biskup*, svo og í mörgum mannanöfnum eins og *Jón*, *Friðrik* o.fl. Gert er ráð fyrir að endingin #-r# liggi að baki í orðum eins og *armur*, *stóll*, *steinn*, *fugl*, *ís* o.s.frv., en hljóðkerfisreglur leiði síðan út viðeigandi yfirborðsgerð. Enn fremur er gert ráð fyrir að -i sé almenn ending í þgf.et., en falli svo stundum niður, annaðhvort með almennri hljóðkerfisreglu eins og í #lækni-i# → *lækni*, eða með sérstakri hljóðbeygingarreglu eins og t.d. í *dal*. Athugið að í nf.et. í f–h gefur ritmálið dálítið villandi mynd; orðin eru ekki borin fram með löngu [l:] eða [n:], heldur hafa *stóll* og *steinn* [tl]/[tn], en *himinn* stutt [n].

|     |      | a      | b       | c        | d        |
|-----|------|--------|---------|----------|----------|
| Et. | nf.  | arm-ur | dal-ur  | vin-ur   | graut-ur |
|     | þf.  | arm-Ø  | dal-Ø   | vin-Ø    | graut-Ø  |
|     | þgf. | arm-i  | dal-Ø   | vin-i    | graut-Ø  |
|     | ef.  | arm-s  | dal-s   | vin-ar   | graut-ar |
| Ft. | nf.  | arm-ar | dal-ir  | vin-ir   | graut-ar |
|     | þf.  | arm-a  | dal-i   | vin-i    | graut-a  |
|     | þgf. | örm-um | döl-um  | vin-um   | graut-um |
|     | ef.  | arm-a  | dal-a   | vin-a    | graut-a  |
|     |      | e      | f       | g        | h        |
| Et. | nf.  | mó-r   | stól-l  | stein-n  | himin-n  |
|     | þf.  | mó-Ø   | stól-Ø  | stein-Ø  | himin-Ø  |
|     | þgf. | mó-Ø   | stól-Ø  | stein-i  | himn-i   |
|     | ef.  | mó-s   | stól-s  | stein-s  | himin-s  |
| Ft. | nf.  | mó-ar  | stól-ar | stein-ar | himn-ar  |
|     | þf.  | mó-a   | stól-a  | stein-a  | himn-a   |
|     | þgf. | mó-um  | stól-um | stein-um | himn-um  |
|     | ef.  | mó-a   | stól-a  | stein-a  | himn-a   |

|     |      | i         | j       | k         | l         |
|-----|------|-----------|---------|-----------|-----------|
| Et. | nf.  | akur-Ø    | helli-r | söfnuð-ur | höfund-ur |
|     | þf.  | akur-Ø    | helli-Ø | söfnuð-Ø  | höfund-Ø  |
|     | þgf. | akr-i     | helli-Ø | söfnuð-i  | höfund-i  |
|     | ef.  | akur-s    | helli-s | safnað-ar | höfund-ar |
| Ft. | nf.  | akr-ar    | hell-ar | söfnuð-ir | höfund-ar |
|     | þf.  | akr-a     | hell-a  | söfnuð-i  | höfund-a  |
|     | þgf. | ökr-um    | hell-um | söfnuð-um | höfund-um |
|     | ef.  | akr-a     | hell-a  | safnað-a  | höfund-a  |
|     |      | m         | n       | o         | p         |
| Et. | nf.  | bekk-ur   | hátt-ur | fjörð-ur  | kött-ur   |
|     | þf.  | bekk-Ø    | hátt-Ø  | fjörð-Ø   | kött-Ø    |
|     | þgf. | bekk-Ø    | hætt-i  | firð-i    | kett-i    |
|     | ef.  | bekkj-ar  | hátt-ar | fjarð-ar  | katt-ar   |
| Ft. | nf.  | bekk-ir   | hætt-ir | firð-ir   | kett-ir   |
|     | þf.  | bekk-i    | hætt-i  | firð-i    | kett-i    |
|     | þgf. | bekkj-um  | hátt-um | fjörð-um  | kött-um   |
|     | ef.  | bekkj-a   | hátt-a  | fjarð-a   | katt-a    |
|     |      | q         | r       | s         | t         |
| Et. | nf.  | faðir-Ø   | fót-ur  | finger-Ø  | mað-ur    |
|     | þf.  | föður-Ø   | fót-Ø   | finger-Ø  | mann-Ø    |
|     | þgf. | föður-Ø   | fæt-i   | finger-i  | mann-i    |
|     | ef.  | föður-Ø   | fót-ar  | finger-s  | mann-s    |
| Ft. | nf.  | feður-Ø   | fæt-ur  | finger-Ø  | menn-Ø    |
|     | þf.  | feður-Ø   | fæt-ur  | finger-Ø  | menn-Ø    |
|     | þgf. | feðr-um   | fót-um  | finger-um | mönn-um   |
|     | ef.  | feðr-a    | ót-a    | finger-a  | mann-a    |
|     |      | u         | v       | w         | x         |
| Et. | nf.  | biskup-Ø  | sím-i   | nemand-i  | Dan-i     |
|     | þf.  | biskup-Ø  | sím-a   | nemand-a  | Dan-a     |
|     | þgf. | biskup-i  | sím-a   | nemand-a  | Dan-a     |
|     | ef.  | biskup-s  | sím-a   | nemand-a  | Dan-a     |
| Ft. | nf.  | biskup-ar | sím-ar  | nemend-ur | Dan-ir    |
|     | þf.  | biskup-a  | sím-a   | nemend-ur | Dan-i     |
|     | þgf. | biskup-um | sím-um  | nemend-um | Dön-um    |
|     | ef.  | biskup-a  | sím-a   | nemend-a  | Dan-a     |

Orðin í q–r eru nær einstök í sinni röð; eins og *faðir* (að undanskildum sérhljóða-víxlunum) beygist aðeins *bróðir*; og *vetur* (með stofnlægt *r*) beygist ýmist eins og *fótur* eða eins og *finger* (ef. ýmist *vetrar* eða *veturs*). Fyrir utan hljóðavíxl í stofni kemur óregla þessara orða fram í því að *faðir* og *bróðir* eru endingarlaus í ef.et., enda hafa þau sterka tilhneigingu til að bæta við sig -s; og öll eru orðin endingarlaus í nf. og þf.ft. Það veldur svo aftur ýmissi annarri óreglu, s.s. þeirri að sum þeirra (einkum *fætur*) verða oft kvenkyns í ft., *fæturnar*, enda líta þau út eins og kvenkynsorð (*bækur*); og *menn* bætir við sig -ir- þegar greinir kemur á orðið. En að öðru leyti fá þessi orð sömu endingar og önnur karlkynsorð.

### 15.2.2 Markaðar reglur

Sjaldnast er það svo, þar sem fleiri en ein ending kemur fyrir í sama falli, að þær séu jafngildar. Yfirleitt er önnur (ein) miklu algengari, sækir á (t.d. í beygingarbreytingum, nýyrðum og tökuorðum) á kostnað hinna(r); og algengt er líka að börn alhæfi ákveðna endingu, þ.e. velji hana frekar en aðra(r) á orð sem þau kunna ekki að beygja. Ef ein og sama endingin sýnir öll þessi einkenni má hugsa sér að gera hana öðrum æðri, og telja hana **ómarkaða** endingu í sínu falli. Eins og bent var á í 13.1.5 gætum við þá hugsað okkur að í orðasafninu þurfi engar upplýsingar um þessar ómörkuðu endingar, aðeins hinar. Ef við segjum að -ar sé ómörkuð ending í nf.ft. sterkra karlkynsorða, þá þýddi það að við orðið *hestur* þyrftu ekki í orðasafni að vera neinar upplýsingar um fleirtöluna; við orðið *gestur* þyrftu aftur á móti að geyma þær upplýsingar, að það fengi -ir-ft. Hliðstæður munur kæmi fram í beygingarreglunum; reglan sem setti -ir-fleirtölu á orð þyrfti að hafa einum þætti fleira en reglan sem gerir grein fyrir hinni ómörkuðu -ar-fleirtölu. Það kæmi þá fram bæði í orðasafninu og beygingarreglunni að beyging orða eins og *gestur* væri á einhvern hátt „erfiðari“ en beyging orðsins *hestur*.

Til að komast hjá því að -ar-reglan, verki líka á orð sem eiga að fá -ir-fleirtölu má svo nota reglu sem getið var í 13. kafla, og gerir ráð fyrir að þrengri reglur séu alltaf reyndar á undan þeim víðtækari. Reglan um -ir-fleirtöluna er þrengri, því að hún inniheldur fleiri þætti. Hún er því reynd fyrst, og athugað hvort hún fellur að þáttamerkingu orðsins sem á að beygja. Ef hún gerir það, þarf ekki að prófa fleiri fleirtölureglur; geri hún það ekki (og ekki heldur regla sem gefur -ur-fleirtölu) er almennu reglunni beitt. Þess vegna má hún vera án takmarkana; hún verkar einfaldlega á öll orð sem eru eftir, orð sem hinar fleirtölureglurnar hafa ekki haft nein áhrif á.

Ég geri hér ráð fyrir að í eignarfalli eintölu sé -s ómörkuð ending, en -ar mörkuð; og í nf. og þf.ft. séu -ar/-a ómarkaðar, en -ir/-i og -ur/-ur markaðar. Hér verða ekki settar fram beygingarreglur fyrir hinar mörkuðu endingar, enda eru þær alveg hliðstæðar reglunum hér að framan, nema hvað við bætist þessi eini þáttur sem sýnir að orðið hefur ekki hina ómörkuðu endingu í viðkomandi falli.

### 15.2.3 Orðasafnsreglur

Við skulum nú athuga hvort hægt sé að finna einhver sameiginleg einkenni á þeim orðum sem fá markaðar endingar. Viða er hægt að komast nokkuð áleiðis í því, en þó er ljóst að alltaf verða fjölmörg dæmi útundan, sem ekki verður komist hjá að læra sérstaklega. En hér verður reynt að setja einhvern regluleika fram í formi orðasafnsreglna; og lítum fyrst á nf.ft. Þar má byrja á að taka fram, að orð sem hafa viðskeytin -að- (*fatnaður*) og -uð- (*söfnuður*) fá -ir-ft. Sama gildir um orð sem hafa -j- í enda stofns (*bekkur*, sbr. *bekkjar*; gert er ráð fyrir að þetta -j- sé í orðasafnsmynd, #bekkj-r#, en falli síðan brott með hljóðbeygingarreglu, sem fjallað verður um hér á eftir).

Að öðru leyti virðist helst vera hægt að gera ráð fyrir orðasafnsreglu sem segir að búast megi við að orð eins og *dalur*, *vinur*, *siður*, *smiður*, *litur*, *vegur* o.s.frv. fái -ir-ft. Undantekningar frá þessari reglu eru auðvitað fjölmargar, eins og dregið var á í 13. kafla, en verkaskipting milli -ar- og -ir-ft. er þó augljós. Margar breytingar á beygingu hafa gengið í þá átt að útrýma undantekningum frá þessari reglu; þannig voru *dalur* og *refur* áður *dalar* og *refar* í nf.ft. *Búkur* var hins vegar *búkir*, en hefur nú fengið ómarkaða ft., enda fellur það orð ekki undir regluna. Þá má benda á, að þá sjaldan börn nota -ir-ft. (en ekki -ar) á kk.-orð sem þau þekkja ekki, virðast það helst vera orð af þeirri gerð sem áður nefnd regla tekur til.

Ýmsar þrengri reglur gefa líka -ir-ft. Þannig fá orð sem hafa ö í stofni flest -ir-ft. (*köttur*, *fjörður*; þó ekki t.d. *höldur*). Sama gildir um orð sem hafa -átt- í stofni (*máttur*, *þáttur*), og raunar um mörg önnur orð þar sem stofninn endar á aðblásturssambandi (-pp-, -tt- eða -kk-; *keppur*, *réttur*, *smekkur*), svo og um sum orð sem hafa stofn sem endar á -ll- [tl] (*hvellur*, *skellur*, *sullur*).

Eignarfall eintölu er erfiðara viðfangs. Þó er ljóst að -s-endingin er mun algengari en -ar, og virðist sækja mjög á; mörg orð sem áður höfðu -ar fá nú eða geta fengið -s. Sem dæmi má nefna *grunur*, *tugur*, *trúður* o.fl. (jafnvel *lækur*). Þó virðast orð af ákveðinni stofngerð fremur fá -ar en önnur; það eru orð eins og *vinur*, *litur* o.s.frv. Við gætum því sett upp aðra orðasafnsreglu, hliðstæða þeirri sem nefnd er hér að framan, sem segði að orðum af sömu gerð og þar eru tilgreind væri eðlilegt að hafa -ar-ef. Undantekningar frá henni yrðu þó mun fleiri en frá áður nefndri reglu. En auk þess má finna ýmsar fleiri reglur; þannig fá orð með ö í stofni yfirleitt -ar-ef. (*köttur*, *fjörður*), svo og þau sem hafa -átt- (*máttur*, *þáttur*). Það er þannig töluverð fylgni milli -ar-ef. og -ir-ft., þótt út af því bregði oft, eins og við höfum séð.

Orð með orðasafnsmyndina #X-i#, þ.e. þau sem vani er að segja að beygist veikt, eru auðveld viðfangs, því að öll föll eru fyrirsegjanleg út frá orðasafnsmyndinni. Fleirtala þessara orða er hin ómarkaða -ar-ft., þannig að ekki þarf að búa til sérstakar reglur fyrir hana. Undantekningar eru þó þau orð sem endar á -and- (þ.e. þau sem vanalega eru kölluð „lýsingarháttur nútíðar“); *nemandi*, *eigandi* o.s.frv. Þau fá fleirtöluendinguna -r (sem u-innskotsreglan breytir í -ur). Sama gildir um önnur orð með -nd-sambandi;

*bóndi, fjandi og frændi* fá líka *-ur* í ft. Þó virðast þau vera veikari á svellinu, því að a.m.k. *fjandi* getur fengið *-ar-ft*.

Að lokum er að nefna, að *-ir-ft*. kemur varla fyrir í orðum af gerðinni *#X-i#* nema í þjóðaheitum eins og *Danir, Grikkir, Ítalir*.

## 15.3 Kvenkyn

### 15.3.1 Beygingardæmi

Kvenkynsorðin hafa tvær mjög algengar orðasafnsmyndir, *#X-Ø#* (sterk beyging) og *#X-a#* (veik beyging); og auk þess *#X-r#*, sem er mjög fátíð.

|     |      | a       | b        | c        | d          |
|-----|------|---------|----------|----------|------------|
| Et. | nf.  | nál-Ø   | lifur-Ø  | stöð-Ø   | fylking-Ø  |
|     | þf.  | nál-Ø   | lifur-Ø  | stöð-Ø   | fylking-u  |
|     | þgf. | nál-Ø   | lifur-Ø  | stöð-Ø   | fylking-u  |
|     | ef.  | nál-ar  | lifur-ar | stöðv-ar | fylking-ar |
| Ft. | nf.  | nál-ar  | lifur-ar | stöðv-ar | fylking-ar |
|     | þf.  | nál-ar  | lifur-ar | stöðv-ar | fylking-ar |
|     | þgf. | nál-um  | lifur-um | stöðv-um | fylking-um |
|     | ef.  | nál-a   | lifur-a  | stöðv-a  | fylking-a  |
|     |      | e       | f        | g        | h          |
| Et. | nf.  | heiði-Ø | þökk-Ø   | rós-Ø    | verslun-Ø  |
|     | þf.  | heiði-Ø | þökk-Ø   | rós-Ø    | verslun-Ø  |
|     | þgf. | heiði-Ø | þökk-Ø   | rós-Ø    | verslun-Ø  |
|     | ef.  | heið-ar | þakk-ar  | rós-ar   | verslun-ar |
| Ft. | nf.  | heið-ar | þakk-ir  | rós-ir   | verslan-ir |
|     | þf.  | heið-ar | þakk-ir  | rós-ir   | verslan-ir |
|     | þgf. | heið-um | þökk-um  | rós-um   | verslun-um |
|     | ef.  | heið-a  | þakk-a   | rós-a    | verslan-a  |
|     |      | i       | j        | k        | l          |
| Et. | nf.  | nögl-Ø  | bók-Ø    | mörk-Ø   | vík-Ø      |
|     | þf.  | nögl-Ø  | bók-Ø    | mörk-Ø   | vík-Ø      |
|     | þgf. | nögl-Ø  | bók-Ø    | mörk-Ø   | vík-Ø      |
|     | ef.  | nagl-ar | bók-ar   | merk-ur  | vík-ur     |
| Ft. | nf.  | negl-ur | bæk-ur   | merk-ur  | vík-ur     |
|     | þf.  | negl-ur | bæk-ur   | merk-ur  | vík-ur     |
|     | þgf. | nögl-um | bók-um   | mörk-um  | vík-um     |
|     | ef.  | nagl-a  | bók-a    | mark-a   | vík-na     |

|     |      | m       | n        | o        | p        |
|-----|------|---------|----------|----------|----------|
| Et. | nf.  | tá-Ø    | á-Ø      | hönd-Ø   | móðir-Ø  |
|     | þf.  | tá-Ø    | á-Ø      | hönd-Ø   | móður-Ø  |
|     | þgf. | tá-Ø    | á-Ø      | hend-i   | móður-Ø  |
|     | ef.  | tá-ar   | á-r      | hand-ar  | móður-Ø  |
| Ft. | nf.  | tæ-r    | á-r      | hend-ur  | mæður-Ø  |
|     | þf.  | tæ-r    | á-r      | hend-ur  | mæður-Ø  |
|     | þgf. | tá-m    | á-m      | hönd-um  | mæðr-um  |
|     | ef.  | tá-a    | á-a      | hand-a   | mæðr-a   |
|     |      | q       | r        | s        | t        |
| Et. | nf.  | lygi-Ø  | keppni-Ø | brúð-ur  | æð-ur    |
|     | þf.  | lygi-Ø  | keppni-Ø | brúð-i   | æð-i     |
|     | þgf. | lygi-Ø  | keppni-Ø | brúð-i   | æð-i     |
|     | ef.  | lygi-Ø  | keppni-Ø | brúð-ar  | æð-ar    |
| Ft. | nf.  | lyg-ar  | keppn-ir | brúð-ir  | æð-ar    |
|     | þf.  | lyg-ar  | keppn-ir | brúð-ir  | æð-ar    |
|     | þgf. | lyg-um  | keppn-um | brúð-um  | æð-um    |
|     | ef.  | lyg-a   | keppn-a  | brúð-a   | æð-a     |
|     |      | u       | v        | w        | x        |
| Et. | nf.  | sag-a   | lilj-a   | kirkj-a  | kon-a    |
|     | þf.  | sög-u   | lilj-u   | kirkj-u  | kon-u    |
|     | þgf. | sög-u   | lilj-u   | kirkj-u  | kon-u    |
|     | ef.  | sög-u   | lilj-u   | kirkj-u  | kon-u    |
| Ft. | nf.  | sög-ur  | lilj-ur  | kirkj-ur | kon-ur   |
|     | þf.  | sög-ur  | lilj-ur  | kirkj-ur | kon-ur   |
|     | þgf. | sög-um  | lilj-um  | kirkj-um | kon-um   |
|     | ef.  | sag-n-a | lilj-a   | kirk-n-a | kven-n-a |

Í dæmum a–n og q–r eiga að eiga að koma fram öll helstu afbrigði af beygingu orða af gerðinni #X-Ø#. Eins og *móðir* beygjast aðeins *dóttir* og *systir*. Það er því eðlilegt að þessi orð hneigist til að halda nf.-forminu í aukaföllum et., og nálgast þannig beygingu annarra kvenkynsorða af gerðinni #X-Ø#. Sömuleiðis er *hönd* einstakt í sinni röð, enda má þessi beyging nú heita horfin úr venjulegu talmáli; þar fær orðið nú *e* í nf. og þf.et., eða *þá ö* í þgf.et., og lagar sig þannig að öðrum kvenkynsorðum af gerðinni #X-Ø#; eða þá það fær myndina *hendi* í nf.et., þ.e. *-i* er túlkað sem hluti orðasafnsmyndarinnar. Þá beygist orðið ýmist eins og *lygi* í et. (þ.e. án endingar í ef.), eða heldur *-ar* í ef.et.

Gert er ráð fyrir að í orðum eins og *heiði*, *lygi* og *keppni* sé *-i* hluti stofns, en ekki ending, en falli svo brott þar sem beygingarending hefst á sérhljóði, vegna almennrar

reglu um að tvö áherslulaus sérhljóð geti ekki staðið saman. Hugsanlegt væri líka að líta svo á að sama gildi um orð eins og *æður* og *brúður*; orðasafnsmynd þeirra væri þá ekki #X-r# heldur #X-ur#, þ.e. sérhljóðið væri fyrir hendi í baklægri gerð, og það ylli brottfalli -i úr stofninum í nf. Þar með væri búið að laga þessi orð að venjulegri beygingu sterkra kvenkynsorða, að undanskildu nefnifallinu. Þetta væri þó e.t.v. vafasamur ávinningur, því að vanalega eru líka felld undir þetta mörg kvenmannsnöfn, einkum þau sem enda á -ur, -dís og -unn; en í tveimur síðarnefndu tegundunum er varla hægt að gera ráð fyrir -i í stofni í nf., því að ekkert sérhljóð er fyrir hendi í beygingarendingu til að eyða því.

### 15.3.2 Orðasafnsreglur

Í orðum með orðasafnsmyndina #X-a# er beygingin alveg fyrirsegjanleg, nema e.t.v. í sumum tilvikum í ef.ft. En orðasafnsmyndin #X-Ø# er verri viðfangs. Þar kemur þrenns konar ef.et. til greina, -ar, -ur og Ø; og í nf. og þf.ft. koma til greina -ar, -ir og -ur. Við skulum byrja að líta á fleirtöluna.

Eins og áður hefur komið fram, er erfitt að spá um endinguna í ft. út frá orðasafnsmynd sterkra kvenkynsorða. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra fær þó -ir-fleirtölu, en útilokað er að setja skýrar reglur um hvers konar orð fái -ar- eða -ur-fleirtölu. Þó má gera ráð fyrir orðasafnsreglu sem spáir því að sterk kvenkynsorð, sem hafa eitt (eða færri) samhljóð í enda stofns, á eftir ókringdu og frammæltu sérhljóði, fái -ar-ft.; orð eins og *krit*, *vél*, *geil* o.s.frv. Frá þessu eru margar undantekningar, en greinileg tilhneiging er þó í þessa átt.

Því má bæta við að orð sem hafa ö í stofni fá alltaf -ir-ft., nema þau sem hafa -önC-; þau fá yfirleitt -ur-ft. (*rönd*, *stöng*, *spöng*, *töng*, *tönn*, *hönd*), en geta þó oft fengið -ir. Fleiri reglur má eflaust finna, en eitthvað heldur þó áfram að vera óreglulegt; þannig hafa *nál* og *skál* -ar-ft., en *sál* -ir; *tíð*, *hurð* o.fl. geta bæði fengið -ar- og -ir-fleirtölu; o.s.frv.

-(u)r-ft. hafa þónokkur kvenkynsorð. Þar á meðal eru þau sem hafa -önC-, eins og áður er nefnt; einnig orð sem hafa þanið sérhljóð + t (*gát*, *nótt*, *bót*, *geit*) eða k (*brók*, *bók*, *steik*, *tík*, *flík*, *vík*, *eik*). Við þetta bætast sum þeirra orða þar sem stofn endar á -á, -ó, -ú að því er vanalega er talið (*tá*, *fló*, *brú*). Þessi orð hafa öll i-hljóðvarp í fleirtölu; en önnur svipuð orð sem ekki hafa hljóðvarp eru talin hafa -ar-ft. (*gjá*, *tó*, *frú* o.fl.). Hljóðvarpið er þó það eina sem greinir þarna á milli, því að hið áherslulausa sérhljóð endingarinnar fellur alltaf brott á eftir sérhljóði stofnsins (*tær*, *flær*, *brýr*; *gjár*, *tór*, *frúr*).

Um eintölubeygingu orða af gerðinni #X-Ø# er annars það að segja, að ef. er nær alltaf -ar. Orð sem enda á frammæltu sérhljóði + k fá þó yfirleitt eða geta fengið -(u)r (*vík*, *flík*, *tík*, *steik*, *eik*); einnig t.d. *mörk* (stundum), *mjólk*, *nótt*, *sæng*. Öll orðin sem hafa -ur-ef. fá líka -ur-ft., en ekki öfugt.

Þá geta orð þar sem stofninn endar á *-i* (*lygi, keppni, gleði, ævi*) verið endingarlaus í ef.et.; önnur af sömu gerð (*heiði, helgi*) fá *-ar*-endingu. Margt bendir til að þessum orðum sé eðlilegt að vera endingarlaus í ef.et.; *-ar*-endingin virðist vera víkjandi í þeim, og mörg hafa t.d. *helgi* óbreytt í ef. (Reyndar beygist *helgi* í merkingunni ‘heilagleiki’ alltaf þannig.)

Orð sem enda á *-ing* og *-ung* fá eða geta fengið *-u* í þf. og þgf.et. (*fylking, drottning, lausung, sundrung*); en önnur yfirleitt ekki, nema kvenmannsnöfn (*Björg, Elísabet, Guðrún*). Sum þeirra hafa þó tilhneigingu til að fá *-i* í staðinn (*Margrét* og jafnvel *Guðrún*). Mörg önnur kvenkynsorð geta fengið *-u*, þótt þau geri það sjaldnast í nútímamáli, a.m.k. ekki talmáli; þar virðist helst vera um að ræða orð sem enda á samhljóðaklösum með tveimur blaðmynduðum samhljóðum (*jörð, höll, rödd, stund, mold*). Sum þeirra fá *-u* frekar í þgf. en þf. Annars er erfitt að gefa reglur um þetta; en benda má á að þessi orð hafa talsverða tilhneigingu til að fá *-u* í ef.et. líka, í stað *-ar*. Þar er á ferðinni einföldun þeirrar beygingarreglu sem gefur *-u*; ef hún á bara að verka í þf. og þgf. kostar það tvo þætti, [+aukaf, -eignarf]; taki hún til eignarfallsins líka dugar einn þáttur, þ.e. [+aukaf].

Orð af gerðinni #X-r# eru fá, sem fyrr segir. Fleirtala þeirra fylgir að miklu leyti sömu reglum og gilda um orð af gerðinni #X-Ø#, þótt þar séu afbrigði eins og annars staðar. Að öðru leyti er beygingin fyrirsegjanleg; *-i* í þf. og þgf.et., *-ar* í ef.et.

## 15.4 Hvorugkyn

Hvorugkynsorðin eru langauðveldust viðfangs af kynjunum þremur. Þau hafa aðeins tvö nefnifallsform; #X-Ø# og #X-a#, sem er sjaldgæft. Út frá þessum formum er síðan hægt að spá fyrir um önnur föll.

|     |      | a       | b       | c      | d |          |
|-----|------|---------|---------|--------|---|----------|
| Et. | nf.  | land-Ø  | kvæði-Ø | tré-Ø  |   | hérað-Ø  |
|     | þf.  | land-Ø  | kvæði-Ø | tré-Ø  |   | hérað-Ø  |
|     | þgf. | land-i  | kvæði-Ø | tré-Ø  |   | hérað-i  |
|     | ef.  | land-s  | kvæði-s | tré-s  |   | hérað-s  |
| Ft. | nf.  | lönd-Ø  | kvæði-Ø | tré-Ø  |   | héruð-Ø  |
|     | þf.  | lönd-Ø  | kvæði-Ø | tré-Ø  |   | héruð-Ø  |
|     | þgf. | lönd-um | kvæð-um | trjá-m |   | héruð-um |
|     | ef.  | land-a  | kvæð-a  | trjá-a |   | hérað-a  |

|     |      | e      | f         | g      |
|-----|------|--------|-----------|--------|
| Et. | nf.  | aug-a  | hjárt-a   | þem-a  |
|     | þf.  | aug-a  | hjárt-a   | þem-a  |
|     | þgf. | aug-a  | hjárt-a   | þem-a  |
|     | ef.  | aug-a  | hjárt-a   | þem-a  |
| Ft. | nf.  | aug-u  | hjórt-u   | þem-u  |
|     | þf.  | aug-u  | hjórt-u   | þem-u  |
|     | þgf. | aug-um | hjórt-um  | þem-um |
|     | ef.  | aug-na | hjárt-n-a | þem-a  |

Eins og *tré* beygist aðeins *hné*; *hlé* fær *-i* í þgf.et. og *-um* í þgf.ft., og heldur auk þess óbreyttum stofni í því falli.

*Kvæði* og önnur orð sem enda á *-i* (*engi*, *belti*) eru endingarlaus í þgf.et., og missa *i* úr stofninum í þgf. og ef.ft., en það er bara samkvæmt hinni almennu reglu að tvö áherslulaus (óþanin) sérhljóð standi aldrei saman; annað verður að falla brott.

Tvíkvæð hvorugkynsorð eins og *hérað* breyta *a* í seinna atkvæði í *ö* eða *u* í ft. Athugið að í hvorugkynsorðunum verkar yfirleitt ekki hin annars almenna regla að sérhljóð í áherslulausu atkvæði falli brott á undan beygingarendingu sem byrjar á sérhljóði. Þau orð sem fella sérhljóðið eru einkum *gaman*, *höfuð*, *sumar*.

Orð af gerðinni *#X-a#* eru mjög fá, og flest tákna líffæri eða líkamshluta (*auga*, *eyra*, *hjarta*, *lunga*, *nýra*). Þó eru til tökuorð sem hafa þessa beygingu þótt á öðru merkingarsviði séu, s.s. *þema* og *firma*. Í ef.ft. þessara orða er oft skotið inn *-n-*, og virðist það vera eftir sömu reglum og í ef.ft. veikra kvenkynsorða.

## 15.5 Almenn atriði

### 15.5.1 Opnir og lokaðir beygingarflokkar

Hér að framan hefur verið gert ráð fyrir því að íslenskri nafnorðabeygingu mætti lýsa með tiltölulega fáum beygingarreglum, sem tækju mið af þáttamerkingu orðanna. Heildarfjöldi reglnanna er sennilega á bilinu 15–20; erfitt er að gefa nákvæma tölu, því að sums staðar er álitamál hvort steypa eigi tveimur reglum saman.

En það er ljóst að staða þessara reglna í málkerfinu er mjög mismunandi. Reglurnar sem gefa *-um* í þgf.ft. og *-a* í ef.ft. eru algildar, en svo eru aðrar sem aðeins eru notaðar í örfáum orðum. Þannig er einkum með reglu sem gefur *-u* í þf. og þgf.et. orða eins og *fylking*; reglu sem gefur *-i* í sömu föllum orða eins og *brúður*; reglu sem gefur *-(u)r* í ef.et. orða eins og *vík*; og reglu sem gefur *-u* í nf. og þf.ft. orða eins og *auga*. Það má líka heita, að ekki komi inn í málið ný orð þar sem þessum reglum er beitt. Þó getur það gerst, eins og *þema* sýnir; einkum þó ef til koma orð með hljóðafar sem einhver þessara sjaldgæfu reglna er nátengd. Þannig fær *paník* væntanlega *-(u)r* í ef.et. eins og önnur kvenkynsorð sem enda á *-ík* (*vík*, *tík*, *flík*).

Fimm tegundir orðasafnsmynda virðast koma til greina í nýjum orðum, svo að heitið geti. Í karlkynsorðum eru það bæði #X-r# og #X-i#; í kvenkynsorðum #X-Ø# og #X-a#; og í hvorugkynsorðum #X-Ø#. Í sterku karlkynsorðunum virðist *-ar* vera eina fleirtöluendingin sem ný orð fá, svo að heitið geti a.m.k.; og *-s* yfirgnæfandi sem ending ef.et. Tiltölulega fá sterk kvenkynsorð virðast bætast við, og þar kemur bæði *-ar* og *-ir* til greina sem fleirtöluending, en tæplega *-(u)r* nema í undantekningartilvikum (*blækur*).

Aftur á móti er mikill straumur inn í flokk sterkra hvorugkynsorða. Það er athyglisvert, að í kk. og kvk. skuli meginstraumurinn liggja inn í veikum beyginguna, en í hk. inn í þá sterku. Það er líklegt að merkingarleg einhæfni veikra hvorugkynsorða stuðli að lokun þess flokks; en einnig má e.t.v. lesa út úr þessu þróun í þá átt að hvert kyn fái sína sérstöku orðasafnsmynd, sem ekki komi fyrir í öðrum kynjum, og kynið sé þar með fyrirsegjanlegt út frá orðasafnsmynd. Karlkynið fái þannig #X-i# og #X-r#; kvenkynið haldi #X-a#, en losi sig við #X-r# til að forðast rugling við kk., og #X-Ø# til að forðast rugling við hk.; og hvorugkynið haldi #X-Ø#, en losi sig við #X-a# til að forðast rugling við kvk. Samkvæmt þessu gæti flokkun endinga í markaðar og ómarkaðar í sterkum karlkyns- og kvenkynsorðum verið eitthvað á þessa leið:

|                  |                                                     |
|------------------|-----------------------------------------------------|
| Kk.et.ef.:       | -s ómarkað, <i>-ar</i> markað                       |
| Kk.ft.nf.:       | <i>-ar</i> ómarkað, <i>-ir</i> og <i>-ur</i> markað |
| Kk.ft.pf.:       | <i>-a</i> ómarkað, <i>-i</i> og <i>-ur</i> markað   |
| Kvk.et.pf./þgf.: | -Ø ómarkað, <i>-u</i> og <i>-i</i> markað           |
| Kvk.et.ef.:      | <i>-ar</i> ómarkað, <i>-ur</i> markað               |
| Kvk.ft.nf./þf.:  | <i>-ir</i> ómarkað, <i>-ar</i> og <i>-ur</i> markað |

Það skal tekið fram að þessar hugmyndir eru byggðar á veikum grunni í mörgum tilvikum, og gætu átt eftir að reynast rangar að einhverju leyti. Um einstök föll er annars það helst að segja, að í vali *-s* í ef.et.kk. má byggja á tíðnirannsóknum; en þar er því við að bæta, að sérnöfn virðast hafa tilhneigingu til að fá *-ar*. Um nf.ft.kk. má byggja á tíðni, tökuorðum og barnamáli; en um nf. og þf.ft.kvk. er á litlu að byggja, og þetta er eiginlega sett hér út í bláinn.

Í lok þessarar umfjöllunar um beygingarreglur í nafnorðum er rétt að hnykkja á nokkrum reglulegum atriðum:

- a Þgf.ft. allra kynja er *-um*
- b Ef.ft. allra kynja er *-a*
- c Nf. og þf.ft. eru alltaf eins í kvk. og hk., og í kk. er þf.ft. eins og nf. mínus *-r* (þó óbreytt ef nf. er *-(u)r*)
- d Í kk.-orðum af gerðinni #X-i#, kvk.-orðum af gerðinni #X-a# og öllum hk.-orðum er beygingin algerlega fyrirsegjanleg út frá orðasafnsmyndinni

### 15.5.2 Hljóðbeygingarreglur

Fjöldamargar hljóðbeygingarreglur eru að verki í nafnorðabeygingunni, og skal hér litið á þær helstu, og einnig dregið á nokkrar undantekningar. Reglurnar verða settar fram óformlega; vel má vera, eins og með beygingarreglurnar, að þeim megi steypa frekar saman, eða þá að einhverju sé hér slegið saman sem réttara væri að hafa aðskilið.

Hér verður í upphafi gerð grein fyrir tveimur reglum sem víða eru á ferðum í málkerfinu, þótt skilyrðing þeirra sé nokkuð mismunandi; þær má finna í nafnorðum, lýsingarorðum og sögnum. Þar er fyrst að nefna leifar hins gamla *i*-hljóðvarps; þótt það sé löngu hætt að haga sér sem algild hljóðkerfisregla varðveitast þau víxl sem það olli og þar voru rakin víða sem beygingarlega skilyrt. Þótt þar virðist um margar mismunandi breytingar að ræða, eru þær tengdar að því leyti, að ef ein þeirra verður í ákveðnu umhverfi, má búast við hinum þar líka. Og umhverfið sem þær verka í er líka víða svipað; oftast kemur *i*-hljóðvarpshljóðið fram þar sem endingin er *Ø* eða byrjar á *-r*. Í nafnorðum verða þessi víxl einkum í orðum sem hafa fleirtöluendinguna *-r* (sem verður *-ur* í yfirborðsgerð). Þannig fáum við fleirtöluna *bækur, brækur, nætur, merkur, rendur, tennur, neglur, hendur, bændur, nemendur* o.s.frv. af *bók, brók, nótt, mörk, rönd, tönn, nögl, hönd, bóndi, nemandi*. Það er ljóst að víxlin eru tengd *-r*-endingunni, því að sum þessara orða geta fengið *-ir*-ft., eins og áður segir, og þá helst stofnsérhljóðið *a*: *markir, randir, tangir*. Karlkynsorðin *bóndi, nemandi* o.s.frv. eru frábrugðin kvenkynsorðunum að því leyti að hljóðvarpshljóðið helst í allri fleirtölunni, líka í þgf. og ef., þar sem þó er ekki *-r*-ending.

Í lo. verkar reglan í stigbreytingunni; *hár, stór, fagur* eru í mst. *hærri, stærri, fegurri*. Í sögnum verkar hún bæði í vh.þt., sem af *ná, duga, telja* er *næði, dygði, teldi*; og líka í nt. sterkra sagna, þar sem við finnum víxl eins og *bjóða – býð, taka – tek*, o.s.frv.

Í hópi nafnorða, lýsingarorða og sagna má finna dæmi um að önghljóðin *j* og *v* komi fram í sumum beygingarmyndum orða en ekki öðrum. Við höfum víxl eins og *skel – skeljar, stöð – stöðvar, egg – eggjum, bekkur – bekkjar, söngur – söngvar* í no.; *nýr – nýjan, miður – miðjan* í lo.; *telja – tel, slökkva – slekk* í so. Í fornu máli voru *j* og *v* hálf-sérhljóð, og komu fram í þessum orðum á undan öðrum sérhljóðum en þeim sem samsvöruðu hvoru um sig að myndunarstað; þ.e. *j* kom ekki fram á undan *i*, né *v* á undan *u*. Auk þess féllu þau brott á undan samhljóðum og í bakstöðu. Nú haldast þau yfirleitt á undan öllum sérhljóðum; við fáum *söngvum*, en ekki *\*söngum*, og *telji*, ekki *\*teli*.

Það mætti því virðast sem við gætum sett upp sem breytir *#skel-j#* í *skel*, *#söng-v-r#* í *söngur* (með *u*-innskoti), o.s.frv. Það er þó varla hægt að telja hana hljóðkerfisreglu, því að hún á sér undantekningar sem virðast vera beygingarlega skilyrtar. Berið saman no. *stef* og so. *hefja*. Þar höfum við í báðum tilvikum víxl milli *j* á undan *a* og *u* (*stefja – stefjum, hefja – hefjum*) og *Ø* í bakstöðu (*stef, hef*). En á undan *i* fellur *j* brott í

nafnorðinu (*stefi*), en ekki í sögninni (*hefji*). Einnig eru dæmi um að *j* og *v* haldist í bakstöðu, í orðum eins og *bölv*, *grenj*; og að auki í fjölmörgum orðum sem hafa *-f* í bakstöðu stofns í stafsetningu. Þetta eru orð eins og *tólf*, *álf*, *gólf* o.s.frv.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir að beygingarregla bæti *-i* við í þgf.et. allra karlkynsorða með orðasafnsmyndina #X-r#, en þetta *-i* sé svo oft fellt brott með hljóðbeygingarreglu. *j* í enda stofns kemur hér líka við sögu eins og í reglunni næst á undan; en auk þess fellur *-i* yfirleitt brott ef stofn endar á sérhljóði eða einu samhljóði; endi hann á samhljóðaklasa helst *-i* yfirleitt. Þó verkar brottfallið ekki í orðum sem hafa viðskeytin *-að-* og *-uð-*, og aðeins í sumum sérnöfnum.

Ein regla segir að í stað *á* komi *æ* í stofn orðs, ef *á* eftir fer a.m.k. einn samhljóði í stofninum, endingin hefst á *-i*, og um er að ræða karlkynsorð með *-ir-ft*. Þetta er sem sé reglan sem stjórnar hljóðavíxlunum í *háttur*, *máttur* og slíkum orðum. Hún er hljóðbeygingarregla, því að tiltaka verður beygingarlegar upplýsingar. Það verður að takmarka hana við no., því að hún verkar ekki í sögnum eins og bent var á í 3. kafla; hún er líka bundin við kk., því að ft. af *átt* er *áttir*, ekki *\*ættir*; og hún er bundin við orð með *-ir-ft.*, því að þgf.et. af *bátur* er *báti*, ekki *\*bæti*. Hins vegar er hún ekki einskorðuð við orð með *-átt-*, því að *þráður* beygist svona líka.

Í karlkynsorðum sem hafa *ö* í orðasafnsmynd skiptast á *ö – e – a*, og í orðum með *jö* í orðasafnsmynd *jö – i – ja*. Fyrir þessu má gera grein með hljóðbeygingarreglum, sem miðast við endingarnar, eins og sjá má af því að ef þessi orð missa *-i* í þgf.et., eða fá *-s* í stað *-ar* í ef.et., helst *ö* í þeim föllum, eins og bent var á í 3. kafla (*kekki*, en *kökk*; *kakkar*, en *kökks*).

Í karlkyninu má auk þess nefna víxlin í orðunum *ketill* og *Egill*, þar sem *e* verður *a* á undan í í þgf.et. Það er hins vegar hæpið að setja upp sérstakar reglur fyrir þessi orð, vegna þess að um er að ræða einangruð dæmi; *fetill* mun nú vera *fetil* eða *fetli* í þgf., en gamla þgf. *fatli* orðið að sérstöku veiku kk.-orði. Þá má nefna víxlin *faðir – föður*, *dagur – degi* og *sonur – syni*.

Þá er að gera grein fyrir víxlum *a* og *ö* í sterkum kvenkynsorðum (*þökk – þakkir*, *höfn – hafnir*). Þar er um tvennt að ræða; annaðhvort að gera ráð fyrir *ö* í orðasafnsmyndinni, og leiða *a* af því á undan *a* (*þakkar*) og *i*; eða leggja *a* til grundvallar og leiða *ö* af því í endingarlausum föllum. Sams konar víxl eru í sterkum hvorugkynsorðum (*barn – börn*, *land – lönd*). Hér er síðari kosturinn valinn, og gert ráð fyrir *a* í baklægri gerð orðasafnsmyndar, m.a. vegna þess að sams konar víxl koma fyrir í lýsingarorðum (*svartur – svört*), þar sem einboðið virðist að leggja *a* til grundvallar.

Skyld þessu eru víxlin í viðskeytunum *-uð-* í kk. (*fögnuður – fagnaðir*) og *-un* í kvk. (*verslun – verslanir*). Þar er *u* yfirleitt í endingarlausum föllum (og í nf.et. í *-uð-*, þar sem ekkert sérhljóð er í endingunni í baklægri gerð), en *a* ef sérhljóð er í endingunni. Þó helst *u* alltaf í ef.et. í *-un*, þótt þar sé endingin *-ar*; og stundum helst *u* líka á undan

-ar í ef.et. í -uð. Þróunin er því sú sama og með *i*-hljóðvarpsvíglin í kk. (*nemandi* – *nemendur*, *bóndi* – *bændur*), að sama sérhljóðið helst í allri et., og annað í allri ft.

Þá er það *n* í ef.ft. í kvk. og hk. (*sagna*, *augna*). Það er greinilega beygingarlega skilyrt, sbr. að ef.ft. af *magi* er *maga*, ekki *\*magna*; og ef.ft. af *sög* er *saga*, ekki *\*sagna*. Reglan verkar aðeins í orðum af gerðinni #X-a# (og auk þess stundum í orðunum *sól* og *sál*, sem reyndar er stundum *sála* í nf.et.). Skilyrðing reglunnar er dálítið óljós; þó er víst að hún verkar ekki ef stofn endar á -r, -s, -n, -j. Þó verkar hún á eftir -gj og -kj, en þá fellur -j brott; *kirkja* – *kirkna*.

## 16. LÝSINGARORÐ, GREINIR, FORNÖFN OG TÖLUORÐ

### 16.1 Fallbeyging lýsingarorða og greinis

#### 16.1.1 Sterk beyging frumstigs

Eins og áður er komið fram, beygjast lýsingarorð í íslensku bæði sterkt og veikt. Sterka beygingin virðist vera ómörkuð, og sú veika er nær eingöngu notuð á lo. sem standa í NI sem er [+ákv]. Sérhvert lo. getur staðið í hvaða kyni sem er; og hér er gert ráð fyrir að orðasafnsmynd lo. sé stofninn, sem samsvarar þá yfirleitt forminu í nf.et.kvk. (að undanskildum víxlunum *a – ö*). Lítum nú á sterka beygingu nokkurra lýsingarorða:

|   |     |      | Kk.      | Kvk.      | Hk.      |
|---|-----|------|----------|-----------|----------|
| a | Et. | nf.  | fal-ur   | föl-Ø     | fal-t    |
|   |     | þf.  | fal-an   | fal-a     | fal-t    |
|   |     | þgf. | föl-um   | fal-ri    | föl-u    |
|   |     | ef.  | fal-s    | fal-rar   | fal-s    |
|   | Ft. | nf.  | fal-ir   | fal-ar    | föl-Ø    |
|   |     | þf.  | fal-a    | fal-ar    | föl-Ø    |
|   |     | þgf. | föl-um   | föl-um    | föl-um   |
|   |     | ef.  | fal-ra   | fal-ra    | fal-ra   |
| b | Et. | nf.  | smá-r    | smá-Ø     | smá-tt   |
|   |     | þf.  | smá-an   | smá-a     | smá-tt   |
|   |     | þgf. | smá-um   | smá-ri    | smá-u    |
|   |     | ef.  | smá-s    | smá-rar   | smá-s    |
|   | Ft. | nf.  | smá-ir   | smá-ar    | smá-Ø    |
|   |     | þf.  | smá-a    | smá-ar    | smá-Ø    |
|   |     | þgf. | smá-um   | smá-um    | smá-um   |
|   |     | ef.  | smá-rra  | smá-rra   | smá-rra  |
| c | Et. | nf.  | gamal-l  | gömul-Ø   | gamal-t  |
|   |     | þf.  | gaml-an  | gaml-a    | gamal-t  |
|   |     | þgf. | göml-um  | gamal-li  | göml-u   |
|   |     | ef.  | gamal-s  | gamal-lar | gamal-s  |
|   | Ft. | nf.  | gaml-ir  | gaml-ar   | gömul-Ø  |
|   |     | þf.  | gaml-a   | gaml-ar   | gömul-Ø  |
|   |     | þgf. | göml-um  | göml-um   | göml-um  |
|   |     | ef.  | gamal-la | gamal-la  | gamal-la |

|   |     |      |           |            |           |
|---|-----|------|-----------|------------|-----------|
| d | Et. | nf.  | lítill-l  | lítill-Ø   | líti-ð    |
|   |     | þf.  | lítin-n   | lítill-a   | líti-ð    |
|   |     | þgf. | lítill-um | lítill-li  | lítill-u  |
|   |     | ef.  | lítill-s  | lítill-lar | lítill-s  |
|   | Ft. | nf.  | lítill-ir | lítill-ar  | lítill-Ø  |
|   |     | þf.  | lítill-a  | lítill-ar  | lítill-Ø  |
|   |     | þgf. | lítill-um | lítill-um  | lítill-um |
|   |     | ef.  | lítill-la | lítill-la  | lítill-la |
| e | Et. | nf.  | farin-n   | farin-Ø    | fari-ð    |
|   |     | þf.  | farin-n   | farn-a     | fari-ð    |
|   |     | þgf. | förn-um   | farin-ni   | förn-u    |
|   |     | ef.  | farin-s   | farin-nar  | farin-s   |
|   | Ft. | nf.  | farn-ir   | farn-ar    | farin-Ø   |
|   |     | þf.  | farn-a    | farn-ar    | farin-Ø   |
|   |     | þgf. | förn-um   | förn-um    | förn-um   |
|   |     | ef.  | farin-na  | farin-na   | farin-na  |
| f | Et. | nf.  | talin-n   | talin-Ø    | tali-ð    |
|   |     | þf.  | talin-n   | tald-a     | tali-ð    |
|   |     | þgf. | töld-um   | talin-ni   | töld-u    |
|   |     | ef.  | talin-s   | talin-nar  | talin-s   |
|   | Ft. | nf.  | tald-ir   | tald-ar    | talin-Ø   |
|   |     | þf.  | tald-a    | tald-ar    | talin-Ø   |
|   |     | þgf. | töld-um   | töld-um    | töld-um   |
|   |     | ef.  | talin-na  | talin-na   | talin-na  |

Athugið að þar sem skrifað er *ll* í *gamall* og *lítill* er framburðurinn [tl]; og *nn* í bakstöðu í *farinn* og *talinn* er venjulega stutt [n] en ekki langt [n:].

Að auki eru svo nokkur lo. sem enda á sérhljóði; *andvaka*, *samferða*, *hugsi* o.fl. Þau eru eins í öllum föllum og kynjum, og báðum tölum, og stigbreytast ekki.

Hér er um fremur lítill tilbrigði að ræða, og þau sem þó eru, virðast að mestu fyrir-segjanleg út frá orðasafnsmynd. Lýsingarorð sem enda á *-il* og *-in* (þar með taldir lh.þt. af sögnum) haga sér öðruvísi en önnur lo. í þrem föllum. Í þf.et.kk. fá þau bara *-n* í stað *-an*, sem önnur fá; og í nf. og þf.et.hk. fella þau niður *-l* og *-n* í bakstöðu stofns. Hér verður gert ráð fyrir að ekki þurfi að setja upp sérstakar beygingarreglur fyrir þessi afbrigði, heldur megi gera ráð fyrir að hljóðbeygingarreglur sjái um að fella niður *-a-* úr *-an* í kk. og *-l/-n* úr *-in/-il* í hk.; og einnig að breyta *-t* í *-ð* í hk. sömu orða.

Athugið að gert er ráð fyrir að í c-f byrji endingarnar í þgf. og ef.et.kvk. og ef.ft. á *-r-*, þótt svo sé ekki að sjá á yfirborði; en eðlilegt er að telja að þarna séu að verki almennar hljóðreglur, sem koma fyrir víða annars staðar (t.d. í beygingu no. eins og *stóll* og *himinn*).

Það er athyglisvert að *-r-* kemur (fyrir utan *nf.et.kk.*) bara fram í þeim myndum sem eru markaðar fyrir a.m.k. tvær formdeildanna kyns, falls og tölu. Eins og fram kom í 14.2.4 eru þgf. og ef. talin mörkuðust af föllunum, kvk. af kynjunum og ft. er mörkuð gagnvart et.; og það er einmitt í þgf. og ef.kvk.et. og í ef.ft. allra kynja sem *-r-* kemur fyrir. Eins og við sjáum síðar, er þetta ekki eina dæmið um að sérstök tengsl virðist vera milli markaðra gilda mismunandi formdeilda. Með því er átt við að það eru t.d. oft einhver tengsl milli ft. og kvk., kvk. og ef., ft. og ef. o.s.frv.

### 16.1.2 Veik beyging og beyging miðstigs og efstastigs

Veik beyging lýsingarorða er einföld viðfangs, og nægir að taka eitt dæmi um hana:

|      | Kk. et. | Kvk. et. | Hk. et. | Öll kyn ft. |
|------|---------|----------|---------|-------------|
| Nf.  | góð-i   | góð-a    | góð-a   | góð-u       |
| Þf.  | góð-a   | góð-u    | góð-a   | góð-u       |
| Þgf. | góð-a   | góð-u    | góð-a   | góð-u       |
| Ef.  | góð-a   | góð-u    | góð-a   | góð-u       |

Takið eftir að hér er aðeins um þrjár mismunandi endingar að ræða; *-a*, *-i* og *-u*. Eins og í sterku beygingunni svipar beygingunni í mörkuðustu formdeildunum (kvk. og ft.) saman, andstætt beygingunni í hinum ómarkaðri (hk. og kk.).

Athugið líka að í et. beygjast veik lýsingarorð alveg eins og veik nafnorð (*hani*, *lilja*, *auga*); og fleirtalan í nf. og þf. er eins og ft. veikra hk.-no., sem samræmist því að hk. sé ómarkað og komi því fram þegar enginn munur kynja er gerður. Hins vegar eru þetta einu dæmin um fallorð (fyrir utan lo. í mst.) þar sem þgf.ft. endar ekki á *-(u)m* né ef.ft. á *-a*.

Beygingu efstastigs má gera skil um leið og frumstiginu, með því að hafa (*-ast*) í sviga í beygingarreglum, næst fyrir aftan stofninn; efstastigið beygist nefnilega alveg eins og frumstigið, bæði sterkt og veikt. Miðstigið er hins vegar dálítið sér á báti. Í 14.2.6 var talið að það væri markaðasta stigið, og það beygist lítið; hefur t.d. sama form hvort sem það er ákveðið eða ekki: *Jón er ríkari maður en þú*; *Ríkari maðurinn vann*. Miðstigið endar yfirleitt á *-i* í öllum kynjum, föllum og báðum tölum, nema á *-a* í hk.et. Þó er til að beygja miðstigið í kk.et. eins og frumstig og efstastig í veikri beygingu, þ.e. með endingunni *-a* í aukaföllunum.

### 16.1.3 Hljóðbeygingarreglur

Í hk. orða sem enda á *-in* og *-il* falla *l* og *n* falli burt á eftir *i* í áherslulausu atkvæði, ef *-t*-ending (sem breytist síðan í *-ð* í áhersluleysi) fer á eftir; #mikil-*t#* → *mikið*, #talin-*t#* → *talið*. Hins vegar verður #gamal-*t#* ekki *\*gamað*.

Í lítill eru víxl á *í* og *i*, þannig að *i* kemur ef tvö samhljóð fara á eftir, annars *í*. *Mikill* hefur aftur á móti alltaf *i* í stafsetningu, en ekki er ólíklegt að í framburði komi þar oft fyrir sams konar víxl. Þau má líka finna í fornafnabeygingunni (sjá 16.3.2). Annað sem er sér-

stakt við beygingu *lítill* og *mikill* er að þar verður samlögun í þf.et.kk.; #lítill-an# → #lítill-n# → *lítinn*. Hér má einnig minna á að *ó* verður *o* í nf. og þf.et.hk. af *góður* (#góð-t# → *gott*).

Þá eru það víxl -an og -n í þf.et.kk. Fyrir þeim ætti að mega gera grein með reglu sem fellir niður *a* á eftir -il/-in í áherslulausu atkvæði, ef -n fer á eftir og breytir t.d. #farin-an# í *farinn*. Hún verður að verka á undan hinni almennu sérhljóðabrottfallsreglu sem áður hefur oft verið nefnd; annars fengjum við *\*farnan*. Stundum getur þó regluröðin breyst og almenna reglan verkað, og þá fáum við myndir eins og *barðan*, *taldan* í stað *barinn*, *talinn*.

Þá erum við komin að annarri breytingu sem verður í beygingu lýsingarháttanna sem enda á -in. Þegar almenna sérhljóðabrottfallsreglan fellir -i- brott, lendir -n næst lokahljóði rótarinnar. Ef það er [+hljómandi] samhljóð veldur það oft því að *n* í viðskeytinu breytist í lokhljóð eða önglhjóð; *d* á eftir *l*, *m*, *n*, en *ð* á eftir *r*; #talin-ir# → #taln-ir# → *taldir*, #tamin-ar# → #tamn-ar# → *tamdar*, #vanin-a# → #van-na# → *vanda*, #barin-um# → #barn-um# → *börðum*. Þessi regla er beygingarlega skilyrt; verkar aðeins í lh.þt. Breytingin verður ekki í orðum sem eru upphaflega lh., en hafa síðan misst tengslin við sögnina og orðið að sjálfstæðum lo.; þannig fáum við *förnum*, ekki *\*förðum*, og *gölnum*, ekki *\*göldum* (nema í spakmælinu ‘Oft verður góður hestur úr göldum fola’). Þegar -rn- breytist ekki í -rð-, er [t] skotið inn á milli þess í stað (#förn-um# → [fœrtnym]), sem er almenn hljóðkerfisregla.

*a* breytist í *ö* í endingarlausum föllum í kvk. og hk.ft., eins og í no.; þetta kemur vel fram í beygingu orðsins *falur* í (1)a. Sömuleiðis breytist *a* alltaf í *ö* á undan *u*. Í mynd eins og *gömul* má gera ráð fyrir að *a* í viðskeytinu breytist fyrst í *ö* (#gamal# → #gamöl# með hljóðbeygingarreglu; síðan verki almenn regla sem breytir áherslulausu *ö* í *u* og gefi #gamul#, og þá komi *u*-hljóðvarp til sögunnar og gefi *gömul*).

Auk þess er svo að finna í lýsingarorðabeygingunni fjölda hljóðbeygingar- og hljóðkerfisreglna sem einnig koma fyrir í öðrum orðflokkum.

## 16.2 Beyging greinis

Vegna þess hve beygingu greinis svipar til lýsingarorðabeygingar er rétt að taka hann hér með. Gert er ráð fyrir að skil milli nafnorðs og (stofns) greinis séu sterkari en skil milli nafnorðs og venjulegra beygingarendinga, eins og sést m.a. á því að ýmsar hljóðkerfisreglur verka ekki yfir þau. Um endingu greinisins gilda síðan sömu reglur og sjá um beygingu lýsingarorða og lýsingarháttanna sem enda á -in- og -il-, og er fjallað um þær hér á undan. Hér skal aðeins reynt að gera grein fyrir því hvenær *i* helst í greininum og hvenær það fellur brott.

*i* fellur alltaf brott á eftir áherslulausu sérhljóði (#han-a+in-na# → *hananna*, #sag-a+in# → *sagan*). Það fellur einnig brott þar sem beygingarending greinisins hefst á sérhljóði (#han-ar+in-ir# → *hanarnir*, #kon-ur+in-ar# → *konurnar*). Hér er því í raun um

að ræða sömu eða sams konar brottfallsreglu og verkar í beygingu no. eins og *hamar* og *jökull* og lo. eins og *gamall* og *farinn*.

Auk þess fellur *i* brott í örfáum tilvikum sem ekki falla undir þessa reglu; í orðunum #fé+i-ð# → *féð*, #tré+i-ð# → *tréð*, #hné+i-ð# → *hnéð*. Í þessum orðum mætti búast við að *i* héldist, en eins og áður hefur komið fram er beyging þeirra afbrigðileg að öðru leyti líka. Það er athyglisvert, að *hlé*, sem áður beygðist eins og þessi orð, er nú bæði farið að fá *-i* í þgf.et., og líka hætt að fella brott *-i-* úr greininum. Það sýnir að óreglan tengist þessum ákveðnu orðum, en kemur beygingu greinisins í sjálfu sér ekkert við.

Ef beygingarending orðs er aðeins eitt sérhljóð, fellur hún stundum brott þegar greinirinn bætist við. Um það gilda þessar reglur:

Endingin *-i* í þgf.et.kk. fellur brott á undan greini, nema hún sé alveg skyldubundin í orðinu án greinis. Þannig fáum við t.d. *bátnum* (en miklu síður *bátinum*), því að bæði *bát* og *báti* gengur í þgf.et. án gr. Hins vegar fáum við aðeins *hestinum*, ekki *\*hestnum*, og *vininum*, ekki *\*vinnum*, því að *hest* og *vin* getur aðeins verið þf., ekki þgf.

Þá fellur endingin *-a* í ef.ft. yfirleitt brott í kvk., ef stofninn endar á sérhljóði #á-a+in-na# → *ánna*, #brú-a+in-na# → *brúnna*). Þannig geta komið upp lágmarkspör milli kk. og kvk.; *flói* (kk.) og *fló* (kvk.) eru eins í ef.ft. án gr., *flóa*, en með gr. verður kk. *flóanna*, en kvk. *flónna*. En athugið að sams konar munur kemur fram í þgf.ft., bæði með og án gr.; *flóum* (kk.) og *flóm* (kvk.). Hliðstæður munur á ef.ft. með og án greinis kemur líka fram í kk.-orðinu *skór*; *skóa*, *skónna*. En *skór* sleppir líka sérhljóðinu úr endingunni í öðrum föllum ft.; *skór*, *skóm*, ekki *\*skóar*, *\*skóum*. Aftur á móti heldur t.d. *mór* sérhljóðinu alltaf; *móar*, *móum*, *móa*, *móanna*. Það lítur því út fyrir að ef þanið áherslusérhljóð í bakstöðu stofns fellir niður sérhljóð næst á eftir sér á annað borð, þá gerist það í öllum tilvikum (sbr. muninn á *hné* og *hlé* hér á undan). En af hverju fellur *-a* þá ekki brott í ef.ft. án gr.? Líklegasta skýringin er sú að þar komi einhverjar merkingarlegar hömlur til; ef *-a* félli brott, stæði stofninn einn eftir, en eignarfallsmerkið væri alveg horfið. Aftur á móti má *-u-* falla brott í þgf.ft., því að *-m* stendur eftir sem þágufallsmerki. En þegar greinirinn bætist við, kemur sérstakt eignarfallsmerki á hann, og þá má fella *-a* brott.

## 16.3 Beyging fornafna

### 16.3.1 Persónufornöfn, afturbeygt fornafn og ábendingarfornöfn

Við skulum fyrst líta á beygingu 1. og 2. persónu fornafna (e. *1st, 2nd person pronouns*), svo og **afturbeygða fornafnsins** (e. *reflexive pronoun*).

|      | 1.p. |       |       |  | 2.p. |       |       | Afn. |
|------|------|-------|-------|--|------|-------|-------|------|
|      | Et.  | Ft.   | (Ft.) |  | Et.  | Ft.   | (Ft.) |      |
| Nf.  | ég   | við   | vér   |  | þú   | þið   | þér   |      |
| Þf.  | mig  | okkur | oss   |  | þig  | ykkur | yður  | sig  |
| Þgf. | mér  | okkur | oss   |  | þér  | ykkur | yður  | sér  |
| Ef.  | mín  | okkar | vor   |  | þín  | ykkar | yðar  | sín  |

*Sig* er ómerkt hvað varðar tölu, og hefur ekkert nefnifallsform. Hin gömlu fleirtöluform *þér* og *vér* eru nú aðeins notuð í hátíðlegu máli, og þá allt eins í eintölumerkingu; þau stjórna þá ft. á sögn, en ef þau taka með sér lýsingarorðsagnfyllingu stendur hún ýmist í et. eða ft. (*Þér eruð hraustur/hraustir*). En sem venjuleg ft. eru nú hin gömlu tvítöluform, *þið* og *við*, einhöfð.

Þessi orð eru alveg sér á báti um beygingu, og þýðingarlaust að ætla sér að setja nokkrar almennar reglur um hana. Þó má benda á innbyrðis regluleik í þessum myndum. *Ég*, *þú* og *sig* beygjast eins í aukaföllunum, þannig að aðeins munar upphafssamhljóðinu (*m/p/s*). Aukaföllunum svipar saman andstætt nefnifallinu í fleirtölunni; og í allri ft. eru þf. og þgf. eins, en eignarfall öðruvísi. Allt getur þetta komið heim við þá þáttamerkingu fallanna sem hér hefur verið notuð.

Begar litið er á **3. persónu fornöfn** (e. *3rd person pronouns*) og **ábendingarfornöfn** (e. *demonstrative pronoun*) fara ýmsar kunnuglegar reglur strax að koma í ljós:

|     |      | Persónufornöfn |        |        |           | Ábendingarfornöfn |         |        |
|-----|------|----------------|--------|--------|-----------|-------------------|---------|--------|
|     |      | Kk.            | Kvk.   | Hk.    | Hlutlaust | Kk.               | Kvk.    | Hk.    |
| Et. | nf.  | hann           | hún    | það    | hán       | sá                | sú      | það    |
|     | þf.  | hann           | hana   | það    | hán       | þann              | þá      | það    |
|     | þgf. | honum          | henni  | því    | háni      | þeim              | þeirri  | því    |
|     | ef.  | hans           | hennar | þess   | háns      | þess              | þeirrar | þess   |
| Ft. | nf.  | þeir           | þær    | þau    | þau       | þeir              | þær     | þau    |
|     | þf.  | þá             | þær    | þau    | þau       | þá                | þær     | þau    |
|     | þgf. | þeim           | þeim   | þeim   | þeim      | þeim              | þeim    | þeim   |
|     | ef.  | þeirra         | þeirra | þeirra | þeirra    | þeirra            | þeirra  | þeirra |

*Það* þjónar bæði sem hk. af 3. persónu fornafni og ábendingarfornafni; og fleirtala 3. persónu fornafnanna og ábendingarfornafnsins *sá* er sú sama. *Hán* er nýtt ókyngreint fornafn um fólk sem hvorki skilgreinir sig sem karlkyns né kvenkyns. Reynslan verður að skera úr um hvort það festist í málinu.

Ef breytingum á stofnum er sleppt, má sjá hér allar helstu reglur úr lýsingarorðabeygingunni. Kvenkynsbeygingin er nær alveg eins og lýsingarorðabeyging, að því undanskildu að *-a* vantar í þf.et. *þá*. Sama gildir um hvorugkynið, nema þar vantar *-u* í þgf.et., og endingin í nf. og þf.et. er *-ð* en ekki *-t*. Í karlkyninu vantar *-a* í þf.ft. *þá* (eins og í hliðstæðu formi í kvk.et.þf.); og þf.et.kk. er *-n* eins og í lo. sem enda á *-il* eða *-in*. Það má

benda á, að það er einmitt líka í þeim orðum sem hk.lo. fær endinguna -ð í stað -t, sbr. *það*; svo að e.t.v. má tengja formin *hann* (þf.) og *það* (í stað *\*hanan* og *\*þat*) á einhvern hátt þeim reglum sem áttu að gera grein fyrir þessum víxlum í lýsingarorðunum, s.s. með því að miða á einhvern hátt við áhersluleysi; en ekki verður farið lengra út í þá sálma hér.

Auk þess telst það til afbrigða að í stað endingarinnar -um í þgf.et.kk. og þgf.ft. allra kynja er hér -m í þeim; en eins og áður hefur sést eru slíks dæmi í no. á eftir þöndu sérhljóði.

Um breytingar á stofnunum er fátt eitt að segja; það virðist ljóst að um þær gildi engar almennar reglur, heldur verði að læra þær sérstaklega.

Önnur ábendingarformöfn eru *þessi* og *hinn*. *Þessi* beygist eins og lýsingarorð (sterkt), nema hvað í stað -ss- kemur -nn- í þf.et.kk., *þennan*. Formin í nf. og þf.hk. eru *þetta* í et. og *þessi* í ft.; og skotið er inn -a- í ef.ft., *þessara*.

*Hinn* beygist eins og lo. (með -n í stað -an í þf.et.kk.). Í nf. og þf. et.hk. verður þó samlögun, sem ekki verður í lo. (#hin-t# → hitt, en #lin-t# → lint). Hinn svonefndi **lausigreinir** (sem virðist eins mega kalla ábendingarformafn) beygist eins, nema í nf. og þf.et.hk. hagar hann sér eins og lo. sem enda á -il og -in, þ.e. fellir niður -n og breytir -t í -ð (#hin-t# → #hi-t# → hið).

### 16.3.2 Eignarformöfn, spurnarformöfn, óákveðin fornöfn

Aðrir flokkar fornafna eru **eignarformöfn** (e. *possessive pronouns*), **spurnarformöfn** (e. *interrogative pronouns*) og **óákveðin fornöfn** (e. *indefinite pronouns*). Eignarformöfnin eru *minn*, *þinn*, *sinn*, *vor* (*sinn* afturbeygt, *vor* tæpast notað lengur nema í mjög hátíðlegu máli). Spurnarformöfn eru *hver*, *hvor*, *hvaða*, *hvílíkur* (það síðastnefnda varla notað lengur í spurnarmerkingu). Nokkuð er á reiki hvaða orð eru talin til óákveðinna fornafna; þar er einna helst hægt að grípa til setningafræðilegra raka, en þau eru ekki viðfangsefni þessa rits. Hér verður því aðeins staðnæmst við þau orð sem á einhvern hátt eru sérstök í beygingu; en meðal orða sem talin hafa verið til óákveðinna fornafna má nefna *einn*, *neinn*, *enginn*, *nokkur*, *sumur*, *hver*, *einhver*, *sérhver*, *annar*, *annarhvor*, *hvorugur*, *báðir*, *allur*, *ýmis*. Lítum á beygingu nokkurra orða úr þessum flokkum:

|   |     |      | Kk.    | Kvk.    | Hk.    |
|---|-----|------|--------|---------|--------|
| a | Et. | nf.  | min-n  | mín-Ø   | mi-tt  |
|   |     | þf.  | min-n  | mín-a   | mi-tt  |
|   |     | þgf. | mín-um | min-ni  | mín-u  |
|   |     | ef.  | mín-s  | min-nar | mín-s  |
|   | Ft. | nf.  | mín-ir | mín-ar  | mín-Ø  |
|   |     | þf.  | mín-a  | mín-ar  | mín-Ø  |
|   |     | þgf. | mín-um | mín-um  | mín-um |
|   |     | ef.  | min-na | min-na  | min-na |

|   |     |      |          |           |              |
|---|-----|------|----------|-----------|--------------|
| b | Et. | nf.  | hver-Ø   | hver-Ø    | hver-t/hva-ð |
|   |     | þf.  | hver-n   | hverj-a   | hver-t/hva-ð |
|   |     | þgf. | hverj-um | hver-ri   | hverj-u      |
|   |     | ef.  | hver-s   | hver-rar  | hver-s       |
|   | Ft. | nf.  | hverj-ir | hverj-ar  | hver-Ø       |
|   |     | þf.  | hverj-a  | hverj-ar  | hver-Ø       |
|   |     | þgf. | hverj-um | hverj-um  | hverj-um     |
|   |     | ef.  | hver-ra  | hver-ra   | hver-ra      |
| c | Et. | nf.  | engin-n  | engin-Ø   | ekker-t      |
|   |     | þf.  | eng-an   | eng-a     | ekker-t      |
|   |     | þgf. | eng-um   | eng-ri    | eng-u        |
|   |     | ef.  | einski-s | eng-rar   | einski-s     |
|   | Ft. | nf.  | eng-ir   | eng-ar    | engin-Ø      |
|   |     | þf.  | eng-a    | eng-ar    | engin-Ø      |
|   |     | þgf. | eng-um   | eng-um    | eng-um       |
|   |     | ef.  | eng-ra   | eng-ra    | eng-ra       |
| d | Et. | nf.  | annar-Ø  | önnur-Ø   | anna-ð       |
|   |     | þf.  | ann-an   | aðr-a     | anna-ð       |
|   |     | þgf. | öðr-um   | annar-ri  | öðr-u        |
|   |     | ef.  | annar-s  | annar-rar | annar-s      |
|   | Ft. | nf.  | aðr-ir   | aðr-ar    | önnur-Ø      |
|   |     | þf.  | aðr-a    | aðr-ar    | önnur-Ø      |
|   |     | þgf. | öðr-um   | öðr-um    | öðr-um       |
|   |     | ef.  | annar-ra | annar-ra  | annar-ra     |

Í *minn* (og *þinn* og *sinn*) koma fyrir svipuð víxl *í* og *i* og *í* lo. *lítill*; *í* á undan einu samhljóði, *i* á undan tveim. Undantekning er í ef.et.kk. og hk., *míns*, þar sem *í* kemur á undan tveimur samhljóðum; og er þar dæmi um að skil milli stofns og eignarfalls-s séu það sterk að þau verki sem orðaskil. Að öðru leyti beygist *minn* alveg eins og lo., með *-n* í stað *-an* á eftir óþöndu (áherslulausu) sérhljóði í þf.et.kk., og samlögun á *-n+t* → *-tt* [ht] í hk.

Beyging *hver* er sömuleiðis regluleg lýsingarorðabeyging, þar sem gera verður ráð fyrir orðasafnsmyndinni #hver+j-#, og -j fellur svo í bakstöðu og á undan samhljóði samkvæmt títtnefndri reglu. En auk þess hefur *hver* sérstaka mynd, *hvað*, í nf. og þf.et.hk., sem er notað sérstætt, þ.e. sem aðalorð í nafnlið (án ákvæðisliðar). Eins beygjast samsetningarnar *einhver* og *sérhver*, og hafa sams konar tvímyndir í hk. Þó er *eitthvað* nú notað jöfnum höndum sérstætt og hliðstætt. *Hvor* beygist á sama hátt, nema þar er ekkert -j í orðasafnsmynd, og kemur því hvergi fram í beygingu. *Hvaða* beygist ekki, þ.e. er ómerkt hvað varðar kyn, tölu og fall; og *hvílikur* hefur venjulega lýsingarorðsbeygingu.

*Enginn* tekur stofnbreytingu í ef.et.kk. og hk., *einskis*, og kemur þar enn fram að þessi tvö föll haga sér alltaf eins; ef ef.et. er óreglulegt í kk., þá er það líka óreglulegt – og á sama hátt – í hk. Auk þessa eru nefnifallsmyndir (og þf.hk. og ft.) óregluleg, þannig að í kk., kvk. og ft. bætist *-in* við stofninn *eng-*, en í hk. kemur myndin *ekkert*.

*Annar* fær alveg reglulegar lýsingarorðsendingar, og hagar sér í hk. eins og lo. sem enda á *-in* og *-il*. Þegar *-nnr-* lendir saman vegna sérhljóðabrottfalls breytist það í *-ðr-* (*#annar-um#* → *#annr-um#* → *öðrum*). Þetta eru sams konar víxl og t.d. í *maður* (*#mann-r#*) – *mann*, *suður* – *sunnar*; en ekki er hægt að setja upp almenna hljóðkerfisreglu um þetta, vegna forma eins og t.d. *sannri*, ekki *\*saðri*.

*Allur*, *sumur*, *hvorugur*, *ýmis* og *nokkur* beygjast eins og lo.; þó fellur *i* oft brott úr *ýmis* í þeim föllum þar sem endingin byrjar á *-r-*, og þá samlagast *r* ekki *s* (*#ýmis-ra#* → *ýmissa* eða *ýmsra*). *Nokkur* hefur tvímyndir í nf. og þf.hk.et., *nokkurt* og *nokkuð*. Sú fyrrnefnda er mynduð með því einu að bæta hinni venjulegu hvorugkynsendingu við stofninn, eins og *gamalt*; hin er mynduð á sama hátt og hk.lo. sem enda á *-in* og *-il*, þ.e. með því að fella niður lokasamhljóð stofnsins, og þá breytist *t* í *ð* á eftir áherslulausu sérhljóði. Tengsl þessara mynda eru hin sömu og milli *eitthvað* og *eitthvert*, en nú er *nokkuð* oft notað í báðum hlutverkum, rétt eins og *eitthvað*.

*Báðir* er af merkingarlegum ástæðum ekki til nema í ft., og hefur venjulega lýsingarorðabeygingu nema í nf. og þf.hk., *bæði*, og ef. *beggja*.

Orðasamböndin *sinn hvor* og *hvor sinn* eru sér á báti; þau eru stundum kölluð **gagnverkandi** (e. *reciprocal*) fornöfn. Yfirleitt hafa þau verið notuð þannig að annað sambeygist frumlaginu í falli, hitt andlaginu (*Mennirnir tóku sína bókina hvor / sinn hvora bókina / hvor sína bók*). Nú mun þó algengast í talmáli að nota þetta sem eitt fornafn, *sitthvor*, og láta seinni liðinn sambeygjast andlaginu, en hafa þann fyrri óbeygðan; hann getur þó stundum sambeygst frumlaginu í kyni, en er líklega oftast í hk. án tillits til kyns frumlagsins (*Þær tóku sitthvora bókina*).

## 16.4 Beyging töluorða

Af **töluorðum** (e. *numerals*) eru það aðeins þau fyrstu fjögur sem beygjast, svo og *hundrað*, *þúsund* og *milljón*.

|      | Kk.     | Kvk.    | Hk.     |         | Kk.     | Kvk.    | Hk. |
|------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|-----|
| Nf.  | tveir   | tvær    | tvö     | Þrír    | þrjár   | þrjú    |     |
| Þf.  | tvo     | tvær    | tvö     | Þrjá    | þrjár   | þrjú    |     |
| Þgf. | tveim   | tveim   | tveim   | Þrem    | þrem    | þrem    |     |
| Ef.  | tveggja | tveggja | tveggja | Þriggja | þriggja | þriggja |     |

Takið eftir líkindunum við beygingu ft. *þeir/þær/þau*; *-a* vantar í kk.þf., og *-um* verður *-m* í þgf. Þessi orð geta svo bætt *-ur* aftan við hina venjulegu endingu í þgf.

(*tveimur*, *þremur*), og er það sérstakt fyrir þessi tvö orð. Eignarfallið er hliðstætt ef. *beggja*, af *báðir*.

*Fjórir* beygist reglulega eins og lo., nema stofnbreyting verður í ef. og hk.nf. og þf.; *fjögur* kemur í stað *fjór*-. *Einn* beygist eins og lo. (sterkt og veikt), og missir *-a*- úr endingunni í þf.et.kk.; #ein-an# → *einn*. *-a*- helst aftur á móti ef merkingin er ‘aleinn’.

*Hundrað* og *þúsund* beygjast eins og venjuleg hvorugkynsnafn-orð; geta þó staðið í kvenkyni, og fá þá *-ir*-ft.

Af raðtölunum beygist *fyrsti* bæði veikt og sterkt (*fyrstur*); *annar* beygist aðeins sterkt; en aðrar raðtölur beygjast aðeins veikt. Athugið þó að það er aðeins í *fyrsti* sem þetta tengist þættinum [±ákv]; *annar* er notað bæði ákveðið og óákveðið, og sömuleiðis *þriðji* o.s.frv.

## 16.5 Almennt um fallbeygingu

Ef litið er að lokum yfir beygingu fallorða í íslensku, er ýmislegt sem vert er að vekja athygli á og þörf væri að skoða nánar. Athugið t.d. að aðgreining er yfirleitt meiri í ómörkuðum formdeildum en mörkuðum; þ.e., eftir því sem orðmynd hefur fleiri plúsmerkta beygingarþætti er líklegra að hún sé sameiginlegur fulltrúi fyrir t.d. mörg kyn, mörg föll o.s.frv. Þannig eru sjaldnast nema tvær mismunandi fallmyndir í et. sterkra kvenkynsorða, þrjár í hvorugkyninu, og 3–4 í karlkyni. Fleirtala er líka mörkuð gagnvart eintölu, og þgf. og ef. gagnvart nf. og þf.; og í samræmi við það er þar lítil aðgreining, þ.e. endingin *-um* í öllum fallorðum (nema lo. í veikri beygingu og miðstigi). Í ef. er endingin að vísu *-a* í nafnorðum, *-ra* í lo. og fn.; en þar eru auðvitað líkindi á milli.

Athyglisverð eru líka tengslin milli hinna mörkuðu formdeilda kvk. og ft. annars vegar, og hinna ómarkaðri, kk. og hk., hins vegar. Áður var bent á að lo.-endingar sem byrja á *-r* eru einskorðaðar við kvk. og ft.; og ef.et.lo. og fn. er alltaf eins í kk. og hk., líka þegar það er óreglulegt, eins og bent var á í sambandi við *enginn*. Þá eru tengsl milli þgf.et.kk. og hk. í lo. og fn.

Líkindin milli fleirtölubeygingar no. annars vegar og lo. og fn. hins vegar eru líka mjög greinileg; í kk. er nefnifallsendingin sérhljóð + *r*, en þolfallsendingin bara sérhljóð, alveg eins og í no.; munurinn felst í því, að í no. er alltaf sama sérhljóðið (*a* eða *i*) í báðum föllunum, en í lo. er *i* í nf., en *a* í þf. Í kvk. eru nf. og þf.ft. alltaf eins, rétt eins og í no., og nota endinguna *-ar*, sem er algeng í no. líka; og í hk. eru nf. og þf. alltaf endingarlaus í ft., alveg eins og í no.

Þá má nefna að í sterkri beygingu lo. er ending nf.et.kk. alltaf *-r* (sem ýmsar hljóðkerfisreglur, þær sömu og í no., geta svo breytt) eins og í no.; og nf.et.kvk. er endingarlaus, bæði í no. og lo. Nf. og þf.et. hafa sömu mynd í öllum fallorðum í hvorugkyni. Endingar veikrar beygingar eru eins í no. og lo. í öllum kynjum í eintölunni.

## 16.6 Stigbreyting

### 16.6.1 Stigbreyting lýsingarorða

Endingar efri stiganna eru *-ar-* í miðstigi og *-ast-* í efstastigi. Þær geta stundum misst *-a-*, og verður hér haft fyrir satt að hægt sé að gera grein fyrir því með hljóðbeygingarreglu. Það þarf því aðeins eina beygingarreglu fyrir hvort stig; og áður er búið að gera grein fyrir fallbeygingunni.

Lítum nú á stigbreytingu nokkurra lo.; notað er kvk., svo að stofninn komi fram.

| Fst.     | Mst.       | Est.         |
|----------|------------|--------------|
| gömul-Ø  | eld-r-i    | el-st-Ø      |
| stór-Ø   | stær-r-i   | stær-st-Ø    |
| falleg-Ø | falleg-r-i | falleg-ust-Ø |
| rík-Ø    | rík-ar-i   | rík-ust-Ø    |

Þarna eru sýndar fjórar tegundir stigbreytingar. Orð eins og *rík*, sem bæta við sig *-ar-* og *-ast-*, eru langflest. Flest orð sem hafa óþanið sérhljóð í stofni og aðeins eitt samhljóð í bakstöðu virðast fá þessar endingar. Endingarnar *-r-* og *-st-*, eins og í *stór*, fá mörg orð með þanið sérhljóð í stofni, svo og orð sem enda á *-ng* (*þungur*, *svangur*, *langur*) eða *-nn* (*grunnur*, *þunnur*). Ef *-a-ið* fellur úr endingunni, tekur stofnsérhljóðið yfirleitt *i*-hljóðvarpi ef það getur.

Sum lo. fá *-r-* í mst., en *-ast-* í est., eins og *falleg*. Þar er einkum um að ræða tvær tegundir orða; annars vegar þau sem enda á *-leg-* eða *-ug-* (*vegleg*, *kunnug*); hins vegar þau sem enda á þöndu sérhljóði + *l* eða *n* (*sæl*, *heil*, *kæn*, *sein*; undantekning er *væn*, sem er *vænst* í est.). Mörg orð þar sem stofninn endar á þöndu sérhljóði stigbreytast líka svona (*þrá*, *sljó*, *hlý*, *ný*); önnur missa *-a-* í báðum stigum og fá hljóðvarp (*fá*, *há*) eða eru hljóðvarpslaus (*kná*, *mjó*).

Nokkur orð hafa svo óreglulega stigbreytingu, eins og *gömul*; þau skipta þá um stofn í efri stigunum, en hafa venjulegar endingar (án *-a-*; *góður* – *betri* – *bestur*, *lítill* – *minni* – *minnstur*, *mikill* – *meiri* – *mestur*, *margur* – *fleiri* – *flestur*, *vondur* – *verri* – *verstur*). Allt eru þetta algeng orð, sem leyfist þessi óregla af þeim sökum.

Að lokum skal rifjað upp að nokkur lo. þar sem stofninn endar á sérhljóði, s.s. *andvaka*, *hugsi*, breyta aldrei um form; en þau geta stigbreyst með *meira* og *mest*.

### 16.6.2 Stigbreyting atviksorða

Sum atviksorð stigbreytast einnig. Til þess nota þau sömu endingar og lo., *-ar* og *-ast*, en í ao. koma auðvitað engar fallendingar þar aftan á. Þó er oft notað *-ara* í stað *-ar* í mst. Eins og lo. geta ao. misst *-a-* úr endingunni; þá verður miðstigsendingin bara *-r*, og ef hún kemur á stofn sem endar á samhljóði gilda sömu reglur og þegar nefnifallsendingin *-r* í kk.et.no. og lo. bætist við stofn; t.d. er oft skotið inn *-u-*, s.s. í #lang-r# → *lengur*. Þá fylgir *i*-hljóðvarp styttri endingunum eins og í lo. Lítum nú á nokkur sýnishorn:

| Fst.    | Mst.    | Est.     |
|---------|---------|----------|
| aftur   | aft-ar  | aft-ast  |
| lengi   | leng-ur | leng-st  |
| (norð-) | norð-ar | nyr-st   |
| beint   | bein-na | bein-ast |
| vel     | bet-ur  | be-st    |

Svipaðar reglur virðast gilda og í lo. um hvaða stofn fær hvaða endingu; þannig fær *beint* styttri endinguna í mst., en þá lengri í est., eins og *beinn*. Svo hafa nokkur ao. lengri endinguna í mst., en þá styttri í est., og er því aðeins hljóðvarp þar; það munstur er ekki til í lo. Þetta eru orð eins og *norðar* – *nyrst*, *sunnar* – *syðst*, *innar* – *innst*, *utar* – *yst*, *ofar* – *efst* o.fl.; sameiginlegt einkenni þeirra er að þau eru ekki til í frumstigi.

Þá hafa enn nokkur ao. óreglulega stigbreytingu, s.s. *illa* – *verr* – *verst*, *mjög* – *meir* – *mest*, *lítt* – *miður* – *minnst* o.fl.

## 17. SAGNBEYGING

### 17.1 Yfirlit um sagnbeygingu

#### 17.1.1 Sterkar sagnir og veikar

Hefðbundin tvískipting sagna í íslensku er í **sterkar** og **veikar**. Munurinn felst í því, að þær veiku hafa sérstaka endingu (tann- eða tannbergsmælt lokhljóð eða önghljóð, *ð/d/t*) í þátíð, en þær sterku ekki. Þær síðarnefndu hafa þess í stað **hljóðskipti** (e. *ablaut*), þ.e. skipta um stofnsérhljóð eftir ýmsum reglum, sem hér verða taldar hljóðbeygingarreglur og gerð skil síðar.

Gera verður ráð fyrir orðasafnsþætti, sem greini milli sterkra og veikra sagna. Eðlilegt virðist að telja veikar sagnir ómarkaðar, þar eð sagnir færast fremur úr sterkri beygingu í veika en öfugt, og allar nýjar sagnir sem koma inn í málið verða veikar; við getum því notað þáttinn [ $\pm$ sterk]. Þegar sögn er merkt [ $+$ sterk], hindrar það beitingu beygingarreglu sem bætir við þátíðarendingu.

Eins og vaninn er með orðasafnsþætti verður að læra sérstaklega fyrir hverja sögn hvernig þátturinn [ $\pm$ sterk] er merktur. Þó er hægt að koma þar við ýmsum orðasafnsreglum, sem sýna að sögnum með ákveðið hljóðafar er eðlilegt að vera sterkar. Ein þeirra gæti t.d. spáð því að sögn sem hefur *í* í stofni og a.m.k. eitt samhljóð á eftir sé sterk; sbr. *bíta*, *síga*, *víkja*. Undantekningar eru fáar; þó má nefna *sníkja* og tökusögnina *fíla*, svo og þær sem skrifaðar eru með *ý* (*hlýja*, *fýla* o.fl.). Hliðstæða reglu mætti setja upp fyrir sagnir sem hafa *jó* og *jú* í stofni (*sjóða*, *ljúga*).

Sagnir eru **opinn** orðflokkur, eins og nafnorð. Hins vegar er flokkur sterkra sagna alveg lokaður, og þær sterku sagnir sem notaðar eru í nútímamáli eru ekki margar; á bilinu 100–150. Þar á meðal eru þó margar algengustu sagnir málsins, sem geta haldið sterku beygingunni sökum tíðni sinnar.

#### 17.1.2 Sundurgreining endinga

Það kom fram í 14. kafla að sagnir beygjast eftir mörgum formdeildum; tíð, hætti, tölu og persónu. Ýmis vafaatriði eru í sambandi við það hvernig eigi að gera grein fyrir þessari beygingu á formlegan hátt; einkum hvort eigi að gera ráð fyrir sérstakri endingu fyrir hverja formdeild, eða hvort eigi að telja að endingar sagna séu ósundurgreinanlegar, fulltrúar margra formdeilda hver. Eigum við t.d. að segja að í myndinni *leituðuð* sé *-uðuð* ein ending, sem sé sameiginlegur fulltrúi fjögurra formdeilda, 2. persónu, fleirtölu, viðtengingar- eða framsöguháttar og þátíðar; eða eigum við að reyna að greina endinguna niður, aðskilja fulltrúa formdeildanna? Báðir kostirnir eru hugsanlegir, en ef sá seinni er valinn, lenda oft saman mörg áherslulaus, óþanin sérhljóð, sem síðan þarf flest að fella niður. Slíkrar reglu er þó þörf hvort eð er, þannig að hér myndi ekki vera um fjölgun reglna að ræða. Hér verður því litið svo á að í sagnbeygingu geti allt upp í fjórar reglur verkað á sama form, hver á eftir annarri:

- a Regla sem bætir við *-ði* í þátíð veikra sagna
- b Regla sem bætir við *-i* í viðtengingarhætti
- c Reglur sem bæta við fleirtöluendingu (oftast *-u*)
- d Ýmsar reglur sem bæta við persónuendingum

Athugið að gert er ráð fyrir að ómörkuð gildi formdeilda, þ.e. nútíð, framsöguháttur, eintala og (oftast) 3. persóna, bæti engum endingum við; aðeins mörkuðu gildin geri það.

Myndin *leituðuð*, 2.pers.ft.vh.þt. af *leita* (getur reyndar líka verið fh.), væri þá leidd út á þennan hátt; athugið að hér hafa allar formdeildirnar markað gildi:

- a Orðasafnsmynd #leita#
- b Eftir (1)a #leita-ði#
- c Eftir (1)b #leita-ði-i#
- d Eftir (1)c #leita-ði-i-u#
- e Eftir (1)d #leita-ði-i-u-ð#

Síðan þarf reglan sem eyðir áherslulausu óþöndu sérhljóði á undan öðru slíku að verka tvisvar, og eyða báðum *i*-unum; en breytingin  $a \rightarrow u$  í stofninum er af völdum *u*-hljóðvarps, sem er almenn hljóðkerfisregla.

## 17.2 Beygingardæmi sagna

### 17.2.1 Veikar sagnir

Við skulum nú athuga beygingu nokkurra veikra sagna:

|     |     |     |      | a       | b      | c      | d       |
|-----|-----|-----|------|---------|--------|--------|---------|
| Nt. | fh. | et. | 1.p. | tel-Ø   | dæm-i  | dug-i  | kalla-Ø |
|     |     |     | 2.p. | tel-ur  | dæm-ir | dug-ir | kalla-r |
|     |     |     | 3.p. | tel-ur  | dæm-ir | dug-ir | kalla-r |
|     |     | ft. | 1.p. | telj-um | dæm-um | dug-um | köll-um |
|     |     |     | 2.p. | telj-ið | dæm-ið | dug-ið | kall-ið |
|     |     |     | 3.p. | telj-a  | dæm-a  | dug-a  | kall-a  |
|     | vh. | et. | 1.p. | telj-i  | dæm-i  | dug-i  | kall-i  |
|     |     |     | 2.p. | telj-ir | dæm-ir | dug-ir | kall-ir |
|     |     |     | 3.p. | telj-i  | dæm-i  | dug-i  | kall-i  |
|     |     | ft. | 1.p. | telj-um | dæm-um | dug-um | köll-um |
|     |     |     | 2.p. | telj-ið | dæm-ið | dug-ið | kall-ið |
|     |     |     | 3.p. | telj-i  | dæm-i  | dug-i  | kall-i  |

|     |     |     |      |         |         |         |           |
|-----|-----|-----|------|---------|---------|---------|-----------|
| Þt. | fh. | et. | 1.p. | tald-i  | dæm-di  | dug-ði  | kalla-ði  |
|     |     |     | 2.p. | tald-ir | dæm-dir | dug-ðir | kalla-ðir |
|     |     |     | 3.p. | tald-i  | dæm-di  | dug-ði  | kalla-ði  |
|     | ft. |     | 1.p. | töld-um | dæm-dum | dug-ðum | köllu-ðum |
|     |     |     | 2.p. | töld-uð | dæm-duð | dug-ðuð | köllu-ðuð |
|     |     |     | 3.p. | töld-u  | dæm-du  | dug-ðu  | köllu-ðu  |
|     | vh. | et. | 1.p. | teld-i  | dæm-di  | dug-ði  | kalla-ði  |
|     |     |     | 2.p. | teld-ir | dæm-dir | dug-ðir | kalla-ðir |
|     |     |     | 3.p. | teld-i  | dæm-di  | dug-ði  | kalla-ði  |
|     |     | ft. | 1.p. | teld-um | dæm-dum | dug-ðum | köllu-ðum |
|     |     |     | 2.p. | teld-uð | dæm-duð | dug-ðuð | köllu-ðuð |
|     |     |     | 3.p. | teld-u  | dæm-du  | dug-ðu  | köllu-ðu  |
|     | Bh. | et. | 2.p. | tel(du) | dæm(du) | dug(ðu) | kalla(ðu) |
|     | Lh. | þt. |      | tal-in- | dæm-d-  | dug-að- | kalla-ð-  |
|     | Nh. |     |      | telj-a  | dæm-a   | dug-a   | kalla-Ø   |

Veikum sögnum er oft skipt í fjóra flokka, og kalla sagnir eins og *telja* 1. flokk, sagnir eins og *dæma* 2. flokk, sagnir eins og *duga* 3. flokk, og sagnir eins og *kalla* 4. flokk. Í þessari flokkun er farið eftir ýmsum atriðum, en þó einkum eftir endingunni í 1.pers.et.fh.nt., sem er talin Ø í 1. flokki, -i í 2. og 3. flokki, og -a í 4. flokki. Fleira er þó haft til hliðsjónar við flokkunina, s.s. verkun *i*-hljóðvarps og ending *lh.þt.*

Hér verður hins vegar talið að þessi flokkun sé óþörf, þar eð beygingin sé fyrir-segjanleg út frá orðasafnsmyndinni, þ.e. nafnhættinum. Reiknað er með að orðasafnsmynd *telja* sé #tel+j-a#, þ.e. #X+j-a#; orðasafnsmynd *dæma* og *duga* sé #dæm-a# og #dug-a#, þ.e. #X-a#; og orðasafnsmynd *kalla* sé #kalla#, þ.e. #X#. *X* táknar stofn sagnarinnar, sem kemur fram í boðhættinum (*tel* (þú), *dæm* (þú), *dug* (þú), *kalla* (þú)). Munur sagnanna kemur þá fram í því, að .sérstök beygingarregla bætir við -i í nt.fh.et. sagna sem hafa orðasafnsmyndina #X-a#.

Þetta þýðir að gert er ráð fyrir að -a í *kalla* sé ekki af sama toga og -a í *telja*, *dæma* og *duga*. Það fyrrnefnda er hluti stofns, eins og sést á því að það helst í allri beygingunni (*kallaði*, *kalla þú*); en í hinum flokkunum er það ending nafnháttar og kemur ekki annars staðar fram (*teldu*, ekki \**teljaðu*; *dæmdi*, ekki \**dæmaði*, o.s.frv.).

Aðgreining er meiri í ómörkuðum formdeildum en mörkuðum, eins og bent var á í 16.5 að oft gerist í fallbeygingu; það er aðeins í nt.et.(fh.), sem sagnir með mismunandi orðasafnsmynd fá sérstakar endingar. Það er athyglisvert, að nær allar nýjar sagnir sem koma inn í málið virðast beygjast eins og *kalla*, þ.e. hafa orðasafnsmynd af gerðinni #X#; en slíkar sagnir þurfa enga aukareglu í nt.fh.et. eins og aðrar veikar (og sterkar) sagnir. E.t.v. sýnir þetta tilhneigingu til að komast af með sem fæstar reglur. Einnig er það aðeins í nt. sem fleirtöluendingin er mismunandi eftir persónum (*u/i/a*).

### 17.2.2 Sterkar sagnir

Sterkar sagnir greinast frá veikum á þann hátt að hafa enga endingu í þátíð, en í staðinn skipta þær um stofnsérhljóð eftir ákveðnum reglum. Vaninn er að gera ráð fyrir fjórum svokölluðum **kennimyndum** (e. *principal parts*); nafnhætti, 1.pers.et.fh.þt., 1.pers.ft.fh.þt., og lh.þt. Af þessum myndum á síðan að vera hægt að leiða allar aðrar; t.d. er vh.þt. leiddur af ft.fh.þt.

Þau mismunandi munstur sem fram koma í kennimyndunum eru kölluð **hljóð-skiptaraðir**, og er sögnum skipt í flokka eftir þeim. Yfirleitt er gert ráð fyrir 6–7 flokkum sterkra sagna; auk þess eru 5 flokkar svonefndra tvöföldunarsagna.

Gallinn er hins vegar sá, að fjölmargar sagnir verður að telja upp sem undantekningar, því að þær falla ekki alveg að neinum flokkanna. Hér verður því ekki hirt um þessa flokka, heldur litið á orðasafnsmyndina og athugað að hve miklu leyti beygingin sé fyrirsegjanleg út frá henni. Lítum á dæmi:

|     |     |     |      | a      | b       | c        | d      |
|-----|-----|-----|------|--------|---------|----------|--------|
| Nt. | fh. | et. | 1.p. | bít-Ø  | býð-Ø   | brest-Ø  | fer-Ø  |
|     |     |     | 2.p. | bít-ur | býð-ur  | brest-ur | fer-ð  |
|     |     |     | 3.p. | bít-ur | býð-ur  | brest-ur | fer-Ø  |
|     |     | ft. | 1.p. | bít-um | bjóð-um | brest-um | för-um |
|     |     |     | 2.p. | bít-ið | bjóð-ið | brest-ið | far-ið |
|     |     |     | 3.p. | bít-a  | bjóð-a  | brest-a  | far-a  |
|     | vh. | et. | 1.p. | bít-i  | bjóð-i  | brest-i  | far-i  |
|     |     |     | 2.p. | bít-ir | bjóð-ir | brest-ir | far-ir |
|     |     |     | 3.p. | bít-i  | bjóð-i  | brest-i  | far-i  |
|     |     | ft. | 1.p. | bít-um | bjóð-um | brest-um | för-um |
|     |     |     | 2.p. | bít-ið | bjóð-ið | brest-ið | far-ið |
|     |     |     | 3.p. | bít-i  | bjóð-i  | brest-i  | far-i  |
| Þt. | fh. | et. | 1.p. | beit-Ø | bauð-Ø  | brast-Ø  | fór-Ø  |
|     |     |     | 2.p. | bei-st | bauð-st | bra-st   | fór-st |
|     |     |     | 3.p. | beit-Ø | bauð-Ø  | brast-Ø  | fór-Ø  |
|     |     | ft. | 1.p. | bit-um | buð-um  | brust-um | fór-um |
|     |     |     | 2.p. | bit-uð | buð-uð  | brust-uð | fór-uð |
|     |     |     | 3.p. | bit-u  | buð-u   | brust-u  | fór-u  |
|     | vh. | et. | 1.p. | bit-i  | byð-i   | bryst-i  | fær-i  |
|     |     |     | 2.p. | bit-ir | byð-ir  | bryst-ir | fær-ir |
|     |     |     | 3.p. | bit-i  | byð-i   | bryst-i  | fær-i  |
|     |     | ft. | 1.p. | bit-um | byð-um  | bryst-um | fær-um |
|     |     |     | 2.p. | bit-uð | byð-uð  | bryst-uð | fær-uð |
|     |     |     | 3.p. | bit-u  | byð-u   | bryst-u  | fær-u  |

|     |     |      |         |           |           |         |
|-----|-----|------|---------|-----------|-----------|---------|
| Bh. | et. | 2.p. | bít(tu) | bjóð(ddu) | breist(u) | far(ðu) |
| Lh. | þt. |      | bit-in- | boð-in-   | brost-in- | far-in- |
| Nh. |     |      | bít-a   | bjóð-a    | breist-a  | far-a   |

Eins og sjá má eru endingarnar að mestu leyti hinar sömu og í veiku sögnunum, að því auðvitað undanskildu að sterku sagnirnar hafa enga þátíðarendingu. Þar að auki hafa þær endinguna -st í 2.pers.et.fh.þt., sem veiku sagnirnar hafa ekki.

Önnur atriði sem eru öðruvísi í beygingu sterkra sagna en veikra tengjast flest hljóðskiptunum á einn eða annan hátt.

### 17.2.3 Núþálegar sagnir

Nokkrar sagnir eru kallaðar **núþálegar** (e. *preterite present*); *eiga*, *mega*, *unna*, *kunna*, *þurfa*, *vita*, *vilja*, *muna*, *munu*, *skulu* og e.t.v. *vera*. Ástæðan fyrir nafngiftinni er sú, að nútíð þessara sagna er mynduð á svipaðan hátt og þátíð sterkra sagna, þ.e. með hljóðskiptum; þátíðinni svipar aftur á móti oftast til þátíðar veikra sagna, þ.e. hefur endingu með tannbergsmæltu lok- eða önghljóði. Þó hefur *vera* sterka þátíð, enda ýmist hvort hún er talin þarna með; og *unna* og *kunna* fá ekki tannbergsmælt lok-eða önghljóð í þt., en endingar veikra sagna að öðru leyti (*kunni*, *unni*). *Eiga*, *mega* og *vita* taka stofnbreytingum í þt. (*átti*, *mátti*, *vissi*); og í raun og veru eru það ekki nema *vilja* og *muna* sem hafa reglulega þátíð að hætti veikra sagna.

*Munu* og *skulu* eru einu sagnir málsins sem hafa nafnháttarendinguna *u* í stað *a*; og þær eru líka einu sagnirnar sem geta haft *u* í 2. og 3.pers.ft.nt., #mun-u-i-ð# → *munuð*, þótt *u* virðist nú vera að víkja fyrir *i* í 2.pers.ft.fh.og 2. og 3.pers.ft.vh.

Í nt.et. eru þessar sagnir endingarlausar nema í 2.pers., þar sem þær bæta við sig -t (sem tvöfaldast á eftir þöndu sérhljóði eins og í hk.lo.: #má-t# → *mátt*). Að öðru leyti fá þessar sagnir sömu háttar-, tölu- og persónuendingar og aðrar sagnir. Þar er þó *vera* undanskilin; hún er alveg sér um endingar í nt.vh., auk þess sem hún skiptir þar um stofn og fær sé; beygingin er *sé* – *sért* – *sé*; *séum* – *séuð* – *séu*, og er aðeins endingin í 1.pers.ft. venjuleg. Í nt. fær *vera* sömu endingar og *munu* og *skulu*, en getur aldrei fengið *i* í stað *u* í endinguna í 2.pers.ft. eins og þær; *eruð*, aldrei \**erið*. Það er auk þess sérstakt fyrir *vera*, að hún hefur einnig reglulegan viðtengingarhátt eða öllu heldur óskhátt; *fari hann og veri*.

Hér má einnig nefna svokallaðar -ri-sagnir, sem mynda þátíð með því að bæta við sig -ri og breyta stofnsérhljóðinu (ú eða ó) í é (eða e); *róa*, *gróa*, *núa*, *snúa*.

### 17.2.4 Miðmynd

Í 13.2.2 var talið að yfirleitt væri réttast að greina miðmynd sem orðmyndun, frekar en beygingu. Hún hefur þó þá sérstöðu, að miðmyndarendingin, -st, bætist yfirleitt aftan við persónuendingar sagna; og þess vegna skal litið hér aðeins á samspil endinganna. Það er nefnilega ekki svo að persónuendingarnar séu alltaf óbreyttar; ending

2.pers.ft., -ð, fellur alltaf brott á undan -st; #kalla-i-ð+st# → *kallist*, enda höfðu slíkar myndir z meðan hún var og hét.

En afbrigðin eru fleiri. Endingin -r í 3.pers.et.fh.nt. og 2.pers.et. beggja tíða og háttu (nema í fh.pt. sterkra sagna) fellur líka brott í miðmynd; #tel-r+st# → *telst*, #dæm-i-r+st# → *dæmist*, #kalla-ði-r+st# → *kallaðist*. Þá koma aldrei tvær -st- endingar í röð upp á yfirborðið í 2.pers.et.fh.pt. sterkra sagna. Þetta kemur t.d. fram í miðmynd, þar sem miðmyndarendingin ætti að bætast við hina almennu -st-endingu, #bauð-st+st#; en útkoman verður *bauðst*, ekki *\*bauðstst*. Sama gerist þegar stofninn endar á -st, eins og í *bresta*; #brast-st# → *brast*, ekki *\*brastst*. Þetta verður til þess, að í miðmynd verða allar persónur eintölu eins í hvorri tíð fyrir sig: *ég kallast – þú kallast – hún kallast; ég kallaðist – þú kallaðist – hún kallaðist*.

## 17.3 Hljóðbeygingarreglur

### 17.3.1 Hljóðskipti

Beyging sterkra sagna er að talsverðu leyti fyrirsegjanleg út frá orðasafnsmyndinni einni saman. Gengið er út frá því að við kunnum ákveðin munstur, sem ákveðnar orðasafnsmyndir ganga inn í; og hver tegund orðasafnsmynda geti aðeins gengið inn í eitt munstur. Ef hún gengur inn í fleiri, er beygingin að sjálfsögðu ekki lengur fyrirsegjanleg út frá orðasafnsmyndinni einni.

- a **í – ei – i – i** (bíta – beita – bitum – bitið)  
Þannig beygjast sterkar sagnir sem hafa *í* í orðasafnsmynd, nema *bíða*, sem hefur *e* í lh.pt. Sagnir sem hafa *-kj-* í orðasafnsmynd (*svíkja*) missa *-j-* í framsöguhætti þátíðar (annars rennur það saman við lokhljóðið og út kemur framgómmeðt lokhljóð, [c]). Alls 32 sagnir.
- b **jó – au – u – o** (bjóða – bauð – buðum – boðið)  
Þannig beygjast sterkar sagnir sem hafa *jó*, *jú* eða *ú* (á undan samhljóði) í orðasafnsmynd; alls 34.
- c **e – a – u – o** (bresta – brast – brustum – brostið)  
Þannig beygjast sagnir sem hafa *e* í orðasafnsmynd og tvö samhljóð á eftir, nema um sé að ræða tvöfalt nefhljóð (*brenna*) eða gómhljóð (*drekka*), þá er *u* í lh.pt. Alls eru þetta 24 sagnir, en undantekningar eru *svelgja* og *bregða*.
- d **e – a – á – o** (bera – bar – bárum – borið)  
Þannig beygjast þrjár sagnir sem hafa *e* í orðasafnsmynd og eitt [+hljóm-andi] samhljóð á eftir; en tvær sagnir af þeirri gerð, *fela* og *nema*, beygjast öðruvísi.

- e     **e – a – á – e** (*gefa – gaf – gáfum – gefið*)  
Þannig beygjast 8 sagnir með *e* í orðasafnsmynd og eitt [–hljómandi] samhljóð á eftir; undantekningar eru *vefa* og *vega*.
- f     **e – ó – ó – a** (*hefja – hóf – hófum – hafið*)  
Þannig beygjast þrjár sagnir sem hafa *e* í orðasafnsmynd á undan *-fj-* eða *-rj-*.
- g     **a – ó – ó – e** (*taka – tók – tókum – tekið*)  
Þannig beygjast fjórar sagnir sem hafa *a* í orðasafnsmynd og gómhljóð næst á eftir.
- h     **a – ó – ó – a** (*fara – fór – fórum – farið*)  
Þannig beygjast sterkar sagnir sem hafa *a* í orðasafnsmynd á undan öðrum samhljóðum en gómhljóðum; alls 10 sagnir.
- i     **á – é – é – á** (*gráta – grét – grétum – grátið*)  
Þannig beygjast sagnir sem hafa *á* á undan tannhljóði í orðasafnsmynd, alls fjórar.
- j     **já (– e) – a – u – o** (*skjálfa* (nt. *skelf*) – *skalf* – *skulfum* – *skolfið*)  
Þannig beygjast fjórar sagnir með *ja* eða *já* í orðasafnsmynd á undan samhljóði; í *gjalda* verður #gjald# → *galt* í þt.
- k     **i – a – u – u** (*binda – batt – bundum – bundið*)  
Þannig beygjast 5 sagnir sem hafa *i* í orðasafnsmynd á undan nefhljóði + lokhljóði. Í þt.et. verður samlögun (*binda – batt, stinga – stakk*).
- l     **i – a – u – u** (*vinna – vann – unnum – unnið*)  
Þannig beygjast fjórar sagnir með *i* á undan tvöföldu nefhljóði eða *r* + nefhljóði í orðasafnsmynd; *finna* er þó óregluleg að því leyti að þar kemur *d* inn í 3. og 4. kennimynd.
- m     **ö (– e) – ö – u – o** (*hrökkva* (nt. *hrekki*) – *hrökk* – *hrukkum* – *hrokkið*)  
Þannig beygjast þrjár sagnir með *ö* í orðasafnsmynd, en *höggva* er undantekning.
- n     **au – jó – u – au** (*ausa – jós – (j)usum – ausið*)  
Þannig beygjast þrjár sagnir með *au* í orðasafnsmynd; ef stofnsérhljóðið er fremsta hljóðið, getur *j* haldist í 3. kennimynd.

Hér hafa verið talin öll munstur sem þrjár eða fleiri sagnir fara eftir; alls 14 munstur með 141 sögn. Undantekningar, þ.e. sagnir sem hafa sams konar orðasafnsmynd og eitthvert þessara munstra, en fylgja því samt ekki, eru aðeins 7. Þannig má því gera grein fyrir langstærstum hluta sterkra sagna í íslensku.

Þegar komið er í munstur sem færri en þrjár sagnir hafa, fer auðvitað að verða vafa- samt að svona uppsetning hafi eitthvert gildi. Þó má nefna fjögur þör sagna sem beygjast eins; *liggja* og *þiggja*; *biðja* og *sitja*; *heita* og *leika*; *slá* og *flá*. Reyndar eru *þiggja* og *flá* oftast beygðar veikt í nútímamáli. Þá eru eftir tæplega 30 sagnir, sem hver hefur sitt sérstaka munstur. Sumar þeirra eru nú lítið sem ekkert notaðar, en flestar eru þó meðal algengustu sagna málsins, og geta haldið sérvisku sinni af þeim sökum; þar má t.d. nefna *bíða*, *syngja*, *koma*, *sofa*, *standa*, *halda*, *ganga*, *fá*, *hlæja*, *þvo*, *sjá*, *búa*.

### 17.3.2 Aðrar hljóðbeygingarreglur

*i*-hljóðvarps hefur áður verið getið. Það er oft að verki í *vh.þt.* sagna (veikra og sterkra), sbr. víxlin *duga* – *dygði*, *slökkva* – *slekti*, *ná* – *næði* o.s.frv. Þó koma *i*-hljóðvarpsvíxl sjaldnast fyrir í veikum sögnum með orðasafnsmyndina #X-a#; undantekningar eru t.d. *vaka*, *þora*, *tolla*, *duga*, *segja*, *þegja* o.fl. Hins vegar hafa margar sagnir af þessari tegund, s.s. *dæma*, *heyra*, *i*-hljóðvarpshljóð í **allri** beygingunni. *i*-hljóðvarpið verkar ekki bara í *vh.þt.*, heldur einnig í *nt.et.fh.* sterkra sagna; #bjóð# → *býð*, #tak-r# → #tek-r# *tekur*, o.s.frv.

Sagnir af gerðinni #X+j-a# eru sérstakt vandamál í þessu sambandi. Þær hafa sérhljóðavíxl milli *nt.* og *þt.*, og er sama sérhljóð í *nt.* og í *nh.*; *telja* – *tel* – *taldi*. Þetta mætti skýra með sérstakri gerð af *i*-hljóðvarpi, en það hefði þann galla, að leggja yrði þátíðarsérhljóðið (*a*) til grundvallar, í stað sérhljóðs orðasafnsmyndarinnar. Hér verður því gert ráð fyrir að í þessum sögnum verki „öfugt“ *i*-hljóðvarp (*e* → *a* í *telja* – *taldi*, *verja* – *varði* o.s.frv.; *y* → *u* í *spyrja* – *spurði*, *hylja* – *huldi* o.fl.; *æ* → *á* í *tæja* – *táði*, *æja* – *áði*). Þetta „öfuga“ *i*-hljóðvarp verkar í *fh.þt.* (og *lh.þt.*), en annars er sama stofnsérhljóð og í *nh.* Athugið þó að þessi regla er ekki undantekningalaus; þannig er *þt. selja* og *setja* ekki *\*saldi* og *\*satti*, heldur *seldi* og *setti*.

Ýmsar samhljóðabreytingar koma einnig fyrir í kennimyndum sterku sagnanna. Algengust er samlögun sem verður í *þt.et.* þegar stofninn endar á hljómandi hljóði + *b/d/g*; út kemur langt *pp/tt/kk* (sem aðblástursreglan breytir svo í [hp, ht, hk]); #band# → *batt*, #stang# → *stakk*.

Þá fellur v yfirleitt brott á undan kringdu sérhljóði; *hverfa* – *hurfum* – *horfinn*, *vinna* – *unnum*. Athugið að brottfall verður líka á undan *y*, þótt í nútímamáli sé það ókringt, [ɪ]; *hyrfi*, *ynni*. Í máli þeirra sem hafa *kv*-framburð skiptast líka á *k*- og *h*- í sögninni *hverfa* í sambandi við þetta brottfall.

Eins og áður er sagt verður að leiða stofnsérhljóðið í *vh.þt.* af stofnsérhljóðinu í *þt.fh.ft.*, til að út komi eðlileg *i*-hljóðvarpsvíxl (*gáfum* – *gæfi*). En þetta gildir ekki bara um stofnsérhljóðið, heldur einnig um samhljóðana í stofninum; þar sem einhver samhljóðavíxl koma fyrir í beygingu, kemur í ljós að alltaf eru sömu samhljóð í *vh.þt.* og í *þt.fh.ft.* Þetta sést t.d. í *finna* – *fann* – *fundum*, *vh.þt. fyndi*.

Aðrar reglur eru flestar þær sömu og áður hafa verið nefndar. Regla sem fellir brott *j* og *v* í bakstöðu og á undan samhljóði (sjá 15.5.2) verkar t.d. í 1.pers.et.fh. #tel+j# → *tel*, og #slökkv# → *slekk*. *u*-innskot verkar t.d. í 2. og 3.pers.et.fh. #tel-r# → *telur*. Þá fellur *r* brott á eftir *s* og *r* (sbr. brottfall í nf. no. eins og *ís*, *hamar* og lo. eins og *ljós*, *stór*); í so. kemur þetta fram t.d. í #ver-r# → *ver*.

Ónefnd er þó ein hljóðbeygingarregla, sem er sérstök fyrir sagnir. Það er regla sem bætir -ð við form 2.pers.et.fh.nt. þeirra sagna sem hafa þar einkvæða mynd eftir að allar hljóðbeygingar- og hljóðkerfisreglur hafa verkað. Þetta geta aðeins verið sterkar sagnir eða veikar sagnir af gerðinni #X+j-a#, því að aðrar veikar sagnir hafa ýmist tvíkvæðan stofn #X#, eins og *kalla*, eða bæta við sig -i í et.fh.nt., eins og *dæma*, *horfa*. Þar að auki verða þetta að vera sagnir þar sem rótin endar á -s eða -r (og fella því brott endinguna -r eins og sagt var hér á undan) eða sérhljóði; á allar aðrar sagnir verkar nefnilega *u*-innskotsreglan og gerir þær tvíkvæðar. Á þetta -ð geta síðan verkað samlögunarreglur og út kemur #les-ð# → *lest*, #ver-ð# → *verð*, #flý-r-ð# → *flýrð*.

Margar fleiri reglur mætti auðvitað nefna í sambandi við sagnbeyginguna, svo og fjölda undantekninga sem reglum verður ekki komið yfir með góðu móti; en þetta verður látið gott heita.

## 17.4 Aðrir hættir

### 17.4.1 Boðháttur

Myndun boðháttar er ákaflega einföld, og er eins í öllum sögnum, hvort sem þær eru veikar, sterkar eða núpálegar; ending orðasafnsmyndarinnar er klippt af, og stofninn skilinn ber eftir. Við hann geta svo best venjulegar persónuendingar í ft. Það kemur fram í sögninni *vera*, sem myndar boðhátt reglulega af nafnhættinum, eins og aðrar sagnir, þótt hún myndi bæði fh. og vh. óreglulega; *ver(tu)*; *verum*; *verið* í bh., en *ert* – *erum* – *eruð* í fh. og *sért* – *séum* – *séuð* í vh.

Þegar myndin -ðu bætist við boðháttinn í 2.pers.et., verka á hana sömu reglur og þátíðarendinguna -ði; við fáum #ber+ðu# → *berðu*, #fel+ðu# → *feldu*, #gleð+ðu# → *gleddu*, o.s.frv. En einnig er algengt að bara -ð (sem breytist síðan samkvæmt ýmsum hljóðkerfisreglum) bætist við, en *þú* fylgi líka með í setningunni; *vert þú kyrr*; *komd þú aftur*; o.s.frv. Ef *u*-ið fylgir með er hins vegar ekki hægt að hafa *þú* líka; \**vertu þú kyrr*; \**komdu þú aftur*.

Athugið líka að setningafræðilega hefur boðhátturinn sérstöðu; hann verður að standa fremst í setningu. Ef neitun er í setningunni, hefur hún tilhneigingu til að standa fremst, og þá verður að nota nh. í stað bh.; *Ekki fara* í stað \**Ekki farðu* (en *Farðu ekki*).

### 17.4.2 Lýsingarháttur þátíðar

Lýsingarháttur þátíðar hefur tvö mismunandi form; -in-, eins og í *talin*, og -að-, eins og í *dugað*. Eins og drepið var á í 14.2.7 er dálítið vafasamt hvort rétt er að flokka lh.pt.

sem beygingu; sérstaða hans felst í því að þar virðist, oft a.m.k., skipt um orðflokk, þannig að sögn verði að lýsingarorði. Stundum a.m.k. virðist því eðlilegt að greina myndun lýsingarháttar þátíðar sem orðmyndun. En eftir sem áður þarf auðvitað að lýsa henni formlega á einhvern hátt.

Um val milli *-in-* og *-að-* gilda þær meginreglur, að *-in-* er notað í sterkum sögnum og veikum sögnum af gerðinni  $\#X+j-a\#$ , en þær eiga ýmislegt annað sameiginlegt með sterkum sögnum eins og áður er sagt. Þó eru nokkrar undantekningar frá þessu í veiku sögnunum, þ.e. sumar sagnir af gerðinni  $\#X+j-a\#$  mynda lh.þt. með *-að-*, ýmist eingöngu eða sem hliðarmynd við *-in-*. Fyrir því má líklega gera grein að mestu með reglum sem tengjast mismunandi stofngerð, en þær eru allflóknar og verður sleppt hér.

Endingin *-að-* er svo notuð í sögnum af gerðinni  $\#X(-a)\#$ , þ.e. öðrum veikum sögnum en þeim sem hafa gerðina  $\#X+j-a\#$ . Hljóðbeygingarregla gerir að mestu grein fyrir því hvenær *a* fellur niður í lh.þt.; það er ef á undan fari þanið sérhljóð, með eða án samhljóða, eða a.m.k. tvö samhljóð. Einhverjar undantekningar eru frá þessari reglu, en í flestum tilvikum gildir hún. Þegar *a* fellur niður, getur *ð* svo breyst á ýmsa vegu samkvæmt hljóðkerfisreglum.

## 18. LOKAORÐ

Hér lýkur þessu yfirliti um íslenskt hljóðkerfi og orðhlutakerfi. Vitanlega fer því fjarri að hér sé um tæmandi yfirlit að ræða um svo víðfemt og fjölbreytt viðfangsefni. Reynt hefur verið að sneiða hjá fræðilegum álitamálum eftir því sem kostur er, en að öðrum kosti nefna mismunandi greiningarmöguleika, en trúlegt er þó að einhver verði ósátt við þá lýsingu og greiningu sem hér er borin á borð. Lesendur eru hvattir til að leita sér frekari fróðleiks og annarra viðhorfa í fræðigreinar og bækur, og má þar einkum benda á *Hljóð* eftir Kristján Árnason og *Orð* eftir Guðrúnu Kvaran – I. og II. bindi ritsafnsins *Íslensk tunga* sem gefið var út á vegum Lýðveldissjóðs 2005.

## HELSTU HEIMILDIR OG HLIÐSJÓNARRIT

- Alfræði íslenskrar tungu.* (2001). Ritstj. Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson. [Geisladiskur.] Lýðveldis-  
sjóður og Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Aronoff, Mark. (1976). *Word Formation in Generative Grammar*. Cambridge: MIT Press.
- Ásta Svavarsdóttir. (1993). *Beygingakerfi nafnorða í nútímaíslensku*. (Málfræðirannsóknir 5.)  
Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ásta Svavarsdóttir, Halldór Ármann Sigurðsson, Sigurður Jónsson og Sigurður Konráðsson. (1982).  
Formendur íslenskra einhljóða. *Íslenskt mál* 4:63-85.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (1989). *Íslensk rímorðabók*. Reykjavík: Iðunn.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2001). Stofngerð íslenskra orða. *Orð og tunga* 5:129-166.
- Fry, D.B. (1979). *The Physics of Speech*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Guðrún Kvaran. (2005). *Orð*. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. (Íslensk tunga II.)  
Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Hyman, Larry M. (1975). *Phonology: Theory and Analysis*. New York: Holt, Rinehart and Winston.
- Höskuldur Þráinsson. (1978). On the Phonology of Icelandic Preaspiration. *Nordic Journal of Linguistics*  
1:3-54.
- Höskuldur Þráinsson. (1981). Stuðlar, höfuðstafir, hljóðkerfi. Í: *Afmælistveðja til Halldórs*  
*Halldórssonar* 13. júlí 1981, bls. 110-123. Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson. (1993). *Handbók um íslenskan framburð*. [2. útg. 2000.]  
Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Íslenskar mállýskur*. <http://mallyskur.is/>
- Íslenskt mál*. (1979-). Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Jón Gíslason. (1996). *Beygingarflokkun veikra sagna*. Óprentuð ritgerð til M.A.-prófs í íslenski  
málfræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Jörgen Pind (ritstj.), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. (1991). *Íslensk orðtíðnibók*. Reykjavík:  
Orðabók Háskólans.
- Kristín Bjarnadóttir. (2005). Afleiðsla og samsetning í generatífri málfræði og greining á íslenskum  
gögnum. (Rannsóknar- og fræðslurit 7.) Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Kristján Árnason. (2005). *Hljóð*. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. (Íslensk tunga I.)  
Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Kristján Árnason. (2011). *The Phonology of Icelandic and Faroese*. Oxford: Oxford University Press.
- Magnús Pétursson. (1976). *Drög að almennri og íslenskri hljóðfræði*. Reykjavík: Iðunn.
- Orð og tunga*. (1988-). Reykjavík: Orðabók Háskólans/Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Pickett, J.M. (1980). *The Sounds of Speech Communication*. A Primer of Acoustic Phonetics and Speech  
Perception. Baltimore: University Park Press.
- Sigurður Jónsson, Höskuldur Þráinsson og Guðvarður Már Gunnlaugsson. (1992). *Mállýskudæmi*. (2.  
útg.) Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Valtýr Guðmundsson. (1922). *Íslensk Grammatik*. Íslensk Nutidssprog. Kaupmannahöfn: H.  
Hagerups Forlag. [Ljósprentun 1983. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.]